


FRÍMERKI ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS

I

1944-1999



FRÍMERKI ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS

I. bindi

1944-1999

4. útgáfa

Samantekt:

Jón Aðalsteinn Jónsson (1944-1994)

Eðvarð T. Jónsson (1995-1999)



Útgefandi: Íslandspóstur ohf - Frímerkjasalan ©2023

Umsjón útgáfu: Vilhjálmur Sigurðsson

Hönnun: Hlynur Ólafsson grafísk hönnun/Guðrún Berglind Sigurðardóttir

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis frá útgefanda.

ISBN 978-9935-9653-2-5

Formáli

Bókin, Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2023, er þannig tilkomin að í eigu Íslandspóstis var til handrit að bók um íslensk frímerki frá 1944-1994 eftir Jón Aðalstein Jónsson. Handritið vann hann fyrir Póst- og símamálastjórnina. Uppistaðan í þessari samantekt Jóns Aðalsteins um frímerki árunna 1944-1994 er m.a. texti úr útgáfutilkynningum Póst- og símamálastjórnarinnar sem ýmsir aðilar hafa skrifað í gegnum árin.

Undirrituðum er ekki kunnugt um hvort þessi samantekt Jóns Aðalsteins er tilkomin að frumkvæði stofnunarinnar eða Jóns sjálfs. Ekki heldur hvort staðið hafi til að gefa handritið út í bókarformi, en eins og flestum er kunnugt er Jón Aðalsteinn Jónsson höfundur hinnar merku bókar, Íslensk frímerki í 100 ár 1873-1973, sem Póst- og símamálastjórnin gaf út árið 1977.

Því miður er undirrituðum ekki kunnugt um nöfn allra þeirra aðila sem sömdu texta í útgáfutilkynningar Póst- og símamálastjórnarinnar yfir það tímabil sem hér um ræðir en þó er vitað að þar komu m.a. að máli Rafn Júlíusson, Guðlaugur Sæmundsson og Eðvarð T. Jónsson en hann hefur að mestu skrifað texta í frímerkjatilkynningar Íslandspóstis frá árinu 1998.

Með nútímatækni var vélritaður texti Jóns skannaður og honum komið á staf-rænt form. Einnig var bætt við bókartextann þannig að umfjöllun bókarinnar nær til frímerkjaútgáfu síðustu 79 ára en ekki 50 ára eins og í handriti Jóns Aðalsteins. Eðvarð T. Jónsson tók að sér að draga saman textann sem bættist við fyrir árin 1995 til 2023, með þeirri undantekningu að Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar um frímerkjaútgáfuna, Íslensk myndlist, sem kom út á árunum 2010-2019. Þá tók undirritaður saman kafla um verðlaun sem íslensk frímerki og frímerkjabækur hafa fengið innanlands og utan.

Bókin, Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2023, kemur út í rafrænni útgáfu og tveimur bindum, Frímerki íslenska lýðveldisins I. bindi 1944-1999 og Frímerki íslenska lýðveldisins II. bindi 2000-2023 og verður það form hennar til framtíðar. Bókin er höfð í tveimur bindum svo þeir sem þess óska geti sjálfir prentað bækurnar út á vef www.blurb.com en stærð bókarinnar leyfir ekki að hún sé í einu bindi með tilliti til útprentunar.

Það er von okkar að útgáfa þessarar bókar nýtist áhugamönnum um íslensk frímerki og frímerkjasögu.

Vilhjálmur Sigurðsson

Forstöðumaður Frímerkjasölu Íslandspóstis

1944

Lýðveldið Ísland – Jón Sigurðsson



Árið 1944 urðu mikil þáttaskil í sögu íslensku þjóðarinnar, þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi og þjóðin tók öll mál sín í eigin hendur eftir erlend yfirráð allt frá árunum 1262-1264.

Ákveðið var, að stofnun lýðveldisins færi fram á hinum forna þingstað þjóðarinnar, Þingvöllum, hinn 17. júní 1944. Sá dagur var einmitt valinn til heiðurs frelsisþetju Íslendinga á 19. öld í baráttu þjóðarinnar fyrir fullveldi sínu, Jóni Sigurðssyni.

Sérstök Þjóðháttíðarnefnd var skipuð. Eitt hið fyrsta verk hennar var að skrifa ríkisstjórn landsins bréf með ósk um, „að hún léti gera háttíðarfrímerki í tilefni af lýðveldisstofnuninni, og að ágóðanum af sölu þessara frímerkja yrði varið til þess að standast kostnað við háttíðahöldin“¹

Ríkisstjórnin varð að sjálfsgöðu við beiðni nefndarinnar og fól pósthjórninni að gefa þessi frímerki út. Vitaskuld kom ekki annað til greina en þau bæru mynd af Jóni Sigurðssyni. Var hún gerð eftir ljósmynd af honum. Rammateikningu gerði Árni Sveinbjörnsson, en hann starfaði um langt skeið á teiknistofu pósthjórnarinnar. Hafði hann áður komið nokkuð að gerð íslenskra frímerkja og átti eftir að gera það um mörg ár eftir þetta. Myndgróftur og prentun frímerkjanna í stáldjúpþrykki (Intaglio) fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London Englandi, sem allt frá árinu 1930 hafði prentað frímerki fyrir pósthjórnina.

¹Lýðveldisháttíðin 1944 (bls. 73) útg. Leiftur hf.

1944

Frímerki þessi voru öll gerð eftir sömu ljósmynd af Jóni Sigurðssyni, og urðu verðgildi þeirra alls sex: 10 aurar, 25 aurar, 50 aurar, 1 króna, 5 krónur og 10 krónur. Mörgum þótti þetta heldur einhæft val, enda verður því ekki neitað, að vel hefði farið á að gefa út mun skemmtilegri flokk frímerkja af þessu tilefni. Vel má vera, að styrjaldarástand það, sem ríkti í veröldinni um þær mundir hafi ráðið einhverju um, að fjölbreytnin varð ekki meiri.

Hátíðarfrímerkin komu svo út á sjálfum stofndegi Lýðveldisins, 17. júní, og voru seld á sérstöku pósthúsi á Þingvöllum, sem komið var upp í tjaldi niðri á Völlunum. Sérstakur hátíðarstimpill var notaður við stimplun þessara frímerkja. Þau voru síðan notuð á allan venjulegan póst næstu ár á eftir, samhliða öðrum frímerkjum. Hins vegar var upplag þeirra ekki mjög stórt, svo að þau hurfu sum hver nokkuð fljótt úr umferð.

1945 til 1949

Endurprentun frímerkja frá konungsríkinu



Enda þótt frímerkin í minningarútgáfu lýðveldisins frá 17. júní 1944 væru ætluð til almennra nota, ákvað póststjórnin að gefa út nokkur viðbótarverðgildi við útgáfur frá árunum 1938 og 1939. Þannig skarast frímerkjaútgáfur konungsríkisins og lýðveldisins saman á þessum árum.

Hinn 26. mars 1945 voru gefin út tvö frímerki til viðbótar við svonefnda „fiskaseríu“ frá 1939 í breyttum litum, 10 aura grátt með mynd af síld og 25 aura rauðbrúnt með mynd af þorski. Þessi fiskamerki voru síðan endurprentuð nokkrum sinnum á árunum 1946 til 1949.

Þennan sama dag, 26. mars 1945, kom enn fremur út 1 krónu frímerki með mynd af Geysi, en það myndefni kom fyrst út á frímerkjum 1938. Þetta 1 krónu frímerki var endurprentað í mars 1946 og síðan tvívegis með annarri tökkun (11½), í janúar 1947 og í janúar 1948 og er því í raun um ný frímerki að ræða.

Sama á við um 60 aura frímerki með mynd af Geysi, sem kom upphaflega út 1. maí 1943, en það var endurprentað bæði 1947 og 1948 og þá sem gróftakkað (11½).

Að síðustu kom út hinn 26. mars 1945, 10 króna frímerki með mynd af stytta Þorfinns karlsefnis eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Þetta frímerki var svo endurprentað í september 1948 og þá með annarri tökkun (11½).

Tvö frímerki með stytta Þorfinns karlsefnis, annars vegar að verðgildi 2 kr. sem kom út 30. júní 1939, og hins vegar að verðgildi 5 kr. sem kom út 1. maí 1943 voru bæði endurprentuð 1947 og 1948 og afgreidd með annarri tökkun, gróftökkun (11½).

Engin önnur frímerki komu út á árinu 1945 og engin frímerki voru gefin út árið 1946. Með þessum endurprentunum lýkur útgáfu frímerkja frá konungsríkinu Ísland í febrúar 1949.

1947

Flugfrímerki



Árið 1947 kom út önnur sjálfstæða frímerkjaútgáfa lýðveldisins. Þá gaf pósthjónin út flugfrímerki. Áður höfðu komið út sérstök flugfrímerki árið 1930 og 1934. Þar að auki höfðu ýmis frímerki verið yfirprentuð sem flugfrímerki á árunum 1928 til 1933 af sérstöku tilefni.

Hinn 18. ágúst 1947 komu út sex flugfrímerki með landslagsmyndum frá jafnmörgum stöðum. Á þeim má sjá þær flugvélategundir, sem þá voru í eigu Íslendinga.

Á 15 aura frímerki er mynd frá Þingvöllum, en frá Ísafirði á 30 aura frímerki. Mynd frá Akureyri er á 75 aura frímerki, en á 1 krónu frímerki er Strandartindur við Seyðisfjörð. Á 2 krónu frímerki er fjallið Þyrill í Hvalfirði, en á hæsta verðgildinu, 3 krónum, sést stærsta flugvél Íslendinga á þeim tíma svífa yfir Tjörnina í Reykjavík á leið til lendar á Reykjavíkflugvelli.

Enda þótt ætlunin muni hafa verið sú, að þessi flugfrímerki yrðu fyrst og fremst notuð á þann póst, sem færi með flugvélum, var öllum heimilt að nota þau á hvaða póstsendingar sem þeir vildu. Hafði svo einnig verið með flugfrímerkin frá 1934. Líklegast er að reyndin hafi orðið sú, að flestir hafi notað slík frímerki á almennar póstsendingar, bæði fyrir og eftir þennan tíma.

Frímerkin voru teiknuð af Halldóri Péturssyni, en myndgröftur og prentun í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1948

Heklufrímerki



Hinn 3. desember gaf Póst- og símamálastofnunin út sjö frímerki til að minnast þess, að 29. mars 1947 hófst mikið gos í eldfjallinu Heklu eftir rúmlega aldarhlé. Svo sem alkunna er, hefur Hekla verið víðfrægasta eldfjall Íslands um aldir. Íslensk póstyfirvöld sáu hér ágætt tækifæri til að minna bæði á Heklu og eins land og þjóð með útgáfu almennra frímerkja með myndum frá gosinu.

Þrenns konar myndefni var notað á frímerkin, sem sýnir upphaf gossins og eins þegar nokkuð leið á gostímann. Sama myndefni er á 12 aura og 50 aura frímerkjum, annað á 25 aura, 1 krónu og 10 króna frímerkjum og hið þriðja á 35 aura og 60 aura frímerkjum.

Frímerki þessi teiknaði Stefán Jónsson arkitekt eftir ljósmyndum, en Stefán átti eftir að koma mjög við frímerkjasögu póststjórnarinnar á næstu árum.

Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1949

Líknarfrímerki



Hinn 8. júní 1949 gaf Póst- og símamálastofnunin út svonefnd líknarfrímerki með yfirverði til ágóða fyrir ýmsar líknarstofnanir. Var þetta í annað skiptið, sem slíkt var reynt hérlandis. Árið 1933 komu út fjögur frímerki í sama skyni. Voru þau þá kölluð Hjálparfrímerki. Skyldi yfirverð þeirra renna í Líknarsjóð Íslands, sem þá var nýstofnaður. Hlutverk hans var „að styrkja með fjárframlögum hverskonar líknarstarfsemi í landinu, einkum slysavarnir, barnahæli, elliheimili og þess háttar fyrirtæki“, svo sem segir í skipulagsskrá hans.

Verðgildi þessara frímerkja til burðargjalds voru 10, 35, 50, 60 og 75 aurar, en yfirverð þeirra í sömu röð 10, 15, 25, 25 og 25 aurar.

Þessi nýju líknarfrímerki áttu enn að styrkja sömu málefni og frá segir í skipulagsskrá, enda bera frímerkin sjálf með sér, hvert yfirverð þeirra skyldi renna. Vekja má athygli á því, að eitt þessara frímerkja var helgað Rauða krossinum. Var það í fyrsta skipti, sem slíkt frímerki kom út á Íslandi.

Minnst af upplagi þessara Líknarfrímerkja og eins Hjálparfrímerkjanna 1933 mun hafa verið notað til burðargjalda. Mestur hlutinn mun hafa verið keyptur af frímerkjakaupmönnum og -söfnurum. Þannig komu þessi frímerki ekki mikið fyrir sjónir almennings.

Stefán Jónsson teiknaði þessi frímerki. Um myndgröft og prentun frímerkjanna í stáldjúpprykki sá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Alþjóðapóst sambandið 75 ára



Hinn 9. október 1949 komu út fjögur frímerki til að minnast 75 ára afmælis Alþjóðapóst sambandsins (UPU). Var það stofnað í Bern í Sviss 9. október 1874. Minntust flest lönd innan sambandsins þessa afmælis með frímerkjaútgáfu.

Á 25 auru frímerkinu sést póstlest á jökli. Á 35 auru frímerkinu er mynd frá Reykjavík. Er myndefnið nánast hið sama og var á tveimur frímerkjum frá árinu 1925. Á 60 auru frímerkinu er kort af Íslandi, en mynd frá Almannagjá á Þingvöllum á 2 krónu frímerkinu.

Stefán Jónsson teiknaði þessi frímerki, en um myndgröft og prentun þeirra í stáldjúpþrykki sá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1950

Atvinnulífsfrímerki – Sjávarútvegur og landbúnaður



Um og eftir síðustu aldamót tók íslenskt þjóðfélag að breytast úr því bændasamfélagi, sem ríkt hafði lítt breytt allt frá landnámsöld. Sjávarútvegur tekur stökkbreytingum og alls konar iðnaður eykst. Afleiðingin verður m. a. sú, að menn taka að flytjast úr sveitum og setjast að við sjávarsíðuna og mynda þorp og bæi. En á árum síðari heimsstyrjaldarinnar varð gjörbylting á flestum sviðum íslensks þjóðlífs. Íslenskri þjóð græddist geysimikið fé á styrjaldarárunum, sem mönnum kom saman um að nýta sem best, þegar ósköpunum linnti á meginlandi Evrópu.

Ný veiðiskip voru smíðuð, og þar bar hæst nýsköpunartogarana svonefndu. Eins varð mikil breyting í íslenskum landbúnaði með tilkomu margs konar tækja til þess að létta undir með bændastétt landsins.

Hinn 12. október minntist póststjórnin þessarar þróunar í sögu Íslendinga með útgáfu sérstaks flokks frímerkja með myndum úr atvinnulífinu. Nýsköpunartogari sést á 10 aura og 1,50 króna frímerkjum og minnir á sjávarútveginn; dráttarvél að plægingu á 20 aura og 1 krónu frímerkjum minnir á landbúnaðinn. Eins á fjárrekstur, sem sjá má á 60 aura og 5 krónu frímerkjum, að minna á smalamennsku og fjárbúskap Íslendinga, sem staðið hafði lítt breyttur frá upphafi landnáms í lok 9. aldar og fram á 20. öld. Loks er mynd af Vestmannaeyjahöfn á 90 aura og 2 króna frímerkjum, en um þá höfn hefur langmestur sjávarútflutningur Íslendinga farið um margar aldir.

Stefán Jónsson teiknaði þessi frímerki, en myndgröftur og prentun þeirra í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Jón Arason Hólabiskup 400 ára



Hinn 7. nóvember 1950 voru liðin 400 ár frá því, er Jón biskup Arason á Hólum og synir hans tveir, sr. Björn og Ari lögmaður, voru hálfhöggðir í Skálholti. Með dauða þeirra fedga leið kaþólsk trú undir lok og við tók lúterstrú og um leið aukið konungsvald á Íslandi. Jón biskup, hinn síðasti í kaþólskum sið á Íslandi, barðist ákaft gegn lúterstrúnni og þá um leið gegn danska konungsvaldinu, sem var að seilast til enn meiri valda í landinu í skjóli hins nýja siðar. Biskup varð að lúta í lægra haldi fyrir ofurveldinu og gjalda líf sitt og sona sinna fyrir.

Jón biskup Arason var ekki aðeins merkur maður í íslenskri trúarbragðasögu, heldur einnig í íslenskri bókmenntasögu. Hann var skáld gott, bæði á andlegan og veraldlegan kveðskap. Þá kom hann á fót fyrstu prentsmiðju á Íslandi upp úr 1530.

Tvö frímerki komu út með verðgildunum, 1,80 kr. og 3,30 kr. Sýna þau kaþólskan biskup, eins og teiknarinn, Stefán Jónsson, hugsaði sér hann, með mítur á höfði og bagal í hendi. Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1951

Póstþjónusta á Íslandi 175 ára



Árið 1951 var merkisár í sögu íslensku pósthjónustunnar. Þá voru liðin nákvæmlega 175 ár frá því er opinber pósthjónusta var stofnsett á Íslandi. Var það gert með sérstakri tilskipun, sem Kristján konungur VII. gaf út 13. maí 1776 þess efnis, að komið skyldi á pósthferðum innanlands. Skyldu þær verða þrisvar á ári úr öllum landsfjórðungum til Bessastaða, þar sem æðsti maður Danakonungs, stiftamtmaður, hafði aðsetur. Þaðan átti svo að undirbúa pósthgöngur til baka út í fjórðungana, til sýslumanna. Skyldu póstharnir vera á Bessastöðum í byrjun mars, júní og október eða um það leyti, sem skip fóru venjulega frá Íslandi til Kaupmannahafnar. Þannig áttu bréf og sendingar að berast sem fyrst til Danmerkur.

Þegar það er haft í huga, að opinberum pósthstofnunum hafði verið komið á fót miklu fyrr í flestum Evrópulöndum, má undarlegt þykja, hversu lengi dróst að hefja pósthferðir á Íslandi. Í Danmörku hófust þær árið 1624, í Svíþjóð 1636 og í Noregi 1647. Ekki hófust samt þessar pósthferðir hér á landi fyrr en í febrúar 1782 og voru ekki komnar í fullt horf samkvæmt tilskipuninni 1776 fyrr en árið 1785. Þetta fyrirkomulag hélst svo nær óbreytt þar til árið 1872.

Íslenska pósthstjórnin minntist þessa afmælis með tvennum hætti. Þáverandi pósth- og símamálastjóri, Guðmundur Hlíðdal, samdi lítið sögulegt rit, sem nefndist Pósthstofnun á Íslandi 175 ára 1776 - 13. maí - 1951. Er þar rakin í stuttu máli þróunarsaga póstsins frá þessum tíma til ársins 1951.

Í annan stað voru gefin út tvö minningarfrímerki á sjálfan afmælisdaginn, 13. maí. Á 2 króna frímerkinu er mynd af pósti á göngu að vetrarlagi og sér á brött fjöll og sveitabæ undir þeim. Á 3 króna frímerkinu er sams konar landslag, en nú sést flugvél svífa yfir með pósthinn. Hér er einmitt verið að leggja áherslu á þær miklu breytingar, sem orðið hafa í pósthsgöngum á Íslandi á þessu 175 ára tímabili.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkin, en myndgröftur og prentun í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1952

Atvinnulífsfrímerki – Sjávarútvegur og landbúnaður



Hinn 14. mars komu út tvö almenn frímerki sem viðbótarverðgildi við flokk atvinnulífsfrímerkja frá árinu 1950. Var annað frímerkið 75 auru með mynd af plægingu, svo sem áður hafði komið á 20 auru og 1 krónu frímerkjum. Hitt var 1,25 kr. með mynd af togara, en sams konar myndefni hafði verið á 10 auru og 1,50 kr. frímerkjum.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði þessi frímerki sem hin fyrri. Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London Englandi.

1952

Alþingishúsið í Reykjavík



Hinn 1. apríl kom út almennt frímerki með mynd af Alþingishúsinu í Reykjavík. Hafði mynd af því húsi áður komið á 3 aura frímerki í Alþingishátíðarseríunni 1930. Verðgildi þessa frímerkis voru 25 krónur. Var það langhæsta verðgildi, sem póststjórnin hafði gefið út til þessa. Var um þetta leyti orðin þörf fyrir svo hátt verðgildi á ýmsar verðsendingar og eins stærri bögglassendingar.

Alþingishúsið var reist á árunum 1880-1881 á lóð við Kirkjustræti og vestan við Dómkirkjuna í Reykjavík. Uppdrátt hússins gerði danskur arkitekt, F. Meldahl. Yfirsmiður var einnig danskur. Húsið er úr höggnum grásteini. Sumarið 1880 var hornsteinn þess lagður, en hinn 1. júlí 1881 kom Alþingi þar fyrst saman. Fyrst í stað hýsti húsið helstu söfn landsins, svo sem Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og Þjóðminjasafn. Öll voru þessi söfn horfin úr Alþingishúsinu 1908. Árið 1911 fékk nýstofnaður Háskóli Íslands þar húsnaði og var þar til ársins 1940. Ríkisstjóri Íslands og síðar forsetar Íslands höfðu þar skrifstofu sína til ársins 1973, eða þar til hún fluttist í Stjórnarráðshúsið.

Alþingishúsið rúmar ekki lengur alla starfsemi Alþingis. Hafa þess vegna margar byggingar í næsta nágrenni við húsið smám saman verið keyptar til nota fyrir Alþingi.

Sunnan við Alþingishúsið er fagur trjagarður, sem gerður var á árunum 1893-1895. Tryggvi Gunnarsson, alþingismaður og bankastjóri, beitti sér sjálfur mjög fyrir gróðursetningu trjánna og sá einnig lengi um hirðingu garðsins. Svo mjög var hann elskur að garðinum, að hann kaus sér legstað þar. Er brjóstmynd hans á stöpli ofan á gröfinni.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði þetta frímerki, en myndgröftur og prentun í stjaldjúpþrykki fór fram í London hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd.

Flugfrímerki



Hinn 2. maí komu út þrjú ný flugfrímerki, en þau mátti sem áður einnig nota sem almenn frímerki. Á þessi frímerki voru valdar myndir af íslenskum jöklum, þar sem flugvélar svífa fram hjá.

Frímerki með lægsta verðgildinu, 1,80 kr., ber mynd af Snæfellsjökli. Hafði mynd af honum áður komið út á 15 auru flugfrímerki í tengslum við Alþingishátíðina 1930.

Snæfellsjökull er 1446 metra yfir sjávarmáli og yst á Snæfellsnesi. Hann er meðal formfegurstu jökla á Íslandi og gamalt eldfjall. Gígskálin efst á fjallinu er um 200 m djúp. Engin gos hafa orðið í jöklinum síðan land byggðist. Snæfellsjökull blasir við augum manna víða að í björtu veðri og setur alveg sérstakan svip á útsýni frá Reykjavík til norðvesturs.

Mynd af Eiríksjökli er á 2,50 kr. frímerkinu. Er hann jökulkrýndur móbergsstapi 1675 metra yfir sjávarmáli vestan Langjökuls. Er fjallið orðið til við gos undir jökli á Ísöld. Nafn á jökulinn á að vera fengið af Eiríki nokkrum, sem samkvæmt þjóðsögu var einn af útilegumönnum úr Surtshellu og var fangaður á jöklinum.

Mynd af Örafajökli er á 3,30 kr. frímerkinu. Var þetta í fyrsta skipti, sem mynd af honum og Eiríksjökli sáust á íslenskum frímerkjum. Örafajökull er hæsta fjall Íslands og 2110 metra yfir sjávarmáli, eldkeila, sem gengur suður úr Vatnajökli. Er fjallið annað stærsta virkt eldfjall í Evrópu, næst Etnu á Sikiley. Hefur það gosið tvisvar frá landnámsöld. Fyrst var gengið á jökulinn 1794. Það gerði Sveinn Pálsson læknir, en í þeirri ferð gerði hann sér einna fyrstur manna grein fyrir eðli skriðjökla.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkin fyrir póststjórnina en myndgröftur og prentun þeirra í stjaldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd. í London.

1952

Sveinn Björnsson forseti



Fyrsti forseti íslenska lýðveldisins, Sveinn Björnsson, lést 25. janúar 1952. Hinn 1. september minntist póststjórnin hins látna forseta með útgáfu sérstakra minningarfrímerkja. Sveinn Björnsson var fæddur í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1881. Foreldrar hans voru Elísabet Guðný Sveinsdóttir og Björn Jónsson, sem var kunnur ritstjóri, alþingismaður og ráðherra 1909-1911. Maki Sveins Björnssonar var Georgia Björnsson (1884-1957), fædd Hansen.

Sveinn lauk lögfræðipróf frá Hafnarháskóla 1907 og rak málaflutningsskrifstofu í Reykjavík 1907-1920 og 1924-1926. Hann var þekktur athafnamaður á Íslandi á mörgum sviðum en hann var m.a. einn af stofnendum Eimskipafélags Íslands 1914 og formaður þess 1914-1920 og 1924-1926. Sveinn var stofnandi Brunabótafélags Íslands og forstjóri þess frá stofnun 1916-1920. Einnig var hann einn af stofnendum Sjóvátryggingarfélags Íslands 1918 og formaður þess 1918-1920 og 1924-1926. Þá var Sveinn einn af stofnendum Rauða kross Íslands 1924 og fyrsti formaður félagsins til 1926. Sveinn Björnsson sat í bæjarstjórn Reykjavíkur 1912-1920 og var forseti bæjarstjórnar 1918-1920. Einnig var hann alþingismaður Reykvíkinga 1914-1915 og 1919-1920.

Sveinn Björnsson var skipaður sendiherra Íslands í Danmörku 1920-1924 og svo aftur 1926-1941. Sveinn var kjörinn af Alþingi ríkisstjóri Íslands 17. júní 1941, þegar samband við Danmörku rofnaði í síðari heimsstyrjöldinni. Síðan var hann kjörinn af Alþingi fyrsti forseti lýðveldisins Íslands, þegar það var stofnsett á Lögbergi á Þingvöllum 17. júní 1944. Sveinn Björnsson var þjóðkjörinn án atkvæðagreiðslu frá 1945 og aftur frá 1949.

Verðgildi frímerkjanna eru 1,25 kr., 2,20 kr., 5 kr. og 10 kr. og er þau öll gerð eftir sömu ljósmyndinni af forsetanum. Rammateikningu í fornum stíl gerði Steingrímur Guðmundsson. Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London. Tekið var fram við útgáfu þessara frímerkja, að þau giltu til burðargjalds á allan póst til ársloka 1953.

1953

Yfirprentun - Líknarfrímerki - Hollandshjálp



Í ársbyrjun 1953 urðu mikil flóð í Hollandi, sem ollu miklu tjóni. Var víða brugðist við til styrktar Hollendingum í þessum þrengingum. Af því tilefni lét póststjórnin Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg yfirprenta tvö almenn frímerki, 75 aura og 1,25 kr., frá 1952 með orðunum *Hollandshjálp 1953 + 25*. Þetta yfirverð, 25 aurar, skyldi renna í sérstakan styrktarsjóð.

Hinn 12. febrúar komu þessi frímerki út og voru einungis höfð til sölu fram að 1. apríl, en giltu til burðargjalds til 1. júlí sama ár. Vafalaust hefur þessi óvenjustutti sölu- og gildistími átt að flýta fyrir því, að menn keyptu frímerkin, bæði til nota á bréf og eins sem safngripi.

1953

Handritafrímerki



Latneska stafrófið barst til Íslands með kristnitökunni árið 1000. Um sama leyti hófst ritun bóka í landinu. Var ritlistin í upphafi bundin við andlega hluti og hagnýta, enda eingöngu iðkuð af prestlærðum mönnum. Þá voru mörg rit þýdd úr latínu, einkum kirkjulegs eðlis. Smám saman breiddist ritlistin út meðal almennings og við það jókst fjölbreytni bókmenntanna.

Íslendingar hófu að semja sagnarit, sem sóttu efnivið í sögu þjóðarinnar og eins sögu annarra þjóða, sem mæltu á norræna tungu. Þeir rituðu um norræna konunga og höfðingja og er Heimskringla Snorra Sturlusonar frægust slíkra rita.

Íslendingar sömdu sögur um atburði frá þjóðveldistímanum og eins sögur um höfðingja og biskupa 12. og 13. aldar. Hæst ber þó af þessum bókmenntum ætta- og höfðingjasögur um hetjur og skáld sögualdar (930-1030), Íslendinga-sögurnar. Margt annað sömdu þeir frá þessum tíma og eins rituðu þeir upp forn og ný kvæði, sem fjölluðu um efni úr kristni og heiðni. Eddukvæðin eru frægust þessara verka.

Þessar fornu bókmenntir voru ritaðar á kálfskinn. Hafa mörg þessara handrita varðveist mjög vel fram á okkar daga. Er skriftin greinileg og falleg og í mörgum þeirra eru skrautlegir upphafsstafir. Þá eru þau mörg hver fagurlega lýst.

Segja má, að næstum öll íslensk skinnhandrit hafi verið flutt úr landi á 16. öld og fram yfir 1700. Lentu þau einkum í dönskum og sænskum söfnum. Frægastur allra handritasafnara var Árni Magnússon, prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn. Safn sitt ánafnaði hann háskólanum eftir sinn dag, en hann lést 1730.

Lengi höfðu Íslendingar reynt að fá aftur í sínar hendur þessar fornu gersemar. Hófust þær tilraunir að marki, þegar þeir höfðu fengið innlenda stjórn árið 1904. Árið 1930 var gerð samþykkt á Alþingi Íslendinga, þar sem mælt var til þess, að öllum íslenskum handritum í Danmörku yrði skilað, einkum þó þeim,

sem voru í Árnasafni og Konungsbókhöfðu. Málið var samt ekki tekið til nánari umræðu í það skiptið.

Þegar Lýðveldi hafði verið stofnað á Íslandi árið 1944, var handritamálið tekið upp að nýju við dönsku stjórnina. Urðu miklar umræður um málið næstu árin á eftir. Snerust margir danskir háskólamenn eindregið gegn því á árunum eftir 1950, að handritunum yrði skilað og töldu allan lagagrundvöll skorta fyrir endurheimt handritanna. Margir aðrir Danir álitu hins vegar, að Íslendingar hefðu sögulegan og siðferðilegan rétt til þeirra.

Íslendingar töldu þess vegna sjálfsagt að beita einhverjum ráðum til að minna umheiminn á handritamálið og mikilvægi þess fyrir íslensku þjóðina. Í því skyni var ákveðið að gefa út sérstakan flokk frímerkja með myndum úr kunnnum handritum, sem varðveitt voru í Danmörku.

Í samráði við helstu bókmenntafræðinga landsins voru valin eftirtalin handrit á frímerki, sem út komu 1. október:

Reykjabók, sem geymir handritið af Brennu-Njáls sögu, frægustu Íslendingasögunni. Er það frá um 1300. Þetta handrit sést á 10 aura og 1,75 kr. frímerkjum.

Stjórn, sem er myndskreytt handrit frá 15. öld og í er þýðing úr biblíunni. Sést hluti úr einu blaði þess með upphafsstaf á 1 kr. frímerki.

Skarðsbók, sem er lýst lagahandrit frá 1363. Sést hér hluti úr blaði með upphafsstaf á 10 kr. frímerki.

Loks sést hönd eins handritara skrifa á skinn með fjaðrapenna á 70 aura frímerki.

Þetta voru almenn frímerki sem Stefán Jónsson teiknaði. Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London Englandi.

1954

Yfirprentun – Heklufrímerki



Hinn 31. mars gaf póststjórnin út yfirprentað frímerki. Var það 35 aura Heklufrímerki frá 1948, yfirprentað með svörtu lettri: 5 AURAR. Þessi yfirprentun mun hafa verið gerð, þar sem nú var orðin svo brýn þörf fyrir þetta verðgildi, að ekki varð beðið eftir prentun nýs 5 aura frímerkis. Það kom hins vegar í lok árs 1954.

Yfirprentun þessa frímerkis var gerð í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, og stóð hún yfir fram í júnímánuð. Yfirprentunin reyndist ekki nógu vönduð, svo að ýmis afbrigði komu fram. Jafnvel komust frímerki með öfugri yfirprentun í umferð.

Heimastjórn 50 ára – Hannes Hafstein



Á þess ári voru liðin 50 ár frá því er Íslendingar fengu heimastjórn og innlendan ráðherra búsettan á Íslandi. Gerðist það 1. febrúar 1904, þegar Hannes Hafstein settist í það embætti.

Hannes Þórður Hafstein var fæddur 4. desember 1861 að Möðruvöllum í Hörgárdal, hinu gamla amtmannssetri Norður- og Austuramtsins, sem þá var. Hannes var sonur Péturs Havsteins amtmanns á Möðruvöllum og Kristjönu Gunnarsdóttur, systur Tryggva Gunnarssonar bankastjóra. Hannes vakti athygli í menntaskóla fyrir námsgáfur og forystuhæfileika en hann varð stúdent 1880 og lögfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla 1886.

Hannes gegndi margvíslegum embættum fyrst í Reykjavík en síðan sem bæjarfógeti og sýslumaður á Ísafirði. Hannes Hafstein var fyrst kjörinn á þing 1901 og var síðan stjórnmalamaður í fremstu röð meðan honum entist líf og heilsa. Hann var fyrsti ráðherra Íslands 1904-1909 og öðru sinni 1912-1914. Hannes Hafstein var aðsópsmikill stjórnmalaforingi og glæsímenni í sjón og raun. Hann var ágætt ljóðskáld og landskunnur fyrir ljóð sín löngu áður en hann hóf afskipti af stjórnmalum hér á landi. Jók það ekki síður vinsældir hans meðal landsmanna. Hannes Hafstein lést 13. desember 1922.

Póststjórnin minntist þessara tímamóta í sögu þjóðarinnar með útgáfu þriggja minningarfrímerkja 1. júní með myndum af Hannesi Hafstein á ýmsum aldurs skeiðum.

Á 1,25 kr. frímerki er mynd af Hannesi Hafstein, þegar hann var bankastjóri. Á 2,45 kr. frímerki er mynd af Hannesi þegar hann var sýslumaður og á 5,00 kr. frímerki, þegar hann var ráðherra. Rammateikningu þeirra gerði Steingrímur Guðmundsson. Myndgröft frímerkjanna og prentun í stáldjúpþrykki annaðist Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1954

Atvinnulífsfrímerki – Sjávarútvegur og landbúnaður



Hinn 3. desember voru gefin út tvö almenn frímerki sem viðbótarverðgildi við útgáfuna frá 1950 með myndum úr atvinnulífi Íslendinga.

5 aura frímerki með mynd af Vestmannaeyjahöfn og 25 aura frímerki með mynd af nýsköpunartogara.

Stefán Jónsson teiknaði þessi merki sem hin fyrri og þau voru prentuð með sömu aðferð og áður hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1955

Íþróttافرímerki



Hinn 9. ágúst gaf póststjórnin í fyrsta skipti út tvö almenn frímerki með myndum úr þeim greinum sem fylgt hafa íþróttalífi Íslendinga frá landnámsöld, glímu og sundi. Á frímerkin er letrað: GÓÐ ÍÞRÓTT GULLI BETRI. Verðgildi frímerkjanna voru: 75 aur. glíma og 1,25 kr. sund.

Margt bendir til þess, að glíma sé keltnesk að uppruna og hafi eitthvað tíðkast meðal annarra þjóða fyrir landnám Íslands. Þó mun mega fullyrða, að glíma sé alíslensk íþrótt, þar sem hún hefur einungis verið iðkuð á Íslandi frá upphafi byggðar í landinu. Glímu er víða getið í fornsögum, enda algeng skemmtun á þingum og öðrum mannfundum á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Eftir lok þjóðveldisins á 13. öld hverfur glíman sem og aðrar íþróttir nær alveg úr lífi Íslendinga fram á 17. og 18. öld. Hefst hún þá aftur og mest fyrir áhrif stólskólanna í Skálholti og á Hólum. Á 19. öld tóku menn mjög að iðka glímu. Á Ólympíuleikunum í London 1908 sýndi hópur íslenskra glímumanna þessa íþrótt. Var þetta fyrsta ferð íslenskra íþróttamanna til útlanda.

Sund hefur þekkt á Íslandi allt frá landnámsöld. Er þess víða getið í fornritum. Frægt er sund Helgu Jarlsdóttur, þegar hún synti með tvo sonu sína unga úr Geirshólma í Hvalfirði. Þá er og kunn úr Laxdæla sögu frásögnin af því, er Kjartan Ólafsson þreytti sund við Ólaf konung Tryggvason í ánni Nið. Ekki má svo gleyma Drangeyjarsundi Grettis Ásmundarsonar.

Eins og fór með glímuna mun sundiðkun hafa lagst niður að mestu leyti á miðöldum. Á fyrri hluta 19. aldar hófst sundkennsla og um leið vitund Íslendinga um mikilvægi sundkunnáttu. Þar hafði áreiðanlega einnig mikil áhrif þýðing Jónasar skálds Hallgrímssonar á sundkennslubók Danans Nachtgalls. Á þriðja áratug þessarar aldar varð sundskylda tekin upp í skólum landsins.

Stefán Jónsson teiknaði frímerkin. Myndgröftur og prentun frímerkjanna í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1956

Biskupsstóll í Skálholti í 900 ár



Árið 1956 voru 900 ár liðin frá því er biskupsstóll var settur á fót í Skálholti af fyrsta íslenska biskupinum, Ísleifi Gissurarsyni. Gaf hann jafnframt ættaróðal sitt undir biskupssetrið og kvað um leið á um, að þar skyldi vera biskupssetur, meðan kristni héldist á Íslandi.

Skálholt er einn merkasti sögustaður á Íslandi. Þar sátu alls 44 biskupar, 31 kaþólskur og 13 lútherskir, þar til biskupsstóll og skóli fluttust til Reykjavíkur um aldamótin 1800. Á þessum stað gerðust margir sögulegir atburðir, en telja má líflát síðasta kaþólska biskupsins, Jóns Arasonar, og sona hans einn hinn áhrifamesta.

Skálholt var mikið menningarsetur. Þar var Nýja testamenti Odds Gottskálks-sonar þýtt og síðan prentað í Danmörku 1540. Um eitt skeið á 17. öld var þar prentsmiðja og þá prentuð fyrstu íslensk fornrit hér á landi. Skóli var þar um margar aldir.

Árið 1949 var stofnað félag til að vinna að endurreisn Skálholtsstaðar og smíði veglegrar kirkju á staðnum. Áður en til þess kæmi, fór fram nákvæmur fornleifauppgröftur, sem leiddi margt merkilegt í ljós. Hið stórbrotnasta guðshús var síðan reist í Skálholti á árunum 1956-63.

Póststjórnin ákvað að gefa út sérstök minningarfrímerki með yfirverði í tilefni þessara merku tímamóta í sögu staðarins í Skálholti og íslensku þjóðarinnar. Þetta yfirverð rann í Skálholtssjóð. Útgáfudagur var 23. janúar.

Eftirminnilegustu biskupar, sem sátu staðinn, voru Þorlákur Þórhallsson hinn helgi (1178-93). Hann var tekinn í tölu helgra manna 1198. Mynd hans, sem er á 0,75 + 0,25 auru frímerkinu, er frá 15. öld úr Hóladómkirkju. Brynjólfur Sveinsson, biskup (1639-74), var víðkunnur lærdómsmaður. Hann lét reisa kirkju úr timbri, sem stóð til 1803. Mynd af henni er á 1,25 + 0,75 auru frímerkinu. Þriðji biskupinn, sem setti mjög svipmót sitt á staðinn frá 1698-

1720, var Jón Þorkelsson Vídalín (1666-1720). Hann var mikill ræðuskörungr. Eftir hann er fræg húslestrarbók, Vídalínspostilla, sem notuð var við húslestra á Íslandi fram á 20. öld. Mynd hans er á 1,75 + 1,25 króna frímerkinu. Höfundur myndarinnar er ókunnur, en undir henni er eiginhandarrithönd biskups.

Skálholtsfrímerkin teiknaði Stefán Jónsson arkitekt, en myndgröftur og prentun í stáldjúpbrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Fossar og virkjanamannvirki



Um aldamótin 1900 hófst rafvæðingaöld á Íslandi, en fyrst að marki á öðrum tug aldarinnar þegar tekið var að virkja vatnsaflað. Öllum var ljóst, hvílkur kraftur var óbeislaður í íslenskum fallvötnum. Urðu snemma miklar umræður um þessi mál í ræðu og riti. Á næstu þremur áratugum risu upp nokkur stór raforkuver, sem ollu miklum straumhvörfum hér á landi.

Þessarar merku þróunar í íslensku þjóðlífi minntist póststjórnin með útgáfu átta almennra frímerkja, sem komu út 4. apríl. Stærstu raforkuver, sem þá voru risin, eru á fjórum merkjana, en síðan kunnustu fossar, sem þá voru óbeislaðir og eru enn í dag.

Á 15 aura frímerki er mynd af Skógafossi, sem er fallegur foss undir Austur-Eyjafjöllum.

Á 50 aura frímerki er mynd af fyrstu stórvirkjun hér á landi, Elliðaárvirkjun frá 1921. Varð hún upphaf að mikilli iðnvæðingu í Reykjavík og því að breyta bæ í borg.

Á 60 aura frímerki er mynd af Goðafossi í Skjálfandafljóti, sem er fagur foss rétt við Þjóðveginn frá Akureyri til Austurlands. Samkvæmt Kristni sögu fékk hann nafn af því, að Þorgeir Ljósveitningagoði steypiti goðum sínum í fossinn, þegar hann hafði jástast undir kristna trú.

Á 1,50 króna frímerki er mynd af stórvirkjun við Ljósafoss í Sogi. Nefndist hún fyrst Sogsvirkjun, en breyttist í Ljósafossstöð, þegar tvær aðrar virkjanir komu síðar í vatnsfallið, Írafossstöð (1953) og Steingrímsstöð (1959).

Á 2 króna frímerki er mynd af aflmesta fossi í Evrópu, Dettifossi í Jökulsá á Fjöllum. Þessi foss er stórfenglegur í öllum sínum hrikaleik. Hann hefur m. a. orðið íslenskum skáldum að yrkisefni. Einar Benediktsson skáld, sem beitti sér mjög fyrir því, að hið mikla afl fossanna yrði beislað, segir svo í kvæði sínu um Dettifoss: „Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör / að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör.“ Ekki hefur sú von hans ræst fram að þessu að því er varðar Dettifoss.

Á 2,45 króna frímerki er mynd af Andakílsárvirkjun frá 1947, sem sér Borgarfjarðarhéraði og næstu byggðum fyrir raforku til margvíslegra nota.

Á 3 króna frímerki er svo mynd af Laxárvirkjun í Aðaldal frá 1953. Áður hafði Laxá verið virkjuð nokkru ofar í ánni. Þessar virkjanir hafa lengi séð Norð-austurlandi fyrir rafmagni og þar á meðal Akureyri.

Á 5 króna frímerki er mynd af langþekktasta fossi landsins, Gullfossi í Hvítá. Mynd af honum hafði áður verið á íslenskum frímerkjum frá 1931-32. Gullfoss er í röð langfegurstu fossa landsins, enda dregur hann til sín fjölda innlendra sem erlendra ferðamanna á hverju ári. Hann steypist niður í allt að 70 m djúpt gljúfur, sem er bæði hrikalegt og tignarlegt. Gullfoss er ríkiseign, en um tíma var hann í eigu erlends félags, sem hafði áform uppi að virkja hann og koma upp raforkustöð. Ekkert varð úr því. Má því vænta þess, að hann verði um aldur og ævi óbeislaður og mönnum til augnayndis.

Stefán Jónsson teiknaði þessi frímerki, en myndgröftur og prentun þeirra í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Landssími Íslands 50 ára



Þann 29. september gaf póststjórnin út 2,30 kr. minningarfrímerki en á þessu ári voru 50 ár liðin frá því er Landssími Íslands tók til starfa. Gerðist það með því, að fyrsta símskeyti frá höfuðstað Íslands var sent til Kaupmannahafnar. Þáverandi ráðherra landsins, Hannes Hafstein, sendi það til Friðriks konungs VIII. 29. september 1906. Á frímerkinu er Íslandskort og merki Landssímans og ártölin 1906-1956.

Eins og um mörg stórmál urðu mikil stjórn málaátök um símann. Það kom í hlut Hannesar Hafstein að leiða símamálið til lykta. Árið 1904 var gerður samningur við Mikla norræna ritsímafélagið um lagningu sæsíma til Íslands og átti því verki að vera lokið í október 1906. Menn frá Noregi voru ráðnir til þess að leggja símalínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, 614 km langa leið, og var yfirstjórn verksins falin Olav Forberg sem síðar varð fyrsti landssímastjórinn. Var unnið að undirbúningi verksins á árinu 1905, en línan sjálf lögð sumarið 1906. Þrátt fyrir erfitt tíðarfar og margs konar erfiðleika tókst að ljúka verkinu á ótrúlega skömmum tíma. Var línan fullgerð 29. september eins og fyrr segir, en lagningu sæsímans var lokið rúmum mánuði fyrr eða 25. ágúst.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkið, en Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi sá um myndgröft og prentun þess í stáldjúpprykki.

1956

Norðurlandafrímerki – Dagur Norðurlandanna



Hinn 30. október voru í fyrsta skipti gefin út sameiginleg minningarfrímerki samtímis á öllum Norðurlöndunum (Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð) á degi Norðurlandanna. Þessi útgáfa átti að leggja áherslu á tengsl Norðurlandabjórðanna og um leið minna á mikilvægi samvinnu þeirra í ýmsum greinum.

Myndin, fimm svanir á flugi, á uppruna sinn að rekja til norrænu svananna fimm sem fyrst sáust á veggspjaldi sem hannað var fyrir dag Norðurlandanna árið 1936 og byggir á ljóði Hans Hartvig Seedorff Pedersen (1892-1986), Svánirnir frá Norðurlöndum „Svanerne fra Norden“. Táknað hvern svanur eitt Norðurlandanna fimm. Síðar eða árið 1991, hófu Álandseyjar (Finnland), Færeyjar og Grænland (Danmörk) einnig að gefa út Norðurlandafrímerki og hafa löndin verið alls átta frá þeim tíma sem gefa út frímerki í þessari útgáfuröð.

Verðgildi íslensku frímerkjanna voru 1,50 kr. og 1,75 kr. Daninn Viggo Bang teiknaði frímerkin, en myndgröft þeirra í stálstungu annaðist Svíinn Sven Ewert. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju sænska póstsins, (Svenska Postverkets frimärkstryckeri), í Stokkhólmi. Voru það jafnframt fyrstu frímerkin sem sú prentsmiðja prentaði fyrir íslensku póststjórnina.

1957

Íþróttافرimerki



Hinn 1. apríl komu út tvö almenn frímerki, 1,50 kr. og 1,75 kr., með sömu myndum og voru á íþróttافرimerkjum 1955. Hér var einungis um viðbótarverðgildi að ræða og í öðrum litum.

Gerð þessara frímerkja var hin sama og áður og teiknarinn hinn sami, Stefán Jónsson. Eins voru þau prentuð í sömu prentsmiðju í Englandi.

Um myndefni frímerkjanna vísast til þess, sem segir um fyrri frímerkin.

Jöklafrímerki



Hinn 8. maí komu út þrjú almenn frímerki með myndum af þeim hinum sömu jöklum og komu á flugfrímerkjum 1952. Hér var einungis um önnur verðgildi að ræða, 2 kr. með mynd af Snæfellsjökli, 3 kr. með mynd af Eiríksjökli og 10 kr. með mynd af Örafajökli.

Teiknari var hinn sami, Stefán Jónsson, og prentsmiðjan hin sama í London. Um myndefni frímerkjanna vísast til þess sem segir um flugfrímerkin 1952.

Forsetasetrið á Bessastöðum



Hinn 1. ágúst kom út 25 kr. frímerki með mynd af aðsetri forseta Íslands á Bessastöðum.

Bessastaðir eru fornt höfuðból og kirkjustaður á Álftanesi. Þegar þeirra er fyrst getið á 13. öld, voru þeir í eigu Snorra Sturlusonar í Reykholti. Eftir víg Snorra 1241 sló Noregskonungur eign sinni á staðinn. Bessastaðir urðu því fyrsta jarðeign konungs hér á landi. Urðu þeir svo aðsetur æðstu valdsmanna konungs til loka 18. aldar.

Árið 1805 var Lærði skólinn fluttur frá Reykjavík til Bessastaða og var þar síðan, þar til hann fluttist aftur til Reykjavíkur 1846.

Árið 1867 eignaðist Grímur skáld Thomsen staðinn, en hann var fæddur þar. Þar var einnig fæddur Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal, skáld og rithöfundur.

Eftir lát Gríms Thomsens 1896 komust Bessastaðir í eigu einstaklinga. En árið 1941 gaf Sigurður Jónasson forstjóri ríkinnu staðinn. Varð hann þá fyrst bústaður ríkisstjóra, en eftir stofnun lýðveldis á Íslandi bústaður forsetans.

Forsetabústaðurinn er með elstu húsum á landinu, reistur 1761-1766 sem amtmannssetur. Þar var svo Lærði skólinn til húsa um fjörutfu ára skeið. Kirkja hefur verið á staðnum frá upphafi. Er núverandi kirkja frá árunum 1777-1823. Um 1950 var kirkjunni gerbreytt að innan og allt fjarlægð úr henni, sem minnti á valdatíma Dana á Íslandi. Um þetta var deilt, en hugmyndin með breytingunni var sú að gera kirkjuna að íslenski forsetakirkju.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkið, en myndgröftur og prentun þess í stáldjúpprykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Skógræktarfrímerki



Hinn 4. september komu út tvö frímerki til að hvetja menn til skógræktar á Íslandi. Verðgildi þeirra voru 35 og 70 aurar. Listmálarinn Barbara Árnason teiknaði frímerkin.

Frá upphafi byggðar í landinu hafði gegndarlaust verið gengið á skóglendið og það nytjað á margan hátt. Þegar um 1700 var farið að rita um nauðsyn skógræktar. Skúli Magnússon gerði tilraun til skógræktar á síðari hluta 18. aldar. Á Alþingi 1865 var fyrst borin fram tillaga um skógrækt, og 1894 voru samþykkt á Alþingi lög um friðun skóga. Lög um Skógrækt ríkisins voru samþykkt á Alþingi 1907 og jafnframt var þá skipaður skógræktarstjóri. Skógræktarfélag Íslands var svo stofnað á Þingvöllum 1930. Frá árinu 1946 er það sambandsfélag allra skógræktarféлага landsins.

Tréð á 35 aura frímerkinu er greni, eflaust sitkagreni, sem var helsta vonin í íslenskri skógrækt á þeim tíma þegar þetta frímerki kom út. Hin myndin sýnir barrtré gróðursett undir íslenskt birki. Þar er birkið að „fóstra“ barrtrén (veita þeim skjól). Gróðursetning inn í birkiskóglendi var mikið notuð aðferð við skógrækt en var síðan aflögð, enda komið í ljós að flestar tegundir barrtrjáa þola að vaxa á berangri. Þessi mynd umkringd þríhyrningi var einnig notuð sem lógó Skógræktar ríkisins í mörg ár. Árið 1957 voru 50 ár liðin frá setningu fyrstu skógræktarlaganna og er það væntanlega tilefni útgáfunnar.

Myndgröftur og prentun frímerkjanna í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1957

Jónas Hallgrímsson 150 ára



Hinn 16. nóvember minntist póststjórnin þess með útgáfu 5 kr. minningarfrímerkis, að þá voru rétt 150 ár liðin frá fæðingu eins ástsælasta skálds Íslendinga, Jónasar Hallgrímssonar.

Jónas var fæddur á Hrauni í Öxnadal 1807, en lést í Kaupmannahöfn 1845, ókvæntur og barnlaus. Hann varð stúdent frá Bessastaðaskóla 1829, en hélt utan til náms 1832 og sneri sér fljótlega að náttúrufræði. Lokapróf tók hann aldrei. Um nokkur ár ferðaðist hann um Ísland til náttúrufræðirannsókna og undirbúnings að Íslandslýsingu, sem hann lauk þó ekki við.

Jónas var einn af Fjölnismönnum, sem hleyptu ársritinu Fjölni af stökkunum 1835 og gáfu út í rúman áratug. Þar birtust fjöldi ljóða hans á næstu árum og eins ljóðabýðinga.

Jónas var brautryðjandi rómantísku stefnunnar á Íslandi ásamt Bjarna Thorarensen. Þá samdi hann fyrstu íslensku smásöguna að síðari tíma hætti, Grasaferð, en hún birtist í Fjölni að honum látnum 1847.

Jónas hafði með verkum sínum mikil áhrif á bókmenntalíf þjóðarinnar og eins á mörg skáld, sem komu fram síðar á 19. öld og í upphafi 20. aldar.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkið. Myndgröftur og prentun þess í stáldjúpþrykki fór fram hjá Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1958

Blómafrímerki



Hinn 8. júlí komu út fyrstu íslensku blómafrímerkin. Þau teiknaði sem flest fyrri frímerki póststjórnarinnar um áratuga skeið Stefán Jónsson arkitekt.

Á fyrra verðgildinu, 1 kr., er mynd af eyrarrós (*Epilobium latifolium*). Hún er fjölær jurt með marggreindum jarðstöngli. Blöðin eru blágræn og blómin í blómfáum klasa. Bikarblöðin eru dökkfjólublá. Eins og nafnið bendir til, vex hún á eyrum við ár og í grýttum og rökum jarðvegi. Hún er algeng um allt land.

Á síðara verðgildinu, 2,50 kr., er mynd af fjólu (*Viola tricolor*). Hún gengur einnig undir heitunum brekkufjola eða þrenningargras. Hún er ein- eða tvíær jurt með þrílitum (sjaldan hvítum) blómum. Tvö efstu krónublöðin eru fjólublá. Ýmsir erlendir ættingjar þessarar tegundar eru ræktaðir til prýði í görðum og nefndir „stjúpublóm“. Hún blómgast í maí. Fjólán vex á brunahólum og hálfgrónum melabörðum í skjóli. Vex á Norðurlandi og í kringum Breiðafjörð og svo á nokkrum stöðum í öðrum landshlutum.

Offsetprentun (Lithography) frímerkjanna fór fram hjá gamalkunnri prentsmiðju, Thomas de la Rue & Co. Ltd., í London, sem reyndar skipti um nafn 1958 og hét eftir það The De La Rue Company Limited.

1958

Íslenski hesturinn



Hinn 27. september komu út tvö frímerki til heiðurs íslenska hestinum. Verðgildin voru tvö: 10 aurar og 2,25 krónur. Frímerkin voru teiknuð af Halldóri Péturssyni listamanni.

Hesturinn hefur verið snar þáttur í daglegu lífi íslensku þjóðarinnar frá landnámsöld og fram á okkar daga. Landnámsmenn hafa flutt hesta til Íslands með öðrum búsmala. Trúlega hafa þeir flestir komið frá Noregi, enda munu þeir náskyldir norska fjarðarkyninu. Létu fornmenn sér mjög annt um hestana, enda voru þeir nauðsynlegir til flutninga og ferðalaga. Þá þótti fornmönnum mikið til þess koma, að hestar hefðu fagran lit. Voru hvítir hestar í miklum metum.

Húsdýr eru dýr, sem hafa lengi aðlagast manningu og komið honum að notum með vinnu sinni eða afurðum, oft að lokinni tamningu og ræktun. Íslenski hesturinn er einmitt gott dæmi um slíkt dýr.

Áður en þessi frímerki komu út, höfðu hestar sést á 20 auru Alþingishátíðarfrímerki frá 1930 og svo á 35 auru flugfrímerki frá sama ári.

Myndgröft frímerkisins og prentun í stáldjúpprykki annaðist De La Rue Company Limited, London, Englandi.

Fullveldi Íslands 40 ára - Þjóðfáninn



Hinn 1. desember komu út tvö frímerki í minningu þess, að þann dag voru fjörutíu ár liðin frá því, að Ísland varð fullvalda ríki og eignaðist um leið eigin þjóðfána. Myndefni frímerkjanna var hið sama, íslenski ríkisfáninn blaktandi á stöng á hinum fornhelga stað Þingvöllum, þar sem Alþingi var háð frá 930 og fram undir aldamótin 1800. Verðgildi frímerkjanna voru tvö, 3,50 kr. og 50 kr. Var það hæsta verðgildi íslenskra frímerkja til þessa.

Fyrsta hugmynd um sérstakan þjóðfána fyrir Ísland kom með Jörundi hundadagakóngi 1809. Birti hann þá tilkynningu um sérstakan fána, en hann skyldi vera blár með þremur þorskum í efsta horni. Var hann dreginn að húni 12. júlí það ár, en hvarf að sjálfsgöðu með Jörundi. Um 1870 kom svo Sigurður málarí Guðmundsson með fálkateikningu sína. Áleit hann fálkann heppilegra ták en flatti þorskurinn, sem hafði verið merki Íslands frá um 1600. Latínuskólapiltar tóku fálkann upp sem merki sitt, en það var fyrst dregið að húni á Þingvallafundi 1873. Náði það útbreiðslu víða um land á næstu árum. Árið 1897 gerði Einar skáld Benediktsson tillögu um bláhvítan fána, hvítbláinn, og náði hann mikilli hylli meðal landsmanna. Andstaða kom fram af hálfu konungs, þar sem þessi fáni líktist gríska fánanum. Niðurstaðan varð svo hinn þrífleti fáni, sem Íslendingar hafa búið við frá 1918. Stjórn og opinberar stofnanir skyldu nota klofinn fána að framan (tjúgufána). Slíkur fáni er einmitt á tédum frímerkjum.

Teikning frímerkjanna er eftir Árna Sveinbjörnsson teiknara. Myndgröft þeirra og prentun í stáldjúpprykki annaðist De La Rue Company Limited, London Englandi.

1958

Fullveldi Íslands 40 ára – Stjórnarráðshúsið



Hinn 9. desember komu út tvö frímerki með mynd af Stjórnarráðshúsinu í Reykjavík. Ekki kemur fram af hvaða tilefni þessi frímerki komu út, en líklegt má telja, að þá hafi verið haft í huga 40 ára fullveldisafmæli Íslands. Verðgildi frímerkjanna er 2 kr. og 4 kr.

Stjórnarráðshúsið á merka og margbrotna sögu. Í upphafi var það reist sem fangelsi á árunum 1765-1771 og gegndi því hlutverki til ársins 1816. Frá árinu 1819 var það bústaður stiftamtmanns og svo landshöfðingja frá 1873 þar til það embætti var lagt niður og Íslendingar fengu innlendan ráðherra 1904. Þá var Stjórnarráð Íslands stofnað með aðsetri í húsinu. Síðan hefur það haft það nafn. Nú hýsir það skrifstofu forsætisráðherra.

Árni Sveinbjörnsson hannaði þessi frímerki en ljósmyndina tók Vigfús Sigurgeirsson. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki (Heliogravure) hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss. Voru það fyrstu frímerkin, sem þessi prentsmiðja prentaði fyrir íslensku póststjórnina. Síðan prentaði hún mikið af íslenskum frímerkjum næstu áratugina og hannaði jafnframt nokkurn fjölda þeirra einnig.

1959

Jón Þorkelsson Skálholtsrektor 200 ára



Hinn 5. maí komu út tvö frímerki, að verðgildi 2 kr. og 3 kr., í minningu þess, að þá voru rétt tvö hundruð ár liðin frá andláti Jóns Þorkelssonar, rektors í Skálholti.

Jón Þorkelsson eða Johannes Thorkillius, eins og hann kallaði sig, var fæddur 1697. Jón varð stúdent frá Skálholtsskóla 1715. Hann sigldi til Kaupmannahafnar 1717 og varð guðfræðingur frá háskólanum þar árið 1721. Eftir það dvaldist hann á ýmsum stöðum í Danmörku, þar til hann varð rektor í Skálholti 1728. Af því starfi lét hann 1737 og hélt þá til Kaupmannahafnar. Sneri aftur til Íslands 1741 sem aðstoðarmaður Ludvigs Harboe, en hann var sendur af dönskum stjórnvöldum til þess að athuga málefni kirkjunnar og skólahald hennar. Skyldi Harboe leggja fram tillögur til úrbóta, ef með þyrfti. Var Jón Þorkelsson upphafsmaður þessarar ferðar, sem stóð í nokkur ár. Frá 1745 dvaldist Jón í Danmörku. Hann var talinn einn af mestu menningarfrömuðum Íslendinga á 18. öld.

Jón Þorkelsson lést ókvæntur og barnlaus 1759. Gaf hann allar eigur sínar, sem voru miklar, til fræðslu fátækra og munaðarlausra barna í Kjalarnesþingi. Af þessu fé var m.a. reistur heimavistarbarnaskóli á Hausastöðum á Álftanesi 1791, en hann lagðist fljótlega niður sökum fjárskortis.

Hönnun frímerkjanna eftir teikningu af styttnu, sem Ríkarður Jónsson myndskeri hafði gert, fór fram hjá De La Rue & Company Limited, í London sem jafnframt annaðist myndgröft frímerkjanna og prentun í stáldjúpprykki.

1959

Flug á Íslandi 40 ára



Hinn 3. september voru fjörutíu ár liðin, síðan flugvél hóf sig í fyrsta skipti á loft á Íslandi. Þessa var minnst með tveimur flugfrímerkjum, sem gefin voru út þann dag. Frímerkin tvö bera mynd tveggja flugvélagerða, sem voru í eigu sitthvors flugfélagsins árið 1959. Á lægra verðgildinu, 3,50 kr., er Vickers-Viscount flugvél með merkjum Flugfélags Íslands. Á hærra verðgildinu, 4,05 kr. er Cloudmaster DC 6 flugvél með einkennum Loftleiða.

Nokkrir Reykvíkingar stofnuðu Flugfélag Íslands sumarið 1919. Skyldi það hefja tilraun til farþegaflugs á Íslandi. Félagið hélt uppi skemmtiferðum tvö sumur um nágrenni Reykjavíkur, en síðan hætti það sökum fjárskorts og eins vantrúar almennings. Annað Flugfélag Íslands var stofnað 1928 og hélt það uppi flugferðum á ýmsa staði með tveimur flugvélum fram til ársins 1931, þegar það neyddist til að hætta starfsemi sinni. Frá árinu 1924 og til ársins 1933 var nokkuð um komur flugvéla og loftfara erlendis frá. Þar ber hæst komu loftskipsins Graf Zeppelin 1930 og 1931 og svo Hópflugs Ítala 1933. Flugfélag Íslands hið þriðja var stofnað 1940 og síðan annað flugfélag, Loftleiðir, árið 1944. Frá þessum tíma hefur verið mikill uppgangur í flugmálum Íslendinga. Loks voru þessi tvö flugfélög sameinuð í eitt félag á áttunda áratugnum undir heitinu Flugleiðir.

Stefán Jónsson arkitekt teiknaði frímerkin, en myndgröft þeirra og prentun í stáldjúpprykki annaðist De La Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Fugla- og fiskafrímerki



Hinn 25. nóvember komu út fjögur almenn frímerki með myndum af laxi og æðarfugli. Tuttugu árum áður höfðu verið gefin út frímerki með myndum af tveimur nytjafiskum við strendur Íslands, þorski og síld. Hins vegar komu hér fyrst út íslensk fuglafrímerki, ef undan eru skildar fálkamyndir á Alþingis-hátíðarfrímerkjum 1930.

Á 25 auro og 5 krónu frímerkjum er mynd af laxi, stökkvandi upp foss. Ættkvísl laxa á heima í tempruðum og köldum hlutum norðurhvels jarðar. Allar tegundir hennar hrygna einungis í ósöltu vatni, en margar þeirra lifa langdvölum í sjó. Hér á landi eru aðeins þrjár tegundir: lax, urriði og bleikja. Tvær hinar sýðar-nefndu kallast silungur hjá okkur. Laxinn er mjög algengur á Íslandi og verður vart í öllum landsfjórðungum. Ekki er hann samt í öllum ám. Til skamms tíma varð hans ekki vart frá Austfjörðum og vestur að Þjórsá. Hins vegar virðist honum hafa fjölgað mjög í ám eftir að laxeldi hófst hér á landi.

Laxinn er vatnafiskur, sem er getinn og gotinn í ósöltu vatni (straumvatni). Þegar laxinn er kominn í sjó, hverfur hann mönnum sýn. Enn sem komið er er lítið vitað um lifnaðarhætti hans þar. Um göngur laxins í sjónum er einnig lítið vitað. Hins vegar má með merkingum fylgjast með ferðum hans. Fer hann oft langar leiðir frá áttögum sínum. Svo heldur hann aftur til heimahaganna, feitur og sællegur, og heldur upp ána til riðanna. Þá nefnist hann uppgöngulax. Hann getur farið langar leiðir móti bullandi straumi. Verði foss á vegi hans, sem er ekki yfir þrjár metrar á hæð, tekur hann hann í einu stökki, ef hann er nógu vatnsmikill og vel djúpt undir honum.

Á 90 auro og 2 krónu frímerkjum er mynd af æðarfugli, blika og kollu. Hann er eina andartegundin hér á landi, sem nær eingöngu dvelst við sjó alla ævi sína. Útlitsmunur eftir kynferði er mikill. Æðarfuglar lifa á sjávardýrum og kafa öllum öndum betur. Þeir verpa oft margir saman í eyjum og hólum í sjó, en einnig í hólum í ám og vötnum. Æðarfuglinn er einna stærstur allra íslenskra anda,

mun stærri en stokkönd. Hann er hánorrænn fugl. Hér á landi er hann algengur varpfugl um land allt og lifir mest á ýmsum smáum skeldýrum, botnlægum hrognum o. fl. Hann er mjög félagslyndur og eins um varptímann í maí, og oft skipta hreiðrin í einu varpi hundruðum og jafnvel þúsundum. Eru eggin venjulegast fimm eða sex.

Æðarfuglinn er tilkomumikill fugl, blikinn glæsilegur í vetrar- og vorbúningnum og kollan merkilega samlit umhverfinu, þegar hún er á landi. Hann er nytjafugl, sem gefur bæði af sér meiri dún en aðrar endur og stór og ljúffeng egg. Er dún-tekja veruleg tekjulind víða um land.

Hönnun frímerkjanna eftir ljósmyndum, myndgröftur og djúpprentun fór fram hjá De La Rue & Company Limited, í London, Englandi.

1960

Fuglafrímerki



Hinn 1. mars kom út 25 kr. almennt frímerki með mynd af íslenska fálkanum (*Falco Rusticolus Islandus*). Hönnun frímerkisins byggir á ljósmynd eftir G. H. Sherlock en litir merkisins byggja hins vegar á málverki prófessors George M. Sutton.

Fálkaættin er mjög fjölskrúðug og greinist í undirættir með um 80 ættkvíslum og yfir 500 tegundum og undirtegundum. Samkvæmt heimildum sjást aðeins þrjár ættkvíslir hér á landi.

Íslenski fálkinn, valurinn, er frægastur allra íslenskra fugla. Varð hann snemma konungsgersemi, enda kunnur sem frábær veiðifálki meðal konungsmanna í Evrópu og eins til leika með þeim og hirðmönnum þeirra. Elstu heimildir um íslenska fálkann eru frá 12. öld, og fálkaveiða er getið í Grágás. Noregs- og síðar Danakonungar fengu fljótlega einkaleyfi á fálkaveiðum hér á landi, enda fengu þeir offjár fyrir íslenska fálkann meðal annarra þjóðhöfðingja. Á 19. öld fækkaði fálkum mjög hér á landi, en frá árinu 1919 hefur hann verið friðhelgur. Svo sem kunnugt er, er hann enn í dag eftirsóttur sem veiðifálki og þá ekki síst meðal Arabahöfðingja.

Íslenski fálkinn mun vera staðfugl hér á landi. Hann velur sér varpstaði á svipuðum slóðum og hrafninn. eru þeir oftast ekki langt frá fuglabjörgum eða æðavarpi, þar sem gott er til fanga. Valda þeir því oft verulegum usla, enda ekki vel séðir af æðavarpbændum. Er varptími hans venjulega um mánaðamótin apríl og maí. Egginn er oftast fjögur. Sagt er, að ekki sé auðhlaupið að finna hreiður fálkans, jafnvel þótt vitað sé, að það sé í næsta nágrenni.

Frímerkið var offsetprentað (Offset lithography) hjá De La Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

1960

Alþjóðaflóttamannaárið



Hinn 7. apríl voru gefin út tvö frímerki, 2,50 kr. og 4,50 kr., í tilefni alþjóðaflóttamannaársins 1959-1960 (World Refugee Year) sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna UNHCR (United Nations High Commissioner for Refugees) stóð að. Hér slóst íslenska póststjórnin í hóp rúmlega 70 landa, sem höfðu ákveðið að minnast þessa árs alþjóðaflóttamanna með útgáfu sérstakra frímerkja.

Fyrir valinu sem myndefni varð höggmynd Einars Jónssonar myndhöggvara, Útlagar frá árinu 1901, sem stendur sunnan við gamla kirkjugarðinn í Reykjavík, gegnt Skothúsvegi. Meðal verka Einars Jónssonar „stendur Útilegumaðurinn án efa einna fremst, og vafasamt hvort nokkur íslenskur myndhöggvari hefur enn gert verk sem er eins stórt hugsað eða sálfræðilega sterkt. ... Kjarni íslensks harmleiks, örlög einbúans, birtist í Útilegumanninum á jafn veglegan hátt og í ýmsum bestu skáldverkum íslenskum í rituðu máli, Grettis sögu og Fjalla-Eyvindi.“ Þessi orð ritaði skáldið Halldór Kiljan Laxness árið 1943.

Verk Einars Jónssonar höfðu áður birst á íslenskum frímerkjum: á minningarfrímerkjum Jóns Sigurðssonar 1911 og 1 krónu flugfrímerki 1930 (stytta Ingólfs Arnarsonar).

Myndgröftur frímerkisins og prentun í stáldjúpprykki fór fram hjá De La Rue & Co. Ltd., í London, Englandi.

Íslenski hesturinn



Hinn 7. apríl kom út almennt frímerki með mynd af íslenska hestinum. Var þetta nýtt verðgildi við útgáfu frá 1958.

Vísast til þess, sem þar segir um þessi frímerki með mynd íslenska hestsins.

1960

Evrópufrímerki



Hinn 19. september komu út tvö svonefnd Evrópufrímerki, 3,00 kr. og 5,50 kr. Frímerki þessi voru gefin út samtímis í 19 löndum í tilefni stofnunar Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Flest löndin notuðu sömu teikningu eftir finnskan listamann, Pentti Rahikainen.

Var þetta upphaf þeirra Evrópufrímerkja, sem hafa komið út óslitið hér á landi síðan.

Evrópufrímerki (einnig þekkt sem Evrópu – CEPT frímerki fram til ársins 1992) er árleg samútgáfa frímerkja með sameiginlegu myndefni eða þema. Árin 1956-1959 voru Evrópufrímerki útgáfa póststjórna þeirra landa sem mynduðu Kola- og stálbandalagið, síðar Efnahagsbandalag Evrópu sem nefnt er Evrópusambandið frá 1992.

Árin 1960-1992 voru Evrópufrímerkin á forræði Evrópuráðs pósts og síma, CEPT (The European Conference of Postal and Telecommunications Administrations), en frá árinu 1993 hafa þau verið á forræði PostEurop, samtaka póstrekenda í Evrópu með aðsetur í Brussel.

Lengi vel var myndefni Evrópufrímerkjanna sameiginlegt í öllum eða flestum löndum, en frá árinu 1974 hafa póststjórnir CEPT-landanna (nú PostEurop) hver fyrir sig valið sitt myndefni, sem fellur undir svonefnt þema hvers árs sem ákveðið er af PostEurop.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Blómafrímerki



Hinn 29. nóvember komu út tvö almenn frímerki með mynd af blómum. Var það upphaf sérstaks flokks blómafrímerkja, sem komu út til ársins 1968, þó ekki árlega.

Á lægra verðgildinu, 1,20 kr., er mynd af blágresi (*Geranium silvaticum*). Það er fjölær jurtt. Blómin stór og standa oftast tvö og tvö saman. Blómgunartími er í júní. Blágresi er algengt um land allt og vex í kjarrlendi eða gróðurmiklum lautum og hvömmum.

Á herra verðgildinu, 2,50 kr., er mynd af túnfífla (*Taraxacum officinale*). Túnfífill er af körfublómaætt og vex hann um land allt, í graslendi, við hús og bæi og til fjalla, allt að 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Eftir blómgun lokar fífillinn blómakörfunni og opnar hana svo aftur þegar fræin eru fullproskuð og nefnist þá biðukolla. Fræ fífillsins eru með svifhár og geta borist langa leið. Róttin er stólparót. Afblómgaður fífill nefnist biðukolla, bifukolla eða bifukolla.

Frímerkin voru hönnuð og prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1961

Stjórnarráðshúsið



Hinn 11. apríl voru gefin út tvö ný almenn frímerki með sömu mynd af Stjórnarráðshúsinu í Reykjavík og komu á frímerkjum árið 1958. Þetta voru ný verðgildi, 1,50 kr. og 3 kr., með breyttum lit. Hér vísast til þess, sem segir um myndefnið við fyrri útgáfu.

Jón Sigurðsson 150 ára



Hinn 17. júní voru gefin út þrjú frímerki til þess að minnast 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar (1811-1879), sem hefur verið nefndur frelsishefji Íslendinga. Mun minning hans lifa um aldir með íslenski þjóð fyrir þá baráttu, sem hann háði ásamt mörgum dyggum liðsmönnum fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Hann sat á Alþingi Íslendinga frá endurreisn þess 1845 og til dauðadags. Tímarit hans, Ný félagsrit, var aðalmálgagn hans í frelsisbaráttunni. Hann átti heima í Kaupmannahöfn óslitið frá 1852. Hann var mikilsvirtur fræðimaður í íslenskum og norrænum fræðum og víðkunnur fyrir ritstörf sín og útgáfur á þeim vettvangi.

Á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar árið 1911 var minningu hans sýndur mikill og verðskuldaður sómi. Stytta af honum eftir Einar Jónsson myndhöggvara var reist í Reykjavík. Stendur hún nú fyrir framan Alþingishúsið. Þá komu út sex minningarfrímerki með upphleyptri hvíttri vangamynd af Jóni eftir mynd sem Einar Jónsson hafði gert, en Sophus Lindahl hirðleturgrafari í Kaupmannahöfn sá um myndgröft á. Þau frímerki voru prentuð hjá H. H. Thiele í Kaupmannahöfn.

Þetta sama myndefni frá 1911 var svo aftur notað á frímerkin 1961 en verðgildi þeirra voru 50 aur., 3 kr. og 5 kr.

Myndgröftur frímerkjanna og prentun í djúpþrykki (Letterpress), fór fram hjá De La Rue & Co. Ltd., Englandi.

1961

Reykjavíkurborg 175 ára



Hinn 18. ágúst voru 175 ár liðin frá því, er höfuðborg Íslands, Reykjavík, öðlaðist kaupstaðarréttindi 1786. Af því tilefni voru gefin út tvö frímerki, 2,50 kr. og 4,50 kr.

Fyrsti landnámsmaður Íslands, Ingólfur Arnarson, sem kom frá Noregi, reisti bæ sinn þar um 874, að því er talið er, og nefndi Reykjavík eftir gufu þeirri, sem lagði upp af hverum í næsta nágrenni bæjarins.

Um miðja 18. öld hófust fyrstu tilraunir til verksmiðjuíðnaðar í Reykjavík, en þær entust ekki mjög lengi. Þegar Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi voru íbúar þar 167, en sé næsta nágrenni talið með rúmlega 300. Árið 1900 voru íbúar 5.800, en tæpri öld síðar eru þeir um 100.000.

Á 19. öld óx vegur og virðing Reykjavíkur mjög og þá ekki síst, þegar Alþingi Íslendinga var endurreist þar 1845. Fiskveiðar jukust mjög á Íslandi á síðustu áratugum aldarinnar, og hafði það veruleg áhrif á líf Reykvíkinga. Fyrsti innlendi ráðherrann settist þar að árið 1904. Þar voru smám saman settar á fót allar helstu menningarstofnanir landsins og eins listasöfn. Í Reykjavík situr ríkisstjórn Íslands og einnig æðstu dómstólar.

Reykjavík er miðstöð allra samgangna innanlands sem utan. Á minningarfrímerkjum þessum er mynd af Reykjavíkurborg, en með henni er einmitt lögð áhersla á mikilvægi hennar fyrir allt viðskiptalíf Íslendinga.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkin, sem voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki



Póst- og símamálastofnunin tók nú í annað sinn þátt í útgáfu svonefndra Evrópufrímerkja með sameiginlegu myndefni, 19 dúfum á flugi. Tákna þær öll aðildarríki Evrópuráðs pósts og síma (CEPT), en að þessu sinni gáfu 14 aðildarríki út frímerki af þessu tilefni.

Hollendingurinn Theo Kurpershoek hannaði frímerkin sem báru verðgildin 5,50 kr. og 6,00 kr. og komu úr þann 18. september.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1961

Háskóli Íslands 50 ára



Háskóli Íslands var stofnaður til heiðurs Jóni Sigurðssyni, á aldarafmæli hans 17. júní 1911. Í tilefni 50 ára afmælis Háskólans gaf Póst- og símamálastofnunin út þrjú frímerki og smáörk þann 6. október.

Benedikt Sveinsson (1826-1899) barðist mjög á Alþingi fyrir stofnun háskóla á Íslandi. Bar hann fyrst fram frumvarp um það efni á þingi 1881, en loks var það samþykkt á þingi 1893. Hins vegar synjaði danska stjórnin staðfestingar þess. Um það leyti var stofnaður sérstakur sjóður, Háskólasjóður Íslands, sem tók við samskotafé til að greiða götu „háskólamálsins“. Háskóli Íslands varð svo ekki að veruleika fyrr en tólf árum eftir lát hans. Af framansögðu var eðlilegt, að mynd Benedikts yrði valin á frímerki til minningar um Háskóla Íslands. Er það á 1,00 kr. verðgildi.

Fyrsti rektor Háskólans var kjörinn Björn M. Ólsen (1850-1919), en hann var víðkunnur vísindamaður í íslenskum og norrænum fræðum. Liggja eftir hann mörg merk rit í fræðigreinum hans. Mynd af honum er á 1,40 kr. verðgildi.

Háskóli Íslands var stofnaður með sameiningu þriggja embættismannaskóla: Prestaskólans, Lagaskólans og Læknaskólans. Svo var heimspekideild bætt við.

Urðu deildir hins nýja háskóla því fjórar. Fyrsta árið hófu 45 stúdentar nám við Háskólann. Hann var til húsa í Alþingishúsinu um nærfellt 30 ár, eða þar til hann fluttist í nýreista háskólabyggingu við Suðurgötu haustið 1940. Þessi bygging hýsir nú að mestu stjórnarsýslu Háskólans, en kennsludeildir eru dreifðar um margar byggingar á háskólalóðinni og eins víðs vegar út um borgina.

Mynd af aðalbyggingu Háskólans er á 10,00 kr. frímerki. Þá voru þessi þrjú frímerki gefin út í ótakkaðri smáörk.

Prentun frímerkjanna og smáarkarinnar í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1962

Blómafrímerki



Hinn 23. mars komu út tvö almenn frímerki með blómamyndum.

Á 50 aura frímerki er mynd af bláklukku (*Campanula rotundifolia*). Hún vex á alls konar þurrlendi og blómgast í júní og júlí. Bláklukka er algeng á Norður- og Austurlandi og eins á Suðurlandi. Hún vex á víð og dreif í öðrum landshlutum.

Á 3,50 kr. frímerki er mynd af brennisóleyju (*Ranunculus acris*) sem er blóm af sóleyjaætt. Blómið er gult með fimm krónublöð. Safi jurtarinnar inniheldur eitrefni. Þetta veldur því að grasbítar á beit forðast hana en geta hins vegar étið hana sé hún þurrkuð t.d. við slátt og verkun í hey. Á Íslandi blómgast brennisóleyjar í maí til júní og finnast um nánast allt land m.a. í Surtsey. Í fjalllendi finnst hún oft upp í 900 metra hæð en er hæst fundin í 1100 metra hæð á Litlahnjúk við Svarfaðardal.

Hönnun þessara frímerkja og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Merkisbyggingar



Hinn 6. júlí komu út þrjú almenn frímerki með myndum af byggingum í Reykjavík, sem tengjast iðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði.

Á 2,50 kr. frímerki er mynd af Iðnskólahúsinu í Reykjavík, sem stendur á Skólavörðuholti en Þór Sandholt (1913-1973) arkitekt teiknaði það. Þetta hús var reist á árunum 1946 til 1955, en þá fluttist Iðnskólinn úr gamla skólahúsinu við Lækjargötu, þar sem hann hafði verið tæp 50 ár. Þetta nýja hús hýsir m. a. málmiðnaðardeild, tréiðnaðardeild, rafmagnsdeild, útvarps- og sjónvarpsvirkjudeild og bifvélavirkjudeild. Nú mun húsið fyrir allöngu vera orðið of þröngt fyrir þá iðnaðarkennslu, sem þar fer fram.

Á 4,00 kr. frímerki er mynd af húsi Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins, en það var reist árið 1956 við hliðina á húsi Fiskifélags Íslands. Í þessu húsi er Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Frá árinu 1959 til 1987 var Ríkisútvarpið einnig til húsa á tveimur efstu hæðunum. Í því húsnæði er nú Sjávarútvegsráðuneytið.

Á 6,00 kr. frímerki er mynd af Bændahöllinni við Hagatorg, en það hús var tekið í notkun þetta ár, 1962. Eigendur hússins eru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, sem hafa þar skrifstofur sínar. Bændahöllin rekur Hótel Sögu, enda húsið oftast nefnt Hótel Saga meðal almennings. Halldór H. Jónsson (1912-1992) arkitekt teiknaði bæði Bændahöllina og hús Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chau-de-Fonds, Sviss.

1962

Evrópufrímerki



Hinn 17. september voru gefin út tvö Evrópufrímerki, en 14 aðildarríki Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) tóku þátt í þessari útgáfu. Myndefnið er tré með 19 laufum, sem tákna enn öll þau ríki, sem stóðu að Evrópuráðinu á þeim árum.

Verðgildi frímerkjanna voru 5,50 kr. og 6,50 kr.

Lex Weyer frá Lúxemburg teiknaði frímerkin sem voru prentuð í rastadjúp-þrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Sæsíminn



Hinn 20. nóvember voru gefin út tvö minningarfrímerki, 5 kr. og 7 kr., í tilefni lagningar nýs sæsímastrengs milli Evrópu og Ameríku.

Myndefni beggja merkjanna er landabréf, sem sýnir legu sæsímastrengs milli landanna um Norður-Atlantshaf. Þar standa svo orðin SÆSÍMINN 1962.

Fyrstu hugmyndir um sæsíma milli Færeyja, Íslands og Grænlands komu fram árið 1854, en ekkert varð úr framkvæmdum. Árið 1904 var gerður samningur við Mikla norræna ritsímafélagið um lagningu sæstrengs milli Leirvíkur á Hjaltlandi og Þórshafnar í Færeyjum og svo þaðan til Seyðisfjarðar. Þaðan var síminn lagður ofanjarðar norður um land til Reykjavíkur. Sæstrengurinn var svo tekinn í notkun í ágúst 1906. Rúmum mánuði síðar var Landssími Íslands vígður. Gamli sæsímastrengurinn slitnaði í árslok 1961. Var hætt við að endurnýja hann. Nýr var svo lagður í staðinn og svo áfram alla leið til Kanada.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1963

Þjóðminjasafn Íslands 100 ára



Hinn 20. febrúar komu út tvö minningarfrímerki um Þjóðminjasafn Íslands, en þá var öld liðin frá stofnun þess. Í upphafi nefndist það Forngripasafn Íslands og var stofndagur þess 24. febrúar 1863. Sr. Helgi Sigurðsson á Melum í Melasveit gaf til safnsins 15 fyrstu forngrípina. Er hann því talinn stofnandi safnsins. Jón Árnason, þjóðsagnasafnarinn mikli, varð fyrsti forstöðumaður safnsins ásamt Sigurði Guðmundssyni málara, sem telja má frumkvöðul að stofnun þess. Báðir voru þeir miklir áhugamenn um varðveislu fornminja. Sigurður máleri var forstöðumaður safnsins fyrstu ellefu árin. Hann var mikill hugsjónamaður og barðist fyrir ýmsum menningarmálum, en starf hans í þágu safnsins og fornfræðinnar mun lengst halda nafni hans á lofti.

Forngripasafnið fékk fyrst aðstöðu á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík. Árið 1881 var það flutt í Alþingishúsið, en 1899 var þar ekki rúm fyrir það lengur. Var því þá komið fyrir í nýreistu Landsbankahúsi við Austurstræti, þar sem það var svo til þess, er það fékk efstu hæð í Safnahúsinu við Hverfisgötu árið 1908. Skömmu síðar var nafni þess breytt í Þjóðminjasafn Íslands. Árið 1950 fluttist safnið svo í núverandi hús við Suðurgötu.

Matthías Þórðarson varð þjóðminjavörður frá ársbyrjun 1908 og gegndi því embætti til ársins 1947. Samdi hann m. a. sögu safnsins 1863-1913 og ritaði margt í Árbók Fornleifafélagsins, en hann var formaður þess frá 1920 til dauðadags 1961. Hann gegndi fjölmörgum öðrum störfum og var varaforseti og forseti Hins íslenska bókmenntafélags um áratuga skeið og bókavörður félagsins nær hálfu öld.

Kristján Eldjárn, forseti Íslands 1968-1980, var þjóðminjavörður á árunum 1947-1968. Hefur hann samið merkar bækur og ritsmíðar um safnið og muni í því.

Á 4,00 kr. frímerki er mynd af Sigurði Guðmundssyni málara (1833-1874), gerð eftir sjálfsmýnd hans.

Á 5,50 kr. frímerki er sýndur hluti af myndskurði Valþjófsstaðahurðarinnar, þar sem riddarinn vegur drekann og frelsar ljónið úr klóm þess. Þetta er „hið alkunna miðaldaævintýri um „le chevalier au Hon“, sem runnið er frá frönskum skáldskap og kemur fram í mörgum riddarasögum,“ segir dr. Kristján Eldjárn. Þessi myndskurður er merkasta dæmi um rómanska list á Íslandi og er frá um 1200.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Barátta gegn hungursneyð í heiminum



Hinn 21. mars voru gefin út tvö frímerki, 5 kr. og 7,50 kr., í samvinnu við ríki innan vébanda Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO (Food and Agriculture Organization). Útgáfa frímerkjanna var til eflingar baráttu gegn hungursneyð í heiminum.

Myndefni merkjanna er síldarlöndun. Tákn FAO gegn hungursneyð, þrjú hveitiöx, er á báðum frímerkjunum.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1963

Akureyrarkaupstaður 100 ára



Hinn 2. júlí gaf Póst- og símamálastofnunin út 3,00 kr. frímerki með mynd af hluta Akureyrar. Tilefnið var aldarafmæli höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar. Bærinn fékk kaupstaðarréttindi árið 1786, en árið 1862 varð bærinn sjálfstæður kaupstaður með bæjarstjórn. Var Akureyrarnafnið þá endanlega lögfest. Annars er ekki kunnugt, hvenær byggð og verslun hófst á Akureyri. Þegar Akureyri varð kaupstaður, voru íbúar 286, en 1. janúar 2014 voru þeir orðnir 18.103.

Á frímerkinu má sjá næst hús með Fjörinni og svo húsin á Oddeyri, þar sem gera má ráð fyrir, að verslun hafi fyrst hafist á Akureyri. Hér sjást turnar Matthíasarkirkju, sem vígð var árið 1940. Hún var reist til minningar um annað mesta sálmaskáld Íslendinga, Matthías Jochumsson, sem var prestur á Akureyri 1886-1900. Hann varð heiðursborgari Akureyrar árið 1920. Á aldarafmæli hans 1935 voru gefin út sérstök frímerki með mynd hans.

Vigfús Sigurgeirsson tók ljósmyndina á frímerkinu en hönnun þess og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki



Hinn 16. september voru Evrópufrímerki ársins gefin út af 16 aðildarríkjum Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) með teikningu eftir Arne Holm frá Noregi. Verðgildi frímerkjanna eru 6,00 og 7,00 kr.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Rauði krossinn 100 ára



Á þessu ári varð Rauði krossinn hundrað ára. Af því tilefni gaf Póst- og símamálastofnunin út þann 15. nóvember, tvö frímerki með 50 aura yfirverði, sem rann til Rauða kross Íslands.

Myndefni frímerkjanna er sjúkrabifreið í sjúkraflutningi. Tákn Rauða krossins er á merkjunum og svo ártölin 1863/1963. Verðgildi þeirra til burðargjalds eru 3,00 kr. og 3,50 kr.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1964

Eimskipafélag Íslands 50 ára



Hinn 17. janúar 1914 var Eimskipafélag Íslands hf. stofnað með almennri þátttöku landsmanna. Er þetta stærsta og elsta skipafélag landsins. Tilgangur með stofnun félagsins var sá að halda uppi siglingum til annarra landa og svo meðfram ströndum landsins.

Fyrsta skip félagsins var Gullfoss, en það kom til landsins í apríl 1915. Var það skip í förum fram til ársins 1940, er það varð innlyksa í Kaupmannahöfn í Síðari heimsstyrjöldinni. Eftir stríð seldi Eimskipafélag Íslands Færeyingum gamla Gullfoss, og nefndu þeir hann Tjaldur. Var hann svo í siglingum milli Færeyja og Danmerkur um mörg ár, en síðan höggvinn í brotajárn. Eimskip lét smíða annan Gullfoss. Kom hann nýr til landsins í maí 1950 og var síðan í förum milli Íslands, Skotlands og Danmerkur til ársins 1973. Var hann þá seldur sama ár til Beirút í Líbanon, en komst fljótlega í eigu Saudi-Araba. Nefndu þeir skipið Mekka. Örlög þessa góða fleys urðu þau, að það brann og sökk á Rauðahafi 18. desember 1976.

Hinn 17. janúar minntist pósthjónin 50 ára afmælis Eimskipafélags Íslands hf. og um leið hinna merku tímamóta í siglingasögu þjóðarinnar og gaf út sérstakt minningarfrímerki með mynd af seinni Gullfossi. Verðgildi þess er 10,00 kr.

Árni Sveinbjörnsson hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Sigurhans E. Vignir. Prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Skátahreyfingin á Íslandi 50 ára



Hinn 24. apríl gaf Póst- og símamálastofnunin út tvö frímerki, 3,50 kr. og 4,50 kr., með merki íslenskra skáta og einkunnarorðum þeirra „Vertu viðbúinn“.

Enda þótt þess sé ekki getið í tilkynningu póststjórnarinnar, var tilefni þessarar útgáfu það, að skátahreyfingin á Íslandi varð 50 ára árið 1962. Þann 2. nóvember árið 1912 var Skátafélag Reykjavíkur hið eldra stofnað. Starfaði það til ársins 1917. Ári síðar, á sumardaginn fyrsta 1913, var sérstök drengjasveit stofnuð innan KFUM (Kristilegs félags ungra manna) fyrir tilstuðlan sr. Friðriks Friðrikssonar. Nefndist hún Væringjar. Þetta sama ár kom svo hingað til lands hópur danskra skáta og ferðaðist um landið.

Svo sem kunnugt er, var stofnandi skátahreyfingarinnar Englendingurinn Robert Baden-Powell, sem var hershöfðingi og gat sér mikið frægðarorð í stríðinu við Búa í Suður-Afríku um aldamótin 1900, einkum þó fyrir vörn sína í járnbrautaþorpinu Mafeking. Hann kom til Englands árið 1903 eftir 27 ára herþjónustu í Indlandi og Suður-Afríku. Árið 1908 var skátahreyfingin stofnuð í Englandi og breiddist ört út til annarra landa. Árið 1910 gekk Baden-Powell úr hernum og helgaði líf sitt eftir það þessari hreyfingu til dauðadags 1941.

Á ensku heita þeir boy scout, en scout merkir könnuður eða njósnari. Segir sagan, að Baden-Powell hafi notað unga drengi í Búastríðinu til þess að njósna um ferðir Búanna. Má því segja, að skátahugsjónin sem starfstefna og uppeldisaðferð sé upprunnin í hernaði. Takmarkið var líka það að efla þá hæfileika, sem gæti gert drengi heppilega njósnara, sem væru viðbúinir að gera skyldu sína skilyrðislaust og varast með athygli, fyrirhyggju og dirfsku þær margvíslegu hættur, sem yrðu á vegi þeirra.

Danir og Norðmenn tóku upp nafnið spejder, og er það bein þýðing á merkingu enska orðsins scout. Fyrstu íslensku skátarnir notuðust við nafnið spæjari að danskri fyrirmynd og kölluðu félagið Spæjarafélagið. Íslenska orðið skáti var

1964

snjallt nýyrði, sem Pálmi Pálsson yfirkennari bjó til eftir enska nafninu scout. Festist það þegar í sessi.

Skátahreyfingin breiddist smám saman út í helstu kaupstöðum landsins. Voru skátar orðnir 80 árið 1916. Fyrsta kvenskátafélagið var stofnað í Reykjavík 1922 og ári síðar annað á Akureyri. Bandalag íslenskra skáta var svo stofnað árið 1924.

Fyrsta landsmót skáta var haldið í Þrastaskógi árið 1925. Árið eftir héldu íslenskir skátar svo í fyrsta skipti utan á skátamót í Ungverjalandi. Eftir það hafa fjölmörg landsmót verið haldin og eins oft verið farið á skátamót erlendis. Þegar skátafrímerkin komu út, var skátafjöldinn um 3.800.

Frímerkin teiknaði Árni Sveinbjörnsson, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Lýðveldið Ísland 20 ára – Skjaldarmerki Íslands



Hinn 17. júní minntist póststjórnin 20 ára afmælis hins íslenska lýðveldis með útgáfu 25 kr. minningarfrímerkis. Á því er skjaldarmerki Íslands. Um stofnun hins íslenska lýðveldis vísast til þess, sem segir við útgáfu hátíðarfrímerkjanna árið 1944.

Prentun frímerkisins í rastadjúpprykki annaðist Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Blómafrímerki



Hinn 15. júlí voru gefin út fjögur blómafrímerki. Á 50 aura frímerki er mynd af holtasóley (*Dryas octopetala*). Hún er algeng um land allt og vex í móum og melarindum.

Á 1,00 kr. frímerki er mynd af jöklasóley (*Ranunculus glacialis*). Hún vex á melum og í skriðum hátt til fjalla og er algeng hér á landi nema á Suðurlandi. Þar er hún sjaldgæf.

Á 1,50 kr. frímerki er mynd af reiðingsgrasi (*Menyanthes trifoliata*), sem er af horblöðkuætt. Það vex í tjörnum og votum mýrum eða flóum og er algengt um land allt.

Á 2,00 kr. frímerki er hvítsmári (*Trifolium repens*). Hann vex á túnnum og í valllendi, oft í stórum, ilmandi breiðum. Er algengur um land allt.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1964

Evrópufrímerki



Hinn 14. september gáfu 16 aðildarríki Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) út frímerki með sameiginlegu myndefni, blómi með 22 blöðum, en sá var þá heildarfjöldi CEPT-landanna. Ennfremur er letrað á frímerkin, 5 ára afmæli, til að minnast þess að 26. júní 1959 var Evrópuráð pósts og síma CEPT (Conférence européenne des administrations des postes et des télécommunications) stofnað.

Georges Bétemps frá Frakklandi teiknaði frímerkin en verðgildi þeirra er 4,50 og 9,00 kr. Prentun frímerkjanna í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Ólympíufrímerki



Hinn 20. október gaf pósthjónin út í fyrsta skipti sérstakt Ólympíufrímerki. Á því er mynd af íþróttamanni, og í hægra horni að ofan er tákn Ólympíuleikanna og ártalið 1964. Verðgildi frímerkisins er 10,00 kr.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1965

Líknarfrímerki



Hinn 27. janúar gaf póststjórnin í þriðja skipti út sérstök líknarfrímerki með yfirverði, sem var hið sama á báðum merkjunum, 50 aurar. Þetta yfirverð rann í Líknarsjóð Íslands. Verðgildi frímerkjanna er 3,50 kr. + 50 aur. og 4,50 kr. + 50 aur.

Myndefni frímerkjanna er rjúpa (*Lagopus mutus*) í sumar- og vetrarbúningi. Hún er hánorrænn fugl af orraætt og heiða- og fjallfugl og staðfugl hér á landi sem annars staðar. Sérstök undirtegund, nokkuð frábrugðin aðaltegund rjúpunnar lifir á Íslandi, og svipar henni mjög til grænlenku rjúpunnar. Vor- eða sumarþúning, mósvertan, fær rjúpan í maí og júní, en frá og með september fer hún í vetrarbúning og er orðin alhvít í októberlok.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1965

Alþjóðafjarskiptasambandið 100 ára



Hinn 17. maí komu út tvö frímerki að verðgildi 4,50 kr. og 7,50 kr. til að minnast þess, að þann dag voru liðin rétt 100 ár frá stofnun Alþjóðafjarskiptasambandsins, International Telecommunication Union (ITU) í París, en alls stóðu 20 ríki að stofnun sambandsins.

Eins og bent hefur verið á, er erfitt að gera sér nú í hugarlund, hvernig heimsmyndin var árið 1865 og hversu lengi fréttir voru þá að berast milli landa og heimsálfna. Þá var meira en vikusigling frá Evrópu yfir Atlantshafið og sæstrengur ólagður þar á milli. Margs konar tækni var þá í frumbersku eða ófundin upp. Ritsíminn var fundinn upp 1837 og var fyrst notaður 1849 á alþjóðavettvangi. Talsíminn var óþekktur og kom fyrst fram árið 1876 og loftsketasendingar 1895.

Frímerkin hannaði Kjartan Guðjónsson listmálari. Myndefnið, sem er hið sama á báðum merkjunum, er allsérstætt. Hvítu bogadregnu línurnar tákna fjarskiptin um himingeiminn og milli þeirra standa svo ártölin 1865-1965. Þá er merki Alþjóðafjarskiptasambandsins í efra vinstra horni merkjanna.

Prentun frímerkjanna í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Surtseyjargos 1963



Að morgni hins 14. nóvember 1963 hófst eldgos á sjávarbotni við suðurströnd Íslands, suðvestur af Vestmannaeyjum. Á öðrum degi gossins reis eyja úr sæ og stækkaði ört á næstu mánuðum. Var eyjunni gefið nafnið Surtsey. Er það sótt í norræna goðafræði, en eldjötunninn í ragnarökum hét Surtur. Flatarmál Surtseyjar var í goslok um 2,7 km², en árið 1975 var flatarmálið komið niður í 2,0 km². Árið 2002 mældist flatarmál Surtseyjar 1,4 km² sem er aðeins 52% af mestu stærð árið 1967. Þessi landmyndun hefur orðið hið ákjósanlegasta verkefni fyrir jarðfræðinga og náttúrufræðinga, sem hér hafa getað fylgst með jarðmyndun og jarðeyðingu og eins gróðurlífi og fuglalífi, sem sest hefur að í eygni á liðnum þremur áratugum.

Fjölskrúðugt líf er í eyinni og fjölmargar lífverur hafa numið þar land. Fræ hafa borist sjóleiðis til eyjarinnar eða borist með vindi og fuglum. Þær plöntur sem hafa tekið sér bólfestu í eyjunni dafna ágætlega og er gróðurinn orðinn gróskumikill og farinn að líkjast þeim sem finna má í fuglabyggðum í úteyjum Vestmannaeyja. Mikið fuglalíf er í eyjunni en þar má sjá fýl, teistu og ritu og aðrar fuglategundir. Samkvæmt tölfræðispám um framtíð eyjarinnar mun Surtsey verða að skeri eftir 160 ár. Þó er ekki útlit fyrir að hún fari öll á kaf því víða í kring standa björg upp úr hafi í nágrenni eyjarinnar og hafa gert í þúsundir ára. Surtsey var skráð á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008.

Póststjórnin minntist þessa merka atburðar í jarðsögu Íslands með útgáfu þriggja frímerkja, sem sýna myndun eyjarinnar frá upphafi og fram í september 1964. Komu þau út 23. júní með eftirfarandi verðgildum: 1,50 kr. gosið í nóvember 1963, 2,00 kr. gosið í apríl 1964 og 3,50 kr. gosið í september 1964.

Hönnun frímerkjanna eftir ljósmyndum þeirra Sigmundar Andrésenar (1,50 kr.) og Garðars Pálssonar (2,00 kr. og 3,50 kr.) fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss, sem jafnframt prentaði frímerkjin rastadjúpprykki.

1965


Evrópufrímerki



Hinn 27. september komu út tvö frímerki í samfloti við 19 aðildarlönd Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Að þessu sinni var valið myndefni á frímerkin eftir Íslending, Hörð Karlsson. Er það trjágrein með þremur blöðum og aldin, sem táknar samstarf CEPT-landanna.

Verðgildi merkjanna er 5,00 og 8,00 kr. Þau voru sem fyrri Evrópufrímerki prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

Einar Benediktsson 100 ára



Hinn 16. nóvember minntist pósthjóninn þess, með útgáfu 10 kr. minningarfrímerkis, að þá voru rétt 100 ár liðin frá fæðingu Einars Benediktssonar.

Einar var fæddur 31. október 1864 á Elliðavatni í Gullbringusýslu, sonur Benedikts Sveinssonar sýslumanns og konu hans, Katrínar Einarsdóttur. Einar óx upp frá 10 ára aldri á Héðinshöfða á Tjörnesi þar sem faðir hans, Benedikt Sveinsson, var sýslumaður. Einar varð stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík 1884 og lauk lagaprófi frá Hafnarháskóla 1892. Hann stofnaði fyrsta dagblað Íslands, Dagskrá, árið 1896 og var sjálfur ritstjóri þess í tvö ár. Einar var sýslumaður Rangæinga 1904-1907. Hann dvaldist lengi erlendis og var sagður víðförlastur Íslendinga um sína daga. Hann hafði mikil áform uppi um virkjun íslenskra fallvatna og verksmiðjurekstur, sem fengi raforku frá þessum virkjunum. Hann stofnaði í því skyni Fossafélagið Títan með erlendum fjárfestum til að virkja Þjórsá og fleiri vatnsföll sunnanlands.

Einar Benediktsson er talinn með mestu ljóðskáldum Íslendinga. Sótti hann mörg yrkisefni til hinnar stórbrotnu íslensku náttúru og hinna óbeisluðu fallvatna. Myndefni frímerkisins höfðar einmitt til þessara áhugamála skáldsins. Helstu skáldrit Einars eru: Sögur og kvæði 1897 og ljóðabækurnar Hafblik 1906, Hrannir 1913, Vogar 1921, Ólafs ríma Grænlandings 1930 og Hvammar 1930. Heildarútgáfa ljóða Einars, frumkveðinna og þýddra, var gefin út 1945 í þrem bindum, Ljóðmæli I–III. Síðustu átta árum ævi sinnar eyddi Einar í Herdísarvík í Selvogi á Reykjanesskaga, þar sem hann lést 12. janúar 1940. Einar var grafinn í Þjóðargrafreit á Þingvöllum.

Frímerkið var hannað og prentað í offset- og stáldjúpþrykki hjá Seðlaprentsmiðju Finnlandsbanka (Suomen Pankin Setelipaino) í Helsinki og var þetta fyrsta frímerkið sem sú prentsmiðja prentaði fyrir íslensku pósthjónina. Myndgröft frímerkisins annaðist Olavi Vepsäläinen en Jón Kaldal tók ljósmyndina af Einari Benediktssyni.

1965

Kosningarréttur íslenskra kvenna 50 ára



Hinn 3. desember kom út 100 kr. frímerki til þess að minnst þess, að þá voru liðin fimmtíu ár frá því, að konur fengu kosningarrétt á Íslandi. Var þetta langhæsta verðgildi íslensks frímerkis fram að þessu. Myndefni frímerkisins er kona á skautbúningi, en hann þykir fegurstur íslenskra kvenbúninga.

Íslenskar konur fengu fyrst takmarkaðan kosningarrétt til sveitarstjórnarkosninga árið 1882 sem var víkkaður út árið 1908 og varð kosningarréttur kynjanna til sveitastjórna þá jafn. Árið 1911 samþykkti Alþingi frumvarp sem gerði ráð fyrir jöfnum kosningarrétti karla og kvenna til Alþingis en dönsk stjórnvöld vildu ekki samþykkja það fremur en önnur frumvörp um breytingar á stjórnskipun Íslands þetta ár. Árið 1913 samþykkti Alþingi nýtt frumvarp um kosningarrétt kvenna og vinnuhjúa en þá var sett inn ákvæði um 40 ára aldurstakmark sem átti svo að lækka smátt og smátt. Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur 40 ára og eldri loks langþráðan kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Átti að lækka aldurstakmarkið í skrefum um eitt ár á ári hverju þar til það væri komið niður í 25 ár til jafns við þann rétt sem karlmenn sem voru fjár síns ráðandi höfðu. Það takmark hefði náðst árið 1931 að óbreyttri stjórnarskrá. Frá þessu var fallið árið 1920 og kosningarréttur karla og kvenna gerður jafn.

Baráttan fyrir kosningarrétti kvenna hafði þá staðið yfir frá árinu 1885 en þá skrifaði Valdimar Ásmundsson grein um stjórnsmálaréttindi kvenna í blað sitt Fjallkonuna og sömuleiðis Bríet Bjarnhéðinsdóttir, og Páll Briem hélt opinberan fyrirlestur um kosningarrétt og önnur réttindi kvenna.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss

1966

Fuglafrímerki



Hinn 26. apríl var gefið út 50 kr. almennt frímerki með mynd af haferni (*Haliaeetus albicilla*).

Bjarni Sæmundsson segir þetta m.a. um haförninn í bók, sinni Fuglarnir: „Örninn er stór og tilkomumikill fugl, að fyrirferð og vænghafi einna stærstur íslenskra fugla, en tiltölulega léttur, því að fiðrið er mjög mikið, en kroppurinn, fiðurlaus, fremur líttill ... og vænghafið ca. 250 cm, er hann því mun styttri og mikið léttari en álfín.“ Kvenfuglinn er nokkru stærri en karlfuglinn. Haförninn á heima í allri Evrópu og í Asíu austur til Japans. Hann er fáséður á Bretlandseyjum og í Færeyjum. Hér á landi var örninn fyrrum all tíður, svo sem fjöldi örnefna vitna um. Á síðari hluta 19. aldar fækkaði honum mjög og þá samfara því, að farið var að eitra hrossaket og rjúpur fyrir refi. Örninn étur einmitt alls konar hræ, þegar harðnar í ári hjá honum. Leiddi þetta til þess, að hann var nær aldauða hér á landi um síðustu aldamót. Þó var stofninn um 100 til 150 þör, þegar best lét. Örninn var alfriðaður með lögum árið 1913. Samt var hann ofsóttur eftir það í marga áratugi. Mun ekki hafa orðið um raunverulega friðun fyrr en árið 1964, þegar bannað var að eitra hræ fyrir tófur.

Heimkynni arnarins eru nú einvörðungu um vestanvert landið, allt norður í Ísafjarðardjúp. Hann er einkum strandfugl og heldur sig í fjöllum nálægt hafi. Er hann mikill ránfugl og tekur bæði fugla og fiska. Þá getur hann tekið lömb og tófur og jafnvel selkópa, þegar hann kemst í færi við þá.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landslagsfrímerki



Hinn 4. ágúst voru gefin út fjögur almenn frímerki með myndum af íslensku landslagi.

Á 2,50 kr. frímerki er ljósmynd af Lóndröngum á Snæfellsnesi eftir Jón Þórðarson. Eru þetta tveir klettadrangar, sem rísa einstakir úti við ströndina fyrir vestan Hellna. Sjást þeir vel frá akveginum. Þeir eru leifar gosmalarfyllingar úr gíg. Hefur brimið sorfið eldvarpið í burt. Nokkurt varp er í Lóndröngum. Örn verpti fyrrum í hærri dranginum.

Á 4,00 kr. frímerki er ljósmynd frá Mývatni í Þingeyjarsýslu eftir Snorra Snorrason. Blasa þar við Kálfastrandarstrípar. Mývatn er annað stærsta stöðuvatn í byggð á Íslandi og hið fjórða stærsta vatn landsins. Silungsveiði er mikil í vatninu. Þá er Mývatn frægt fyrir fuglalíf. Er talið, að þar séu fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. Náttúrufegurð við Mývatn er mikil, enda streymir þangað fjöldi ferðamanna ár hvert. Þar má einmitt sérstaklega nefna Kálfastrandarvoga. Nafn sitt dregur vatnið af mývargi þeim, sem gerir mörgum ferðamanni lífið leitt, þegar hann er í algleymingi.

Á 5,00 kr. frímerki er ljósmynd af Búlandstindi eftir Snorra Snorrason, sem er eitt hæsta fjall við sjó á Austfjörðum 1069 metrar yfir sjávarmáli og liggur milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar. Er það hlaðið upp úr blágrýtslögum og eitt rismesta fjall á þessum slóðum.

Á 6,50 kr. frímerki er ljósmynd Jóns Þórðarsonar af Dyrhólaey. Hún er höfði með þverhníptu standbergi í sjó og eins fjörumegin að vestan, en landmegin er aflíðandi brekka. Suður úr Dyrhólaey gengur mjór klettatangi, en í gegnum hann er gat eða dyr, sem eyjan dregur nafn sitt af. Á Dyrhólaey er mikið útsýni bæði

til vesturs með ströndinni allt til Eyjafjalla og eins yfir Mýrdalssveit norður til Mýrdalsjökuls og svo austur yfir sveitina til Höttu og Reynisfjalls. Viti hefur verið á Dyrhólaey frá árinu 1910. Eyjan er friðlýst síðan 1978.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki



Hinn 26. september komu út tvö frímerki, 7,00 kr. og 8,00 kr. í flokki Evrópufrímerkja. Voru þau gefin út með sama myndefni, seglbáti, af 19 aðildarríkjum Evrópuráðs pósts og síma (CEPT).

Höfundar myndefnis merkjanna voru bræðurnir Jósef og Gregor Bender frá Þýskalandi. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Hið íslenska bókmenntafélag 150 ára



Hinn 18. nóvember komu út tvö minningarfrímerki, 4 kr. og 10 kr., í sambandi við 150 ára afmæli Hins íslenska bókmenntafélags. Það var stofnað í Kaupmannahöfn árið 1816. Rasmus Christian Rask, hinn heimsfrægi danski málfræðingur, var frumkvöðull að stofnun þess og um skeið forseti þess, einn erlendra manna. Rask lagði mikla rækt við íslenska tungu og samdi m. a. fyrstu málfræði hennar, sem unnt er að nefna því nafni.

Bókmenntafélagið hefur staðið að útgáfu fjölda merkra rita allt til þessa dags. Í tæpa öld starfaði það í tveimur deildum, þar sem önnur var í Kaupmannahöfn, en hin í Reykjavík. Sá Hafnardeildin að mestu um prentun og útgáfu félagsbóka, en Reykjavíkurdeildin um dreifingu þeirra á Íslandi. Árið 1912 voru deildirnar sameinaðar og var þá um leið öll starfsemi félagsins flutt til Íslands. Bókaútgáfa félagsins hefur verið mjög fjölbreytt. Tímarit þess, Skírnisr, hefur komið út samfleytt síðan 1827 og er nú elsta tímarit á Norðurlöndum.

Merki Bókmenntafélagsins, sem er á frímerkjunum, var fyrst notað á bókum þess árið 1921. Textinn á merkjunum er af félagsbréfi Jóns Sigurðssonar frá 1835.

Myndgröftur frímerkjanna og prentun í stáldjúpprykki fór fram hjá prentsmiðju svissnesku pósthjónarinnar (Imprimerie des PTT) í Berne í Sviss. Í tilkynningu pósthjónarinnar með útgáfunni nr. 4/1966 segir að prentun frímerkjanna hafi farið fram hjá Hélio Courvoisier og Imprimerie des PTT. Það sem er rétt í þessu máli er að Hélio Courvoisier fór með verkið fyrir hönd íslensku pósthjónarinnar og réði Imprimerie des PTT sem undirverktaka enda voru aldrei prentvélar hjá Hélio Courvoisier sem gátu prentað í stáldjúpprykki (Ingaglio) og því varð að fá aðra prentsmiðju til verksins.

1967

Fuglafrímerki



Hinn 16. mars kom út almennt frímerki, 20 kr., með mynd af himbrima (*Gavia immer*) eftir Björn Björnsson.

Himbriminn er stór fugl og tilkomumikill. Hann er allalgengur hér á landi og er aðallega fjalla- og heiðafugl. Er hann að finna á fjallavötnum. Er sagt, að þar sem hann hefur numið land megi búast við einhverri veiði. Hann heldur sig mest á djúpum, sefigirtum vötnum. Þar sem hann getur ekki gengið á landi, gerir hann sér hreiður í hólum eða á tögum við vötnin, svo að hann geti skriðið af því, ef styggð kemur að honum. Helst eru ein hjón við hverja tjörn eða vatn. Himbriminn verpir tveimur allstórum móleitum eggjum.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1967

Evrópufrímerki



Hinn 2. maí voru gefin út tvö Evrópufrímerki, 7,00 kr. og 8,00 kr., af 19 aðildarfélögum Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Myndefnið eru tannhjól, sem eiga að tákna samvinnu milli póststjórnanna. Er merki Evrópuráðsins í miðtannhjólinu.

Oscar Bonnevalle frá Belgíu, teiknaði frímerkið. Það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Heimssýningin í Montreal



Hinn 8. júní kom út 10 kr. frímerkis í tilefni heimssýningarinnar í Montreal í Kanada, EXPO 67. Myndefni frímerkisins eru tvö landabréf, þar sem afstaðan sést milli Íslands og Kanada. Vinstra megin er mynd af landabréfi, sem Sigurður Stefánsson, skólameistari í Skálholti, teiknaði um 1590. Hægra megin er nútímalandabréf af sama svæði.

Með útgáfu þessa frímerkis og vali myndefnis vildi íslenska pósthjónin leggja áherslu á forn og ný tengsl Íslands og Kanada, en margt fólk af íslensku bergi brotið býr í Kanada. Þegar um árið 1000 sigldu Íslendingar, Leifur Eiríksson o. fl., fyrstir Evrópuþjóða upp að ströndum Norður-Ameríku.

Kort Sigurðar skólameistara er eitt hið elsta kort, sem sýnir legu Hellulands, Marklands og Vínlands. Er lega þessara landsvæða á kortinu ekki fjarri nútíma-hugmyndum um legu þeirra.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1967

Verslunarráð Íslands 50 ára



Hinn 14. september var gefið út 5,00 kr. frímerki í tilefni 50 ára afmælis Verslunarráðs Íslands.

Verslunarráð Íslands var stofnað 17. september 1917, meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði. Það ár fór mjög að sverfa að hér á landi með öll viðskipti við önnur lönd, enda þótt áður hafi verið þungt undir fæti. Var eitt af verkefnum Verslunarráðsins að finna leiðir til úrbóta í viðskiptalífi Íslendinga.

Í 50 ára afmælisriti árið 1967 segir Þorvarður Jón Júlíusson m.a. þetta: „Verslunarráðið er allsherjar félagsskapur kaupsýslumanna og fyrirtækja á Íslandi, sem reka sem aðalatvinnu verslun, iðju, siglingar, skipamiðlun, tryggingarstarfsemi, bankaviðskipti og aðra atvinnu skylda þessum atvinnugreinum. ... Markmið þess er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þessara atvinnugreina, styðja að jafnvægi og stöðugum vexti í efnahagslífi landsins og efla frjálsa verslun og frjálst framtak“.

Gísli B. Björnsson hannaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chauv-de-Fonds, Sviss.

Líknarfrímerki



Hinn 22. nóvember komu út tvö líknarfrímerki með yfirverði, sem rann í Líknarsjóð Íslands. Myndefni þeirra var nokkuð óvanalegt eða fuglshreiður.

Á frímerki, sem er 4,00 kr. + 50 aur., er mynd af sandlóuhreiðri. Sandlóan (*Charadrius hiaticula*) er lítill fugl, líkur heiðlóu í vexti. Hún er algeng um land allt á gróðurlitlum melum, söndum og eyrum í nágrenni við vötn, ár eða læki. Hún er farfugl. Segja má, að hreiður hennar sé ekkert. Hún velur sér varpstað innan um grjót og malarhnullunga, gerir sér grunna laut í jörðina. Eggin eru svo samlit umhverfinu, að það er hrein hending að finna hreiðrið.

Á frímerki, sem er 5,00 kr. + 50 aur., er mynd af rjúpu (*Lagopus mutus*) í sumar- og vetrarbúningi komu út árið 1965. Vísast m. a. til þess, sem þar segir um rjúpunu. Rjúpunar eru jarðfuglar, sem leynast vel sökum verndarlita. Þær lifa í einkvæni og verpa mörgum eggjum, frá 6-12 eða jafnvel fleiri, í laut á jörðinni um og eftir miðjan júní.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1968

Blómafrímerki



Hinn 17. janúar komu út tvö almenn frímerki með blómamyndum eftir nokkurt hlé í þeim flokki. Hönnun þessara frímerkja og prentun í rastadjúþrykki fór sem fyrr fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

Á 50 aura frímerki er mynd af vetrarblómi (*Saxifraga oppositifolia*). Það er algengt um land allt og vex á melum. Blómin eru toppstæð og rauðfjólublá eða rósrauð að lit. Blómgunartími í apríl til maí.

Á 2,50 kr. frímerki er mynd af brönugrasi (*Orchis maculata*). Það vex víða um land í gras- og kjarrlendi. Blöðin eru háblaðkennd, mjög og lensulaga. Blómhlífín er fjólublá eða ljósrauðleit. Blómgunartími í júní til júlí.

Evrópufrímerki



Hinn 29. apríl komu út tvö frímerki, 9,50 kr. og 10,00 kr., í flokki Evrópufrímerkja, sem 18 aðildarlönd Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) gáfu út að þessu sinni. Myndefnið er lykill með merki Evrópuráðsins. Hans Schwarzenbach frá Sviss teiknaði frímerkin sem voru prentuð í rastadjúþrykki hjá Hélio Courvoisier S. A., í Sviss.

Hægri umferð



Hinn 21. maí voru gefin út tvö frímerki, 4 kr. og 5 kr., með sama myndefni, götu með hægri umferð.

Tilfni þessarar útgáfu var það, að 26. maí 1968 skyldi umferð hér á landi breytt frá vinstri yfir til hægri. Þessi umferðarbreyting átti sér meira en aldarfjórðungs forsögu. Árið 1940 setti Alþingi lög, þar sem gert var ráð fyrir að taka upp hægri umferð frá 1. janúar 1941. Þessi breyting komst aldrei til framkvæmda, þar sem Ísland var hernumið af Bretum 10. maí 1940, en þeir höfðu og hafa enn vinstri umferð hjá sér. Með hliðsjón af þessu var þessari breytingu frestað, þar sem talið var, að hún gæti haft í för með sér aukna slyshættu, meðan á hernáminu stæði. Öll umferð jókst líka til muna við hernámið. Árið 1966 voru síðan samþykkt ný lög um hægri umferð, sem skyldi koma til framkvæmda árið 1968.

Árni Sveinbjörnsson hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds.

1968

Friðrik Friðriksson 100 ára



Hinn 5. september kom út 10,00 kr. frímerki til þess að minnast aldarafmælis Friðriks Friðrikssonar.

Sr. Friðrik fæddist 25. maí 1868 að Hálsi í Svarfaðardal og braust til náms við ótrúlega erfiðar aðstæður. Hann varð stúdent frá Latínuskólanum í Reykjavík 1893. Hann var bæði við læknisfræðináms og málfræðináms við Hafnarháskóla til ársins 1897. Þá hvarf hann heim og lauk prófi í guðfræði frá Prestaskólanum árið 1900. Í Kaupmannahöfn kynntist sr. Friðrik starfi K.F.U.M. og varð svo gagntekinn af því, að hann helgaði sig því starfi ævilangt. Stofnaði hann slíkan félagsskap í Reykjavík fyrir pílta og stúlkur árið 1899. Var hann lífið og sálin í þeim samtökum. Hann var einarður og ákveðinn í boðskap sínum, heitur trúmaður og hámenntaður og skemmtilegur fræðari. Hann var óvenjulegur maður, hjartahlýr og glaður í lund. Skóp það honum sérstöðu meðal þeirra, sem á vegi hans urðu. Sr. Friðrik var skipaður prestur við Laugarnesspítalann og vígður til þess starfs árið 1900. Hann lést í Reykjavík 9. mars 1961.

Myndefni frímerkisins er höggmynd Sigurjóns Ólafssonar af sr. Friðriki Friðrikssyni með lítinn dreng sér við hlið. Þessi höggmynd stendur ekki fjarri því heimili K.F.U.M. og K., þar sem sr. Friðrik bjó lengst ævi sinnar.

Prentun frímerkisins í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landsbókasafn Íslands 150 ára



Hinn 30. október gaf póststjórnin út tvö frímerki, 5 kr. og 20 kr., til að minnast 150 ára afmælis Landsbókasafns Íslands.

Landsbókasafn Íslands var stofnað árið 1818. Var aðalhvatamaður að stofnun þess Daninn Carl Christian Rafn, sem studdi það síðan með ráðum og dád allt til dauðadags 1864. Fyrst og lengi síðan nefndist safnið Stiftingsbókasafn Íslands. Tók það í raun fyrst til starfa 1825, þegar það fékk inni á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík. Þar var það til húsa til ársins 1881, er það var flutt í hið nýreista Alþingishús. Árið 1909 fluttist það svo í eigið hús, Safnahúsið við Hverfisgötu. Fyrsti launaði bókaörður safnsins varð Jón Árnason, hinn kunnri þjóðsagnasafnari. Gegndi hann því starfi um nær 40 ár.

Árið 1846 var grundvöllur lagður að handritadeild Landsbókasafnsins en árið 1918 var handritaeygn þess um 7 þúsund bindi og 1968 um 12.000 bindi.

Á aldarafmæli safnsins 1918 var hins vegar bókaeygn Landsbókasafnsins um 100 þúsund bindi og á 150 ára afmælinu 270 þúsund bindi.

Myndefni frímerkjanna er úr lestrarsal safnsins. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

1968

Fullveldi Íslands 50 ára - Jón Magnússon



Hinn 1. desember voru fimmtíu ár liðin frá því er Ísland varð frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Þann dag árið 1918 gengu Sambandslögin í gildi, sem kváðu á um þetta. Hést sú skipan til ársins 1944, þegar Ísland varð lýðveldi.

Þegar þetta gerðist, var Jón Magnússon forsætisráðherra. Átti hann manna mestan þátt í, að samkomulag náðist um Sambandslögin milli Dana og Íslendinga.

Póststjórnin minntist þessa merka atburðar í sögu Íslendinga með útgáfu tveggja frímerkja þennan dag, 4,00 kr. og 50,00 kr. Var valin mynd af Jóni Magnússyni á frímerkin.

Jón Magnússon fæddist 1859 og lauk lagaprófi 1891. Eftir það gegndi hann ýmsum embættum. Hann varð forsætis-, dóms- og kirkjumálaráðherra 1917-1922 og aftur 1924 til dauðadags 1926. Þá sat hann lengst af á Alþingi frá 1902.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1969

Norðurlandafrímerki – Póstsamvinna í 100 ár



Hinn 28. febrúar voru samnorræn minningarfrímerki gefin út samtímis á öllum Norðurlöndum. Tilefnið var það, að þá var öld liðin frá því, að samstarf í póstmálum hófst milli landanna, og einnig hálf öld, síðan norrænu félögin voru stofnuð.

Norræn samvinna í póstmálum hófst 1869, þegar Danmörk, Noregur og Svíþjóð gerðu með sér samninga um póstmál. Síðar bættust Finnland og Ísland í hópinn. Árið 1934 gerðu löndin fimm með sér póstmálasamning. Norræna póstsambandið var stofnað árið 1946, og varð samvinna póststjórnanna enn nánari en áður eftir það.

Samstarf norrænu póststjórnanna beinist að því að bæta póstviðskipti milli landanna og að koma á hagstæðari burðargjöldum og betri þjónustu fyrir almenning en almennt gerist milli landa.

Sameiginleg Norðurlandafrímerki höfðu einu sinni áður verið gefin út, árið 1956.

Þessi frímerki voru teiknuð af sænskum arkitekt, Sven Åke Gustafsson. Á þeim er mynd af fimm skipum á siglingu, en þau eiga að tákna Norðurlöndin fimm. Myndin er teiknuð eftir silfurmynt frá um 825.

Verðgildi íslensku frímerkjanna voru 6,50 kr. og 10,00 kr.

Myndgröft merkjanna í stálstungu annaðist hinn heimspekkti pólski myndgrafari, Czeslaw Slania (1921-2005), sem starfaði í Svíþjóð. Voru þetta jafnframt fyrstu íslensku frímerkin sem hann annaðist myndgröft á en síðar, eða á árunum 1983-1991, gróf hann fjölda íslenskra frímerkja og þá sérstaklega smáarka. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju sænska póstsins, (Svenska Postverkets frimärkstryckeri), í Stokkhólmi.

1969

Evrópufrímerki



Hinn 28. apríl komu út tvö frímerki, 13,00 og 14,50 kr., í flokki Evrópufrímerkja. Að þessu sinni voru slík frímerki gefin út af öllum aðildarríkjum Evrópuráðs pósts og síma, en þá voru einmitt tíu ár liðin frá stofnun ráðsins (CEPT).

Teikning frímerkjanna er eftir tvo Ítala, Luigi Gasbarra og Giorgio Belli. Íslensku Evrópufrímerkin voru prentuð hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

Lýðveldið Ísland 25 ára – Hátíðarmerki



Hinn 17. júní komu út tvö frímerki, 25 kr. og 100 kr., í minningu þess, að þá var aldarfjórðungur liðinn frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Svo sem áður hefur komið fram, var lýðveldið stofnað á Þingvöllum 17. júní 1944, á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar. Frá þeim tíma hefur 17. júní verið þjóðhátíðardagur Íslendinga.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkin, en myndefni þeirra er hátíðamerki það, sem Stefán Jónsson arkitekt gerði árið 1944. Sýnir það íslenska fánann ásamt upprennandi sóli. Prentun þessara frímerkja fór fram í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Flug á Íslandi 50 ára



Hinn 3. september voru gefin út flugfrímerki af því tilefni, að þann dag voru rétt 50 ár liðin frá því, er flugvél hóf sig fyrst á loft á Íslandi. Um þann atburð vísast til þess, sem segir við árið 1959, en þá komu einnig út tvö frímerki til þess að minnast þessa atburðar í íslenskri flugsögu.

Á frímerkjunum eru myndir af flugvélum í eigu þeirra tveggja stóru flugfélaga, sem þá störfuðu hérlendis, og áletrunin: FLUG 50 ÁRA 1919-1969.

Á 9,50 kr. frímerki er mynd af Boeing 727 flugvél í eigu Flugfélags Íslands hf., en á 12,00 kr. frímerki mynd af Rolls Royce 400 flugvél í eigu Loftleiða hf.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkin en prentun þeirra í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1970

Landslagsfrímerki



Hinn 6. janúar komu út fjögur almenn frímerki með myndum af íslensku landslagi.

Á 1 kr. frímerki er ljósmynd eftir Gunnar Hannesson af Snæfellsjökli, eins og hann sést frá Búðahrauni á Snæfellsnesi. Snæfellsjökull hafði þrisvar áður komið á íslenskum frímerkjum, 1930, 1952 og 1957. Víska skal til þess, sem segir um jökulinn við útgáfuna 1952.

Á 4 kr. frímerki er ljósmynd Rafns Hafnfjörð af Laxfossi í Norðurá í Mýrasýslu, þar sem sér til fjallsins Baulu. Aðeins til hægri á miðri mynd má greina mann að veiðum, enda er Norðurá ein kunnasta laxveiðiá landsins. Hún er bergvatnsá (dragá), sem á upptök sín á Holtavörðuheidi.

Á 5 kr. frímerki er ljósmynd Rafns Hafnfjörð af Hattveri, sem er gróðurblettur í Jökulgili. Jökulgil er grunnur dalur, sem liggur upp undir Torfajökul til suðausturs frá Landmannalaugum. Fjöll þau, sem að því liggja, eru rómuð fyrir litadýrð. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1933 kemst Pálmi Hannesson m.a. svo að orði: „Á báðar hendur rísa rauðir líparíthamrar, skornir í hyrnur og hleinar. Í klettana eru greyptar kynlegar lágmyndir, en uppi á börmunum standa strókar og turnar, meitlaðir margvíslega af vindum og vatni.“

Á 20 kr. frímerki er ljósmynd Garðars Pálssonar úr Fjaðrárgili, sem er hrikalegt og sérkennilegt gljúfur fyrir austan Holt á Síðu í V,-Skaftafellssýslu. Um það fellur lítil á, Fjaðrá, sem fellur í Skaftá.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Hæstiréttur Íslands 50 ára



Hinn 16. febrúar kom út 6,50 kr. minningarfrímerki í tilefni þess, að þennan dag fyrir fimmtíu árum var fyrsta dómþing Hæstaréttar Íslands haldið. Hann var stofnaður með lögum 6. október 1919. Þá hafði æðsta dómssvald í málum Íslendinga verið í höndum erlendra valdhafa frá árinu 1281, fyrst Noregskonungs, síðan Danakonungs og frá því seint á 17. öld í höndum Hæstaréttar Dana.

Þegar Ísland varð fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku 1. desember 1918, var Íslendingum veitt heimild til að taka í sínar hendur æðsta dómssvald í málum sínum. Samkvæmt henni var Hæstiréttur settur á fót. Jafnframt var afnumið dómssvald Hæstaréttar Dana í íslenskum málum. Þá var Landsyfirrétturinn lagður niður, en hann hafði starfað síðan árið 1800 og tekið við dómssvaldi Alþingis, sem lagt var niður það ár. Með þessum breytingum var lokið einum meginþætti sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Þegar Hæstiréttur varð fimmtugur, sátu fimm dómendur í honum og tóku allir þátt í meðferð sérhvers máls. Nú sitja í Hæstarétti átta dómendur í tveimur deildum, fimm og þrír, og dæma eftir því.

Myndin á frímerkinu er af fyrsta dómþingi Hæstaréttar, sem hinir reglulegu dómendur sátu ásamt ritara réttarins.

Hönnun og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

1970

Handritin heim



Hinn 20. mars voru gefin út þrjú almenn frímerki með myndum úr fornum íslenskum handritum. Var þetta í annað sinn, sem frímerki með myndum úr fornum handritum komu út. Í fyrra skiptið var það árið 1953, en þá höfðu samningar um endurheimt íslenskra handrita úr dönskum söfnum staðið í nokkur ár og róðurinn verið ærið þungur í skiptum við Dani. Vísast til þess, sem segir um handritamálið við þá útgáfu. Þegar hér var komið, voru samningar um afhendingu handritanna að komast á lokastig. Var þess vegna talið sjálfsagt að minnast þess atburðar með nýrri útgáfu handritafrímerkja. Danska stjórnin hafði ákveðið að senda sérstaka nefnd á herskipi til Íslands í apríl 1971 með tvær mestu gersemar íslenskra handrita, Flateyjarbók og Konungsbók Sæmundar-Eddu. Vildi hún þannig leggja áherslu á hlýhug sinn og dönsku þjóðarinnar í garð Íslendinga og um leið vilja til að leiða þetta viðkvæma deilumál þjóðanna til farsællegra lykta. Fór afhending þessara merku handrita fram í Reykjavík hinn 21. apríl 1971. Elstu leifar íslenskra handrita eru frá síðari hluta 12. aldar, en talsvert er til af handritum frá 13. öld. Hins vegar hefur blómaskeið íslenskrar bókagerðar verið á 14. öld. Frá þeirri öld eru varðveitt stærstu og fegurstu handrit, sem skrifuð hafa verið á Íslandi.

Á 5 kr. frímerki er hluti af dálki í Skarðsbók, lagahandriti frá 1363. Er það eitt merkasta íslenska handritið frá listrænu sjónarmiði.

Á 15 kr. frímerki er hluti af formála Flateyjarbókar, en hún er stærst allra íslenskra handrita og skrifuð á árunum 1387-1394. Í henni eru sögur af Noregskonungum o.fl.

Á 30 kr. frímerki er lýstur upphafsstafur í Flateyjarbók. Á myndinni sést Haraldur hárfagri höggva hönd af Dofra jötni.

Hönnun og prentun þessara frímerkja í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

Evrópufrímerki



Hinn 4. maí komu út tvö frímerki í þessum flokki, 9,00 kr. og 25,00 kr. Að þessu sinni gáfu 18 aðildarríki Evrópuráðs póst og síma (CEPT) út frímerki með sama myndefninu. Teikningu þess gerði Louis Le Brocqy frá Írlandi. Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss prentaði frímerkin í rastadjúpþrykki sem hin fyrri Evrópumerki.

Hjúkrunarfélag Íslands 50 ára



Hinn 19. júní kom út 7,00 kr. frímerki til þess að minnast 50 ára afmælis Hjúkrunarfélag Íslands árinu áður. Haustið 1919 stofnuðu átta íslenskar hjúkrunarkonur Félag íslenskra hjúkrunarkvenna. Markmið félagsins var að koma á fót námi í hjúkrun á Íslandi. Árið 1960 tók félagið upp heitið Hjúkrunarfélag Íslands þar sem fyrstu karlmennirnir höfðu þá lært hjúkrun hér á landi. Á fimmtíu ára afmæli félagsins voru í félaginu 922 félagar, en 196 hjúkrunarnemar aukafélagar.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

1970

Grímur Thomsen 150 ára



Hinn 19. júní kom út annað minningarfrímerki, en liðin voru 150 ár frá fæðingu Gríms Thomsens skálds. Verðgildi frímerkisins var 10,00 krónur. Á því er mynd af Grími teiknuð af Hauki Halldórssyni eftir ljósmynd.

Grímur Thomsen fæddist á Bessastöðum á Álftanesi 15. maí 1820. Hann varð stúdent 1837 og lagði síðan stund á bókmenntir og heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla. Grímur hlaut doktorsnafnbót 1845 fyrir rit um Lord Byron. Grímur starfaði lengi í utanríkisþjónustu Dana. Hann fluttist til Íslands 1867 og settist að á Bessastöðum, en þá elstu konungseign á Íslandi fékk hann í skiptum fyrir jarðir í Borgarfirði. Hann var lengi alþingismaður eftir heimkomuna. Hann lést á Bessastöðum 1896.

Fyrsta kvæðasafn Gríms kom ekki út fyrr en árið 1880, en heildarútgáfa 1934. Grímur sækir yrkisefni sín oft í sögur og sagnir frá liðnum öldum.

Prentun frímerkisins í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Listahátíð í Reykjavík



Hinn 19. júní gaf pósthjórnin einnig út 50 kr. frímerki í tilefni þess að Listahátíð í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn 1970. Listahátíð í Reykjavík er þverfagleg listahátíð með áherslu á nýsköpun. Hún fer fram í hefðbundnum og óhefðbundnum rýmum um alla borg og teygir sig einnig út fyrir borgarmörkin. Listahátíð í Reykjavík hefur verið leiðandi afl í íslensku menningarlífi en mikil listræn fjölbreytni er einkenni hennar. Á frímerkinu er mynd af málverki eins af fyrstu og elstu listmálurum landsins, Þórarins B. Þorlákssonar. Heitir það Áning og er í eigu Listasafns Íslands. Efst á frímerkinu stendur Listahátíð í Reykjavík, en vinstra megin við myndina er merki listahátíðarinnar, sem Ágústa P. Snæland gerði. Útgáfa þessa frímerkis er að því leyti merkileg í íslenskri frímerkja sögu, að hér er í fyrsta skipti gefið út frímerki með íslensku málverki.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Náttúruverndarár Evrópu



Hinn 25. ágúst komu út tvö frímerki í sambandi við svonefnt Náttúruverndarár Evrópu, (European Nature Conservation Year) sem Evrópuráðið (Council of

1970

Europe) í Strassborg skipulagði . Tóku pósthjónirnir 17 landa þátt í að minna á þetta mikilvæga málefni.

Á 3 kr. frímerkinu er ljósmynd af vetrarblómi (*Saxifraga oppositifolia*) eftir Eyþór Einarsson. Þetta blóm er algengt um land allt og vex á melum. Blómin eru toppstæð, rauðfjólublá eða rósrauð, en lýsast með aldrinum. Blómgunartíminn er í apríl til maí.

Á 15 kr. frímerkinu er mynd af Lakagígum á Síðumannafrétti eftir Svein Ólafsson. Er þetta gígaröð um 25 km að lengd. Dregur hún nafn sitt af móbergsfjallinu Laka, sem slítur hana í sundur nálægt miðju. Lakagígar gusu árið 1783 í mesta hraungosi, sem sögur fara af á jörðinni. Gígarnir eru af ýmsum gerðum og gígaopin talin vera um 100 að tölu. Sumir þeirra eru kringlóttir, en aðrir aflangir. Stærð þeirra er misjöfn; hinir hæstu um 100 metra háir, en flestir milli 20 og 50 m. Flestir þeirra eru nú þaktir þykkri breiðu af grámosa og hinir fegurstu tilsýndar. Lakagígar voru friðlýstir árið 1971.

Hönnun frímerkjanna og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Sameinuðu þjóðirnar 25 ára



Hinn 23. október kom út 12,00 kr. minningarfrímerki í tilefni þess, að Sameinuðu þjóðirnar voru 25 ára. Myndefnið er kort af Íslandi, þar sem á stendur: FRÍÐUR OG FRAMFARIR. Til hliðar er merki Sameinuðu þjóðanna, en að ofan: 1945 SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR 1970.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1971


Flóttamannasöfnun Norðurlandanna



Hinn 26. mars kom út 10 kr. frímerki í tilefni Flóttamannasöfnunar Norðurlandanna, Flóttafólk 71 til hjálpar nauðstöddu flóttafólki í Afríku. Þennan dag komu út frímerki í sama skyni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Myndefni frímerkisins er málverkið Flótti eftir Ásgrím Jónsson listmálara, sem hann málaði árið 1905.

Hönnun frímerkisins og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki



Hinn 3. maí voru gefin út tvö Evrópufrímerki, 7,00 kr. og 15,00 kr. í þessum sameinaða flokki Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Tóku 20 aðildarríki þátt í þessari útgáfu.

Íslendingur, Helgi Hafliðason, varð að þessu sinni hlutskarpastur í þeirri samkeppni, sem fram fór um gerð frímerkisins. Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss prentaði frímerkin í rastadjúpprykki.

1971

Póstgíróþjónusta á Íslandi



Hinn 22. júní komu út tvö almenn frímerki, 5 kr. og 7 kr., af því tilefni, að í þeim mánuði var tekin upp póstgíróþjónusta á Íslandi. Varð Ísland síðast Norðurlanda til þess að taka upp þessa þjónustu. Hún hafði fyrst tekið til starfa í Danmörku árið 1920.

Póstgíróþjónusta hófst í Austurríki árið 1883, en hún gerði fjármunaflutninga enn ódýrari og fljótari en áður var reyndin. Um leið bauð hún upp á enn meiri þægindi fyrir notendur póstþjónustunnar. Þessi þjónusta breiddist ört út og var komin í rúm 40 lönd, þegar hún var tekin upp á Íslandi. Hefur hún alls staðar orðið geysivinsæl.

Heimild til stofnunar póstgíróþjónustu var þegar gefin í póstlögum frá árinu 1940, en aldarfjórðungur leið, þar til undirbúningur hófst. Var gerður sérstakur starfssamningur milli Pósts og síma, banka og sparisjóða um þessa þjónustu.

Margrét Árnadóttir hannaði þessi frímerki, en prentun þeirra í rastadjúpþrykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

Hið íslenska Þjóðvinafélag 100 ára



Hinn 19. ágúst voru rétt hundrað ár liðin frá því, er Hið íslenska Þjóðvinafélag var stofnað árið 1871. Stofnendur þess voru 17 Þjóðkjörnir alþingismenn. Fyrst var rætt um stofnun félagsins á Alþingi 1869 fyrir forgöngu Tryggva Gunnarssonar og síðar á sýslufundi Suður-Þingeyinga 1870, þar sem „nokkrir heiðursmenn tóku sig saman um að hvetja landsmenn til að sýna í verkinu, að þeir hefði það þrek og samheldni að vera sjálfstætt Þjóðfélag og vinna sér þau réttindi, sem þar til krafðist að halda þeim“.

Tilgangur félagsins var þannig í upphafi stjórn máleigur, og fyrsti formaður þess var Jón Sigurðsson. Félagið efndi til Þjóðfundar á Þingvöllum 1873, og sumarið 1874 stóð það fyrir Þjóðhátíð þeirri, er haldin var í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi.

Þjóðvinafélagið sneri sér brátt að útgáfu ýmissa rita. Eru þar kunnust tímaritið *Andvari*, sem út hefur komið óslitið síðan 1874 og leysti af hólmi *Ný félagsrit Jóns Sigurðssonar*, og *Almanak* frá 1875. Einstök rit, sem félagið hefur gefið út, voru framan af langflest um hagnýt efni og til þess ætluð að glæða áhuga á atvinnu- og efnahagsmálum og hvers konar framförum í þeim efnum.

Þegar Jón Sigurðsson lést árið 1879, tók Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) við formennsku þess. Var hann forseti félagsins rúm 30 ár, og hefur enginn annar maður unnið félaginu slíkt gagn sem hann. Var því ekki ófyrirsynju, að mynd hans yrði valin á annað þeirra frímerkja, sem út voru gefin af þessu tilefni.

Frímerkin voru tvö, 30 kr. með merki Þjóðvinafélagsins og 100 kr. með mynd Tryggva Gunnarssonar. Hönnun og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, í Sviss.

1971

Atvinnulífsfrímerki – Fiskiðnaður



Hinn 18. nóvember komu út þrjú almenn frímerki með myndum úr fiskiðnaði. Tilgangur þessarar útgáfu hefur vafalaust verið sá að minna á aðalatvinnugrein Íslendinga. Þetta hafði áður verið gert með útgáfu frímerkja með mynd af þorski og síld á árunum 1939 til 1945.

Á 5 kr. frímerki er mynd af ýsu og frystihúsvinnu.

Á 7 kr. frímerki er mynd af þorski og fiskveiðum.

Á 20 kr. frímerki er mynd af rækju og vinnu við niðursuðu.

Sjávarútvegur hefur verið mikilvæg atvinnugrein á Íslandi frá upphafi Íslandsbyggðar, en einhverjar gjöfulustu veiðislóðir í Norður-Atlantshafi eru í íslenskri lögsögu. Sjávarútvegur átti þátt í að breyta Íslandi frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í byrjun 19. aldar í eina af efnuðustu þjóðum heims.

Úr hafinu kom ekki einungis matur á borð Íslendinga því fiskurinn hefur einnig verið verðmæt útflutningsvara og er það enn. Saga íslensks sjávarútvegs snýst þó ekki einungis um efnahagslega velferð, heldur hefur sjávarútvegur skipað stóran sess í íslenskri menningu og arfleifð.

Haukur Halldórsson hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1972

Herðubreið



Hinn 9. mars var gefið út almennt frímerki með mynd af fjallinu Herðubreið, sem kallað hefur verið „Drottning íslenskra fjalla“.

Herðubreið, sem er 1682 metra yfir sjávarmáli, er á Mývatnsöræfum. Gígur er í kalli hennar og oftast fannir, en ekki eiginlegur jökull. Hún er eitt tígulegasta fjall á Íslandi, snarbrött og kringd hamrabelti hið efra. Allarfitt er að ganga á fjallið, enda var lengi talið ógengt á það. Árið 1908 var fyrst gengið á það, svo að öruggt sé talið. Síðan hafa margir fetað í þau spor og notið hins stórkostlega útsýnis. Herðubreið og nágrenni hennar hefur verið friðlýst síðan 1974.

Verðgildi frímerkisins, 250 kr., var langhæsta verðgildi íslensks frímerkis í krónum talið fram að þeim tíma.

Teikningin er eftir A. Larkins en myndgröft þess annaðist A. Banks. Frímerkið var prentað hjá De La Rue & Co. Ltd., í Basingstoke, Englandi í stáldjúpþrykki og offsetprentun með „Delacryl“ aðferð.

1972

Evrópufrímerki



Hinn 2. maí komu út tvö frímerki, 9 kr. og 13 kr., í flokki Evrópufrímerkja. Að þessu sinni gáfu 20 aðildarríki Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) sameiginlega út slík frímerki. Teikningin var eftir Paavo Huovinen frá Finnlandi. Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss prentaði frímerkin í rastadjúpprykki.

Tilskipun um sveitastjórnir 100 ára



Hinn 14. júní gaf Póst- og símamálastofnunin út minningarfrímerki, 16 kr., af því tilefni að hundrað ár voru liðin síðan tilskipun um sveitastjórn á Íslandi tók gildi. Með henni var kjörnum hreppsnefndum fengið vald í sveitarstjórnarmálum, en frá 1809 höfðu engar sjálfstæðar hreppsnefndir verið til og forn sjálfstjórn hreppa að fullu afnumin. Embætti hreppstjóra var greint frá sveitarstjórn, og þeir fóru aðeins með umboðsstörf sem starfsmenn ríkisins.

Gísli B. Björnsson hannaði frímerkið, en prentun þess í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Heimsmeistaraeinvígi í skák á Íslandi



Hinn 2. júlí gaf Póst- og símamálastofnunin út frímerki, 15 kr., til að minnast þess mikla viðburðar í skáklífi Íslendinga og alls heimsins, að heimsmeistaraeinvígi fór fram í Reykjavík milli Borisar Spasskys frá Sovétríkjunum og Bobby Fischers (Robert James „Bobby“ Fischer) frá Bandaríkjunum.

Einvígið átti einmitt að hefjast þennan dag. Fór setningarathöfn þess því fram 1. júlí. En Fischer kom þá ekki til leiks. Hófst einvígið því ekki fyrr en 11. júlí. Svo sem margir muna enn, gekk á ýmsu, meðan á einvígínu stóð, en því lauk 1. september með sigri Fischers, 12 1/2 vinningi gegn 8 1/2 vinningi.

Tafl hefur verið þekkt og iðkað frá síðrómantískum tíma, þ. e. frá 200-400 e. Kr. Hafa taflmenn eða töflur fundist í öllum löndum Skandinavíu. Þeir voru gerðir úr gleri, rafi, leir og steini, en oftast úr beini. Tafl barst til Norðurlanda frá Rómverjum, og er þess víða getið í heimildum. Það spil, sem leikið var með þessum elstu taflmönnum, nefndist *hneftafl* eða *hnefatafl* eftir aðaltaflmanninum, sem kallaðist *hnefi*. Alls er óvíst, hvernig menn spiluðu hneftafl. Hins vegar er það ásamt venjulegu taflinu hið einasta tafl, sem nefnt er í elstu heimildum.

Á 12. öld kemur *skáktafl* fram og hefur skáklistin vafalaust borist skjótt til Íslands, enda hennar getið þegar í ritum Snorra Sturlusonar (1179-1241) í upphafi 13. aldar. Varð það þegar í stað tafl æðri stéttanna. Almennt er talið að skáktaflið hafi borist til Íslands frá Englandi, en ekki frá Norðurlöndum. Til þess bendir m. a. það, að ýmis heiti á taflmönnum eru samstofna enskum nöfnum, en ekki þeim, sem notuð eru á öðrum Norðurlöndum. Hrókur, biskup og peð eiga samsvörun í ensku nöfnunum rook, bishop og pawn. Elstu skákmenn eða skáktöflur úr hvalbeini hafa fundist á Suðureyjum (Skotland) og eru taldar frá um 1200.

Myndir af skáktafli frá fyrri tíð eru ekki sjaldgæfar. Kalkmálverk eftir Albertus Pictor í Täby-kirkju í Svíþjóð sýnir ungan mann, sem teflir skák við dauðann.

Skákborð og skákmenn hafa þótt miklar gersemar og verðmætar, enda oft á miðöldum getið í erfðaskrá og húsmunaskrá konungshalla og slota.

Íslendingar virðast snemma hafa fengið orð á sig fyrir taflmennsku, ef marka má ummæli ýmissa ferðamanna, sem hingað komu á fyrri tíð. Líklegt má telja, að það hafi fremur verið höfðingjar en almúgamenn, sem iðkuðu skák á þeim tíma, en þetta breyttist smám saman. Nú er svo komið, að skákíþróttin nýtur almennari vinsælda á Íslandi en í flestum öðrum löndum.

Árið 1879 kom til Íslands Bandaríkjamaður, Williard Fiske, að nafni, sem var þá þegar löngu orðinn þekktur meðal landsmanna fyrir áhuga sinn á Íslandi og öllu því, sem varðaði land og þjóð. Hann var mikill skákmaður og hlúði mjög að skákíþróttinni hér á landi, svo sem alkunna er. Árið 1900 var Taflfélag Reykjavíkur stofnað og gerðist Fiske þá þegar mikill velgjörðarmaður þess.

Segja má, að skákíþróttin hafi hafist mjög til vegs á þessari öld meðal Íslendinga. Íslendingar eignuðust fyrsta stórmeistarann í skák árið 1958, Friðrik Ólafsson, en síðan eru þeir orðnir samtals 14 sem náð hafa þessum áfanga.

Hönnun frímerkisins og offsetprentun þess með „Delacryl“ aðferð fór fram hjá De La Rue & Co. Ltd., í Basingstoke, Englandi.

Atvinnulífsfrímerki - Ylrækt



Hinn 23. ágúst voru gefin út þrjú frímerki til að minna á ylrækt á Íslandi.

Garðyrkja hefur verið stunduð á Íslandi frá landnámsöld, en í smáum stíl. Sennilega hefur hún aldrei verið almenn, en trúlega eitthvað stunduð á biskupssetrum og í klaustrum og svo á stórbýlum, t.d. á Bessastöðum. Um og eftir miðja 17. öld kom Gísli Magnússon sýslumaður (Vísi-Gísli) á Hlíðarenda í Fljótshlíð mjög við sögu garðræktar, en hann hafði einmitt stundað nám í Leyden í Hollandi. Frá 18. öld má nefna menn eins og Skúla Magnússon fógeta og sr. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal. Ekki kemur notkun jarðhita við þessa sögu fyrir en á 20. öld.

Fyrsta gróðurhús, þar sem jarðhiti var notaður til upphitunar, var reist á Reykjum í Mosfellssveit 1923-24. Eftir það breiddist gróðurhúsagarðrækt, sem nú nefnist ylrækt, út um land, þar sem jarðvarma var að finna. Hófst þá fjölbreytt ræktun blóma og alls kyns matjurta. Kunnasta jarðhitasvæðið er Hveragerði í Árnessýslu.

Á 8 kr. frímerki, er mynd úr gróðurhúsi, þar sem verið er að lesa tómata af tómatatré. Tómataræktun hófst hér á landi árið 1924 og tók nokkurn tíma, þar til landsmenn kunnu að meta þann ávöxt.

Á 12 kr. frímerki má sjá þann ógnarkraft, sem streymir úr iðrum jarðar og nú er farið að beisla í æ ríkara mæli.

Á 40 kr. frímerki má svo sjá rósaræktun í gróðurhúsi, en ræktun rósa og annarra blóma hefur verið snar þáttur í allri ylrækt á Íslandi.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1972

Íslenska landgrunnið – 50 sjómíllur



Hinn 27. september gaf Póst- og símamálastofnunin út almennt frímerki, 9 kr., sem sýnir landfræðilegan uppdrátt af Íslandi ásamt landgrunninu.

Með útgáfu þessa frímerkis vildi póststjórnin minna á, að landsvæði það, sem Íslendingar eiga afkomu sína undir, er stærra en það, sem úr sæ rís. Var brýn þörf á að benda umheiminum á þessa staðreynd og eins það, að Íslendingar fá lífsbjörg sína fyrst og fremst úr sjónum umhverfis landið, þar sem fiskveiðimörkin höfðu verið færð út að 50 sjómílum hinn 1. september 1972. Orðrétt segir í tilkynningu póststjórnarinnar: „Landgrunnið er höfuðauðlind landsmanna, ekki vegna þess, að þar sé olú að finna, gas eða önnur efni úr iðrum jarðar, heldur vegna þess, að á landgrunninu eru uppeldisstöðvar fyrir fisk þann, sem landsmenn draga úr sjó og myndar um 80% alls útflutningsvarnars landsins. Án þessa væri loku fyrir það skotið, að á Íslandi þróaðist nútíma þjóðfélag.“ Enn fremur segir svo í tilkynningunni: „Það er því eðlilegt, að Íslendingar fylki sér í flokk þeirra, sem líta svo á, að hafsbotninn umhverfis landið sé hluti eðlilegs yfirráðasvæðis þess og réttur strandríkis til hagnýtingar hans sé óskoraður. Hefur þeirri skoðun og vaxið mjög fylgi meðal þjóða veraldarinnar og mörg strandríki búast nú til að vinna ýmis jarðefni úr hafsbotninum út frá ströndum sínum, svo sem olú og gas.“

Eftir 1. september 1972 voru útlendum skipum bannaðar allar veiðar innan 50 mílna landhelginnar. Nokkrum sinnum kom til átaka á miðunum milli íslenskra varðskipa og breskra og vestur-þýskra togara. Klíptu varðskipin stundum á togvíra togaranna.

Hönnun og offsetprentun með „Delacryl“ aðferð fór fram hjá De La Rue & Co. Ltd. í Basingstoke, Englandi.

Líknarfrímerki



Hinn 22. nóvember voru gefin út tvö líknarfrímerki, 7 + 1 kr. og 9 + 1 kr. Þetta yfirverð rann í Líknarsjóð Íslands. Myndefnið er eftir finnskan teiknara, Paavo Huovinen. Sýnir það krúu við að mata unga sinn.

Eftir þetta hefur pósthjóninn ekki gefið út frímerki með yfirverði, sem sérstaklega er ætlað til líknarmála. Árið 1991 var Líknarsjóður Íslands síðan lagður niður samkvæmt beiðni stjórnar hans, sem taldi, að hann hefði ekki lengur neinn tilgang, „þar sem tekjustofn hans, sem var af frímerkjaútgáfu, er fallinn niður,“ eins og það er orðað í bréfi hennar til Ríkisendurskoðunar. Samþykkti Dóms- og kirkjumálaráðuneytið síðan þessa ráðstöfun. Runnu eignir Líknarsjóðsins til Slysavarnafélags Íslands, Barnaverndarráðs, Þjóðkirkjunnar og Öldrunarráðs Íslands.

Offsetprentun frímerkjanna fór fram hjá Seðlaprentsmiðju Finnlandsbanka (Suomen Pankin Setelipaino) í Helsinki, Finnlandi.

1973

Evrópufrímerki



Hinn 30. apríl komu út tvö frímerki, 13 kr. og 25 kr., í flokki Evrópufrímerkja. Að þessu sinni tóku 22 aðildarlönd Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) þátt í útgáfunni. Myndefnið var eftir norskan teiknara, Leif Frimann Anisdahl. Er það pósthorn, sem myndað er af þremur örvum. Eiga þær að tákna þau þrjú verk efni, sem Evrópuráðið leysir af hendi: póstur, sími og ritsími.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Íslensk frímerki 100 ára



Hinn 23. maí gaf Póst- og símamálastofnunin út fimm frímerki til þess að minnast þess, að á árinu 1973 voru liðin eitt hundrað ár frá því að frímerki voru tekin í notkun á Íslandi sem greiðsla fyrir burðargjald.

Frá 1782, þegar skipulagðar pósthólfur hófust á Íslandi, og til ársloka 1872 hafði burðargjald innanlands einvörðungu verið greitt í reiðufé af almennum pósti og fór það eftir því, hversu langan veg sendingin skyldi flutt. Hins vegar var póstur embættismanna fluttur ókeypis allt til ársloka 1872.

Frá 1. mars 1870 giltu dönsk frímerki á póstsendingar til Danmerkur og eins til annarra landa, þar til íslensk frímerki voru sett í umferð fyrri hluta árs 1873.

Um leið og frímerki voru tekin í notkun á Íslandi, var gjaldskráin gerð mun einfaldari en áður hafði verið, því að burðargjaldið varð tvenns konar: staðarburðargjald, 4 skillingar (sk), og landsburðargjald, 8 skillingar.

Jafnframt þessari merku nýjung til aukinnar hagræðingar fyrir landsmenn var gefin út sérstök tilskipun 26. febrúar 1872, sem kvað á um skipulag og framkvæmd pósthjónustunnar á Íslandi. Má segja, að með henni hafi póstmálum Íslendinga í fyrsta sinn verið komið í skipulegt horf og þau fengin í hendur sérstökum embættismanni, pósthjónustustjórnarmanni í Reykjavík.

Íslenska pósthjónustustjórnin vildi að sjálfsögðu minnast þessara merku atburða í pósthjónustu landsins með eftirminnilegum hætti.

1973

Á 10 kr. frímerkinu er mynd af 2 sk. frímerki og til hliðar sést landpóstur á göngu, svo sem gert var í upphafi póstferðanna.

Á 15 kr. frímerkinu er mynd af 3 sk. frímerki og landpósti á ferð með póstkoffort í hestalest sinni.

Á 20 kr. frímerkinu er mynd af 4 sk. frímerki og eimskipi, en það táknar sjópóst, sem síðar kom til skjalanna.

Á 40 kr. frímerkinu er mynd af 8 sk. frímerki og póstbíl, en þeir komu smám saman í stað gömlu póstferðanna snemma á 20. öld.

Á 80 kr. frímerkinu er mynd af 16 sk. frímerki og flugvél, en árið 1928 hófust einmitt póstferðir með flugvélum, þó að sú tilraun yrði endaslepp í það skiptið.

Meginlitur þessara frímerkja er í samræmi við lit gömlu skildingafrímerkjanna, þ. e. í réttri röð: blár, grár, rauður, brúnn og gulur.

Haukur Halldórsson hannaði frímerkin. Myndgröft þeirra annaðist T. Moore. Frímerkin voru prentuð hjá De La Rue and Co. Ltd., í Basingstoke, Englandi í stáldjúpprykki og offsetprentun með „Delacryl“ aðferð.

Norðurlandafrímerki – Norræna húsið



Hinn 26. júní gáfu póststjórnir Norðurlandanna fimm út hátíðarfrímerki með sama myndefni: Norræna húsinu í Reykjavík. Komu þau út sama dag og Norræna póstráðstefnan 1973 hófst í Reykjavík. Frímerkjaútgáfa þessi var og táknræn fyrir samstarf póststjórna á Norðurlöndum, en það hafði þá staðið í rúma öld.

Finnski arkitektinn Alvar Aalto (1898–1976) teiknaði húsið, en það var tekið í notkun 24. ágúst 1968. Var því ætlað að tengja Ísland við hin Norðurlöndin og efla um leið og glæða áhuga Íslendinga á öðrum Norðurlöndum. Jafnframt skyldi íslenskum menningarstraumum beint til norrænu bræðraþjóðanna. Mörgum þykir húsið sérkennilegt á að líta, en það er óbrotið og stílfagurt hið innra. Í því er kaffistofa, þar sem blöð og bækur um norræn efni liggja frammi. Þá er fyrirlestrasalur, sem rúmar um tvö hundruð manns. Bókasafn er þar með góðu úrvali norrænna bóka. Hefur húsið orðið fjölsóttur samkomustaður þau ár, sem það hefur verið opið.

Finnskur listamaður, Pentti Rahikainen, teiknaði frímerkin eftir ljósmynd Mats Wibe Lund. Myndgröft frímerkjanna annaðist P. Vahtero. Þau voru prentuð í offset og stáldjúpprykki og hjá Seðlaprentsmiðju Finnlandsbanka (Suomen Pankin Setelipaino) í Helsinki. Hvítur pappír er í merkjunum með flúor-áferð í litunum. Nota öll Norðurlöndin sömu myndina, en litir eru mismunandi. Verðgildi íslensku frímerkjanna eru tvö, 9 og 10 krónur.

1973

Ásgeir Ásgeirsson forseti



Hinn 1. ágúst gaf póststjórnin út tvö minningarfrímerki, 13 kr. og 15 kr., um annan forseta íslenska lýðveldisins, Ásgeir Ásgeirsson.

Ásgeir Ásgeirsson fæddist 13. maí 1894 að Kóranesi í Mýrasýslu. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1912 og guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1915. Stundaði hann síðan framhaldsnám í guðfræði við háskólana í Kaupmannahöfn og Uppsölum 1916-1917. Ásgeir gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann var kennari við Kennaraskóla Íslands 1918-1926 og fræðslumálastjóri 1926-1931 og svo aftur 1934-1938. Bankastjóri var hann í Útvegsbanka Íslands 1938-1952.

Ásgeir Ásgeirsson varð alþingismaður Vestur-Ísfirðinga 1923 og sat óslitið á þingi til ársins 1952, er hann var kjörinn annar forseti Íslands. Forseti sameinaðs Alþingis var hann 1930-1931. Fjármálaráðherra var hann 1931-1932 og forsætis- og fjármálaráðherra 1932-1934. Kom það því í hlut Ásgeirs að stjórna Alþingishátíðinni á Þingvöllum sumarið 1930, þegar minnst var þúsund ára afmælis löggjafarþings Íslendinga.

Ásgeir Ásgeirsson var kosinn forseti 1952 og endurkjörinn 1956, 1960 og 1964 alltaf án mótframboðs. Hann lét af forsetaembætti 1. ágúst 1968 og lést í Reykjavík 15. september 1972. Kona Ásgeirs Ásgeirssonar var Dóra Þórhallsdóttir (1893-1964).

Finnskur listamaður, Eeva Oivo, teiknaði frímerkin nema rammateikninguna sem var gerð hjá íslensku póststjórninni. Myndgröftur og prentun í stáldjúpþrykki, fór fram hjá Seðlaprentsmiðju Finnlandsbanka (Suomen Pankin Setelipaino) í Helsinki.

Frímerkjasýningin ISLANDIA 73



Hinn 31. ágúst 1973 var opnuð á Kjarvalsstöðum í Reykjavík stærsta frímerkjasýning, sem haldin hafði verið á Íslandi til þess tíma. Stóð hún til 9. september. Var henni gefið heitið ISLANDIA 73. Póst- og símamálastjórnin skipulagði sýninguna, enda var tilefni hennar það, að á þessu ári voru liðin hundrað ár frá útkomu fyrstu íslensku frímerkjana. Tilgangur sýningarinnar var sá að gefa yfirlit yfir þróun íslenskra frímerkja á þessum hundrað árum og sýna, hvernig þeim hefur verið safnað. Eins og venja er á stærri frímerkjasýningum, var þessari sýningu skipt í þrjár deildir: boðsdeild, þar sem Póst- og símamálastjórnin og opinberir aðilar sýndu, heiðursdeild, þar sem sérstökum Íslands-söfnurum var boðið að sýna söfn sín og samkeppnisdeild, en hún skiptist í nokkrar undirdeildir eftir sýningarefni.

Sama dag og ISLANDIA 73 hófst komu út tvö frímerki, 17 og 20 króna, með merki sýningarinnar. Þessi frímerki voru teiknuð af Eddu Sigurðardóttur og Gísla B. Björnssyni, og prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1973

Alþjóðaveðurfræðistofnunin 100 ára



Hinn 14. nóvember kom út 50 kr. frímerki í tilefni af 100 ára afmæli Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar. Hún var stofnuð á fyrstu alþjóðlegu veðurfræðiráðstefnunni, sem haldin var í Vínarborg í september 1873, og var óháð stjórnvöldum. Skammstöfun hennar var IMO (International Meteorological Organization). Eftir margs konar atburðarás var IMO að lokum breytt í stjórnskipaða alþjóðastofnun WMO, (World Meteorological Organization). Tók samkomulag um það gildi í mars 1950. Áður en Alþjóðaveðurfræðistofnunin tók til starfa, hafði að sjálfsögðu margt gerst innan veðurfræðiathugana.

Fyrsta alþjóðaveðurfræðikerfið komst á árið 1654 fyrir tilstilli Ferdinands II í Toscana á Ítalíu. Var það milli Norður-Ítalíu, þar sem voru sjö veðurathugunarstöðvar, og svo fjögurra stöðva, sem voru í Varsjá, París, Innsbruck og Osna-bruck. Í Flórens voru daglega gerðar 15 veðurathuganir.

Næsti áfangi í sögu veðurathugana varð 1780, þegar komið var upp kerfi 39 stöðva, 37 í Evrópu og tveggja í Norður-Ameríku, af Veðurfræðifélaginu í Mannheim í Þýskalandi. Þetta kerfi starfaði aðeins í tólf ár, en var engu að síður mikill áfangi í sögu veðurfræðinnar.

Frímerkið var teiknað af Hilmari Sigurðssyni, en á því er mynd af höggmynd Ásmundar Sveinssonar, Veðurvitanum. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1974

Íslandsbyggð 1100 ára



Á þessu ári voru liðin ellefu hundruð ár frá því er byggð hófst á Íslandi. Af því tilefni gaf póststjórnin út ellefu frímerki í þrennu lagi. Höfðar hvert þeirra til ákveðins tímabils eða atburðar í sögu landsins. Um val á myndefni var leitað til forstöðumanns Listasafns ríkisins, dr. Selmu Jónsdóttur. Síðan var að hennar frumkvæði leitað til listmálaranna Jóhannesar Jóhannessonar og Steinþórs Sigurðssonar um að finna myndefni, sem bæði fullnægðu ströngustu listrænum kröfum og hentuðu einnig til notkunar á frímerki.

Hinn 12. mars komu fyrstu fjögur frímerkin út í þessum flokki.

10 kr. frímerki. Landnámið. Myndefnið er fyrsti landnámsmaður Íslands, Ingólfur Arnarson, með öndvegissúlur sínar. Er það gert eftir teppi, sem Vigdís Kristjánsdóttir listvafnaðarkona óf eftir frummynd Jóhanns Briems listmálara.

Sagan segir, að Ingólfur hafi varpað öndvegissúlum sínum fyrir borð, þegar hann sá landið rísa úr sæ, með þeim ummælum, að þar skyldi hann gera sér bæ, sem þær ræki að landi. Sendimenn hans fundu þær svo í vík einni, þar sem heitar uppsprettur voru ekki langt frá. Lagði gufu upp frá þeim, sem Ingólfur og menn hans hugðu reyk, því nefndi Ingólfur bæ sinn Reykjavík. Þar reis svo 900 árum síðar upp höfuðstaður Íslands, Reykjavík.

13 kr. frímerki. Stofnun Alþingis og allsherjarríkis á Íslandi. Myndefnið er Grímur geitskór við Þingvelli eftir málverki Jóhannesar Jóhannessonar.

Þegar Ísland var orðið nær fullbyggt nokkru fyrir 930, var farið að huga að laga-setningu og stofnun allsherjarríkis. Þá fór Grímur geitskór um landið til þess að velja þingstað. Varð Þingvöllur við Öxará fyrir valinu. Er upphaf íslenska þjóðveldisins miðað við þann atburð.

30 kr. frímerki. Kristnitaka og stofnun Skálholtsstóls. Myndefnið er altaristafla úr mósaíki í Skálholtsdómkirkju eftir Nínu Tryggvadóttur listmálara.

Gissur hvíti bjó í Skálholti. Beitti hann sér manna mest fyrir því, að kristni var lögtekin á Þingvelli árið 1000. Reisti hann fyrstu kirkjuna í Skálholti. Ísleifur, sonur hans, gerðist prestur í Skálholti og setti þar skóla. Varð hann fyrsti biskup yfir Íslandi árið 1056 og Ísleifur, sonur hans, síðan eftir hann. Gaf hann Skálholt til biskupsseturs.

Altarismyndin í hinni nýju Skálholtsdómkirkju, sem vígð var 1963, táknar Krist konung, sem Íslendingar gengu á hönd árið 1000.

70 kr. frímerki. Ritöld. Myndefnið, Sæmundur á selnum, er höggmynd úr bronsi eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara.

Sæmundur Sigfússon hinn fróði er talinn fyrsti íslenski rithöfundurinn. Nam hann fyrstur norrænna manna lærdóm suður á Frakklandi við Sorbonne-háskóla. Setti hann skóla á föðurleifð sinni, Odda á Rangárvöllum. Rit sín samdi hann á latínu, en þau eru glötuð.

Sagt er, að Sæmundur hafi beðið kölska að flytja sig til Íslands frá Frakklandi. Mátti kölski eiga hann, ef hann kæmi honum alla leið án þess að væta kjóllafið. Kölski gekk að þessu og brá sér í selslíki. Þegar þeir komu undir land, laust Sæmundur selinn í hausinn með Saltaranum, svo að hann sökk. Þannig varð hann af kaupunum, en Sæmundur synti til lands. Höggmynd Ásmundar vísar til þessarar þjóðsögu.

Jóhannes Jóhannesson og Steinþór Sigurðsson hönnuðu frímerkin, sem voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Höggmyndalist



Hinn 29. apríl komu út tvö frímerki í flokki Evrópufrímerkja, Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Nú varð sú breyting á útgáfu Evrópufrímerkjanna, að póststjórnirnar gátu útfært og hannað frímerkin hver með sínum hætti, þrátt fyrir að löndin ynnu áfram með eitt sameiginlegt frímerkjaþema sem árið 1974 var höggmyndalist.

Á 13 kr. frímerki er tréskurðarmynd frá 17. öld, sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands.

Á 20 kr. frímerki er höggmynd eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara, sem nefnist Gegnum hljóðmúrinn.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Íslandsbyggð 1100 ára



Hinn 11. júní komu út þrjú ný frímerki í þessum minningarflokki um byggð á Íslandi í ellefu hundruð ár en þann 12. mars komu fyrstu fjögur frímerkin út.

17 kr. frímerki. Sturlungaöldin. Teikning eftir Þorvald Skúlason listmálara.

Á 12. öld tók hin forna þjóðfélagsskipun Íslendinga að riðlast. Þá söfnuðust miklar eignir til fárra ætta, enda áttu bændur kirkjur þær, sem þeir reistu á jörðum sínum, og fengu í sinn hlut helming tíundarinnar. Framan af þjóðveldisöld dreifðist vald höfðingja vegna skiptingar landsins í goðorð.

Á 13. öld var svo komið, að goðorðin voru komin í hendur fárra og voldugra höfðingja, sem börðust um völdin í landinu. Leituðu sumir þeirra til Hákonar Hákonarsonar gamla Noregskonungs um stuðning. Leiddi af þessu meiri ófrið en verið hefur í landinu fyrr og síðar. Hákon gamli sá sér hér leik á borði og náði undir sig yfirráðum landsins með Gamla sáttmála 1262-64. Þannig leið þjóðveldið íslenska undir lok.

25 kr. frímerki. Flateyjarbók, sem varðveitt er í Stofnun Árna Magnússonar frá 1971.

Á 12 öld, en einkum þó á 13. öld þróuðust bókmenntir á Íslandi, sem eru mesta menningarafrek Íslendinga og þekktar um allan heim. Voru þá m.a. skráðar Íslendinga sögur og samtíðarsögur af biskupum og veraldlegum höfðingjum og sögur Noregs- og Danakonunga. Mörg önnur fræði voru þá skráð á bækur. Fjórtánda öld var mesta blómaskeið íslenskrar bókagerðar. Voru þá skrifuð mörg merk handrit, m.a. Flateyjarbók, sem er stærst íslenskra skinnbóka. Meginefni hennar eru sögur Noregskonunga. Handritið er vandað og fallega lýst. Á þessu frímerki er hluti af upphafsstaf í fyrsta kapítula Sverris sögu.

100 kr. frímerki. Altarisklæði frá Stafafellskirkju í Lóni.

Löngum hefur þótt eðlilegt, að konur sætu við hannyrðir. Þær höfðu yfirleitt það lítil afskipti af þjóðmálum, að þeirra er sjaldnast getið í gömlum heimildum. Af konum fyrri alda, sem sköruðu sérstaklega fram úr samtíð sinni, má nefna landnámskonuna Auði djúpúðgu, sem nam Dalalönd og hafði mikil mannaforráð. Nokkrum öldum síðar var svo Ólöf Loftsdóttir ríka, kona Björns ríka Þorleifssonar hirðstjóra á Skarði, sem veginn var af Englendingum. Hún hefndi bónda síns grimmilega. Hins vegar er ekkert vitað um konu þá, sem saumaði altarisklæði (antependium) það, sem mynd er af á frímerki þessu. Er altarisklæðið talið vera frá miðri 14. öld, saumað með refilsaumi og nær einvörðungu með mislitu ullarbandi í hvítleitt hörlréft. Það er nú varðveitt í Þjóðminjasafni Dana í Kaupmannahöfn.

Jóhannes Jóhannesson og Steinþór Sigurðsson hönnuðu frímerkin, sem voru prentuð sem hin fyrri í þessum flokki í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Íslandsbyggð 1100 ára



Hinn 16. júlí komu út fjögur síðustu frímerkin í þessum minningarflokki um byggð á Íslandi í ellefu hundruð ár.

15 kr. frímerki. Guðbrandur Þorláksson. Málverk í Þjóðminjasafni Íslands.

Guðbrandur Þorláksson var biskup á Hólum í 56 ár (1571-1627) eða lengur en nokkur annar biskup á Íslandi. Þegar hann settist á Hólastól, hafði lútherska siðbótin tæplega náð fótfestu með þjóðinni. Guðbrandur biskup vildi bæta úr þessu með útgáfu bóka handa almennungi. Var honum jafnframt hugleikið að bæta smekk manna á andlegan kveðskap og hreinsa tunguna. Áður höfðu bækur verið prentaðar á íslensku, m.a. elsta varðveitta prentaða bókinn á íslensku, Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar 1540.

Prentsmiðja var fyrir á Hólum, þegar Guðbrandur biskup settist þar að, og hafði komið þangað í tíð síðasta kaþólska biskupsins, Jóns Arasonar. Guðbrandur biskup bætti hana mjög og hóf nú mikla og merka bókaútgáfu. Þar ber hæst biblíu þá, sem hefur ævinlega verið kennd við hann og nefnd Guðbrandsbiblía og út kom 1584. Þar næst kemur Sálmaþók 1589 og Messusöngsbók 1594, svo að fátt eitt sé nefnt. Bókaútgáfa Guðbrands biskups hafði mikil og varanleg áhrif á trúarefni og þjóðmenningu Íslendinga. M. a. má þakka henni það, að íslenskt ritmál beið ekki varanlegan hnekk í umróti 16. aldar.

20 kr. frímerki. Steind glermynd úr Hallgrímskirkju í Saurbæ. Höfundur Gerður Helgadóttir.

Með þessu frímerki var verið að minnast mesta sálmaskálds Íslendinga, sr. Hallgríms Péturssonar (1614-1674). Fyrst var hann prestur á Hvalsnesi, en síðan lengi í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Var hann sjúkur af líkþrá síðustu ár ævi sinnar og lést á Ferstiklu. Kunnasta verk hans eru Passíusálmarnir, ortir út af píslarsögu Krists. Hefur ekkert íslenskt skáldverk notið eins mikillar hylli og þeir. Passíusálmarnir voru lesnir og sungnir um föstutímamán árlega á hverju

heimili og allt fram á 20. öld. Hefur engin bók verið gefin eins oft út á Íslandi og Passíusálmarnir. Kunnasti útfararsálmur Þjóðarinnar, „Allt eins og blómstrið eina“ eða eins og skáldið nefndi hann „Um dauðans óvissan tíma“ hefur verið sunginn yfir moldum nær allra Íslendinga í rúm 300 ár.

40 kr. frímerki. Útskurður frá 18. öld, sem er í Þjóðminjasafni Íslands.

Þetta frímerki var gefið út til þess að minnst mesta brauðryðjanda í iðnsögu Íslands á 18. öld, Skúla Magnússonar landfógeta (1711-1794). Var hann faðir Innréttinganna svonefndu. Voru þær fyrsta tilraun til þess að koma á fót iðnaði í sérstökum stofnunum. Var unnið þar af bjartsýni og stórhug, enda voru þær styrktar ríflega af danska konungsveldinu. Þessar tilraunir misheppnuðust og bar margt til þess, bæði skilningsleysi landsmanna og mikið harðæri, sem gekk yfir landið á síðustu áratugum aldarinnar og fylgdi í kjölfar mestu náttúruhamfara, sem gengið hafa yfir landið, Móðuharðindanna.

60 kr. frímerki. Fiskvinna. Eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara (1908-1984).

Frímerki þetta var gefið út til þess að minnst aðalatvinnuvegs Íslendinga, næst landbúnaði. Allt frá upphafi Íslandsbyggðar höfðu landsmenn veitt fisk úr sjó til búdrýginda fyrir heimili sín. Á 19. öld hófst þilskipaútgerð frá Íslandi. Árið 1866 hófst svo skútuöld í Reykjavík, þegar Geir Zoëga kaupmaður eignaðist fyrsta skip sitt. Varð Reykjavík fljótlega eftir það mestur útgerðarbær landsins og um leið miðstöð atvinnulífs og verslunar. Síðan hófst togaraútgerð í upphafi 20. aldar. Þar sem mikið stofnfé þurfti til útgerðarinnar, komst hún snemma í hendur kaupmanna og annarra stóratvinnurekenda. Útgerðin skapaði forsendur fyrir gjaldeyrisöflun og þá um leið fyrir stórauknum viðskiptum við önnur lönd.

Jóhannes Jóhannesson og Steinþór Sigurðsson hönnuðu frímerkin, sem voru prentuð sem hin fyrri í þessum flokki í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Öll frímerkin ellefu sem gefin voru út til að minnst 1100 ára Íslandsbyggðar komu einnig út í sérstakri gjafamöppu, sem jafnframt var fyrsta gjafamappan sem póststjórnin gaf út.

Alþjóðapóstbandsandið 100 ára



Þann 9. október gaf pósthjónninn út tvö frímerki til að minnast þess að þann dag voru 100 ár frá því að Alþjóðapóstbandsandið, UPU (Universal Postal Union) var stofnað Bern í Sviss árið 1874. Af þessu tilefni gáfu pósthjónnir innan Alþjóðapóstbandsins út minningarfrímerki.


Á 17 kr. frímerkinu sést gjaldkeri á pósthúsi afgreiða stúlku með frímerki.

Á 20 kr. frímerkinu er hins vegar bréfberi að bera út póst þ.e. láta bréf í póstkassa í fyrirtæki eða fjölbýlishúsi. Á báðum frímerkjunum stendur Alþjóðapóstbandsandið UPU 1874-1974 auk þess sem tákn UPU, hnötturinn, er á þeim báðum.

Frímerkin voru hönnuð hjá pósthjónninni eftir ljósmyndum Guðmundar Ingólfssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar hjá ljósmyndastofunni Ímynd og prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1975

Jarðeldar á Heimaey



Hinn 23. janúar komu út tvö frímerki af því tilefni, að þá voru liðin tvö ár frá því, er eldgos hófst á Heimaey, einu byggðu ey Vestmannaeyja. Gosið hófst aðfaranótt þriðjudags 23. janúar 1973 kl. 1.55 eftir miðnætti. Opnaðist gossprunga á 1600 metra löngum kafla um 400 metra frá austustu húsum byggðarinnar. Voru allir eyjaskeggjar, um 5000 talsins, fluttir brott þá þegar um nóttina og morguninn eftir, nema þeir, sem höfðu sérstökum skyldustörfum að gegna.

Gosið stóð í um fimm mánuði, og fór tæplega helmingur kaupstaðarins á austurhluta eyjarinnar undir hraun. Umfangsmiklar varnaraðgerðir og þá einkum sjóðæling munu hafa forðað því, að hraunflóðið rynni í höfnina og lokaði henni alveg. Olli gosið að sjálfsögðu miklu umróti meðal íbúa Vestmannaeyja. Hjálparstarf var skipulagt, og bárust fjárframlög erlendis frá, einkum frá Norðurlöndunum. Danska pósthjórnin gaf m.a. út frímerki 20. október þetta ár, þar sem myndefnið var eldgosíð á Heimaey. Sérstakt yfirverð, 20 aurar, runnu til þessarar hjálpar. Svo fór, að margir Eyjamenn héldu ekki aftur heim, heldur settust að víðs vegar á fastalandinu. En mikið starf beið þeirra, sem sneru aftur. Smám saman færðist atvinnulíf í fyrra horf, og byggð tók að rísa vestan til á eyinni í stað þeirra húsa, sem lentu undir hraun á austur-eyinni.

Nýtt fjall, sem hlaut nafnið Eldfell, myndaðist norðaustan við hið gamla eldfjall, Helgafell, sem hafði orðið til við sams konar eldsumbrot um 5800 árum áður.

Á 20 kr. frímerkinu má sjá frá Friðarhöfn gosið í algleymingi fyrstu gosnóttina norðaustan við Helgafell. Ljósmyndina tók Sigurgeir Jónasson í Vestmannaeyjum.

Á 25 kr. frímerkinu er ljósmynd eftir Hjálmar R. Bárðarson tekin að kvöldi 23. mars 1973 úr hlíðum Klifsins yfir höfnina. Hið nýja eldfjall er að hlaðast upp og myndast.

Hönnun frímerkjanna fór fram hjá Helio Courvoisier S.A., í Sviss og sömuleiðis prentunin sem var í rastadjúpprykki.

Evrópufrímerki – Málralist



Hinn 12. maí komu út tvö Evrópufrímerki í flokki frímerkja Evrópuráðs pósts og síma (CEPT), og var það í 16. skiptið sem Evrópufrímerki komu út hérlendis. Að þessu sinni var sameiginlegt þema þessa flokks málralist. Af hálfu Íslands voru valin tvö málverk eftir kunna málara.

Á 18 kr. frímerkinu er málverkið, *Haustfugl* eftir Þorvald Skúlason listmálara (1906-1984). Hann stundaði nám við Listaháskólann í Ósló 1927-30 og síðan í París. Dvaldist hann sjö ár til skiptis í París og Kaupmannahöfn. Þá var hann á Ítalíu og Sikiley 1937-38. Hann átti síðan heima í Reykjavík frá 1940. Hann hélt margar sjálfstæðar sýningar í Reykjavík og tók auk þess þátt í fjölmörgum sýningum á Norðurlöndum og víða á meginlandi Evrópu og í Bretlandi og Bandaríkjunum. Verk hans eru í Listasafni Íslands og listasöfnum erlendis og eins í einkasöfnum á Íslandi og svo í Kaupmannahöfn, París og New York. Í Listasafni Háskóla Íslands eru enn fremur fjölmörg verka hans. Þorvaldur var um skeið kennari við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík og við Myndlistaskóla frístundamála.

Á 23 kr. frímerkinu er málverkið, *Regin sund* eftir Jóhannes S. Kjarval (1885-1972). Um þennan sérstæða listamann Íslendinga vísast til þess, sem segir við útgáfu þess frímerkis, sem út kom á aldarafmæli hans árið 1985.

Frímerki þessi voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landnám Íslendinga í Vesturheimi 100 ára



Hinn 1. ágúst var gefið út 27 kr. frímerki með vangamynd af Stephani G. Stephanssyni, sem Ríkarður Jónsson gerði. Tilefni þessarar útgáfu var það, að á árinu 1975 voru liðin hundrað ár frá því er skipulegt landnám Íslendinga hófst í Vesturheimi. Þessa atburðar vildi póststjórnin minnast. Lá þá beint við að velja á frímerkið mynd af þeim íslenskum landnema, sem hæst hefur borið þar vestra, bóndanum og skáldinu Stephani G. Stephanssyni (1853-1927). Hann fluttist vestur um haf með foreldrum sínum árið 1873, þá tvítugur að aldri, og settust þau að í Kanada. Þar gerðist Stephan bóndi og bjó á ýmsum stöðum, bæði í Bandaríkjunum, en lengst bjó hann í Albertafylki í Kanada, ekki fjarri Klettafjöllunum, sem hann orti um. Af því fékk hann nafnið Klettafjallaskáldið.

Stephan G. átti ekki kost á skólagöngu, en með lestri góðra bóka aflaði hann sér haldgóðrar menntunar. Lítt gafst honum tóm til að yrkja vegna starfa fyrir bú sitt og fjölskyldu. Helst voru það kvöld og nætur, þegar hann lá andvaka, sem hann orti. Af því dró hann nafn ljóðabóka sinna, sem hann kallaði Andvökur. Enda þótt hann byggi nær alla ævi sína í Vesturheimi, var hann alla tíð Íslendingur í hug og hjarta. Um það bera mörg kvæða hans gleggst vitni. Hann kom aðeins einu sinni til Íslands eftir burtför sína. Var það árið 1917, er nokkrir vinir hans buðu honum heim til Íslands. Dvaldist hann hér sumarlangt og fór víða um land og var alls staðar aufúsugestur. Ekki voru allir jafnhrifnir af skáldskap Stephans G. Hann dró alls staðar taum lítilmagnans og þótti lítil vinur presta og kirkju. Lenti hann oft í sennum af þeim sökum, enda tók hann hart á móti, ef því var að skipta. Engu að síður átti hann fjölmarga trygga vini, bæði í Vesturheimi og á Íslandi, þótt þeir væru ekki allir sammála honum um trúmál og stjórnmál.

Hönnun frímerkisins var unnin af póststjórninni. Myndgröft í stálstungu annaðist Claude Haley. Frímerkið var prentað stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar, (Imprimerie de Timbres-Poste de l'Administration des PTT de France), í Périgueux, Frakkland. Var það í fyrsta skipti sem sú prentsmiðja prentaði frímerki fyrir íslensku póststjórnina.

Merkir Íslendingar



Hinn 18. september hleypti Póst- og símamálastofnunin af stokkunum nýjum flokki frímerkja, sem fékk heitið Merkir Íslendingar. Ætlunin er með þeim flokki að minnast liðinna Íslendinga, sem um sína daga höfðu skarað fram úr í ýmsum greinum. Að þessu sinni voru gefin út fjögur frímerki.

Á 18 kr. frímerki er mynd af sr. Hallgrími Péturssyni eftir málverki sr. Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði (1665-1754). Sr. Hallgríms var minnst á 20 króna frímerki í minningarflokki um 1100 ára byggð á Íslandi 1974, og vísast þangað um sumt í æviferli hans.

Hallgrímur Pétursson er talinn fæddur árið 1614 að Hólum í Hjaltadal eða þar í grennd. Var faðir hans hringjari á biskupssetrinu hjá Guðbrandi biskupi Þorlákssyni. Hóf hann nám á Hólum, en varð að hætta því og mun þá hafa haldið til Danmerkur. Segir sagan, að hann hafi þar farið að vinna við járnsmíði. Þá hitti Brynjólfur biskup Sveinsson í Skálholti hann og kom honum þaðan í skóla. Um það leyti, sem hann átti að ljúka námi, kom til Kaupmannahafnar hópur Íslendinga, sem leystur hafði verið úr ánaud í Alsír eftir Tyrkjaránið 1627. Hallgrímur var fenginn til þess að rifja upp guðsorð með þessum löndum sínum. Þá kynntist hann Guðríði Símonardóttur, Tyrkja-Guddu, og breytti það öllum högum hans. Héldu þau heim til Íslands og settust fyrst að á Suðurnesjum, en þar gerðist Hallgrímur prestur á Hvalsnesi 1644. Síðan varð hann prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1651 til 1669. Urðu það bestu ár ævi hans.

Sr. Hallgrímur er mesta trúarskáld Íslendinga, og gnæfa þar hæst Passíusálmar hans. Um þá og annað vísast til þess, sem segir við árið 1974.

Á 23 kr. frímerki er mynd af Árna Magnússyni prófessor eftir sr. Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði. Árni fæddist á Kvennabrekku í Dölum 1663. Settist hann í Skálholtsskóla 17 ára gamall og lauk þaðan prófi þremur árum síðar. Hóf hann nám við Kaupmannahafnarháskóla 1683 og lauk prófi í guðfræði 1685.

Næstu ár var hann lengst af í þjónustu fornfræðings konungs. Var hann skipaður aðstoðarmaður í leyndarskjalasafni 1697, en síðan varð hann prófessor í heimspeki og dönskum fornfræðum árið 1701.

Árið 1702 var Árni skipaður í jarðarbókanefndina ásamt Páli varalögmanni Vídalín. Var þeim falið að semja jarðabók yfir Ísland. Gerðu þeir það á næstu árum, og er bókin hin merkasta heimild um hagsögu landsins. Jafnframt tóku þeir allsherjarmanntal á Íslandi, og er það hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Bæði þessi rit voru gefin út snemma á þessari öld.

Árni Magnússon hafði mikinn áhuga á sögu og bókmenntum Íslendinga, en einna þekktastur er hann fyrir bóka- og handritasöfnun sína. Varð honum vel ágengt í þeim efnunum á ferðum sínum um landið og eignaðist að lokum mikið og fágætt bóka- og handritasafn. Árið 1728 missti hann mikið af handritum og nær allar prentaðar bækur í brunanum mikla í Kaupmannahöfn. Hann lést í ársbyrjun 1730.

Árni arfleiddi háskólann í Kaupmannahöfn að öllum handritum sínum og skjölum og stofnaði sjóð bæði til viðhalds safninu og eins til styrktar íslenskum námsmönnum, sem legðu stund á fornfræði. Varð þetta upphaf að Árnastofnun í Kaupmannahöfn og löngu síðar að samsvarandi stofnun á Íslandi.

Á 30 kr. frímerki er mynd af Jóni Eiríkssyni konferensráði. Jón var fæddur í A-Skaftafellssýslu 1728 og af bændaættum. Hann settist í Skálholtsskóla 1743 og var þar í tvo vetur. Fór hann svo utan með Ludvig Harboe haustið 1745, en hann bauðst til þess að kosta Jón til náms. Lauk hann námi við Latínuskólann í Niðarósi 1748, en Harboe var þá biskup í Noregi. Jón lauk lögfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1758. Gerðist hann síðan prófessor í lögum við Háskólann í Sórey og var það til ársins 1771, er hann tók til starfa í rentukammerinu í Kaupmannahöfn. Var hann síðan í ýmsum stjórnardeildum til dauðadags 1787, einkum þó þeim, sem fjölluðu um fjármál og atvinnumál á Íslandi. Reyndist hann þar sem og á öðrum sviðum mikil hjálparhella Íslendinga.

Myndin á frímerkinu er eftir uppdrætti Ólafs Ólafssonar á Kónsbergi að minnismerki um Jón.

Á 50 kr. frímerki er mynd af Einari Jónssyni myndhöggvara. Hann fæddist árið 1874 á Galtafelli í Hrunamannahreppi. Komu snemma fram hjá honum miklir listamannshæfileikar. Hann fór 19 ára gamall til Kaupmannahafnar og var hjá ýmsum kennurum fyrstu árin, en settist svo í Listaháskólann. Árið 1901 vakti hann fyrst athygli á listsýningu í Charlottenborg, þegar hann sýndi þar hið

þekktu verk sitt, Útlagar. Það verk má sjá á tveimur frímerkjum frá árinu 1960. Þetta sama ár var honum veittur styrkur í fyrsta skipti. Hélt hann þá til Ítalíu og annarra landa í Evrópu.

Árið 1917 hélt Einar Jónsson til Bandaríkjanna, þar sem honum hafði verið falið að gera höggmynd af Þorfinni Karlsefni, fyrsta hvíta landnemanum í Ameríku. Líkneski þetta stendur enn í dag í Fairmont-garðinum í Fíladelfíu. Þessi höggmynd er á nokkrum frímerkjum, sem út komu á árunum 1939-1945.

Árið 1920 settist Einar Jónsson að í Reykjavík í húsi því við Skólavörðuholt, sem hann hafði teiknað og ríkisstjórnin og ýmsir einstaklingar kostað og nefnist Hnitbjörg. Þar voru einnig vinnustofur hans, og vann hann síðan að list sinni til dauðadags 1954. Eftir lát hans og konu hans var hús þeirra gert að safni, þar sem verk hans eru til sýnis.

Helga Sveinbjörnsdóttir hannaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu önnuðust Claude Durens (18 kr.), Jean Pheulpin (23 kr.), Georges Bétemps (30 kr.) og Jacques Combet (50 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar, Périgueux, Frakklandi.

1975

Rauði kross Íslands 50 ára



Hinn 15. október kom út 23 kr. frímerki til að minnast 50 ára starfs Rauða kross Íslands, en hann var stofnaður 10. desember 1924. Meðal stofnenda var Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands, en hann varð jafnframt fyrsti formaður félagsins.

Þegar Ísland var orðið sjálfstætt lýðveldi veitti ríkisstjórn landsins félaginu þá viðurkenningu, sem nauðsynleg var samkvæmt alþjóðalögum. Þá fyrst gat Rauði kross Íslands orðið þátttakandi í alþjóðastarfi Rauða krossins.

Deildir Rauða krossins voru þegar í upphafi stofnaðar um land allt. Sjúkraflutningar hófust víða á vegum hans, og eins beitti hann sér fyrir fræðslu um heilbrigðismál. Enn fremur var tekin upp kennsla í hjálp í viðlögum og heima-hjúkrun ásamt ýmsu öðru.

Í síðari heimsstyrjöldinni varð það skylda Rauða krossins að leysa ýmiss konar neyðarvarnaverkefni. Urðu þá um leið tímamót í starfi Rauða kross Íslands. Sennilega er gosið í Vestmannaeyjum 1973 einna stærsta og átakamesta verkefni, sem hann hefur tekið að sér. Þá hefur Rauði kross Íslands tekið virkan þátt í alþjóðlegu hjálparstarfi síðan 1939.

Hilmar Sigurðsson teiknaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Alþjóðakvennaárið



Hinn 15. október kom út annað frímerki. Var það 100 kr. frímerki og tilefnið Alþjóðakvennaárið.

Á þingi Sameinuðu þjóðanna 18. desember 1972 var ákveðið að lýsa árið 1975 sem alþjóðlegt kvennaár (International Woman's Year) í þeim tilgangi að bæta kjör kvenna um allan heim. Einkunnarorð ársins voru: „þróun, jafnrétti, friður“. Af þessu tilefni var þeim tilmælum beint til aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna, að þau gæfu út sérstakt frímerki á árinu.

Málverk eftir listakonuna Nínu Tryggvadóttur, sem ber nafnið Komposition og er frá 1952, var valið sem myndefni íslenska frímerkisins.

Nína Tryggvadóttir fæddist á Seyðisfirði 1913, en ólst upp í Reykjavík. Hún stundaði nám við konunglega listaskólann í Kaupmannahöfn 1935-1939. Árið 1943 fór hún til Bandaríkjanna og settist að í New York. Starfaði hún þar næstu árin. Síðan bjó Nína ýmist í New York eða París og vann þar að list sinni. Hún hélt bæði einkasýningar og tók einnig þátt í fjölmörgum samsýningum. Nína Tryggvadóttir lést 1968.

Frímerkið var hannað af póststjórninni en prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1975

Thorvaldsensfélagið 100 ára



Hinn 19. nóvember kom út 27 kr. frímerki í minningu þess, að Thorvaldsensfélagið varð hundrað ára einmitt þennan dag.

Tildrög stofnunar félagsins voru þau, að 23 konur, sem höfðu unnið saman við undirbúning á móttöku stytta af myndhöggvaranum Bertel Thorvaldsen, sem Danir gáfu Íslendingum í tilefni þjóðhátíðarársins 1874, ákváðu að halda hópinn og starfa saman að velferðar- og líknarmálum. Félagið hefur einkum unnið að líknarmálum barna. Hefur Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins gefið út sérstakt jólamerki allt frá árinu 1913 til tekjuöflunar fyrir sjóðinn.

Mynd frímerkisins er af áðurnefndri stytta myndhöggvarans, en hún var gerð eftir frummynd hans sjálfs. Bertel Thorvaldsen var fæddur 1770 í Kaupmannahöfn og lést þar 1844. Hann var íslenskur í föðurætt.

Helga Sveinbjörnsdóttir hannaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Skógræktarfrímerki



Hinn 19. nóvember kom út annað frímerki, með 35 kr. verðgildi, til þess að minna á skógrækt á Íslandi. Áður höfðu komið út tvö frímerki af sama tilefni árið 1957. Segir við þá útgáfu nokkuð frá upphafi skógræktar á Íslandi, en hún var fest með lögum árið 1907.

Sagt er, að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, þegar landnámsmenn komu hingað. Skógarnir eyddust svo smám saman vegna ágangs búfjár landsmanna og það svo, að víða varð eftir örfoka land. En frá því að skógrækt hófst hér fyrir alvöru í upphafi aldarinnar, hefur víða náðst góður árangur. Þykir sýnt, að hér á landi geti vaxið nytjaskógur.

Friðrika Geirsdóttir hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1976

Ásgrímur Jónsson 100 ára



Hinn 18. mars var gefið út 150 króna frímerki. Tilefnið var það, að um þær mundir var öld liðin frá fæðingu eins kunnasta listmálara Íslendinga, Ásgríms Jónssonar. „Þótti því viðeigandi að gefa út frímerki með mynd af einu af málverkum hans,“ eins og segir í tilkynningu pósthjónarinnar.

Ásgrímur Jónsson fæddist 4. mars 1876. Komu snemma í ljós listrænir hæfileikar hans. Þrátt fyrir fátækt og aðra erfiðleika hafði Ásgrímur ákveðið þegar innan við tvítugt að helga sig listinni. Varð hann fyrsti Íslendingurinn, sem einvörðungu fékkst við málalíst.

Ásgrímur hélt til Danmerkur 1897 og stundaði þar nám næstu fjögur árin. Var hann þrjú seinni árin á Charlottenborg listaakademíunni. Árið 1903 hélt hann fyrstu málverkasýningu sína á Íslandi, og fjórum árum síðar veitti Alþingi honum styrk til Ítalíuferðar.

Myndefni Ásgríms eru flest úr íslenskri náttúru og flest forkunnarfögur og því mjög eftirsótt af söfnum og söfnurum. Einkum eru þekkt málverk úr Húsafellsskógi, en við þann stað tók hann ástfóstur. Málverk það, sem prýðir frímerkið, er einmitt frá þeim stað og sýnir Langjökul úr Húsafellsskógi.

Ásgrímur lést 1958 og hafði þá arfleitt íslenska ríkið að miklum hluta málverka sinna ásamt húsi sínu í Reykjavík. Þar er nú Ásgrímssafn, sem opið er almenningi.

Frímerkið var hannað hjá pósthjónninni en prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Nytjalist



Hinn 3. maí komu út tvö frímerki í þessum flokki frímerkja Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Sameiginlegt myndefni var að þessu sinni svonefnd nytjalist. Íslenska pósthjóninn valdi á frímerki sín tvo hluti, sem höfðu um lengri eða skemmri tíma verið snar þáttur í lífi íslensku þjóðarinnar.

Á 35 kr. frímerkinu er mynd af útskornum aski. Askur var um aldir og jafnvel fram á 20. öld það matarilát, sem spónamatur var borinn í. Í bókinni Hundrað ár í þjóðminjasafni eftir dr. Kristján Eldjárn, síðar forseta Íslands, er stutt, en fróðleg grein um askinn. Þar segir m.a. þetta: „Þeir Íslendingar eru nú orðnir fáir, sem matast hafa úr aski, en hinum fjölgar jafnt og þétt, sem ekki einu sinni vita, hvað orðið merkir. Þess er þó ekki langt að minnast, að spónamatur var etinn úr öskum um allt Ísland, hver maður átti sinn ask og sinn spón, háir sem lágir.“ Askur eða askviður var tré, sem var algengt í fornöld og margt smíðað úr honum. Smám saman mun merking orðsins hafa þrengst og einkum tengst tiltekinni gerð stafailáta, mataraskinum. Þrátt fyrir nafnið munu askar ekki almennt hafa verið smíðaðir úr aski, heldur, eins og Kristján Eldjárn segir, úr venjulegri furu, en asklokin stundum úr birki. „Útskurður er næstum því aldrei á askinum sjálfum,“ segir Kristján Eldjárn, „en lokið er aftur á móti ætíð útskorið, annaðhvort með rósaverki í venjulegum íslenskum stíl eða svonefndum skipaskurði...“ ... „Annars er lokið kúpt og kringlótt og fylgir barminum.“ ... „Á tvo gagnstæða stafi asksins eru telgd tvö handarhöld, sem nefndust eyru.“ Þá segir Kristján Eldjárn þetta: „Askurinn er handhægur í meðförum, þægilegt að bera í honum mat, og vel er hann til þess fallinn að sitja með hann í knjám, enda mataðist hver maður í bænum, þar sem hann var kominn á rúmi sínu. ... Lag hans er mótað við gömul húsakynni og heimilishætti.“ „Á asklokinu eru oft fangamörk og ártöl.“ Ekki munu hafa varðveist askar hér á landi eldri en frá 19. öld, og raunar er lítið vitað um sögu asksins frá fyrri tíð.

Á 45 kr. frímerkinu er mynd af þeirri tegund rokka, sem band var spunnið á, héraendis frá síðari hluta 18. aldar og allt fram á okkar daga. Allt frá landnámsöld hafði verið spunnið á svonefnda halasnældu fram á 18. öld. Fáein dæmi þekkjast um svokallaða hjólrokka á Íslandi snemma á 18. öld, en það er ekki fyrr en um miðja þá öld, sem þeir fara að berast hingað að nokkru ráði. Algengir urðu þeir svo ekki fyrr en á 19. öld. Talið er, að rokkur, knúinn með hjóli, hafi verið fundinn upp á Indlandi einhvern tímann á bilinu frá 500 f. Kr. til 750 e. Kr. Um þetta munu sagnfræðingar þó ekki sammála, hvorki um stað né tíma. Vitað er um hjólrokka í Þýskalandi í lok 13. aldar, og af myndum að dæma í enskum handritum eru þeir komnir til Englands á 14. öld. Þótti mikill flýtisauki að spinna á hjólrokk fremur en á halasnældu. Þessi tegund barst hingað frá Danmörku í byrjun 18. aldar og nefndist skotrokkur, enda var danska heitið skotrok. Þessir rokkar voru allir handsnúnir og með hliðarhjóli. Talið er, að fótstignir rokkar hafi orðið algengir í Evrópu á síðari hluta 17. aldar. Gerð sú, sem sést á þessu frímerki, nefndist spunarokkur eða einnig standrokkur, og var snælduumbúnaðurinn ofan við rokkhjólíð. Þessi gerð varð einráð hér á 19. öld, enda hefur enginn skotrokkur varðveist héraendis. Þeir voru hins vegar notaðir í Innréttingum Skúla Magnússonar fógeta í Reykjavík. Ég hygg, að almenningur hafi einvörðungu notað ósamsetta heitið rokkur um þessa síðustu gerð hjólrokka.

Frímerki þessi voru hönnuð og prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Póstþjónusta á Íslandi 200 ára



Hinn 22. september komu út tvö frímerki til að minnast þess, að þá voru liðin tvö hundruð ár frá því, er tilskipun um pósthæðir á Íslandi var gefin út. Var þetta gert í beinu framhaldi af störfum og tillögum Landsnefndarinnar svokölluðu, sem skipuð hafði verið 1770 til þess að kanna landshagi. Skyldi hún jafnframt koma með tillögur til umbóta í atvinnulífi landsmanna.

Þessi tilskipun um pósthæðir var merkur atburður í sögu lands og þjóðar. Póstþjónustan var skipulögð þannig, að stiftamtmaðurinn á Bessastöðum, æðsti embættismaður Danakonungs, stjórnaði henni, en sýslumenn, 18 að tölu, önnuðust póstafræiðsluna úti um landið. Þannig urðu pósthæðvar í upphafi samtals 19. Voru ákveðnar þrjár pósthæðir á ári til Bessastaða, frá Austur-, Norður- og Vesturlandi. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir pósthæðum frá Bessastöðum út á land.

Aftur á móti komst þessi skipan pósthæða í raun fyrst í framkvæmd árið 1782, er fyrsta pósthæðin var farin af Vesturlandi. Þetta sama ár var tilskipunin fyrst prentuð í Hrapsey og gefin út.

Á 35 kr. frímerki er mynd af titilblaði tilskipunarinnar og á 45 kr. frímerki niðurlagsorð hennar ásamt undirskriftum.

Frímerki þessi teiknaði Stefán Jónsson, en þau voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku pósthæðarinnar, Perigieux, Frakklandi.

1976

Aurafrímerkin 100 ára



Hinn 22. september kom einnig út 30 kr. frímerki til að minnast þess, að á því ári voru rétt hundrað ár liðin, síðan svonefnd aurafrímerki voru gefin út. Þau leystu fyrstu íslensku frímerkin, skildingafrímerkin, af hólmi 1. ágúst 1876. Var það í samræmi við myntbreytinguna, sem tók gildi hér á landi 1. janúar 1875.

Frímerkið hannaði Helga Sveinbjörnsdóttir. Frímerkið sýnir fjórblokk af 5 aura frímerki, bláu að lit, stimplaða með Reykjavíkurstimpli, svonefndum antikastimpli. Átti hann að sýna þá dagsetningu, þegar aurafrímerkin tóku gildi. Því miður slæddist hér inn sú villa, að það hafi verið 1/7 (1876), en ekki 1/8, sem er hin rétta dagsetning.

Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Alþýðusamband Íslands 60 ára



Hinn 2. desember kom út 100 kr. frímerki í minningu þess, að Alþýðusamband Íslands (ASÍ) varð 60 ára á árinu.

Alþýðusambandið var stofnað 12. mars 1916. Var það upphaflega allsherjar-samtök verkamanna-, iðnaðarmanna- og sjómannafélaga. Samkvæmt fyrstu lögum sambandsins, var tilgangur þess „að koma á samstarfi meðal íslenskra alþýðumanna, sem reist er á grundvelli jafnaðarstefnunnar og miði að því að efla og bæta hag alþýðu andlega og líkamlega.“ Jafnframt var tekið fram í lögum þess „að kjósa til opinberra starfa fyrir bæjarfélög og sveitarfélög og landið allt eingöngu menn úr sambandinu, sem fylgi hiklaust og í hvívetna stefnuskrá sambandsins.“ Þannig var Alþýðusambandið í upphafi bæði verkalýðssamtök og stjórnmalaflokkur. Árið 1940 var svo ákveðið að skilja að stjórnmalastarf og kjaramál. Eftir það hefur Alþýðusambandið einvörðungu verið stéttarsamband.

Á vegum Alþýðusambandsins er Menningar- og fræðslusamband alþýðu, sem annast fræðslumál, og Listasafn Alþýðusambandsins, sem varðveitir stórt málverkasafn, gjöf Ragnars Jónssonar bókaútgefanda. Alþýðusamband Íslands er aðili að Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga, Evrópusambandi verkalýðsfélaga og Norræna verkalýðssambandinu.

Frímerki þetta hannaði Edda Sigurðardóttir en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1977

Norðurlandafrímerki – Náttúruvernd



Hinn 2. febrúar gáfu póststjórnir Norðurlandanna út frímerki til þess að minnast 25 ára afmælis Norræna ráðsins. Sameiginlegt þema var náttúruvernd: Loft og vatn. Myndefnið voru fimm vatnaliljur, sem tákna Norðurlöndin fimm.

Frímerki íslensku póststjórnarinnar voru tvö: 35 kr. og 45 kr.

Þetta var í fjórða skipti, sem póststjórnir Norðurlanda gáfu út Norðurlandafrímerki með sama myndefni og á sama útgáfudegi. Áður höfðu komið úr Norðurlandafrímerki árið 1956, 1969, 1973.

Ingrid Jangaard Ousland frá Noregi hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í offset og stáldjúpþrykki hjá Seðlaprentsmiðju Finnlandsbanka (Suomen Pankin Setelipaino) í Helsinki.

Evrópufrímerki – Landslag



Hinn 2. maí komu út tvö Evrópufrímerki í flokki frímerkja Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Var það í 18. skipti, sem Ísland tók þátt í þessum frímerkjaflokki. Þemað var að þessu sinni landslag.

Á 45 kr. frímerkinu er ljósmynd af Ófærufossi í Eldgjá sem Rafn Hafnfjörð tók.

Eldgjá er mikil furðusmíð íslenskrar náttúru og ein hin stórfenglegasta. Hún er um 40 km löng og nær frá Gjátindi suðvestur undir Mýrdalsjökul. Er hún stórbrotnust á veginum, sem liggur yfir hana, Landmannaleið, og norður í Gjátind. Nyrðri-Ófæra fellur ofan í gjána úr vestri, í tveimur fallegum fossum, Ófærufossum. Yfir neðri fossinum var sérkennilegur steinbogi, sem sést vel á frímerkinu, en heyrir nú sögunni til, því að hann hrundi í vatnavöxtum árið 1993.

Á 85 kr. frímerkinu er ljósmynd af Kirkjufelli við Grundarfjörð sem Gunnar Hannesson tók.

Kirkjufell er eitt af sérkennilegustu og fegurstu fjöllum á Snæfellsnesi. Sagt er, að það sé gengt fyrir sæmilega góða fjallgöngumenn. Vestan við Kirkjufell er annað fjall, Stöðin. Bæði þessi fjöll eru slitin frá meginfjallgarði Snæfellsness. Lætur nærri, að sjór flæði yfir eiðin fyrir ofan þau. Danskir farmenn kölluðu Kirkjufellið eftir lögun sinni Sukkertoppen.

Þröstur Magnússon hannaði bæði þessi frímerki. Þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1977

Votlendisár Evrópu



Hinn 14. júní kom út 40 kr. frímerki í sameiginlegu átaki þjóða Evrópuráðsins (Council of Europe) í Strassborg til þess að vekja athygli manna og skilning á mikilvægi votlendis og nauðsyn á verndun þess, en herferðin gekk undir heitinu „European Wetlands Campaign“

Myndefni frímerkisins er straumönd (*Histrionicus histrionicus*). Hún er táknræn fyrir Ísland, þar sem hún verpir hvergi í Evrópu nema þar. Straumöndin er með fegurstu votlendisfuglum. Stofn hennar er svo lítil, að hún telst til þeirra fuglategunda, sem áhersla er lögð á að vernda.

Ástmar Ólafsson hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Samband íslenskra samvinnufélaga 75 ára



Hinn 14. júní kom út annað frímerki, 60 kr., af því tilefni, að Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) varð 75 ára á árinu.

Sambandið, eins og það var venjulegast nefnt, var stofnað 20. febrúar 1902 eða réttum 20 árum síðar en elsta kaupfélag landsins, Kaupfélag Þingeyinga, var stofnað. Var Sambandið stofnað af því og tveimur öðrum kaupfélögum. Átti það fyrst og fremst að styrkja samstarf aðildarfélaganna og útbreiða samvinnuhugsjónina. Það sendi samt öðru hverju menn utan til þess að annast sauðasölu. Sambandið opnaði sölu- og innkaupaskrifstofu í Kaupmannahöfn árið 1915 og ári síðar aðalskrifstofu á Akureyri. Hún fluttist síðan til Reykjavíkur 1917.

Þegar Sambandið var orðið 75 ára, voru innan þess 49 kaupfélög með um 40 þúsund félagsmenn. Starf þess var þá orðið mjög viðamikil, og skiptist niður á átta deildir, sem hver um sig annaðist hinn margbreytta rekstur Sambandsins.

Samstarfsfyrirtæki Sambandsins og kaupfélaganna voru orðin mörg og gegndu mikilsverðu hlutverki innan samvinnuhreyfingarinnar. Má þar m. a. nefna Samvinnubanka Íslands hf., Samvinnutryggingar g.t. og Olúfélagið hf. Þá hafði hreyfingin stofnsett ferðaskrifstofu, Samvinnuferðir. Eins hafði Sambandið haslað sér völl í Bandaríkjunum með fyrirtækinu Iceland Products Inc., en það rekur fiskréttaverksmiðju og selur íslenskar sjávarafurðir.

Á frímerkinu er íslenska samvinnumerkið, sem er sameiginlegt tákni Sambandsins, kaupfélaganna og samstarfsfyrirtækja þessara aðila.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið, sem var prentað í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1977

Alþjóðlegt gigtarár



Hinn 16. nóvember kom út 90 kr. frímerki. Tilefni þess var það, að Alþjóðasamband gigtarfélaga (International League Against Rheumatism, ILAR) og Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (World Health Organization, WHO) höfðu ákveðið að tileinka árið 1977 baráttunni við gigtarsjúkdóma. Var árið nefnt Alþjóðlegt gigtarár (International Rheumatism Year). Af því tilefni voru víða um heim gefin út sérstök frímerki.

Þessar stofnanir vildu með þessu vekja athygli á gigtarsjúkdómum og um leið efla rannsóknir á þeim og stuðla að bættri meðferð gigtsjúkra. Svo sem kunnugt er, eru gigtarsjúkdómar algengasta orsök fötlunar.

Á frímerkinu eru sýndar gigtarlækningar í heitri laug, en þær lækningar hafa einmitt reynst árangursríkar hér á landi.

Friðrika Geirsdóttir hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Ferðafélag Íslands 50 ára



Hinn 12. desember kom út 45 kr. frímerki. Tilefni þess var það, að Ferðafélag Íslands varð 50 ára á árinu.

Myndefni frímerkisins er varða á fjölfarinni öræfaleið og jökull í baksýn.

Markmið Ferðafélagsins hefur frá upphafi verið það að greiða fyrir því, að Íslendingar geti kynnst sínu eigin landi. Hefur aðalstarf þess falist í því að skipuleggja lengri og skemmri ferðir um byggðir og óbyggðir landsins. Þá hefur það beitt sér fyrir byggingu sæluhúsa víðs vegar í óbyggðum. Voru þau orðin 19 á fimmtíu ára afmæli félagsins. Félagið hóf útgáfu sérstakrar árbókar þegar árið 1928 og hefur gert svo æ síðan. Eru þessar árbækur hin besta heimild um Ísland, bæði í byggðum þess sem og óbyggðum.

Af sjálfu sér leiðir, að félagsmenn eru flestir í Reykjavík og nágrenni þess. Smám saman fjölgar þeim einnig úti á landsbyggðinni, enda er keppikefli Ferðafélags Íslands að ná til allra landsmanna með þjónustu sína.

Frímerkið hannaði Þröstur Magnússon en ljósmyndina tók Grétar Eiríksson. Myndgröftur frímerkjanna og prentun í stáldjúpprykki fór fram hjá prentsmiðju svissnesku pósthjónunarinnar (Imprimerie des PTT) í Berne í Sviss. Í tilkynningu pósthjónunarinnar með útgáfunni nr. 9/1977 segir að prentun frímerkjanna hafi farið fram hjá Hélio Courvoisier og Imprimerie des PTT. Það sem er rétt í þessu máli er að Hélio Courvoisier fór með verkið fyrir hönd íslensku pósthjónunarinnar og réði Imprimerie des PTT sem undirverktaka enda voru aldrei prentvélar hjá Hélio Courvoisier sem gátu prentað í stáldjúpprykki (Ingalio) og því varð að fá aðra prentsmiðju til verksins.

1978

Merkir Íslendingar



Hinn 8. mars komu í annað skipti út frímerki í flokki þeim, sem nefnist Merkir Íslendingar og hóf fyrst göngu sína árið 1975. Að þessu sinni komu út tvö frímerki til að minnast tveggja brautryðjenda í íslensku þjóðlífi.

Á 50 króna frímerkinu er mynd af Þorvaldi Thoroddsen, náttúru- og landfræðingi, sem varð heimskunnur í fræðigreinum sínum. Þorvaldur var sonur Jóns Thoroddsens, sýslumanns og skálds, en bróðir hans var Skúli, sem kom mjög við íslenska stjórnmalasögu fyrir og eftir aldamótin 19. hundruð.

Þorvaldur var fæddur 1855 í Flatey á Breiðafirði, en ólst að mestu upp í Reykjavík. Hann varð stúdent frá Lærða skólanum 1875 og hélt þá til náms í náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Það nám stundaði hann til 1880. Á námsárum sínum tók hann þátt í náttúru- og rannsóknarleiðangri F. Johnstrups prófessors til Dyngjufjalla og á Mývatnsöræfum sumarið 1876 eftir Öskjugosið 1875.

Frá 1880 kenndi Þorvaldur um nokkur ár hér á landi, en dvaldist óslitið í Kaupmannahöfn frá 1895. Hann varð prófessor að nafnbót við Hafnarháskóla 1902 og heiðursprófessor við Háskóla Íslands 1921.

Þorvaldur Thoroddsen ferðaðist um Ísland flest sumur frá 1882-1898 við allhliða rannsóknir á landinu. Var hann hér að mestu brautryðjandi á þessu sviði. Ritaði hann fjölda greina um þessar rannsóknir í íslensk og erlend tímarit. Kunnust ritverka hans og stórvirki á sínu sviði er Ferðabók og Lýsing Íslands, hvort tveggja í fjórum bindum.

Þorvaldur var í mörgum landfræði- og vísindafélögum víða um heim og heiðursfélagi í mörgum þeirra.

Kona Þorvalds var Þóra, dóttir Péturs Péturssonar biskups og síðari konu hans, Sigríðar Bogadóttur. Þorvaldur Thoroddsen lést árið 1921.

Á 60 kr. frímerkinu er mynd af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, en hún var brautryðjandi í réttindabaráttu kvenna á Íslandi.

Bríet var fædd árið 1856 og Vestur-Húnavetningur að uppruna. Hún lærði í kvennaskólanum að Laugalandi, en dvaldist svo í Reykjavík 1884-85. Þá skrifaði hún fyrst íslenskra kvenna grein um réttindi kvenna í blaðið Fjallkonuna, en undir dulnefni. Árið 1887 fluttist hún alkomin til Reykjavíkur og flutti það ár fyrsta opinbera fyrirlesturinn um menntun og réttindi kvenna. Þau mál voru henni hugleikin alla ævi. Þegar hún hófaráttu sína fyrir réttindum kvenna, voru aðrir skólar en kvennaskólar lokaðir konum. Árið 1911 voru fyrir atbeina Bríetar samþykkt lög á Alþingi um jafnan rétt kvenna og karla til náms og embætta.

Bríet stóð að stofnun Hins íslenska kvenfélags 1894, en baráttumál þess voru réttindamál kvenna og enn fremur háskólastofnun. Hún stofnaði Kvennablaðið 1895 og var ritstjóri þess. Gaf hún það út í 25 ár. Jafnframt gaf hún út um tíma barnablað í tengslum við Kvennablaðið. Hún ritaði ljóst og lipurt mál. Þá stóð hún að stofnun Blaðamannafélags Íslands 1897 og löngu síðar að stofnun Verkakvennafélagsins Framsóknar eða árið 1914. Er það fyrsta stéttarfélag kvenna á Íslandi. Árið 1907 stofnaði Bríet Kvenréttindafélag Íslands og var formaður þess fyrstu tuttugu árin.

Árið 1908 hlutu konur kosninga- og kjörgengisrétt til sveitastjórna á Íslandi samkvæmt lögum frá Alþingi 1907. Komu konur þá fram með sérstakan lista við bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík í upphafi árs 1908, og fékk hann flest atkvæði. Komust þá allar þær fjórar konur, sem listann skipuðu, í bæjarstjórn, og var Bríet Bjarnhéðinsdóttir ein þeirra. Var hún bæjarfulltrúi í tíu ár. Hún barðist alla ævi fyrir kosningarétti, kjörgengi og jöfnum rétti kvenna til menntunar og starfa til jafns við karla.

Árið 1888 giftist Bríet Valdimar Ásmundarsyni, ritstjóra Fjallkonunnar, sem var kunnur maður á sinni tíð. Eignuðust þau tvö börn, sem urðu kunnir borgarar. Valdimar lést árið 1902, en Bríet árið 1940.

Teikningarnar á frímerkjunum voru unnar af póststjórninni eftir ljósmyndum en myndgröft þeirra í stálstungu annaðist Eugène Lacaque. Hönnun frímerkjana, og prentun í stáldjúpþrykki fór fram hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar, í Périgou, Frakklandi.

1978

Evrópufrímerki – Merkisbyggingar



Hinn 2. maí komu út tvö Evrópufrímerki í flokki frímerkja Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Hið sameiginlega myndefni landanna voru merkisbyggingar.

Á 80 kr. frímerkinu er mynd af Viðeyjarstofu. Var hún reist á árunum 1752-54 að frumkvæði Skúla Magnússonar sem embættisbústaður landfógeta. Uppdrætti að honum gerði hirðarkitekt Danakonungs, Nicolai Eigtved, sem var víðkunnur arkitekt á sínum tíma. Hann gerði m.a. uppdrætti að Amalúborg, konungshöll Dana í Kaupmannahöfn. Í upphafi var gert ráð fyrir, að Viðeyjarstofa yrði tvær hæðir, en frá því var horfið. Er hún elsta hús í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Viðeyjarstofa brýtur blað í sögu húsagerðar á Íslandi. Hún er fyrsta steinhúsið og um leið langstærsta íveruhús á þeim tíma. Verður hún þess vegna talin með merkustu byggingum á Íslandi.

Viðeyjarstofa hefur hýst marga valdamestu menn á Íslandi á sinni tíð, en þar urðu kunnastir auk Skúla fógeta þeir feðgar Ólafur Stefánsson stiftamtmaður og Magnús Stephensen dómstjóri og konferensráð. Var Viðey í eign ættar þeirra til 1903. Byggð lagðist niður í eygni um 1970, en árið 1978 var hún lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Frá árinu 1986 varð hún ásamt Viðeyjarstofu og kirkju eign Reykjavíkurborgar, sem hefur endurreist eyna og staðinn mjög myndarlega.

Á 120 kr. frímerkinu er mynd af Húsavíkurkirkju, sem er svonefnd krosskirkja. Var hún reist á árunum 1906-1907 úr norsku timbri eftir teikningu fyrsta íslenska húsameistarans, Rögnvalds Ólafssonar og margir telja að Húsavíkurkirkja sé hans fegursta verk og lofi meistara sinn. Er hún jafnframt fyrsta verk hans. Kirkjan rúmar um 450 manns í sæti. Turn kirkjunnar er um 26 metra hár og stendur í norðvesturhorni hennar. Þar er gengið inn í kirkjuna, en ekki eftir miðju hennar.

Pröstur Magnússon hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Innanlandsflug 50 ára



Hinn 21. júní komu út tvö frímerki í minningu þess, að þá voru liðin fimmtíu ár frá því er reglubundið áætlunarflug með farþega og pósti hófst frá Reykjavík til nokkurra stærstu staða á landinu. Flugvél hóf sig fyrst á loft á Íslandi 1919, og hafði pósthjónin minnst þess atburðar með frímerkjaútgáfu bæði árið 1959 og 1969. Vísast til þess, sem þar segir m.a. um flugferðir þær, sem hófust árið 1928 fyrir tilstilli Flugfélags Íslands, sem þá var stofnað og hið annað í röðinni.

Samningur var gerður milli Flugfélagsins og pósthjónarinnar um pósthjónninga og birtur í maí 1928. Samkvæmt honum skyldi Flugfélagið fljúga með flugpósthjónningar allt að 50 kg fimm daga í viku. Þessar flugferðir hófust 4. júní, og var þá farið til Akureyrar með viðkomu á Ísafirði og Siglufirði. Fáum dögum síðar hófust svo flugferðir til Stykkishólms og Vestmannaeyja. Sérstakt viðbótargjald var tekið fyrir flugpóst. Voru það 10 aurar fyrir almennt bréf að 20 g. Var 10 aura rautt frímerki úr útgáfu Kristjáns X. frá 1920 yfirprentað með flugvél notað í þessu skyni. Árið eftir var svo 50 aura frímerki úr útgáfunni Tveir kóngar frá 1907 yfirprentað á sama hátt.

Á 60 kr. frímerkinu, sem kom út af þessu tilefni, sést Junkers-flugvél sem notuð var fyrir fimmtíu árum. Á þessu frímerki er einnig mynd af dr. Alexander Jóhannessyni prófessor, en hann var forgöngumaður að stofnun Flugfélags Íslands og formaður þess og framkvæmdastjóri meðan það starfaði til ársins 1931. Dr. Alexander fékk snemma mikinn áhuga á flugmálum og ritaði mikið um þau efni á þessum árum. Hann fæddist árið 1888 á Gili, ekki langt frá Sauðárkróki. Á aldarafmæli hans 1988 var flugvöllur þeirra Skagfirðinga við Sauðárkrók nefndur Alexandersflugvöllur til heiðurs honum.

Á 100 kr. frímerkinu má sjá Fokker Friendship flugvél sem reynst hefur mjög vel í innanlandsflugi hérlendis og hefur verið í notkun um langa hríð.

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1978

Brúarmannvirki – Skeiðarárbrú



Hinn 17. ágúst kom út 70 kr. frímerki til þess að minnast hins mikla áfanga í vegagerð Íslendinga, þegar lokið var smíði brúar yfir Skeiðará á Skeiðarársandi. Skeiðarárbrú er einbreið stálbitabrú á steiptum stöplum. Framkvæmdir hófust í september 1972 og brúin var vígð 14. júlí 1974. Með henni var lokið gerð hringvegur um Ísland sem markvisst hafði verið stefnt að frá 1967. Brúin þótti verkfræðilegt afrek á sínum tíma enda reist á djúpum sandi yfir síbreytilegan árfarveg sem reglulega verður fyrir jökulhlaupum. Brúin er þar að auki lengsta brú Íslands, 880 metra löng. Á brúnni eru 5 útskot til mætingar.

Með þessari brúargerð styttist leið íbúa Suðausturlands til Suðurlands og Reykjavíkur til mikilla muna. Um leið jókst mjög ferðamannastraumur kringum landið.

Ottó Ólafsson hannaði frímerkið, en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Málaralist – Hraunteigur við Heklu



Hinn 16. nóvember gaf póststjórnin út 1000 kr. frímerki með mynd af málverki eftir Jón Stefánsson listmálara, sem nefnist Hraunteigur við Heklu. Er það málað um 1936 með olíulitum á léreft. Reykjavíkurborg á þetta málverk.

Þetta er skógarteigur við Ytri-Rangá, austur af Galtalæk. Þarna er jarðvegur djúpur og hraun undir. Skógurinn er fagur ásýndum og útsýni er mikið á þeim slóðum. Báðum megin við Hraunteig falla silfurtær vötn með fossum og flúðum.

Jón Stefánsson fæddist á Sauðárkróki 1881 og lést í Reykjavík 1962. Hann varð stúdent frá Lærða skólanum árið 1900 og hélt þá til Kaupmannahafnar. Hóf hann þá verkfræðinám við háskólann, en hvarf fljótlega frá því og sneri sér að málaralist. Var við það nám frá 1902-1918. Árið 1919 komu málverk hans fyrst fram á sýningu og vöktu mikla athygli. Framan af málaði Jón einkum mannamyndir og blómamyndir, en sneri sér síðar að landslagsmyndum. Varð hin stórbrotna íslenska náttúra aðalviðfangsefni hans. Hann málaði ekki heldur annað landslag en íslenskt.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1978

Slysavarnafélag Íslands 50 ára



Hinn 1. desember kom út 60 kr. frímerki í minningu þess, að Slysavarnafélag Íslands - SVFÍ - hafði verið stofnað í Reykjavík 29. janúar 1928. Hafði Fiskifélag Íslands forystu um stofnun félagsins. Í upphafi var tilgangur Slysavarnafélagsins að koma í veg fyrir sjóslys og drukknanir og í því sambandi að afla björgunartækja til notkunar á sjó og landi.

Árið 1937 voru einnig slysavarnir á landi teknar á stefnuskrá félagsins. Fljótlega voru deildir stofnaðar utan Reykjavíkur. Sérdeildir kvenna voru snemma stofnaðar innan SVFÍ, en þær hafa unnið mikið og gott starf. Þegar félagið varð fimmtugt, voru félagsmenn yfir 30 þúsund og deildir þess um 200. Þá starfrækti það 44 skipbrotsmannaskýli.

Björgun manna úr sjávarháska var frá fyrstu tíð meginviðfangsefni björgunarsveita SVFÍ. Starfrækir það því fluglínustöðvar um allt land.

Á frímerkinu, sem Þröstur Magnússon teiknaði og byggir á ljósmyndum Óskars Gíslasonar ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanns, sést einmitt björgun úr strönduðum togara með fluglínu. Eins og kunnugt er gerði Óskar Gíslason heimildarkvikmynd árið 1948 um hið frækilega björgunarafrek við Látrabjarg þegar breski togarinn Dhoon strandaði þar í aftakaveðri í desember 1947, en einnig á björgun skipverja togarans Sargon ári síðar. Byggir Þröstur hönnun sína á þessum válegu atburðum.

Myndgröft frímerkisins í stálstungu annaðist Eugène Lacaque en það var prentað í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Vitar á Íslandi 100 ára



Hinn 1. desember kom út annað frímerki, 90 kr., til að minnast þess, að á því ári voru liðin nákvæmlega eitt hundrað ár frá því, er kveikt var á fyrsta ljósvita landsins, Reykjanesvita.

Reykjanesvitinn eldri var reistur á Valahnúki, alveg fram við sjó. Byggingin var áttstrendur turn, gerður úr höggnu grjóti og um tíu metra hár. Ljóstækin voru 15 olfulampar, hver með sínum spegli. Þarna var vitinn í tæp 30 ár. Árið 1908 var kveikt á nýjum vita á svonefndu Bæjarfelli. Ástæðan fyrir flutningnum var sú, að mjög var tekið að hrynja úr Valahnúki.

Vitastjórn Íslands rak á aldarafmæli Reykjanesvitans 118 ljósvita, 14 radíóvita, tvo hljóðvita og þrjá radarsvara. Er meginhluti vitanna sjálfvirkur. Fyrir siglingaþjóð eins og Íslendinga er vitakerfið mjög mikilvægt hjálpartæki sjómanna og ómissandi öryggisbúnaður.

Reykjanesviti er einn mikilvægasti viti landsins. Þess vegna réð engin tilviljun því, að þar var fyrsti viti landsins reistur við fjölförnustu siglingaleiðina og jafnframt eina hina hættulegustu.

Frímerkið teiknuðu Ottó Ólafsson og Miles Parnell. Á því sést viti sá, sem reistur var 1878. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1978

Merkir Íslendingar



Hinn 1. desember kom út enn eitt frímerki, 150 kr., í floknum Merkir Íslendingar með mynd Halldórs Hermannssonar, prófessors og bókavardar við Cornell-háskólann í Íþöku í Bandaríkjunum. Á þessu ári var öld liðin frá fæðingu hans.

Halldór var fæddur 6. janúar 1878 á Velli í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sonur sýslumannsins þar, Hermannusar E. Johnson og konu hans, Ingunnar Halldórsdóttur. Halldór varð stúdent frá Lærða skólanum 1898 og hóf laganám um haustið við Hafnarháskóla. Árið eftir skipaðist svo, að hann hvarf frá námi og réðst suður til Flórenz á Ítalíu í þjónustu Williards Fiskes, fyrrum prófessors og yfirbókavardar við Cornell-háskólann. Hafði Fiske þá um mörg ár helgað sig einvörðungu bókasöfnun og átti m.a. geysimikið og merkilegt safn íslenskra bóka. Skyldi Halldór vinna við þetta safn. Fór svo, að hann fylgdi því eftir æ síðan.

Williard Fiske ánafnaði Cornell-háskóla bókasafn sitt, en hann lést árið 1904. Fluttist Halldór Hermannsson þá með safninu vestur um haf og settist að í Íþöku í New York ríki. Veitti hann því síðan forstöðu til ársins 1948. Gerðist hann mjög mikilvirkur rithöfundur og útgefandi á vegum safnsins, einkum í safnritinu *Islandica*. Auk þess gaf hann út í þremur áföngum prentaða skrá um Fiske-safnið.

Halldór kenndi íslensku og Norðurlandamál við háskólann í Íþöku um 40 ára skeið. Einkum lagði hann áherslu á íslenska tungu og bókmenntir í kennslu sinni.

Halldór Hermannsson var um sína daga einn merkasti útvörður íslenskrar menningar, sívökull og sístarfandi. Er óvíst, að annar maður hafi fyrr eða síðar unnið slíkt kynningarstarf í þeim efnunum sem hann. Halldór lést árið 1958.

Myndgröft frímerkisins í stálstungu annaðist Pierre Béquet. Frímerkið var hannað, og prentað í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar, í Périgueux, Frakklandi.

1979

Evrópufrímerki – Póst- og símaþjónusta



Hinn 30. apríl komu út tvö fyrstu frímerki ársins, Evrópufrímerki. Á því ári var þess minnst, að 20 ár voru liðin síðan Evrópuráð pósts og síma, CEPT, var stofnað. Þá var m.a. ákveðið að leggja það til, að aðildarlönd CEPT gæfu út árlega svonefnd Evrópufrímerki með sameiginlegu myndefni. Var svo lengi vel en árið 1974 var þessu breytt á þann veg, að löndin fylgdu ákveðnu þema, sem kallað er, en réðu sjálf myndefninu hverju sinni.

Á þessu afmælisári var ákveðið, að aðildarfélögin gæfu út frímerki með sameiginlegu myndefni úr sögu póst- og símaþjónustu.

Á 110 kr. frímerkinu sést talsímatæki, eins og var í notkun á Íslandi í eina tíð.

Á 190 kr. frímerkinu má sjá póstlúður og pósttösku frá fyrri tíð.

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Merkir Íslendingar



Hinn 3. júlí komu út tvö frímerki í flokknum Merkir Íslendingar. Var að þessu sinni valið að heiðra tvær konur, sem komu mjög við menningarlíf Íslendinga á sínum tíma, hvor með sínum hætti.

Á 80 kr. frímerki er mynd af Ingibjörgu H. Bjarnason, skólastýru og alþingismanni. Hún var fædd á Þingeyri við Dýrafjörð 1867. Ingibjörg lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1882. Síðan stundaði hún framhaldsnám í Kaupmannahöfn og kynnti sér svo skólahald í Þýskalandi og Sviss. Að því loknu gerðist hún kennari við Kvennaskólann og varð svo skólastýra hans eftir frú Þóru Melsteð árið 1906. Gegndi hún því starfi til dánardægurs 1941. Ingibjörg H. Bjarnason var formaður Landsspítalasjóðsnefndar 1915 og barðist ótrauð fyrir byggingu Landsspítalans ásamt fjölmörgum öðrum konum. Þá varð hún alþingismaður árið 1923, fyrst íslenskra kvenna, og sat á þingi til 1930.

Á 170 kr. frímerki er mynd af skáldkonunni Torfhildi Hólm. Hún var fædd árið 1845 á Kálfafellsstað í Suðursveit í A.-Skaftafellssýslu. Torfhildur hleypti snemma heimdraganum og hélt til Reykjavíkur 17 ára gömul. Þaðan hélt hún svo til Kaupmannahafnar. Árið 1874 giftist hún Jakobi Hólm, verslunarstjóra á Skagaströnd, en missti hann ári síðar. Árið 1876 fór hún til Vesturheims og dvaldist í Kanada næstu þrettán ár. Þar vestra lærði hún málalag. Á árum sínum í Kanada hóf Torfhildur Hólm rithöfundarferil sinn og sendi frá sér mörg ritverk. Fyrsta bók hennar var Brynjólfur biskup Sveinsson. Af öðrum ritverkum eru þessi helst: Elding, Jón Vídalín og Jón Arason. Þessi verk hennar hlutu mjög misjafna dóma, þegar þau komu út. Hins vegar varð hún fyrsta íslenska konan, sem ritaði sögulegar skáldsögur á Íslandi. Um leið var hún fyrsta konan, sem hafði ritstörf að atvinnu. Torfhildur Hólm lést í spönsku veikinni árið 1918.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu annaðist Eugène Lacaque en merkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku pósthjónarinnar, í Périgueux, Frakklandi.

Alþjóðaár barnsins



Hinn 12. september kom út 140 kr. frímerki á Alþjóðaári barnsins (International Year of The Child). Um þessa útgáfu segir svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Í desember 1976 lýsti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfir því, að árið 1979 skyldi vera Alþjóðaár barnsins og tilnefndi UNICEF (United Nation's International Children's Fund) sem stjórnunaraðila fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna.

Þrjátíu árum áður eða 11. desember 1946 var Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna stofnuð en hún gengur nú undir heitinu UNICEF og er vel þekkt um heim allan.

Það voru fyrst og fremst afleiðingar síðari heimsstyrjaldarinnar sem leiddu til stofnunar þessara samtaka og hefur verið unnið markvisst síðan að heill og velferð barna og unglinga á alþjóðavettvangi. Af þessu tilefni beitti Alþjóðapóst sambandið (UPU) sér fyrir því að aðildarlönd þess gæfu út frímerki í tilefni Alþjóðaárs barnsins.“

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið, en myndina teiknaði ung listakona, Nanna Huld Reykdal (f. 1971) og sýnir hún börn að leik. Á frímerkinu er einnig hið opinbera merki Alþjóðaárs barnsins. Er það eftir Erik Jerichau frá Danmörku. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Heimastjórn 75 ára – Stjórnarráð Íslands 75 ára



Hinn 12. september kom út annað frímerki, 500 kr. að verðgildi. Með því var þess minnst, að 75 ár voru liðin frá því, er Íslendingar fengu heimastjórn með innlendum ráðherra og sérstöku Stjórnarráði. Um það segir m. a. svo orðrætt í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Um leið og Ísland fékk heimastjórn 1. febrúar 1904 og íslenskur ráðherra búsettur í landinu sjálfu tók til starfa, var Stjórnarráð Íslands stofnað. Jafnframt var íslenska stjórnardeildin í Kaupmannahöfn lögð niður. Við stjórnarbreytinguna voru lögð niður embætti landshöfðingja og landfógeta og amtmannsembættin sömuleiðis.“ „Konungur skipaði Hannes Hafstein ráðherra 31. janúar 1904 og samdægurs setti hann Klemens Jónsson landritara.“

Þegar 50 ár voru liðin frá þessum merku tímamótum í sögu Íslands árið 1954, minntist pósthjónin þeirra með þremur minningarfrímerkjum með myndum af fyrsta íslenska ráðherranum, Hannesi Hafstein (1861-1922).

Myndefni frímerkisins, er tvær gerðir skjaldarmerkja, sem notuð voru fyrir Ísland, þar til sambandslögin tóku gildi árið 1918. Fyrri gerðin er mynd af krýndum, gylltum, flöttum þorski á rauðum feldi, en hún var í notkun frá 17. öld og til ársins 1904. Síðari gerðin er mynd af silfurlituðum fálka á bláum feldi.

Þegar þjóðfrelsisbaráttan var hafin á síðari hluta 19. aldar, þótti mörgum þorskurinn óheppilegur sem tákn Íslands. Sigurður Guðmundsson málari (en mynd hans er á frímerki frá 1963) gerði teikningu af fálkamerki, sem taka ætti upp í staðinn. Urðu skólapiltar til þess að ryðja merkinu braut. Mun það fyrst hafa verið dregið að húni á Þingvallafundi 1873. Það var einnig notað á þjóðhátíðinni 1874, en þar var einnig rætt um að taka fálkamerkið upp í íslenskan fána í stað þorsksins. Náði fálkamerkið útbreiðslu víða um land næstu ár á eftir.

Þegar heimastjórn komst á árið 1904, var gefinn út konungsúrskurður um það, að skjaldarmerki Íslands skyldi vera „hvítur“ íslenskur fálki á bláum grunni. Deilt var nokkuð um gerð fálkamerkisins, t.d. það, að fálkinn skyldi hafður með samanlagða vængi, en ekki þanda, svo sem verið hafði í merki Sigurðar málara. Þetta skjaldarmerki hvarf svo með sambandslögunum 1918, þegar tekið var upp skjaldarmerki með krýndum skildi og fána Íslands, sem landvættirnir fjórir, sem frá er sagt í Heimskringlu, bera uppi. Ríkarður Jónsson myndskeri teiknaði þetta skjaldarmerki en því var svo breytt töluvert, þegar Ísland varð lýðveldi 1944. Samkvæmt forsetaúrskurði 17. júní 1944 skyldi skjaldarmerkið vera „silfurlitur kross í heiðbláum feldi, með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum.“ Þá var kórónan numin brott og hlutverk landvættanna sem skjaldberar gert áhrifameira en áður var. Hvíllir skjöldurinn á stuðlabergssúlu. Tryggvi Magnússon listmálari teiknaði hið nýja skjaldarmerki lýðveldisins, sem enn er í gildi.

Þröstur Magnússon hannaði þetta frímerki, en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Jón Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir



Hinn 1. nóvember gaf Póst- og símamálastofnunin út 150 kr. frímerki til að minnast þess, að á því ári voru hundrað ár liðin frá andláti Jóns Sigurðssonar forseta og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Þau létust bæði í Kaupmannahöfn í desember 1879, en voru síðan jarðsett í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík í maímánuði 1880.

Jón Sigurðsson fæddist 17. júní 1811 á Hrafseyri við Arnarfjörð. Foreldrar hans voru Sigurður Jónsson, prestur þar, og kona hans, Þórdís Jónsdóttir. Jón lærði undir skóla hjá föður sínum og lauk stúdentsprófi frá Bessastaðaskóla árið 1829. Næstu ár á eftir var hann skrifari hjá Steingrími biskupi Jónssyni, sem átti mikið bóka- og handritasafn. Er trúlegt, að þar hafi einmitt glæðst áhugi Jóns á sagnfræði. Árið 1833 hélt Jón til Kaupmannahafnar og innritaðist í háskólann. Lagði hann einkum stund á málfræði, en lauk aldrei prófi. Þar mun hafa valdið mestu um, að Jón gaf sig snemma að ritstörfum og stjórnmálum. Hann gekk fljótlega fram fyrir skjöldu í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og stofnaði í því skyni ársritið Ný félagsrit 1841. Varð það æ síðan aðalmálgagn hans í baráttu við Dani, en þar birtust allar merkustu greinar hans um sögulegan og þjóðlegan rétt Íslendinga til sjálfstæðis. Var snemma komist svo að orði, að hann hefði verið „óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur“.

Jón Sigurðsson var kosinn á fyrsta þing eftir endurreisn Alþingis 1845 fyrir Ísfirðinga og hélt því sæti til dauðadags. Forseti Alþingis var hann margsinnis og forseti sameinaðs þings 1875-1877, en það var hið síðasta þing, er hann sat, farinn að heilsu.

Sagnfræðistörf Jóns Sigurðssonar urðu mikil að vöxtum, og þau ein nægja honum til ævarandi frægðar, enda einkennast þau af strangri fræðimennsku og heimildarýni. Hann starfaði mikið fyrir Hið íslenska bókmenntafélag og var forseti Hafnardeildar þess um langt árabíll. Undir forystu hans átti félagið drjúgan þátt í þeirri þjóðernisvakningu, sem varð á 19. öld. Af því starfi mun hann hafa hlotið viðurnefnið „forseti“ í munni samtíðarmanna sinna. Hann var og forseti Þjóðvinafélagsins frá stofnun þess 1871 til dauðadags.

Jón kvæntist frændkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur, árið 1845, en hún hafði þá setið í festum í 12 ár. Um Ingibjörgu farast Páli Eggerti Ólasyni, sem mest og best hefur ritað um Jón Sigurðsson, m. a. svo orð: „Þurfti Jón eigi að iðrast kvonfangsins, því að honum hentari kona og dyggvari myndi torgæt.“ „En forsjárkona var hún mikil, ágætlega fallin til heimilisstjórnar og athuga alls innan húss. Er það einmælt, að hún hafi jafnan dyggilega staðið við hlið manni sínum, bægt frá honum öllum óþægindum og ama, svo sem í valdi hennar stóð, til þess að hann mætti sem minnst glepjast frá áhugamálum sínum.“

Pröstur Magnússon teiknaði þetta frímerki og mynd þeirra hjóna eftir ljósmyndum. Myndgröft frímerkisins í stálstungu annaðist Eugène Lacaque en merkið var prentað í stáldjúpprykki í prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Snorri Sturluson 800 ára



Hinn 1. nóvember kom einnig út annað frímerki á vegum Póst- og símamála-stofnunarinnar, að verðgildi 200 kr. Tilefnið var að minnast þess, að á því ári voru liðin 800 ár frá fæðingu Snorra Sturlusonar (1179-1241), frægasta rithöfundar fornaldar á Íslandi. Minningarfrímerki um Snorra Sturluson höfðu áður komið út á 700 ára ártíð hans 1941.

Snorri fæddist að Hvammi í Dölum, sonur Sturlu Þórðarsonar og Guðnýjar Böðvarsdóttur. Þegar hann var fimm vetra gamall, var hann tekinn í fóstur af Jóni Loftssyni í Odda, en hann bar ægishjálmi yfir aðra höfðingja um sína daga. Oddi hafði verið menntasetur allt frá dögum Sæmundar fróða Sigfússsonar, afa Jóns Loftssonar. Snorri hlaut þess vegna hið besta uppeldi í Odda.

Þarflaust er að rekja hér nákvæmlega öll ritverk Snorra Sturlusonar, en þar ber að sjálfsögðu hæst Heimskringlu, sem er saga Noregskonunga frá upphafi til 1177. Elsta og merkasta handrit Heimskringlu, sem vitað er um, var Kringla, ritað um 1260. Hún barst fljótlega til Noregs, en er komin til Danmerkur snemma á 17. öld. Af þessu handriti voru gerðar uppskriftir á 17. öld, og þá varð með einhverjum hætti eitt blað viðskila við handritið. Sjálf týndist Kringla í eldsvoðanum mikla í Kaupmannahöfn 1728. Þetta eina blað fannst svo í Svíþjóð og var þar í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi til ársins 1975, þegar Carl XVI. Gustav kom í opinbera heimsókn til Íslands og afhenti forseta Íslands Kringlublaðið að gjöf til Íslendinga.

Á frímerkinu er hluti af texta Kringlublaðsins, sem er úr Ólafs sögu helga. Þröstur Magnússon teiknaði þetta frímerki, en það var prentað í rastadjúp-þrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1979

Merkir Íslendingar



Hinn 11. desember komu út þrjú frímerki í þessum flokki og var það í fjórða skiptið. Að þessu sinni var minnst þriggja manna, sem komu mjög við tónlistar-sögu Íslendinga um sína daga.

Á 100 kr. frímerki er mynd af sr. Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði. Hann var bóndasonur úr Mýrasýslu og fæddur 1861. Hann varð stúdent 1883 og síðan guðfræðingur frá Prestaskólanum 1888. Hann vígðist sama ár prestur til Hvanneyrarprestakalls og þjónaði því, þar til hann lét af embætti 1935. Hann lést í Reykjavík árið 1938.

Sr. Bjarni Þorsteinsson vann mikið og merkilegt ævistarf og ekki síst á sviði tónlistar. Hann samdi fjölda laga, sem mörg hver eru vel þekkt. Hann tók saman þjóðlagasafn og gaf út, Íslensk þjóðlög. Fylgdu þeim skýringar og inn-gangsorð. Þá samdi hann ritið Íslenskir hátíðasöngvar og enn fremur mörg önnur rit á sviði söng- og þjóðlaga. Fyrir öll þessi ritstörf var hann sæmdur prófessorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 1930. Einnig kom sr. Bjarni mjög við sögu Siglufjarðar og var gerður þar heiðursborgari. Kona hans var Sigríður Blöndal.

Á 120 kr. frímerki er mynd af Pétri Guðjohnsen organleikara. Hann var bónda-sonur úr Eyjafirði og fæddur 1812. Hann fór í Bessastaðaskóla og brautskráðist þaðan árið 1835. Hélt hann síðan til Danmerkur og lauk prófi frá kennaraskóla Johnstrups árið 1840. Þegar hann kom aftur heim, gerðist hann organleikari við Dómkirkjuna í Reykjavík og gegndi því starfi til dauðadags 1877.

Pétur Guðjohnsen starfaði jafnframt sem kennari og söngkennari við skólana í Reykjavík. Hann gaf út sálmasöngs- og messubók. Hann var alþingismaður 1865-67. Kona hans var Guðrún Sigríður Knudsen. Eru niðjar þeirra fjölmargir, bæði hér á landi og erlendis.

Á 130 kr. frímerki er mynd af Sveinbirni Sveinbjörnssyni tónskáldi. Hann var fæddur 1847 í Nesi við Seltjörn. Faðir hans var Þórður Sveinbjörnsson dómstjóri, en móðir Kirstín Knudsen. Sveinbjörn varð stúdent úr Reykjavíkurskóla 1866 og guðfræðingur úr Prestaskólanum 1868. Hann hélt nokkru síðar til Danmerkur og Þýskalands og lagði stund á söngfræði. Síðan settist hann að í Edinborg í Skotlandi og stundaði söngkennslu þar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson samdi fjölda sönglaga. Merkasta tónverk hans er „Lofsöngur í minningu Íslands þúsund ára“, sem síðar varð þjóðsöngur Íslendinga, „Ó guð vors lands“. Sveinbjörn var sæmdur prófessorsnafnbót árið 1911. Kona hans var skosk, Eleanor Christie. Hann lést í Kaupmannahöfn 1927.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu önnuðust Jean Pheulpin (100 kr.) og Georges Bétemps (120 kr. og 130 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

1980

Dýrafrímerki



Hinn 24. janúar gaf póststjórnin út tvö frímerki með dýramyndum. Á þessum frímerkjum eru tveir kunningjar íslenska bóndans: annars vegar á 10 kr. frímerki góður vinur, íslenski hundurinn, sem um aldir hefur reynst dyggur förunautur bóndans, og hins vegar á 90 kr. frímerki refurinn, sem er miður þokkaður meðal bænda.

Íslenski hundurinn (*Canis familiaris*) mun að öllum líkindum hafa komið hingað til lands með landnámsmönnum frá Noregi. Er hann náskyldur grænenskum sleðahundum og meðalstór. Aðaleinkenni hans eru upprétt eyru og hringuð rófa. Hér hefur hann einkum verið notaður sem fjárhundur. Um miðja þessa öld var næstum búið að útrýma honum vegna blöndunar við innflutta hunda. Var honum þá komið til bjargar. eru íslenskir hundar nú ræktaðir bæði hér á landi og einnig erlendis.

Heimskautarefurinn (*Vulpes lagopus*) var eina landspendýrið á Íslandi, sem fyrir var á Íslandi, þegar landnám þess hófst í lok 9. aldar. Þessi refategund er útbreidd um lönd á norðurhveli jarðar. Tvö litarafrbrigði eru þekkt, annað hvítt á vetrum og grámórátt á sumrum, en hitt dökkt allt árið. Er síðarnefnda kynið í nokkrum meirihluta á Íslandi.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft merkjanna í stálstungu önnuðust Claude Jumelet (10 kr.) og Jacky Larrivière (90 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Evrópufrímerki – Merkir einstaklingar



Hinn 28. apríl voru gefin út tvö Evrópufrímerki (CEPT). Myndefnið að þessu sinni voru merkir einstaklingar. Af hálfu Íslands voru valdir tveir kunnir rithöfundar, Jón Sveinsson á 140 kr. frímerki og Gunnar Gunnarsson á 250 kr. frímerki.

Jón Sveinsson (Nonni) fæddist 16. nóvember 1857 á Möðruvöllum í Hörgárdal, en ólst upp á Akureyri. Honum var boðið til náms í Frakklandi 12 ára gömlum. Varð hann stúdent úr Jesúítaskóla í Amiens 1878. Síðan stundaði hann nám í heimspeki og guðfræði á Niðurlöndum og í Englandi. Prestsvígslu í Jesúítareglu tók hann 1891. Hann var lengi latínuskólakennari í Kaupmannahöfn. Jón Sveinsson varð heimskunnur fyrir unglingsbækur sínar, Nonna-bækurnar, sem þýddar hafa verið á um 30 tungumál. Efnid sótti hann til æskuára sinna við Eyjafjörð og eins erlendis. Hann andaðist í Köln 16. október 1944 og var jarðsettur þar. Á Akureyri er sérstakt minjasafn um Nonna í húsi því, sem hann ólst upp í.

Gunnar Gunnarsson skáld var Austfirðingur fæddur 18. maí 1889. Hann hélt mjög ungur til náms í Danmörku og átti þar heima til 1939. Settist hann þá að í heimasveit sinni á Skriðuklaustri í Fljótsdal og reisti þar svipmikið íbúðarhús. Gunnar fluttist til Reykjavíkur árið 1948 og bjó þar til dauðadags 21. nóvember 1975. Kona Gunnars var Franzisca Jørgensen. Gunnar var mikilvirkt og afkastamikilið skáld og ritaði bækur sínar jöfnum höndum á dönsku og íslensku. Hafa þær verið þýddar á fjölmörg tungumál, enda Gunnar í hópi víðlesnustu íslenskra rithöfunda. Út hafa komið eftir hann skáldsögur, smásagnasöfn, leikrit og ljóðabækur eða samtals um 40 ritverk.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1980

Skógræktarfélag Íslands 50 ára – Ár trésins



Hinn 8. júlí var gefið út 120 kr. frímerki til að minnast árs trésins, en það sýnir grein með berjaklasa af reyniviðartré.

Árið 1980 var valið sem ár trésins á Íslandi. Tilfnið var það, að á því ári varð Skógræktarfélag Íslands 50 ára. Var það stofnað á Þingvöllum árið 1930, þegar minnst var þúsund ára afmælis Alþingis á Íslandi.

Ísland var víðast vaxið birkiskógi, þegar landnám þess hófst. Smám saman eyddist þessi skógur bæði vegna búsetu og harðnandi árferðis. Á eftir kom svo geysimikil jarðvegseyðing. Árið 1907 voru sett lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Hafa síðan tvær stofnanir unnið að þessum málum, Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins.

Tilgangurinn með ári trésins var sá að vekja athygli á þeim árangri, sem náðst hefur í skógrækt á 20. öld. Um leið átti að fá sem flesta til þess að taka þátt í skógræktarstörfum og fegra umhverfi sitt, bæði einstaklinga og félög.

Þröstur Magnússon teiknaði merkið, en það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Ólympíufrímerki



Hinn 8. júlí gaf póststjórnin út í annað sinn sérstakt Ólympíufrímerki. Var það til að minnast Ólympíuleikanna í Moskvu 1980. Fyrra Ólympíufrímerkið kom út 1964 til að minnast Ólympíuleikanna í Tokyó. Sýnir frímerkið íþróttamannvirki Reykjavíkurborgar í Laugardal, eins og þau verða fullgerð. Er nú lokið við flest þeirra.

Þessir fornu íþróttaleikar fóru fram í borginni Ólympíu í Grikklandi á árunum 776 f. Kr. til 323 e. Kr. Þeir voru síðan endurvaktir í lok síðustu aldar og fóru þá fyrst fram í Aþenu 1896. Síðan hafa þeir lengstum verið haldnir á fjögurra ára fresti. Íslendingar hafa tekið þátt í flestum Ólympíuleikum frá árinu 1908.

Frímerkið, 300 kr. að verðgildi, teiknaði Stefán Jónsson arkitekt. Myndgröft í stálstungu annaðist Michel Monvoisin, en frímerkið var prentað í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Norðurlandafrímerki – Nytjalist



Hinn 9. september gáfu póststjórnir Norðurlanda út ný Norðurlandafrímerki með nytjalist fyrri alda að myndefni.

Annað frímerkið, 150 kr., sýnir einn hluta af útskorinni og málaðri skáphurð frá 18. öld. Er talið, að Hallgrímur Jónsson, bóndi á Halldórsstöðum í Laxárdal, hafi smíðað skápinn. Halldór var á sinni tíð einn kunnasti bíldhöggvari og málari landsins og mun hafa lært list sína erlendis.

Hitt frímerkið, 180 kr., sýnir blómstursaumað sessuborð, sem er frá 19. öld. Þessi útsaumur fór að tíðkast á 17. öld. Er hann að finna á ýmsum ábreiðum, altarisklæðum o.fl.

Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Dýrafrímerki



Hinn 16. október gaf póststjórnin í annað skipti á þessu ári út þrjú frímerki með myndum úr dýraríkinu.

Á 160 kr. frímerki er karfi (*Sebastes marinus*). Hann er einn af fáum fiskum, sem „fæðir“ lifandi afkvæmi, seiði. Karfinn er botnfiskur og lifir aðallega á síld og loðnu. Hann veiðist töluvert hér við land, svo og á djúpmiðum.

Á 170 kr. frímerki er lundi (*Fratercula arctica*). Hann er algengur varpfugl við strendur landsins og verpir í holum í gljúpum jarðvegi eða í urðum og klettum. Áður fyrr og raunar enn er lundinn veiddur til matar.

Á 190 kr. frímerki er landselur (*Phoca vitulina*). Er hann algengasta selategund hér við land og heldur sig einkum við óshólma og á sandeyrum, þar sem hann lifir m. a. á þorski og laxi. Selurinn er spendýr og kæpir á þurru landi.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin sem hin fyrri í sömu útgáfuröð. Myndgröft frímerkjanna í stálstungu sá Jean Pheulpin um en þau voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

1980

Landspítalinn 50 ára



Hinn 20. nóv. minntist póststjórnin fimmtugsafmælis Landspítalans með sérstöku frímerki, 200 kr. að verðgildi. Þar má sjá hina fögru og stílhreinu byggingu, sem þáverandi húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, teiknaði.

Landspítalinn í Reykjavík tók til starfa 20. des. 1930 en hann var rúmlega fjögur ár í byggingu. Aðdragandi að stofnun hans hófst hins vegar árið 1791, þegar þáverandi landlæknir kom fram með hugmynd um sérstakt sjúkrahús á Íslandi. Alla 19. öld fóru fram umræður um stofnun spítalans, en það var ekki fyrr en árið 1915, að íslenskar konur tóku málið í sínar hendur til þess að minnst nýfengins kosningarréttar það ár. Var sérstakur Landsspítalásjóður stofnaður í þessu skyni, og mun hann hafa staðið undir þriðjungi byggingarkostnaðar. Konur unnu líka ótæpilega að málinu, þar til spítalinn tók til starfa. Hafa þær og enn í dag látið sig hann varða, einkum þó með stofnun Barnaspítala Hringsins.

Í hornstein spítalans, sem lagður var 15. júní 1926 af Hennar hátígn drottningu Alexandrínu, standa eftirfarandi orð m.a., „Hús þetta - LANDSSPÍTALINN - var reistur fyrir fje, sem íslenskar konur höfðu safnað og Alþingi veitt á fjárlögum til þess að: LÍKNA OG LÆKNA.“

Í byrjun voru aðeins 2 deildir á Landspítalanum, þ.e.a.s. hand- og lyflækninga-deild, en fyrsta stoðdeildin, röntgendeild tók til starfa í janúar 1931. Síðan fjölgaði sérdeildum spítalans jafnt og þétt og sú þjónusta sem nú er veitt á Landspítalanum hefur orðið stöðugt fjölbreyttari og er það í samræmi við tækniframfarir og þróun í læknisfræði.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið, en það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Ríkisútvarpið 50 ára



Hinn 20. nóv. gaf póststjórnin út 400 kr. frímerki til þess að minnast fimmtíu ára afmælis Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið er í eigu íslenska ríkisins. Hóf það starfsemi sína 20. desember 1930. Áður hafði lítil og skammdræg einkaútvarpsstöð verið rekin í Reykjavík um nokkur ár. Þriggja manna útvarpsráð var skipað 1929 til þess að undirbúa útvarpsreksturinn, en þeim var fjölgað í fimm þegar árið 1930. Hefur það síðan haft yfirumsjón með rekstrinum ásamt útvarpsstjóra. Um áratugi hefur útvarpsráð verið skipað sjö mönnum, kosnum af Alþingi, en fyrst framan af var annar háttur hafður á um val þeirra. Árið 1966 voru gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á rekstri Ríkisútvarpsins, þegar það hóf sjónvarpssendingar það ár. Einkaréttur Ríkisútvarpsins var svo afnuminn með lögum árið 1985.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið, en það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1981

Frá 1. janúar 1981 varð gjaldmiðilsbreyting, þannig að verðgildi íslensku krónunnar hundraðfaldaðist. Við það urðu 100 gamlar krónur að einni nýkrónu (100 nýjum aurum). Í samræmi við þetta ákvað Póst- og símamálastofnunin með auglýsingu, að öll frímerki, útgefin eftir 1. janúar 1973, skyldu gilda áfram til burðargjalds, þar sem á þeim er engin tilgreining um mynt, aðeins t.d. 150, en ekki 150 kr.

Merkir Íslendingar



Hinn 24. febrúar komu út í fimmta skipti tvö ný frímerki í flokki Merkra Íslendinga. Á 170 aura (1,70 kr.) frímerkinu er mynd af Magnúsi Stephensen dómstjóra (1762-1833), en á 190 aura (1,90 kr.) frímerkinu mynd af Finni Magnússyni leyndarskjalaverði (1781-1847).

Magnús Stephensen var af kunnum ættum, sonur Sigríðar Magnúsdóttur og Ólafs Stefánssonar stiftamtmanns. Lengst var hann dómstjóri við Landsyfirdóminn á Íslandi eða frá stofnun hans árið 1800 og til dauðadags. Lengst bjó hann í Viðey og rak þar prentsmiðju, hina einu í landinu. Hafði hann mikil áhrif á allt þjóðlíf og menntalíf Íslendinga um sína daga. Liggur eftir hann mikið á prenti og eins í handritum um hin margvíslegustu efni.

Finnur Magnússon var einnig af merkum ættum, sonur Ragnheiðar Finnsdóttur biskups og Magnúsar Ólafssonar lögmanns. Frá 1812 dvaldist hann í Kaupmannahöfn til dauðadags og varð víðkunnur fyrir fornfræðarannsóknir og ritstörf. Samdi hann fjölda ritgerða um goðafræði Norðurlanda og eins um íslensk fræði. Þá starfaði hann mikið fyrir Hið íslenska bókmenntafélag.

Pröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu önnuðust Claude Jumelet (1,70 kr.) og Jacky Larrivière (1,90 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpbrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Evrópufrímerki – Þjóðsögur



Hinn 4. maí komu út tvö Evrópufrímerki (CEPT). Sameiginlegt efni þeirra var að þessu sinni sótt í þjóðsögur.

Myndefni 1,80 kr. frímerkisins er sótt í hina frægu sögu af Galdra-Lofti, þar sem hann stendur í predikunarstóli Hóladómkirkju og er næstum búinn að klófesta hina miklu galdrabók, Rauðskinnu, úr höndum Gottskálks biskups grimma, þegar skólapilturinn, aðstoðarmaður Lofts, hringir kirkjuklukkunum einum of fljótt, svo að Gottskálk kemst aftur í gróf sína með bókina.

Myndefni 2,20 kr. frímerkisins er sótt í kunna sögu af tröllkonu, sem ætlaði að vaða til Íslands frá Noregi. Önnur tröllkona vildi letja hana fararinnar, en þá sagði hún: „Djúpir eru Íslands álar, en þó munu þeir væðir vera.“ Þegar hún kom að dýpsta álnum, sem hana óaði helst við, ætlaði hún að ná í skip, sem þar var á siglingu, og styðjast við það yfir álinn. En hún missti skipsins, svo að hún steyptist í álinn og drukknaði. Sagan segir, að lík hennar hafi rekið á Rauðasandi og verið svo stórt, að ríðandi maður náði ekki með svipunni af hestbaki upp undir knésbótina kreppta.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin, en Hélio Courvoisier S.A. í Sviss prentaði þau í rastadjúpprykki.

Fuglafrímerki



Hinn 20. ágúst komu út þrjú fuglafrímerki með músarrindli, heiðlóu og hrafni.

Á 50 aura frímerkinu er mynd af músarrindli (*Troglodytes troglodytes*), en hann er minnstur íslenskra fugla. Er hann auðþekktur frá öllum öðrum fuglum og hefur vegna litar, stærðar og ýmissa háttanna gefið alþýðu ástæðu til að telja hann öllu fremur mús en fugl, segir Bjarni Sæmundsson í bók sinni, *Fuglarnir* (1936). Hann er staðfugl hér á landi og einn af einkennisfuglum birkiskóganna.

Á 1,00 kr. frímerkinu er heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) eða lóan, eins og hún er venjulegast nefnd. Hún er farfugl og fer að koma hingað síðari hluta aprílmánaðar. Hún kemur í flokkum og er einn vinsælasti vorboðinn. Hún er algeng í mólendi og þekkt á sínu angurblíða kvaki, þegar gott er veður. Lóurnar eru félagslyndar og hópa sig saman á haustin fyrir förina til suðlægari landa.

Á 2,00 kr. frímerkinu er svo mynd af hrafni eða krumma (*Corvus corax*), en hann er hér staðfugl og alþekktur. Hann á svo víða heima, að hann má telja heimsborgara. Er hann stærstur allra norrænna spörfugla. Hér á landi er hann um allt land, ekki síst í varplöndum. Hrafninn verpir snemma á vorin og gerir hreiður í klettum, Er það stór laupur úr kvistum og lurkum, oft fóðrað með skeljum, ull og beinum. Hrafninn étur allt, lifandi og dauðt og bæði úr jurta- og dýraríkinu. Hann er skæður eggjaræningi og fer lóan ekki varhluta af því sem og aðrir varpfuglar.

Frímerkin teiknaði Þröstur Magnússon. Myndgröft merkjanna sá Georges Bétemps um en þau voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Alþjóðlegt ár fatlaðra



Hinn 29. september gaf póststjórnin út 2,00 kr. frímerki í tilefni alþjóðárs fatlaðra (International Year for Disabled Persons). Ber það einkunnarorðin: Fullkomin þátttaka og jafnrétti. Þau höfðu til þess, eins og segir í tilkynningu póststjórnarinnar, „að allir eru fæddir jafnir með sama rétt og allir ættu að hafa sömu möguleika til náms, vinnu, búsetu, tómsundastarfa og annarra réttinda.“ Þar sem mikið skortir á, að þessu réttlæti sé fullnægt, beittu Sameinuðu þjóðirnar sér fyrir því, að aðildarríkin gæfu út frímerki til þess að minna á baráttu fyrir bættum kjörum fatlaðs fólks.

Þröstur Magnússon teiknaði þetta frímerki, en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1981

Landssími Íslands 75 ára – Jarðstöðin Skyggfir



Hinn 29. september kom annað frímerki út á vegum póststjórnarinnar. Var það 5,00 kr. frímerki með mynd af jarðstöðinni Skyggfir, en frímerkið var jafnframt gefið út til að minnast 75 ára afmælis Landssíma Íslands.

Jarðstöðin Skyggfir var tekin í notkun 6. okt. 1980. Með henni var náð nýjum áfanga í sögu fjarskipta á Íslandi. Upphaf þeirrar sögu má rekja allt aftur til ársins 1906, þegar Landssími Íslands tók til starfa við það, að tal- og ritsíma-samband var opnað milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar.

Árið 1906 var Landssími Íslands stofnaður og það sama ár var einnig lagður sæstrengur til Íslands á vegum Mikla norræna ritsímafélagsins. Sjá frekari umfjöllun um Landssíma Íslands við frímerkjaútgáfur árána 1956 og 1986.

Árið 1977 var samið um það við Mikla norræna, að það og íslenska ríkið reistu jarðstöð á Íslandi. Skyldu Íslendingar eiga meirihluta í stöðinni. Jafnframt skyldu gervihnettir teknir í notkun fyrir sambönd milli Íslands og annarra landa.

Jarðstöðin Skyggfir notar gervitungl alþjóðasamtaka, sem kallast Intelsat. Eru þau í um 36 þús. km hæð yfir miðbaug. Nauðsynlegt er, að loftnet stöðvarinnar hafi stórt flatarmál, enda er það 32 metrar í þvermál og vegur yfir 250 tonn.

Þröstur Magnússon teiknaði þetta frímerki og það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Málaralist – Línan dregin



Hinn 21. október var gefið út 50,00 kr. frímerki með mynd af málverki eftir Gunnlaug Scheving (1904-1972) listmálara. Nefnist það Línan dregin og er frá árinu 1945. Gunnlaugur Scheving var við myndlistarnám í Kaupmannahöfn á árunum 1923 til 1929. Hélt hann fjölda sýninga á verkum sínum, bæði innanlands og utan. Eru málverk hans víða í söfnum bæði héraðs og erlendis og eins í mörgum opinberum byggingum í Reykjavík.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1981

Kristniboð á Íslandi 1000 ára



Árið 1981 var sérstakt kristniboðsár, en þá var minnst 1000 ára afmælis kristniboðs á Íslandi. Af því tilefni gaf pósthjórinn út sérstakt 2,00 kr. minningarfrímerki hinn 24. nóvember.

Árið 981 kom Þorvaldur víðförli til heimabyggðar sinnar að Giljá í Húnaþingi ásamt Friðreki trúboðsbiskupi hinum saxneska. Hafði hann kynnst Hvíta Kristi suður í löndum og vildi nú boða löndum sínum trú á herra friðar og kærleika. Nítján árum síðar var kristni lögtekin á Alþingi árið 1000.

Frímerkið ber mynd af róðukrossi Álftamýrarkirkju við Arnarfjörð, en hann er nú varðveittur í Þjóðminjasafni Íslands. Er krossinn skorinn úr rekaviði, eintrjáningi.

Þjóðkirkjan minntist þessara tímamóta í sögu kristni á Íslandi með margvíslegum hátíðahöldum.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið en myndgröft þess í stálstungu annaðist Jean Pheulpin. Frímerkið var prentað í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku pósthjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Jólafrímerki



Hinn 24. nóvember komu einnig út tvö önnur frímerki. Voru það sérstök jólafrímerki að verðgildi 2,00 kr. og 2,50 kr. Frá þessum tíma hafa jólafrímerki verið árlegur viðburður í frímerkjasögu Íslands.

Myndefnið var laufabrauð. Í tilkynningu póststjórnarinnar segir með þessari útgáfu: „Laufabrauðsgerðin hefur verið mjög útbreidd á Norðurlandi og Norðausturlandi, en hefur nú breiðst út víða um land. Á síðari tímum hefur laufabrauðsgerðin verið eingöngu bundin jólum en var fyrrum viðhöfð fyrir aðrar stórhátíðir ársins og fyrir brúðkaupsveislur.

Algengast mun vera að búa til laufabrauð úr hveiti eða rúgmjöli og hveiti sigtuðu saman en þetta mun vera misjafnt eftir héruðum. Þá er og algengt að skera ýmiskonar munstur í kökurnar, svo sem stjórnur, jólatré, burstabæ og margt fleira. Einnig eru oft skorin nöfn eða fangamörk heimilisfólksins í þær. Laufabrauðsskurður þótti vandaverk ef tilbreytni í munstri gætti og var notaður hnífsoddur við það verk en nú eru notuð svokölluð laufabrauðsjárn úr kopar og þykja þau þægileg. Laufabrauðsgerð er þjóðlegur siður og virðist ætla að viðhaldast með yngri kynslóðum.“

Frímerkin teiknaði Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chau-de-Fonds, Sviss.

Sjávardýrafrímerki



Hinn 23. mars gaf póststjórnin út tvö almenn frímerki, 20 aura með mynd af beitukóngi og 6,00 kr. með mynd af hörpudiski.

Beitukóngur (*Buccinum undatum*) er lindýr, snigill, sem hefur um sig kuðung. Er hann mjög algengur við strendur Íslands á 0-110 metra dýpi. Flestir, sem skoða lífríki fjörunnar sér til yndisauka, kannast við beitukónginn. Tegundin er mjög fjölskrúðug, og hafa fundist allmörg afbrigði af henni hér við land. Beitukóngur getur orðið nokkuð stór. Hann lifir á ránum, étur ýmis sjávardýr og auk þess tilfallandi hræ.

Hörpudiskur (*Chlamys Islandica*) er lindýr, samloka, sem hefur um sig tvær skeljar. Hann er hánorræn tegund, sem er algeng í sjónum við vestan-, norðan- og austanvert Ísland á 2-350 metra dýpi. Hins vegar er hann sjaldgæfur við suðurströndina, sennilega af því, að sjórinn er þar of hlýr fyrir hann. Skeljar hörpudisksins eru allstórar. Hann er töluvert veiddur, einkum á Breiðafirði. Í honum er stór vöðvi, sem þykir hið mesta lostæti. Er hann þess vegna verðmæt útflutningsvara.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft þeirra í stálstungu önnuðust Cécile Guillame (20 aurar) og Michel Monvoisin (6,00 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Evrópufrímerki – Sögulegir atburðir



Hinn 3. maí komu út hin árlegu Evrópufrímerki, Evrópuráðs pósts og síma (CEPT), og að venju tvö merki, 3,50 kr. og 4,50 kr. Sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna að þessu sinni var sögulegir atburðir. Þeir atburðir, sem sýndir eru á íslensku Evrópufrímerkjunum, eru annars vegar landnám Íslands árið 874 á 3,50 kr. frímerkinu og hins vegar fundur Vínlands (Ameríku) árið 1000 á 4,50 kr. frímerkinu.

Þegar Haraldur hárfagri réð ríkjum í Noregi, ákváðu margir að flytjast til Íslands vegna ofríkis konungs, en einnig vegna landþrengsla í Noregi. Fyrstu landnámsmennirnir fluttu margir með sér nokkurn bústofn og nauðsynlega hluti og eins ýmsa helgigripi til verndar, svo sem öndvegissúlur. Vörpuðu þeir þeim fyrir borð, þegar land reis úr sæ, og settust svo þar að, sem þær rak á land. Kunnust er sagan um öndvegissúlur fyrsta landnámsmannsins, Ingólfs Arnarsonar, sem rak á land í Reykjavík. Þar hófst svo fyrsta landnám á Íslandi.

Í kringum árið 1000 hélt Leifur heppni Eiríksson í könnunarferð vestur til hinna óþekktu landsvæða Norður-Ameríku. Komust þeir til landa, sem þeir nefndu Helluland, Markland og Vínland hið góða.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Íslensk húsdýr



Hinn 3. júní komu út þrjú almenn frímerki með myndum af þremur algengum ali- og húsdýrum. Sauðkind á 3,00 kr. frímerki, kú á 4,00 kr. merki og köttur á 5,00 kr. merki.

Sauðkindin (*Ovis aries*) hefur um aldir verið ein styrkasta stoð íslensks landbúnaðar. Hún er að uppruna fjalladýr, stygg, frá á fæti og klifrar vel í fjöllum. Hún hefur hins vegar lengi verið alidýr og er mannelsk. Íslenska sauðkindin er að uppruna frá Noregi sem og önnur íslensk alidýr. Ull og kjöt af íslenskum sauðkindum er alþekkt gæðavara, og íslenskar ullarvörur hafa lengi notið vinsælda erlendis.

Kýrin (*Bos taurus*) hefur allt frá upphafi Íslandsbyggðar verið eitt gagnlegasta og arðsamasta húsdýr íslensks landbúnaðar. Kýrin er stórt og all háfætt jórturdýr. Landnámsmenn fluttu nautgripi með sér frá Noregi og hugsanlega víðar að. Litur íslenskra nautgripa er mjög fjölbreytilegur.

Húsköttur (*Felis silvestris catus*) er mjög vinsæll heimilisvinur á Íslandi eins og víðar. Hann er fremur lítið spendýr, lágfættur, með langa rófu. Uppruni íslenska kattarins er tæplega eins ljós og annarra húsdýra hér á landi, þar sem hann hefur oft verið fluttur til landsins, enda eru nú ræktuð af honum ýmis kyn. Villtir kettir eru algengir á Íslandi.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft merkjanna í stálstungu sá Georges Bétemps um en þau voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Kaupfélag Þingeyinga 100 ára



Hinn 3. júní gaf póststjórnin einnig út minningarfrímerki í tilefni aldarafmælis elsta kaupfélags á Íslandi, Kaupfélags Þingeyinga. Verðgildi þess var 10,00 kr. og myndefnið fyrsta verslunarhús Kaupfélagsins á Húsavík, Jaðar.

Kaupfélag Þingeyinga var stofnað að Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu 1882. Helsti frumkvöðull þess og fyrsti kaupstjóri var Jakob Hálfðánarson, bóndi á Grímsstöðum við Mývatn. Megintilgangur með stofnun félagsins var sameining verslunarsamtaka, pöntunar- og verðkröfufélaga, sem áður störfuðu í sýslunni. Fyrsta markmið þess var samkaup á erlendum varningi, eins góðum og ódýrum og unnt væri, og gera hann jafnframt eins kostnaðarlítinn fyrir hvern félagsmann. Sannvirðis- eða kostnaðarregla var meginboðorð við verðlagningu frá fyrstu tíð félagsins, en félagsmenn lögðu fram „hluti“ til öflunar húsa og áhalda. Félagið hóf útflutning lifandi sauðfjár 1885, en frá 1886 starfaði það með fullri og ótakmarkaðri samábyrgð inn á við og út á við. Fyrsta verslunarhús félagsins var reist 1883. Félagið beitti sér fyrir stofnun Sambandskaupfélags Þingeyinga, en það var undanfari Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið. Myndgröft merkisins í stálstungu annaðist Michel Monvoisin en það var prentað í stáldjúpbrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgieux, Frakklandi.

Íþróttir og útilíf – Hestamennska



Hinn 1. júlí var gefið út 7,00 kr. frímerki til þess að minnast íslenska hestsins, en hann hefur allt frá landnámsöld (870-930) verið snar þáttur í daglegu lífi þjóðarinnar.

Norrænir menn fluttu hestinn með sér til landsins. Hann var allt fram á 20. öld nauðsynlegur við margs konar landbúnaðarstörf, en um leið til ferðalaga milli landshluta. Þegar dró úr þessu hlutverki hestsins, breyttist mjög starfsvettvangur hans, ef svo má segja.

Á síðustu áratugum hefur íslenski hesturinn orðið mikill vinur og félagi tugþúsunda Íslendinga, sem hafa sótt til hans andlegt og líkamlegt heilbrigði í asa og streitu nútímaþjóðfélags. Er hestamennska stunduð bæði í dreifbýli og þéttbýli. Íslenski hesturinn er mikill hæfileikahestur og á engan sinn líka. Hann býr yfir fimm gangtegundum og þar af eru tvær, sem fáar hrossategundir erlendis ráða yfir, skeið og tölt. Þá má ekki gleyma því, að íslenski hesturinn er orðinn mjög fjölmennur á meginlandi Evrópu, ekki síst í Þýskalandi.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið, en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Bændaskólinn á Hólum 100 ára



Hinn 1. júlí kom út annað frímerki, 15,00 kr., til að minnast þess, að Bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal hafði starfað í hundrað ár.

Bændaskólinn á Hólum var stofnaður 1882, en um sama leyti var hið forna höfuðból og gamla biskupssetur til sölu. Eignaðist Skagafjarðarsýsla staðinn 1881 og veturinn eftir samþykkti sýslunefndin, að bændaskólinn skyldi settur þar. Hólar í Hjaltadal eru einn merkasti sögustaður landsins. Þar var biskupsstóll frá 1106 til 1798 eða um nær 700 ár. Prestaskóli var þar einnig lengst af. Þegar prentöld hófst, var prentsmiðja sett niður á Hólum á 16. öld. Við þá sögu kom Guðbrandur biskup Þorláksson, sem sat þar lengur biskup en nokkur annar. Merkust bóka úr prentsmiðju hans er án efa Guðbrandsbiblía, sem út kom 1584.

Með stofnun bændaskólans vænkaðist mjög hagur Hólastaðar, en skólinn varð ríkiseign árið 1907. Hefur skólinn aukið veg Hólastaðar allar götur frá stofnun hans. Nú um allmörg ár hefur vígslubiskup Hólástiftis setið á Hólum.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Ár aldraðra



Hinn 8. september gaf póststjórnin út 8,00 kr. frímerki í tilefni árs aldraðra (International Plan of Action on Ageing). Á árunum 1978 og 1980 var á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna ákveðið að halda heimsráðstefnu um öldrun (World Assembly on Ageing) í Vínarborg árið 1982. Í þessu skyni yrði komið á fót framkvæmdanefndum til þess að undirbúa þátttöku aðildarlandanna í þessari ráðstefnu.

Urðu íslensk stjórnvöld við þessum tilmælum. Á Alþingi haustið 1981 var samþykkt þingsályktun þess efnis, að árið 1982 skyldi á Íslandi helgað málefnum aldraðra. Var Ísland eina landið, sem þannig hafði opinberlega tileinkað árið 1982 þessum málaflokki.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið, en myndefni þess er málverk af fjallinu Herðubreið, drottningu öræfanna, eftir „naivistann“ eða alþýðulistamanninn, Ísleif Konráðsson. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Merkir Íslendingar



Hinn 8. september kom út nýtt frímerki í flokknum Merkir Íslendingar. Var það 9,00 kr. frímerki með mynd af Þorbjörgu Sveinsdóttur ljósmóður.

Þorbjörg Sveinsdóttir er talin hafa fæðst í árslok 1827 eða í byrjun ársins 1828, að Sandfelli í Öraefum. Foreldrar hennar voru Sveinn Benediktsson prestur og Kristín Jónsdóttir. Þegar Þorbjörg settist að í Reykjavík áttu margar breytingar sér stað í íslensku þjóðlífi. Þorbjörg var ljósmóðir í Reykjavík nær hálföld og kunn kona. Var hún elskuð og virt af öllum þeim, sem hjálpar hennar nutu. Þorbjörg var stórbrotin kona í sjón og raun. Hún skipti sér mjög af þjóðmálum og sótti fundi, en það var óvenjulegt um konur á seinni hluta 19. aldar. Hún var mælsk, svo að af bar og eldheitur aðdáandi Jóns Sigurðssonar forseta. Þá barðist hún oft við hlið bróður síns Benedikts Sveinssonar alþingismanns, dómara og sýslumanns, en þar var merkast baráttan fyrir stofnun íslensks háskóla. Benedikt var faðir Einars Benediktssonar skálds.

Eitt helsta verk Þorbjargar var stofnun Hins íslenska kvenfélags 26. janúar 1894 en það var einmitt fyrsta fjöldahreyfing kvenna á Íslandi. Árið 1897 tók Þorbjörg við formennsku kvenfélagsins og gegndi því til dauðadags. Þorbjörg kvæntist aldrei og eignaðist engin börn en tók hins vegar að sér systurdóttur sína Ólafu Jóhannsdóttur er fæddist 1863 í fóstur, þá fimm vetra. Þorbjörg, ásamt þessari uppeldisdóttur sinni stofnaði Hvítabandsdeild árið 1895. Félagið var kristilegt bindindisfélag og voru meðlimir þess um fimmtíu konur. Félagið starfaði að ýmsum málum, svo sem bindindismálum, friðarmálum, jafnréttismálum, dýraverndun og fræðslu- og líknarmálum. Ólafía varð formaður félagsins og Þorbjörg meðstjórnandi. Þorbjörg Sveinsdóttir lést árið 1903.

Þröstur Magnússon teiknaði merkið en myndgröft þess í stálstungu sá Jean Pheulpin um. Frímerkið var prentað í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku pósthjónarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 84



Hinn 7. október gaf Póst- og símamálastofnunin út smáörk með tveimur frímerkjum. Var það gert af því tilefni, að fyrirhugað var að halda norræna frímerkjasýningu, NORDIA 84, í Reykjavík dagana 3.-8. júlí 1984.

Annað frímerkið, að verðgildi 4,00 kr., sýnir innsigli Reynistaðarklausturs, en hitt merkið, að verðgildi 8,00 kr., sýnir innsigli Þingeyraklausturs. Frímerkin hannaði Þröstur Magnússon eftir myndum, sem Árni Magnússon, prófessor og handritasafnari, lét teikna í upphafi 18. aldar eftir innsiglium, sem voru á 15. aldar bréfum.

Myndefni innsiglanna er sennilega sótt í kirkjur klaustranna. Má af þeim sjá, hvernig byggingarlag þeirra hefur verið, en það hefur verið sótt til stafkirknanna norsku og þær byggðar úr timbri.

Merki sýningarinnar er efst á örkinni, en söluverð hennar var 18,00 kr. Mismunur milli söluverðs og verðgildis merkjanna rann í sérstakan sjóð til styrktar sýningunni. Landssamband íslenskra frímerkjasafnara stóð fyrir sýningarhaldinu.

Smáörkin var prentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi, í stáldjúpprykki (Intaglio) og rastadjúpprykki (Photogravure). Þetta voru fyrstu frímerkin sem prentsmiðjan prentaði fyrir íslensku póststjórnina.

Jólafrímerki



Hinn 16. nóvember gaf Póst- og símamálastofnunin út í annað skipti sérstök jólafrímerki. Verðgildi frímerkjanna er 3,00 kr. og 3,50 kr.

Var efnt til samkeppni um gerð þeirra. Bárust alls 76 tillögur og hlaut Tryggvi Tómas Tryggvason fyrstu verðlaun. Myndefni jólamerkjanna eru jólalög táknuð með nótum og óhlutlægri myndskreytingu. Í báðum merkjunum eru notuð stef úr lagi Sigvalda S. Kaldalóns við kvæði sr. Einars Sigurðssonar í Heydölum: Nóttin var sú ágæt ein. Á öðru frímerkinu (3,00 kr.) er byrjunin á laginu en á hinu (3,50 kr.) er síðari hluti viðlags.

Myndskreyting merkjanna tákna frið jólanna annars vegar og klukknahljóm hins vegar. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1983

Blómafrímerki



Hinn 10. febrúar gaf Póst- og símamálastofnunin aftur út blómafrímerki eftir alllangt hlé. Þann dag komu út fjögur frímerki.

Á 7,50 kr. frímerkinu er mynd af hófsóleyju (*Caltha palustris*). Hún er af sóleyjaætt (*Ranunculaceae*) og útbreidd um mestalla Evrópu. Á Íslandi er hún algeng á láglendi og vex í grunnu vatni og deigri jörð. Stór, gul blóm hennar eru áberandi um blómgunartímann í maí og júní. Blöðin voru áður fyrir lögð á sár til að hreinsa þau og græða.

Á 8,00 kr. frímerkinu er mynd af ljósbera (*Lychnis alpina*). Hann er af arfaætt (*Caryophyllaceae*) og vex um alla Norður-Evrópu. Á Íslandi er hann algengur og vex einkum á melum, í urðum og klettum. Litur blómanna er oftast rauður eða rauðblár, og þau eru mjög ilmsæt. Ljósberinn blómgast í júlí.

Á 10,00 kr. frímerkinu er mynd af engjarós (*Potentilla palustris*) en hún tilheyrir rósaætt (*Rosaceae*). Er hún algeng um norðanverða Evrópu. Á Íslandi er hún algeng á láglendi og vex í mýrum og grunnum tjörnum. Blómin eru stór og öll dumbrauð. Hún blómgast í júlí.

Á 20,00 kr. frímerkinu er mynd af engjamunablómi (*Myosotis scorpioides*), sem tilheyrir munablómaætt (*Boraginaceae*). Vex það í Mið- og Norður-Evrópu, en er sjaldgæft á Íslandi. Hefur það aðeins fundist sem slæðingur á nokkrum stöðum og vex í raklendi. Er það víða ræktað í gördum, en slæðist þaðan alloft. Blómstrar ljósbláum blómum í júní.

Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Norðurlandafrímerki – Ferðapjónusta



Hinn 24. mars gáfu póststjórnir Norðurlandanna út ný Norðurlandafrímerki. Sameiginlegt þema þeirra að þessu sinni var ferðapjónusta eða nánar tiltekið ferðir um Norðurlönd (Rejs i Norden). Myndefni íslensku frímerkjanna var landslag á Austurlandi og Norðausturlandi og verðgildi þeirra voru tvö.

Á 4,50 kr. frímerki er mynd af fjallinu Súlum milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Súlurnar eru blágrýtistindur sem klofinn er í tennt. Þangað er krefjandi gönguleið fyrir klifurkappa.

Á 5,50 kr. frímerki er mynd af Urriðafossum í Melbugsá í Hólmatungum í Jökulsárgljúfrum í Norður-Þingeyjarsýslu. Melbugsá er dæmigerð lindá, en slík á er bergvatnsá, sem á upptök sín í lindum eða uppsprettum þar sem grunnvatn sprettur úr jörðu.

Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Merkar framkvæmdir



Hinn 5. maí gaf Póst- og símamálastofnunin út Evrópufrímerki með öðrum aðildarríkjum Evrópuráðs pósts og síma (CEPT). Hið sameiginlega myndefni eða þema þeirra var að þessu sinni: Merkar framkvæmdir.

Myndefni íslensku frímerkjanna er beislun jarðhitans. Á Íslandi er jarðhita víða að finna. Með vaxandi verkmenningu í upphafi þessarar aldar jókst mjög áhugi á að nýta jarðhitann til hitunar húsa. Hófust fyrstu boranir eftir heitu vatni árið 1928. Í árslok 1980 voru starfandi 26 jarðhitaveitur í landinu og höfðu þá um 72% landsmanna hitaveitu.

Á 5,00 kr. frímerki sést jarðhitasvæði og varmaskiptavirkjun. Virkjunin gerir kleift að nýta jarðhitann bæði til húshitunar og rafmagnsframleiðslu.

Á 5,50 kr. frímerki sést jarðhitasvæði og virkjun jarðhitans, þar sem megin vinnslan er til húshitunar.

Frímerkin hannaði Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Atvinnulífsfrímerki – Fiskveiðar



Hinn 8. júní komu út tvö frímerki, sem minna á annan aðalvinnuveg Íslendinga, fiskveiðar. Hafa þær verið stundaðar allt frá landnámsöld samhliða landbúnaði. Fyrst var sjórinn sóttur á litlum, opnum árabátum, en ekki varð komist á þeim á fiskimið langt frá landi. Samt varð það eini útvegurinn fram á 19. öld, en þá komu þilskip og seglskip til sögunnar. Stóð það tímabil, skútuöldin, fram yfir aldamótin 1900. Þá hófst vélbáta- og togaraútgerð, en fyrsti togari Íslendinga kom til landsins árið 1905.

Togaraútgerð reyndist þegar frá upphafi arðvænleg og mikil lyftistöng í atvinnu- málum þjóðarinnar og er svo enn í dag. Línuveiðarar komu hér einnig mjög við sögu og vélbátaútgerð er enn mikilvægur þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Fram yfir miðja öldina voru notaðir svonefndir síðutogarar, en svo leystu skuttogarar þá af hólmi.

Á fyrra verðgildinu, 11,00 kr., sést skuttogari á siglingu, en á hinu síðara, 13,00 kr., sjást sjómenn við að draga fisk á línu.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin, en Georges Bétemps annaðist mynd- gröft þeirra í stálstungu. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prent- smiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

1983

Skaftáreldar 200 ára



Sama dag og fyrrnefnd frímerki komu út, 8. júní, minntist íslenska póststjórnin þess með frímerki, að þá voru liðin rétt tvö hundruð ár frá því, er eitt mesta eldgos, sem sögulegar heimildir greina frá, hófst, Skaftáreldar. Var það á hvítasunnudag 1783. Eldgosið byrjaði í svonefndum Lakagígum, en það er um 25 km löng gossprunga vestur af Vatnajökli. Hraunflóðið skiptist í þrjár meginkvíslar og rann um árfarvegi niður á undirlendið. Landspjöll urðu mikil, og þekur hraunið um 565 ferkílómetra. Gífurlegt öskufall fylgdi gosinu og spillti mjög gróðri. Gosinu lauk í febrúar 1784. Urðu áhrif þess geysimikil á þjóðarhag. Gosinu fylgdi mesta hallæri í sögu Íslands, og var það kallað Móðuharðindi. Er talið, að af völdum gossins hafi Íslendingum fækkað um 9 þús., svo að eftir þau hafi einungis 30 til 40 þúsund manns lifað á landinu.

Á frímerkinu, sem er 15,00 kr. að verðgildi, er mynd af málverki Finns Jónssonar listmálara af Lakagígum.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Íþróttir og útilíf – Skíði og skokk



Hinn 8. september komu út tvö frímerki þar sem þemað var íþróttir og útilíf. Á frímerki með verðgildinu 12,00 kr. sést skíðafólk, en á 14,00 kr. frímerkinu sést fólk vera að hlaupa sér til hressingar og heilsubótar.

Pröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Alþjóðlegt samgönguár



Sama dag, 8. september, kom út 30,00 kr. frímerki. Tílefið var það, að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1983 Alþjóðlegt samgönguár (World Communications Year). Í tilkynningu pósthjónarinnar segir svo um frímerkið: „Myndskreyting þess er óhlutlæg, en táknað framþróun samgöngutækja og leggur áherslu á nauðsyn þess að bregðast með opnum huga við nýrri tækni á tímum pósthutninga með nútíma samgöngutækjum.“ Á frímerkinu er enn fremur merki Alþjóðlega samgönguársins.

Pröstur Magnússon hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1983

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 84



Hinn 6. október kom út önnur smáörkin eða blokkin í sambandi við fyrirhugaða norræna frímerkjasýningu, NORDIA 84, sem halda skyldi í Reykjavík í júlí 1984.

Tvö frímerki eru í örkinni sem og í hinni fyrri. Sýna þau gömul innsigli eftir teikningum Árna Magnússonar frá upphafi 18. aldar. Annað frímerkið er að verðgildi 8,00 kr., og er myndefni þess innsigli Magnúsar Eyrjólfssonar, biskups í Skálholti á 15. öld. Hitt frímerkið, 12,00 kr., er með mynd af innsigli Ögmundar biskups Pálssonar í Skálholti, en hann var síðasti kaþólski biskupinn á þeim stað.

Umgjörð arkarinnar er hin sama og á fyrstu örkinni. Söluverð hennar var 30,00 kr., og rann mismunur milli þess og verðgildis frímerkjanna í sjóð þann, sem styrkja átti frímerkjasýninguna.

Tekið var fram í tilkynningu, að örkin yrði einungis til sölu til 31. desember 1983, ef hún yrði þá ekki uppseld.

Þröstur Magnússon teiknaði þessa örk eins og hina fyrri. Hún var prentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen, Haarlem, í Hollandi, í stáldjúpþrykki og rastadjúpþrykki.

Jólafrímerki



Hinn 10. nóvember komu út tvö jólafrímerki. Myndefni þeirra er boðskapur jólahátíðarinnar. Annað frímerkið, 6,00 kr., sýnir hvar María mey birtist í ljósadýrð með barnið, tákn kærleikans. Hitt frímerkið, 6,50 kr., táknar komu engilsins og stjörnur himinsins, sem boða vaxandi birtu.

Friðrika Geirsdóttir hannaði frímerkin sem voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds í Sviss.

1983

Dr. Kristján Eldjárn forseti



Hinn 6. desember komu út tvö frímerki með mynd af þriðja forseta íslenska lýðveldisins, dr. Kristjáni Eldjárn, sem lést 14. september 1982. Fæðingardagur forsetans var valinn sem útgáfudagur frímerkjanna. Verðgildi frímerkjanna er 6,00 kr. og 7,00 kr.

Kristján Eldjárn fæddist á Tjörn í Svarfaðardal 6. desember 1916. Voru foreldrar hans Þórarinn Eldjárn, bóndi á Tjörn, og Sigrún Sigurhjärtardóttir, kona hans. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og stundaði síðan nám í fornleifafræði við háskólann í Kaupmannahöfn til ársins 1939. Varð mag. art. í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1944 og síðan dr. phil. við sama háskóla 1957.

Kristján Eldjárn var skipaður þjóðminjavörður árið 1947 og gegndi því embætti, þar til hann varð forseti Íslands 1968. Hann lét af forsetaembættinu 1980.

Kristján Eldjárn ritaði fjölda bóka í fræðigrein sinni, bæði alþýðlegar og vísindalegar. Eins var hann ágætur fyrirlesari, enda eftirsóttur til fyrirlestrahalds við söfn og háskóla. Heiðursdoktor var hann við nokkra erlenda háskóla og var sæmdur prófessorsnafnbót við Háskóla Íslands 1981.

Ekkja Kristjáns er Halldóra Ingólfssdóttir og eignuðust þau fjögur börn.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft merkjanna í stálstungu annaðist hinn þekkti pólski myndgrafari, Czeslaw Slania (1921-2005), í Svíþjóð. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá Joh. Enschedé en Zonen, Haarlem, Hollandi.

1984

Blómafrímerki



Hinn 1. mars komu út tvö ný blómafrímerki.

Lægra verðgildið, 6,00 kr., er með mynd af þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia* L.). Hún telst til rósaættar og vex villt um vestanverða Evrópu. Á Íslandi hefur hún fundist á nokkrum stöðum og er friðuð. Vex hún í kjarr- og graslendi. Blómin eru hvít, stundum gul eða rauðmenguð. Hún blómgast í júlí.

Á hærra verðgildinu, 25,00 kr., er mynd af tágamuru (*Potentilla anserina*). Hún telst til rósaættar (*Rosaceae*) og er algeng um norðanverða Evrópu. Á Íslandi vex hún um allt land, einkum í rakri sandjörð, en einnig í graslendi. Helstu einkenni tágamuru eru stakfjöðruð blöð, oft með silfurgljáandi sliktju. Blómin eru stór og gul. Hún blómgast í júní og var notuð til lækninga áður fyrr.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin sem hin fyrri í sömu útgáfuröð. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1984

Evrópufrímerki – CEPT 25 ára



Hinn 3. maí komu út tvö Evrópufrímerki að verðgildi 6,50 kr. og 7,50 kr. Jafnframt var þá aldarfjórðungur liðinn frá stofnun Evrópuráðs pósts og síma – CEPT (The European Conference of Postal and Telecommunications Administrations). Af því tilefni var myndefni frímerkjanna haft sameiginlegt fyrir aðildarlöndin en hönnuður þeirra var Jacky Larrivière frá Monaco. Á frímerkjunum er einnig hið opinbera merki CEPT.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 84



Hinn 6. júní kom út þriðja og síðasta smáörkin til styrktar samnorrænu frímerkjasýningunni NORDIA 84, en hún skyldi haldin í Laugardalshöllinni í Reykjavík tæpum mánuði síðar eða dagana 3.-8. júlí.

Myndefni arkarinnar er Norðurlandakort Abrahams Orteliusar frá 1570. Eitt frímerki er í örkinni með hluta úr kortinu, þar sem Ísland sést eins og menn ímynduðu sér lögun þess á þeim tíma. Ísland kemur fyrir á miðaldakortum, en margt er þar óljóst. Abraham Ortelius, hollenskur landfræðingur, gaf út kortasafn 1570. Þrjú af kortum þessum varða Ísland. Er mynd af hinu þriðja þeirra á smáörkinni.

Merki sýningarinnar, NORDIA 84, er efst á smáörkinni. Verðgildi frímerkisins er 40,00 krónur, en söluverð arkarinnar 60,00 krónur. Mismunurinn rann í sjóð til styrktar sýningunni. Smáörk þessi var aðeins til sölu frá útgáfudegi og til loka sýningarinnar 8. júlí. Það, sem þá var eftir óselt, var fargað, svo sem gert var við fyrri arkinar tvær.

Þröstur Magnússon hannaði örkina, en myndgröft í stálstungu annaðist Czeslaw Slania. Örkin var prentuð í stáldjúpprykki og rastadjúpprykki hjá Joh. Enschedé en Zonen, í Haarlem Hollandi.

1984

Lýðveldið Ísland 40 ára - Þjóðfáninn



Hinn 17. júní minntist pósthjónin þess með útgáfu eins frímerkis að verðgildi 50,00 kr., að fjörutíu ár voru liðin frá stofnun Lýðveldis á Íslandi á Þingvöllum 1944.

Frá því er íslenska þjóðveldið leið undir lok árið 1262 og gekk undir norsku krúnuna, var æðsta stjórn landsins í höndum erlends valds, þar til árið 1918. Þá viðurkenndi Danmörk fullveldi Íslands með sambandslagasáttmálanum. Konungssamband hélst þó áfram, en því mátti slíta að aldarfjórðungi liðnum eða í árslok 1943.

Síðari heimsstyrjöldin kom í veg fyrir eðlileg samskipti milli landanna og konungssambandið rofnaði vorið 1940. Alþingi Íslendinga fól þá innlendum ríkisstjóra að fara með stjórnarfarslegt hlutverk konungs. Í framhaldi af þeirri ráðstöfun var síðan efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944 um uppsögn sambandslagasáttmáls. Yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar var fylgjandi sambandsslitum við Dani. Var Lýðveldi síðan stofnað 17. júní 1944 og kjörinn fyrsti forseti þess, Sveinn Björnsson (1881-1952).

Frímerkið, sem er teiknað af Þresti Magnússyni, sýnir þjóðfána Íslendinga. Prentun frímerkisins í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára



Hinn 18. júlí kom út 10,00 kr. frímerki til þess að minnast þess, að hundrað ár voru liðin frá stofnun fyrstu Góðtemplarastúkunnar á Íslandi, Ísafoldar nr. 1 á Akureyri. Stofndagur var 10. janúar 1884 og stofnfélagar 12. Einn þeirra var Friðbjörn Steinsson bóksali, og var stúkan stofnuð í húsi hans, sem enn stendur og nefnt er í höfuðið á honum, Friðbjarnarhús. Húsið er nú varðveitt sem sögulegar minjar, og er mynd þess á frímerkinu.

Á næstu árum voru svo stofnaðar stúkur víða um land, en Stórstúka Íslands í Alþingishúsinu 1886. Aðalmarkmið Reglunnar hefur verið tvíþætt frá upphafi: að efla bindindi með landsmönnum og stuðla jafnframt að bræðralagi.

Áhrif góðtemplara (International Order of Good Templars, IOGT) hefur gætt víða í þjóðfélaginu á þessum hundrað árum. Þegar ungmennafélögin komu til sögunnar eftir síðustu aldamót, sniðu þau fundarsköp sín og reglur eftir fundarsköpum templara og lögum þeirra.

Frímerkið teiknaði Þröstur Magnússon. Georges Bétemps gróf frímerkið í stálstungu en það var prentað í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Blómafrímerki



Hinn 11. september komu enn tvö ný blómafrímerki út, teiknuð af Þresti Magnússyni.

Lægra verðgildið, 6,50 kr. er með mynd af sauðamerg (*Loiseleuria procumbens*). Hann er af lyngætt (*Ericaceae*) og vex í fjöllum í norðanverðri Evrópu og er algengur um allt Ísland. Vex hann í mólendi innan um annað lyng. Blöðin eru ekki ólík því, sem er á krækilyngi. Sauðamergur var talinn góð beitarplanta.

Á hærra verðgildinu, 7,50 kr., er mynd af sortulyngi (*Arctostaphylos uva-ursi*). Það er af lyngætt og algengt um mestalla Evrópu. Það vex í mólendi og innan um annað kjarr. Helstu einkenni plöntunnar eru sígræn, þykk, skinnkennd og glansandi blöð. Sortulyng var talið hafa lækningarmátt. Þá er það alkunn litunarfjurt frá fornu fari (grænt, svart).

Blómafrímerki þessi voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Vinnuveitendasamband Íslands 50 ára



Hinn 9. nóvember kom út 30,00 kr. frímerki til að minnast 50 ára afmælis Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Það var stofnað 1934 af 82 fyrirtækjum, flestum í Reykjavík og Hafnarfirði. Smám saman voru stofnuð vinnuveitendafélög um land allt, sem eru deildir í VSÍ.

Stuðlabergið í frímerkinu á að tákna máttarstólpa þjóðfélagsins, þ.e. atvinnuvegi landsmanna. Auk þess er merki sambandsins á frímerkinu.

Frímerkið hannaði Þróstur Magnússon, en það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1984

Listasafn Íslands 100 ára



Hinn 9. nóvember komu einnig út tvö önnur minningarfrímerki, en þau voru af öðrum toga. Póststjórnin vildi með þeim minnst þess, að á því ári voru hundrað ár liðin frá stofnun Listasafns Íslands.

Um miðjan október 1884 var Listasafn Íslands stofnað í Kaupmannahöfn af Birni Bjarnarsyni cand. jur., síðar sýslumanni í Dalasýslu. Hann var kunnugur mörgum þekktum dönskum listamönnum og fékk þá til að gefa listaverk eftir sig. Að auki bárust gjafir frá listamönnum annarra þjóða og öðrum einstaklingum. Varð stofngjöfin til Listasafnsins um 45 verk.

Hluti stofngjafarinnar var sendur til Íslands vorið 1885 og verkunum síðan komið fyrir í Alþingishúsinu. Listasafnið fékk ekki eigið húsnæði fyrr en árið 1951, þegar það var flutt á efri hæð nýbyggingar Þjóðminjasafnsins. Þar varð brátt þröngt um það. Árið 1972 eignaðist Listasafnið húsið að Fríkirkjuvegi 7, en það hafði stórskemmt í bruna og þurfti því gagngerrar endurbótar við. Eins var ákveðið að byggja við það. Listasafnið var síðan opnað í hinum nýju húsakynnum í janúar 1988. Eru þau hin glæsilegustu.

Á öðru frímerkinu, 12,00 kr. er mynd af stofnanda safnsins eftir málverki J. P. Wildenrats. Á hinu frímerkinu, 40,00 kr. er sýnd framhlið Listasafnsins, sem snýr að Fríkirkjuvegi.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Jólafrímerki



Hinn 29. nóvember komu út tvö jólafrímerki og það í fjórða skiptið. Var nú komin nokkur reynsla af útgáfu jólafrímerkja og ljóst, að þau féllu viðskiptavinum póstsins og söfnurum almennt vel í geð.

Frímerki með verðgildinu, 6,00 kr., sýnir Maríu guðsmóður með barnið, en frímerki með verðgildinu, 6,50 kr., sýnir engil með jólarós. „Myndirnar lýsa helgi jólanna og túlka sígildan boðskap þeirra,“ eins og segir í tilkynningu póststjórnarinnar.

Jólafrímerkin hannaði myndlistamaðurinn Alfreð Flóki. Þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1984

Guðbrandsbiblía 400 ára



Hinn 29. nóvember komu einnig út tvö minningarfrímerki af því tilefni, að 1984 voru rétt fjögur hundruð ár liðin frá prentun fyrstu íslensku biblíunnar á Hólum í Hjaltadal. Hafði starfið tekið sjö menn tvö ár að prenta bókina.

Þá sat Hólastað Guðbrandur biskup Þorláksson og meira en 40 ár eftir það. Markaði hann djúp spor í kirkjulíf Íslendinga, einkum í útgáfumálum. Komu út alls 90 bækur á hans vegum.

Guðbrandur kom sjálfur mjög við útgáfu biblíunnar. Hann skar út upphafsstafi og aðra bókarpýði og samhafði textann „á tært og tigið íslenskt mál“, eins og segir í tilkynningu póstsins. Biblían var einnig nefnd eftir honum og kölluð Guðbrandsbiblía. Hún mun hafa verið prentuð í 500 eintökum og er sannkölluð þjóðargersemi.

Áhrif þessarar biblíuútgáfu á trúar- og menningarlíf Íslendinga verða aldrei metin til fulls, en fullyrða má, að íslensk tunga liti eitthvað öðruvísi út á okkar tímum, ef Guðbrandsbiblía hefði ekki komið út í upphafi siðaskiptanna.

Á lægra verðgildinu, 6,50 kr., er upphaf eins kafla biblíunnar með skornum staf eftir biskup. Á herra verðgildinu, 7,50 kr., er útskorið bókarskraut.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu önnuðust Georges Bétemps (6,50 kr.) og Cécile Guillame (7,50 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

1985

Blómafrímerki



Hinn 20. mars komu út fjögur ný blómafrímerki, og voru þau í beinu framhaldi af fyrri blómamerkjum, en sá flokkur hófst 1983. Eins og áður teiknaði Þröstur Magnússon þessi frímerki.

Á lágsta verðgildinu, 8,00 kr. er mynd af hrútaberjalyngi (*Rubus saxatilis*). Það er af rósaætt (*Rosaceae*). Það er algengt um mestalla Evrópu, og á Íslandi vex það innan um kjarr og lyng. Berin eru áberandi síðsumars, fagurrauð og safamikil, lítið eitt súr á bragðið. Dropar, gerðir af berjunum, voru taldir lækna skyrbjúg.

Á 9,00 kr. verðgildi er steindepla (*Veronica fruticans*). Hún er af grímublómaætt (*Scrophulariaceae*) og algeng víða um Evrópu. Á Íslandi finnst hún um land allt í brekkum, móabörðum og klettum. Hún blómgast í júní.

Á 16,00 kr. verðgildi er baunagrass (*Lathyrus japonicus*). Það er af ertublómaætt (*Leguminosae*) og vex með ströndum Vestur- og Norður-Evrópu og sums staðar hátt til fjalla. Baunagrass vex í sendnum jarðvegi, og er hér á landi við sjávarsíðuna nema á Austurlandi. Fræ baunagrassins eru í stórum flötum belgjum. Jurtin, sem blómgast í júlí, var notuð til manneldis í hallærum fyrr á tíð.

Á hæsta verðgildinu, 17,00 kr., er fjallavorblóm (*Draba alpina*). Það er af krossblómaætt (*Crusiferaea*) og hánorræn tegund. Hún er sjaldgæf á Íslandi, en finnst sums staðar á háfjallamelum norðan- og norðaustanlands. Helstu einkenni plöntunnar eru loðnir stönglar. Blómin eru gul, fremur stór, oft nokkur saman í klasa. Jurtin blómgast í júlí.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Tónlistarár Evrópu



Hinn 3. maí komu út tvö Evrópufrímerki (CEPT), og voru þau að þessu sinni helguð tónlistarári Evrópu.

Á lægra verðgildinu, 6,50 kr., sést kona spila á langspil. Er það þjóðlegt hljóðfæri, sem notað var um alllangt skeið til undirleiks með söng. Þess er fyrst getið í heimildum um 1700, en var svo notað fram yfir aldamótin 1900. Hljóðfæri af þessari gerð eru þekkt víða í Evrópu. Fjöldi strengjanna er breytilegur, en á íslenska langspilinu eru þeir oftast þrír. Á Íslandi var leikið á langspilið með boga, og er það frábrugðið því, sem gerðist annars staðar. Konan á myndinni er í íslenskum búningi frá 18. öld.

Á hærra verðgildinu, 7,50 kr., sést karlmaður leika á íslenska fiðlu. Er hann í íslenskum búningi, eins og ætla má, að hann hafi verið aldamótin 1800.

Fiðlan var alþýðuhljóðfæri, sem notað var fram á 19. öld. Hún er einföld að gerð, nánast opinn, aflangur kassi á hvolfi. Á fiðluna var leikið með boga. Voru þeir styttri en venjulegir bogar og í þeim hrosshársstrengur. Aðferðin við að leika á íslenska fiðlu er sérkennileg, svo sem sjá má á frímerkinu. Uppruni íslensku fiðlunnar er óljós, en hugsanlegur skyldleiki er við forn erlend hljóðfæri.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Garðyrkjufélag Íslands 100 ára



Hinn 20. júní kom út frímerki, að verðgildi 20,00 kr., í minningu þess, að Garðyrkjufélag Íslands varð hundrað ára á árinu. Var það stofnað í Reykjavík 26. maí 1885 og starfar enn.

Aðalhvatamaður að stofnun félagsins var þáverandi landlæknir, Georg Schierbeck, ásamt Árna Thorsteinssyni landfógeta. Í eigu þessara manna voru tveir elstu og merkustu skrudgarðar Reykjavíkur, Landfógetagarðurinn, bak við Hressingarskálann í Austurstræti, og Bæjarfógetagarðurinn við Aðalstræti, gerður af Schierbeck 1884.

Aðalmarkmið félagsins var það „að glæða áhuga landsbúa á garðyrkju“. Fyrst var lögð áhersla á að hvetja menn til ræktunar hollra garðávaxta. Síðar lagði félagið mikla áherslu á ylrækt, þegar gróðurhúsabyggingar hófust hér að marki. Á seinni árum hefur áhugi á skrudgarðyrkju aukist mjög. Markmiði sínu hefur félagið einkum náð með fræðslu- og upplýsingastarfsemi og útgáfu rita og handbóka. Á aldarafmælinu munu félagsmenn hafa verið um 5500.

Frímerkið sýnir silfurreyni (*sorbus intermedia*), gróðursettan 1884 við Aðalstræti 9 í Reykjavík.

Þröstur Magnússon teiknaði þetta frímerki, sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1985

Alþjóðlegt ár æskunnar



Hinn 20. júní kom út annað frímerki í tilefni þess, að Sameinuðu þjóðirnar höfðu ákveðið að tileinka æskunni árið 1985, undir kjörorðunum þátttaka – þróun – friður. Með þeim „er ungt fólk hvatt til almennrar þátttöku og lögð áhersla á, að það verði virkt í því umhverfi, sem það lifir í,“ eins og segir í tilkynningu póststjórnarinnar. Sameinuðu þjóðirnar benda sérstaklega á, að æskulýðsárið verði notað í þágu friðar.

Á frímerkinu, sem ber 25,00 kr. verðgildi, er einnig hið opinbera merki Alþjóðárs æskunnar (International Youth Year), en það teiknaði Lee Kaplan frá Bandaríkjunum.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið, og sýnir það unga stúlku horfa fram á veginn, fulla af gleði og eftirvæntingu. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Sjávardýrafrímerki



Hinn 10. september komu út þrjú frímerki, sem voru í framhaldi af þeim flokki frímerkja, sem hófst árið 1980. En að þessu sinni voru sjávardýr valin sem myndefni.

Á lægsta verðgildinu, 7,00 kr., er beitusmökkur (*Todarodes sagittatus*). Hann er í þeim flokki lindýra, sem kallast kolkrabbar eða smokkfiskar. Hafa fundist um 20 tegundir smokkfiska hér við land. Beitusmökkurinn á hér ekki heimkynni sín, heldur kemur í fæðuleit langt sunnan úr höfum, þar sem hann hrygnir. Kemur hann í stórum torfum að Suðvesturlandinu síðla sumars eða á haustin. Hann er grimmt rándýr, sem étur allt, sem að kjafti kemur og hann ræður við.

Á 8,00 kr. verðgildinu er trjónukrabbi (*Hyas araneus*). Hann er af flokki krabba-dýra, sem teljast til liðdýra. Hér við land eru tvær tegundir, litli trjónukrabbi og stóri trjónukrabbi. Er hinn síðarnefndi með algengustu kröbbum hér við land og heldur sig einkum á grynna vatni en 50 metrum og allt upp í fjöru. Hann lifir mest á tilfallandi hræjum og smærri dýrum, sem honum tekst að fanga.

Á hæsta verðgildinu, 9,00 kr., er sæfíll (*Tealia felina*). Telst hann til holdýra. Hér við land eru þekktar um 20 tegundir sæfífla. Hann getur orðið allt að 20 cm í þvermál og er algengur kringum allt land og lifir mest á grunnsævi. Hann er rándýr, sem veiðir mikið um nætur, en þá breiðir hann út veiðiarmana og grípur með þeim smádýr og jafnvel seiði, sem hætta sér of nærri.

Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki. Myndgröft í stálstungu annaðist Georges Bétemps. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Merkir Íslendingar



Hinn 10. september komu út tvö frímerki í flokki Merkra Íslendinga.

Á lægra verðgildinu, 13,00 kr., er mynd af sr. Hannesi Stephensen á Ytra-Hólmi. Hann var fæddur 1799 að Hvanneyri í Borgarfirði, sonarsonur Ólafs stiftamtmanns Stephensens. Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1818 og lauk guðfræðinámi við háskólann í Kaupmannahöfn 1824. Kona hans var Þórunn, dóttir Magnúsar Stephensens í Viðey. Þau voru því bræðrabörn. Sr. Hannes var prófastur í Þverárþingi sunnan Hvítár frá 1832 til dauðadags. Hann var þingmaður Borgfirðinga frá endurreisn Alþingis 1845, þar til hann lést. Þá var hann fyrri fulltrúi þeirra á þjóðfundinum 1851. Kom hann mjög við sögu þess fræga fundar, enda dyggur stuðningsmaður Jóns Sigurðssonar. Hann var talinn með málsnjallari mönnum á Alþingi um sína daga. Hann andaðist að Ytra-Hólmi 1856. Latínuskólahúsið á frímerkinu við hlið sr. Hannesar Stephensens minnir einmitt á veru hans í því húsi sem alþingismanns og þjóðfundarmanns.

Á hærra verðgildinu, 30,00 kr., er svo annar dyggur stuðningsmaður Jóns Sigurðssonar forseta, Jón Guðmundsson, ritstjóri og alþingismaður. Hann fæddist í Melshúsum í Reykjavík árið 1807. Varð stúdent frá Bessastaðaskóla 1832 og gerðist þá skrifari land- og bæjarfógeta í Reykjavík til 1836, er hann varð umboðsmaður Kirkjubæjarklaustursjarða með aðsetri á Klaustri. Gegndi hann þessu starfi til ársins 1847, en þá varð hann aftur aðstoðarmaður land- og bæjarfógetans í Reykjavík. Hann var þingmaður Skaftfellinga 1845-1858 og síðan Vestur-Skaftfellinga til 1867 og loks Vestmannaeyja 1874, en lést 1875, áður en þing kom saman.

Jón var settur sýslumaður Skaftfellinga 1849 og tók próf í dönskum lögum í Kaupmannahöfn 1851. Hann var mikill fylgismaður Jóns Sigurðssonar og sat á þjóðfundinum 1851. Eftir þann fund missti hann sýslumannsembættið og fékk aldrei eftir það fast embætti. Hann keypti blaðið Þjóðólf og varð ritstjóri þess 1852. Gerðist hann þá brautryðjandi íslenskrar blaðamennsku.

Í húsinu til hliðar við mynd Jóns á frímerkinu bjó hann með fjölskyldu sinni. Það stóð við Aðalstræti í Reykjavík. Kona Jóns var Hólmfríður Þorvaldsdóttir prests og skálds Böövarssonar.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu annaðist Claude Durens. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá prentsmiðju frönsku póststjórnarinnar í Périgueux, Frakklandi.

Jóhannes Sveinsson Kjarval 100 ára



Árið 1985 voru hundrað ár liðin frá fæðingu listmálarans Jóhannesar Kjarvals. Af því tilefni gaf póststjórnin út frímerki að verðgildi 100,00 kr. með mynd af málverki Kjarvals, Flugþrá. Er það í eigu Listasafns Íslands.

Jóhannes Sveinsson Kjarval fæddist 15. október 1885 í Efri-Ey í Meðallandi. Stóðu að honum skaftfellskar ættir austan Mýrdalssands. Fjögurra ára gamall var hann tekinn í fóstur til ættingja sinna í Geitavík á Borgarfirði eystra. Árið 1901 fór hann til Reykjavíkur og gerðist skútusjónmaður næstu árin. Einnig var hann tvo vetur við nám í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Á þessum árum komst hann í kynni við myndlist Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar og naut tilsagnar þeirra í málalari. Hann sótti einnig tíma hjá Stefáni Eiríkssyni myndskera. Fyrstu sérsýningu sína hélt hann í Reykjavík 1908.

Jóhannes var við listnám í Kaupmannahöfn frá 1912 og lauk prófi frá Konunglegu listaakademíunni 1918. Hann dvaldist í Róm og víðar á Ítalíu 1920 og eins í París 1928. Jóhannes fluttist alkominn til Íslands 1922 og helgaði sig einvörðungu list sinni eftir það.

1985

Kjarval var oft langdvöllum erlendis við að mála og hélt fjölda sýninga um sína daga, bæði hér heima og erlendis. Eins hafa oft verið haldnar yfirlitssýningar á verkum hans og gefnar út bækur um ævi hans og list. Eru málverk hans því víða kunn og bera vitni um mikla og mjög sérstæða listahæfileika.

Kjarvalstaðir á Miklatúni eru listasafn Reykjavíkurborgar. Þetta safnahús var reist til heiðurs Jóhannesi Kjarval og tekið í notkun árið 1973. Skiptist það í tvær megindeildir, og er önnur þeirra fyrst og fremst ætluð listaverkum Kjarvals. Jóhannes Kjarval lést í Reykjavík 13. apríl 1972.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkið sem var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Jólafrímerki



Hinn 14. nóvember komu út tvö jólafrímerki, 8,00 kr. og 9,00 kr. Eru þau eftir Snorra Svein Friðriksson. Í tilkynningu pósthjónarinnar er þetta tekið fram: „Tákn myndanna er veturinn – tími jólanna“. Listamaðurinn lýsir myndefninu með þessum orðum: „Vetrarmyndir Íslands eru furðumyndir úr snjó. Sólin kveikir ljós í snjókristöllum. Snjókorn falla, mætast og mynda form á hvítum fjallatindum, vörðu á heiðarbrún“.

Snorri Sveinn fæddist á Sauðárkróki 1934. Hann stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík og víðar, m.a. í Stokkhólmi. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar og eins tekið þátt í samsýningum á vegum Félags íslenskra myndlistarmanna, bæði hér heima og erlendis. Þá hefur hann gert veggskreytingar á opinberar byggingar. Verk hans eru í Listasafni Íslands og fleiri listasöfnum hér á landi.

Jólafrímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1986

Fuglafrímerki



Hinn 19. mars komu út fjögur fuglafrímerki, sem voru upphaf að nýjum flokki slíkra frímerkja. Hönnuður þeirra var Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Á 6,00 kr. frímerkinu er mynd af maríuerlu (*Motacilla alba*). Algengasta heitið á íslensku mun vera máriátla. Hún er af spörfuglaætt og algengur varpfugl á láglandi um land allt, en þó er hvergi mikið af henni. Hreiðrið er fínfinn karfa, fóðruð hrosshárum. Eggin eru oftast sex til átta að tölu.

Maríuerla er auðþekkt á svörtum, hvítum og gráum lit, grönnum fótum og löngu stéli. Hún er alger farfugl hér á landi. Kemur hingað um sumarmál og fer héðan um réttir á haustin. Hún er talin engu síðri vorboði hér á landi en lóan. Maríuerla á heima víðast hvar á meginlandi Evrópu og víða í Asíu. Á vetrum er hún víðs vegar um hitabeltislönd Afríku.

Á 10,00 kr. frímerki er mynd af grafönd (*Anas acuta*). Hún er marglitur og afar fallegur fugl, eins og flestar endur. Þetta á þó einkum við um karlfuglinn (blikann eða stegginn), en kollan er einlit, móbrún.

Graföndin er frekar algeng víðast hvar á Íslandi, einkum á láglandi. Hún er afar strjáll varpfugl, algengust á norðausturhluta landsins. Hún verpir í eða við votlendi. Hún er farfugl og kemur snemma vors. Hreiðrinu er komið fyrir í háu grasi eða runnum. Eggin eru oftast sjö til átta. Grafendur einkenna sig frá öðrum sínum frændum á því, hve þær eru hálslangar og hálsinn frekar mjór.

Grafendur fara lengra en gerist og gengur meðal anda. Eru vetrarheimkynni þeirra í Miðjarðarhafslöndum og í Norður-Afríku (Súdan). Fuglar, sem merktir voru á Íslandi, hafa fundist aftur bæði vestanhafs og austan og eins í löndum við Miðjarðarhaf, allt austur til Albaníu.

Graföndin er náskyld stökkönd, sem er ein þekktasta andartegund hérlendis. Graföndin hagar sér í ýmsu tilliti líkt hún og lifir á líkri fæðu, þ. e. á ungunum sprutum ýmissa vatnajurta, fræjum, berjum og ýmsum vatnaskordýrum.

Á 12,00 kr. frímerkinu er mynd af smyrli (*Falco columbarius*). Hann er ránfuglaættar og algengastur ránfugl á Íslandi. Smyrillinn er að ætterni og sköpulagi ósvikinn fálki og minnstur þeirra frænda í vexti. Svipar lifnaðarháttum þeirra allmjög saman. Aðalfæða smyrilsins eru smáfuglar og ýmsir minni vaðfuglar, allt að lóustærð. Hann er hraðfleygur og snar í snúningum og harðvítugur á veiðum.

Smyrillinn verpir í klettum, þar sem örðugt er að komast að hreiðrinu. Egginn eru tíðast fjögur til fimm, rauðbrún að lit. Einkum er það kvenfuglinn, sem matar ungana, en karlfuglinn veiðir og færir maka sínum.

Smyrillinn er farfugl á Íslandi og kemur hingað um mánaðamótin mars apríl. Héðan fer hann svo í lok september. Talið er, að smyrllar fari a. m. k. suður að Miðjarðarhafi og jafnvel lengra suður á bóginn.

Á 15,00 kr. frímerkinu er mynd af álku (*Alca torda*), sem er dæmigerður sjófugl og í ætt við lundann. Hún er ein þriggja svartfuglategunda, sem íslenskir veiðimenn kalla gjarnan sameiginlega „svartfugl“. Hinar tegundirnar eru langvía og stuttnefja. Álkan þekkist frá þessum tegundum á neflaginu, en það er hátt og þunnt og beygist efri skolturinn niður fyrir þann neðri. Það er kallað klumbunef, enda álkan stundum kölluð klumba.

Stærsta álkubyggð í heiminum er undir Látrabjargi. Álkan fer að safnast í björgin um mánaðamótin mars og apríl, en varptíminn hefst ekki fyrr en seinni hluta maímánaðar eða fyrst í júní. Hvert par á aðeins eitt egg. Er því orpið beint á klöppina.

Þegar unginn er þriggja til fjögurra vikna, fara foreldrarnir með hann úr bjarginu út á sjó. Hætta þeir þá að mata hann, en kenna honum að bjarga sér sjálfum, þangað til hann er orðinn fleygur. Ungarnir verða að steypa sér úr allmikilli hæð, þegar þeir fara úr björgunum. Ef sjór er beint niður undan, gerir það þeim ekkert til. Hins vegar er hætta á ferðum, ef undir er grjót og urð.

Álkur lifa aðallega á fiski og dveljast á hafi úti yfir vetrarmánuðina. Merkingar hafa sýnt, að íslenskar álkur dveljast í grennd við landið yfir veturinn, en fara einnig austur um haf. Hafa þær fundist við m. a. við Noreg og Bretlandseyjar.

Evrópufrímerki – Náttúruvernd



Hinn 5. maí komu að venju út tvö Evrópufrímerki (CEPT) í tveimur verðgildum. Sameiginlegt þema þessarar útgáfu var að þessu sinni „náttúruvernd til að vekja athygli manna og skilning á, að í samskiptum sínum við náttúru landsins sé henni ekki spillt að þarflausu“.

Myndefni íslensku frímerkjanna er sótt í Þjóðgarðana í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum. Þjóðgarðar eru friðlýst svæði í ríkiseign og sérstæð um landslag, gróðurfar og dýralíf. Einnig hvílir oft söguleg helgi yfir þeim, svo ástæða er til að varðveita svæðin með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að þeim, nema um ræktuð svæði, eftir tilteknum reglum og lögum um náttúruvernd. - Tilgangur friðlýsingar er og að varðveita sérstök landsvæði og lífríki þeirra, sem næst því horfi, sem telja má eðlilegt svo að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum.

Á 10,00 króna frímerki er mynd frá Þjóðgarðinum í Skaftafelli, en hann var stofnaður árið 1968. Var Þjóðgarðslandið þá um 500 ferkílómetrar, en sex árum síðar var hann stækkaður. Árið 1986 var hann orðinn um 1600 ferkílómetrar. Á myndinni sér upp til bæjarins í Skaftafelli, þar sem Öræfajökul ber við himin.

Á 12,00 kr. frímerkinu er mynd frá Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Hann var stofnaður árið 1973. Með stækkun hans 1986 var hann orðinn um 150 ferkílómetrar að flatarmáli. Dettifoss er stærsti foss í Jökulsárgljúfrum, 45 metra hár og um 100 metra breiður. Mynd af honum kom á 2 króna frímerki 1956.

Frímerkin hannaði Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Norðurlandafrímerki – Vinabæjarhreyfingin



Hinn 27. maí gáfu póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sameiginlega út svonefnd Norðurlandafrímerki. Var það í sjöunda skiptið frá árinu 1956. Það ár voru gefin út frímerki á degi Norðurlandanna, með sameiginlegu myndefni Norðurlandaþjóðanna, fimm fljúgandi svönum. Táknuðu þeir Norðurlöndin fimm.

Að þessu sinni var þema útgáfunnar vinabæjarhreyfingin.

Á 10,00 króna frímerkinu er mynd frá Stykkishólmi. Jafnframt er lettrað á frímerkið nöfn vinabæjar staðarins á öðrum Norðurlöndum ásamt tákni útgáfunnar. Þeir eru Drammen í Noregi, Kolding í Danmörku, Lappeenranta í Finnlandi og Örebro í Svíþjóð.

Á 12,00 króna frímerkinu er mynd frá Seyðisfirði. Er eins farið að með áletrun vinabæjar hans á öðrum Norðurlöndum og tákni útgáfunnar og á 10,00 kr. frímerkinu. Þessir vinabæir eru Askim í Noregi, Huddinge í Svíþjóð, Lyngby í Danmörku og Vantaa/Vanda í Finnlandi.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin sem voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landsbanki Íslands 100 ára



Hinn 1. júlí gaf Póst- og símamálastofnunin út tvö frímerki til að minnast þess, að þann dag var nákvæmlega öld liðin frá því að Landsbanki Íslands tók til starfa í Reykjavík. Jafnframt var öld liðin frá því er íslenskir peningaseðlar voru fyrst gefnir út. Voru það seðlar Landssjóðs.

Snemma á 19. öld var farið að hreyfa hugmyndum um nauðsyn þess að stofna banka á Íslandi, en það fékk ekki hljómgrunn meðal Dana. Á árunum 1868-1870 var starfandi á Seyðisfirði fyrsti sparisjóður landsins, Sparisjóður Múlasýslna. Árið 1872 var stofnaður sparisjóður í Reykjavík og ári síðar á Siglufirði.

Árið 1885 var samþykkt stjórnarfrumvarp um stofnun Landsbanka Íslands og var tilgangurinn „að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu og styðja að framförum atvinnuveganna“.

Landsbankinn hóf síðan starfsemi sína 1. júlí 1886, og lagði Landssjóður fram starfsfé, 1,5 milljónir króna í Landssjóðsseðlum, sem greiddir voru bankanum eftir þörfum. Bankinn starfaði í tveimur herbergjum í húsi Sigurðar Kristjánssonar bóksala við Bakarastíg. Gatan var síðan kennd við bankann og nefnd Bankastræti, svo sem hún heitir enn í dag. Í þessum húsakynnum var bankinn síðan til ársins 1899, þegar hann fluttist í nýreist hús, Austurstræti 11, á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Þetta hús skemmdist mikið í eldsvoðanum mikla 1915, en var endurreist.

Á aldarafmælinu rak Landsbanki Íslands 42 afgreiðslur víðs vegar um landið.

Á 13,00 kr. frímerkinu er mynd af bankahúsi því, sem reist var eftir brunann 1915 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar arkitekts og var á þeim tíma talið „vandaðasta og fallegasta hús sem nokkru sinni hefur reist verið hér á landi“, eins og segir í blaðinu Óðni frá 1924. Smíði hússins lauk í febrúar 1924, og var það síðan tekið í notkun 1. mars það ár. Í afgreiðslusal er veggmynd eftir Jón

Stefánsson listmálara, sem sýnir sveitabúskap þess tíma. Á annarri hæð eru veggmálverk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálara, sem sýna sjávarútveg frá þeim tíma, er húsið var reist.

Á 250,00 kr. frímerkinu er mynd af bakhlið 5 krónu seðils úr fyrstu seðlaútgáfu Landsbanka Íslands frá 1928. Á þessari hlið er mynd af fálka, sem var skjaldarmerki Íslands frá árinu 1904 til 1918.

Þennan seðil teiknaði danski listmálarinn Gerhard Heilmann, en hann var prentaður í prentsmiðju H. H. Thiele í Kaupmannahöfn. Hafði sú prentsmiðja áður séð um teiknun og prentun seðla fyrir Landssjóð Íslands.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerki þessi. Myndgröft í stálstungu annaðist Austurríkismaðurinn Wolfgang Seidel. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH, í Vín í Austurríki. Voru það fyrstu íslensku frímerkin, sem þar voru prentuð eftir að Ísland varð lýðveldi. Það var hins vegar smáörk með 3 frímerkjum tileinkuð Leifi heppna Eiríkssyni, sem gefin var út 9. október 1938, sem voru fyrstu frímerkin sem prentuð voru í þessari prentsmiðju fyrir Ísland en þá hét prentsmiðjan aðeins Staatsdruckerei eða Ríkisprentsmiðjan. Skýringin á því er sú að nasistar breyttu nafninu í Staatsdruckerei 1938, eftir að Austurríki var innlimað í Þriðja ríki nasista og hélst það þannig á meðan landið var hérað innan Stór-Þýskalands eða allt til ársins 1945 þegar nafninu var breytt aftur í Österreichische Staatsdruckerei.

Reykjavíkurborg 200 ára



Hinn 18. ágúst komu út fjögur frímerki af því tilefni, að þann dag voru liðin tvö hundruð ár, síðan höfuðborg Íslands, Reykjavík, hlaut kaupstaðarréttindi.

Póststjórnin hafði áður minnst Reykjavíkurborgar á 175 ára afmæli hennar árið 1961. Vísast um margt til þess, sem þar segir um höfuðborgina.

Í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar segir svo orðrétt: „Hinn 18. ágúst 1786 var gefin út konungleg tilskipun, sem í meginatriðum fjallaði um viðreisn efnahags- og atvinnulífs á Íslandi. Eitt atriði í tilskipuninni var stofnun 6 kaupstaða á Íslandi, en stofnun kaupstaða var vel þekkt úrræði á meginlandi Evrópu til eflingar atvinnulífi. Með stofnun kaupstaðanna hér á landi var ætlunin að safna saman verslun og þjónustu á fáum stöðum og með ákvæðum um skattfríðindi, trúfrelsi og réttindi erlendra manna í kaupstöðunum var stefnt að því að laða þangað framtak og þekkingu jafnt innlendra sem erlendra manna. Reykjavík var einn þessara kaupstaða, en þar hafði áður verið komið á fót nýjum atvinnufyrirtækjum, innréttingunum svokölluðu, og fyrstu tilraunir gerðar með þilskipaútgærð fyrir forgöngu Skúla Magnússonar landfógeta. Árið 1786 voru íbúar í Reykjavík 167 talsins. – Segja má að tilraunin með stofnun kaupstaða árið 1786 hafi einungis tekist varðandi Reykjavík, en kaupstaðarréttindi hinna staðanna voru síðan afturkölluð. Reykjavík er því elsti kaupstaður landsins.“

Á 10,00 kr. frímerkinu er mynd af fyrsta innsigli Reykjavíkur, sem var opinberlega staðfest árið 1815. Innsiglið teiknaði danskur mælingamaður, Hans von Frisach, að undirlagi Sigurðar Thorgrímsens land- og bæjarfógeta. Orðrétt segir svo í

tilkynningunni um innsiglið. „Það ber áletrunina Sigillum Civitatis Reykjavicae og sýnir mann í hversdagsfötum tómthúsmanns þess tíma. Heldur hann á krókstaf í annarri hendi, en Merkúrsmerki í hinni. Til annarrar hliðar við hann sést í skipsstefni, en til hinnar hliðar í 3 flatta þorska. Við fætur honum er hálslangur fugl í umgjörð úr kaðli og í baksýn er eyja eða nes.“

Á 12,00 kr. frímerkinu sést „útsýnið frá bakka Reykjavíkurtjarnar yfir hluta miðbæjarkvosarinnar árið 1856. Í baksýn er franska herskipið „La Reine Hortense“ eða „Hortense drottning“, sem var búið gufuvél ásamt seglabúnaði. Myndin er sniðin eftir mynd í bókinni „Voyage dans les mers du Nord“ (Á ferðalagi í Norðurhöfum) eftir Charles Edmond.“

Á 13,00 kr. frímerkinu sjást konur þvo klæði í Þvottalaugunum í Laugardal. Orðrétt segir síðan um þetta frímerki í tilkynningu póststjórnarinnar: „Haft er fyrir satt að gufubólstrar frá laugunum hafi orðið tilefni til nafngiftar Reykjavíkur, en laugarnar voru síðan lengi notaðar til þvotta af íbúunum. Vegarslóðinn frá miðbæjarkvosinni inn að þvottalaugum fékk nafnið „Laugavegur“, sem nú er helsta verslunargata borgarinnar. Vegurinn lá yfir litla á, Rauðará. Þegar hún var brúuð var brúin kölluð „Hlemmur“. Jarðhitinn í Laugardal er nú nýttur til upphitunar húsa og heita vatnið rennur einnig til sundlauganna í Laugardal, sem er sannkölluð heilsulind borgarbúa.“

Á 40,00 kr. frímerkinu má sjá líkan af Borgarleikhúsinu við Listabraut 3 í nýja miðbænum, sem var að mótast á þessu ári. Leikhúsið tók til starfa haustið 1988.

Tryggvi Tómas Tryggvason teiknaði frímerkin. Myndgröft í stálstungu önnuðust Hollendingarnir Jan Nijhuis (10 kr.) og René Zuurendonk (40 kr.) ásamt Pólverjanum Czeslaw Slania (12 kr. og 13 kr.). Frímerkin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Landssími Íslands 80 ára



Hinn 29. september voru rétt 80 ár liðin frá því er Landssími Íslands tók til starfa. Af því tilefni komu út tvö frímerki. Á 10,00 kr. frímerki má sjá fjarskiptatæki frá fyrstu árum Landssímans, en á 20,00 kr. frímerki er að hluta myndefni úr stafrænni rafeindasímstöð.


Þennan dag fyrir 80 árum var opnað tal- og ritsímasamband milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar og enn fremur ritsímasamband milli Reykjavíkur og annarra landa. Árið 1956 hafði pósthjónin minnst þessa merka atburðar í sögu Íslendinga með útgáfu eins frímerkis þegar Landssíminn varð 50 ára, og er vísað í frekari umfjöllun þar.

Á afmælisárinu 1986 verður komið á sjálfvirk sítakerfi um allt land. Stafrænar rafeindasímstöðvar hafa verið settar upp víða um land. Stafræna sítakerfið býður upp á ýmsar nýjungar. Gagnaflutningsnet sem tengir saman tölvur innanlands og utan hefur nýlega verið tekið í notkun. Sjálfvirk farsímaþjónusta hófst einnig til viðbótar þeirri handvirku þjónustu sem fyrir er. Lagning ljósleiðara um landið hefur í för með sér verulega flutningsgetu umfram þá þörf sem fyrirsjáanleg er í hinu almenna sítakerfi á næstu árum.“

Um áramótin 1985-86 fékk Mikla norræna ritsímafélagið greiddan sinn hlut í jarðstöðinni Skyggni og er hún nú eign Íslendinga. Þar með er úr sögunni tuttugu og fimm ára gamall einkaréttur Mikla norræna ritsímafélagsins á fjarskiptum milli Íslands og annarra landa. Með því að eignast Skyggni og einnig hlut í hinu alþjóðlega gervitungli, Intelsat, má segja að nýr kafli hefjist í fjarskiptamálum Íslendinga.

Á þessum merku tímamótum í þróunarsögu Landssíma Íslands var talin ástæða til útgáfu sérstakra frímerkja sem Þröstur Magnússon hannaði. Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Dagur frímerkisins – Ferjustaður á Hvítá



Hinn 9. október, á Degi frímerkisins, en hann var jafnframt stofndagur Alþjóða-
póstsambandsins árið 1874, var gefin út smáörk með einu frímerki.

Myndefni arkarinnar er eftir franska málarann Auguste Étienne François Mayer (1805-1890) úr ferðabók franska náttúruvísindamannsins Joseph Paul Gaimard (1796-1858), sem ferðaðist um Ísland árið 1836. Sést þar ferjustaður hjá Iðu í Hvítá.

Söluverð smáarkarinnar var 30,00 kr., en verðgildi frímerkisins 20,00 kr. Mismunurinn, 10,00 kr., rann í sérstakan sjóð „til að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar frímerkjasöfnun,“ eins og segir í tilkynningu póstsins.

Þröstur Magnússon hannaði þessa smáörk, en myndgrafarinn, Czeslaw Slania í Svíþjóð, gróf hana í stálstungu. Örkin var prentuð í stáldjúpþrykki hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Jólafrímerki



Hinn 13. nóvember komu út tvö jólafrímerki hönnuð af Björgu Þorsteinsdóttur. Verðgildi frímerkjanna er 10,00 kr. og 12,00 kr. en þemað er annars vegar friðarjól og hins vegar jólanótt.

Ekkert segir nánar um myndefni þessara frímerkja í tilkynningu póststjórnarinnar, en um listakonuna sjálfa segir m. a. svo: „Björg Þorsteinsdóttir fæddist í Reykjavík 1940. Lauk teiknikennaraprófi frá Handíða- og myndlistarskóla Íslands 1964. Hún stundaði myndlistarnám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og hefur einnig numið myndlist við Akademie der bildenden Künste í Stuttgart og Atelier 17 studio og École Nationale Supérieure des Beaux Arts í París.

Björg Þorsteinsdóttir hefur haldið margar einkasýningar í Reykjavík og víðar, hina fyrstu 1971. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, heima og erlendis. Björg hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir list sína. Verk hennar eru í eigu helstu listasafna á Íslandi og enn fremur safna og opinberra stofnana á Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Hollandi, Frakklandi, Póllandi, Spáni og Júgóslavíu. Björg Þorsteinsdóttir var um árabil forstöðumaður Ásgrímssafns í Reykjavík.“

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1987

Ólafsvík, verslunarstaður í 300 ár



Hinn 26. mars gaf póststjórnin út 50,00 kr. frímerki af því tilefni, að það ár hafði verslunarstaður verið í Ólafsvík í 300 ár. Um þetta segir m.a. svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Með tilskipun frá 1687 voru gefin út lög þess efnis, að verslunarstaður skyldi vera í Ólafsvík og er hann elsti löggilti verslunarstaður á Íslandi. Frá öndverðu mun hafa verið byggð í Ólafsvík. Um aldamótin 1700 eru taldir vera í Ólafsvík 77 íbúar. En skömmu síðar geisaði stórabóla og fækkaði fólkinu þar þá mjög. Um tíma verslaði í Ólafsvík kaupmaður að nafni Jakob Plum og mun hann vera einn þeirra fyrstu manna, sem hóf sjálfstæða verslun hér á landi. Við verslun í Ólafsvík tóku við af Jakob Plum feðgar, Holger Clausen og síðar Hans A. Clausen. Verslun Clausens var stór og umfangsmikil. Hann átti sjálfur skip, er hann hafði í förum og fluttu þau allar vörur hans til Ólafsvíkur. Voru það aðallega tvö kaupför, sem komu til Ólafsvíkur á þessu tímabili, auk þess sem þangað komu saltskip árlega meðan Clausen verslaði þar. Annað kaupfarið nefndist Svanur og var hann í 116 ár samfleytt í förum milli Ólafsvíkur og Kaupmannahafnar. Á hverju vori biðu héraðsbúar með ópreyju eftir að Svanurinn kæmi. Um hásumarið stundaði Svanurinn jafnan fiskveiðar, en fór svo til útlanda á haustin, hlaðinn íslenskum afurðum. Ævilok Svansins urðu þau, að hann rak upp í fjöruna í Ólafsvík, þann 6. október 1893, þegar hann ætlaði að fara að halda til útlanda hlaðinn vörum.“

Á frímerki því, sem póststjórnin gaf út á þessum tímamótum „í sögu Ólafsvíkur, er mynd af kaupfarinu undir fullum seglum á legunni við Ólafsvík.“ Ólafsvík hlaut kaupstaðarréttindi árið 1983.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið. Myndgröft í stálstungu annaðist Wolfgang Seidel. Frímerkið var prentað í stáldjúpprykki hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH, í Vín í Austurríki.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Hinn 14. apríl var gefið út 100,00 kr. frímerki með mynd af hinni nýju flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurvelli, sem tekin var í notkun í þeim mánuði og kennd er við Leif Eiríksson hinn heppna.

Um hina nýju flugstöð segir m.a. svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Framkvæmdir hófust í október 1983. Flugstöðvarbyggingin greinist í tvo meginhluta, þ.e. aðalbyggingu, sem er samtals 12.284 fermetrar á tveimur hæðum og landgang til flugvéla, sem verður 1.812 fermetrar. Landgangurinn liggur frá suðurhlið byggingarinnar. Aðkoma og brottför frá byggingunni er um neðri hæð, en auk afgreiðslu fyrir farþega inn og út úr landi er einnig fyrirhuguð ýmis almenn þjónusta og aðstaða fyrir starfsfólk á þessari hæð byggingarinnar. Á efri hæð er biðsvæði fyrir miðju, en gengið verður beint af þeirri hæð um landgang út í flugvélar. Pósthús og símsstöð mun hafa afgreiðslu bæði á efri og neðri hæð byggingarinnar. Úr biðsal á efri hæð sést vel athafnasvæði flugvéla, aðkoma að byggingunni og Faxaflóasvæðið.“ Enda þótt hér sé sums staðar talað í framtíðarmerkingu, er öllum þeim, sem um flugstöðina hafa farið, ljóst, að hér er allt orðið raunverulegt eftir lýsingunni. Þegar þessi lýsing var gefin 1987, segir enn fremur svo í tilkynningunni: „Um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík fara um það bil 600 þúsund manns árlega. Hann er því aðal samgöngumiðstöð Íslands gagnvart öðrum löndum til og frá landinu.“

Frímerki þetta var hannað af Stephen Fairbairn. Frímerkið var prentað í rastadjúþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Nútíma byggingalist



Hinn 4. maí komu út tvö Evrópufrímerki (CEPT). Var þemað að þessu sinni nútíma byggingalist. Íslenska póststjórnin valdi sem myndefni frímerkja sinna hluta tveggja steindra glugga í Fossvogskapellu eftir Leif Breiðfjörð. Sýna þeir píslargönguna.

Á 12,00 kr. frímerkinu er guli glugginn. Hann „vísar í norður og sýnir Jesús kikna undan krossinum, honum fylgja hinir góðu. Gulur hlýr liturinn á að tákna hið góða.“

Á 15,00 kr. frímerkinu er blái glugginn. Hann „vísar í austur og sýnir m. a. hermenn og friðardúfu. Þar sem gluggarnir tveir mætast í horn eru þessir tveir litir tengdir saman með fjólubláum lit, lit sorgarinnar.“

Um listamanninn segir m. a. svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Leifur Breiðfjörð er fæddur í Reykjavík 1945. Hann var við nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1962-1966 og í The Edinburgh College of Art 1966-1968, þar sem hann lagði stund á steint gler. Leifur hefur haldið fimm einkasýningar í Reykjavík og eina á Akureyri. Jafnframt hefur hann tekið þátt í fjölda sam-sýninga hérlendis og erlendis. Verk eftir Leif prýða margar opinberar byggingar og einkaheimili. Eitt stærsta glerlistaverk hans er steindur gluggi í Dómkirkjunni í Edinborg, St. Giles. Verk eftir Leif eru m. a. í eigu Listasafns Íslands, Kjarvalsstaða, Arkiv Museum í Lundi og víðar.“

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Rasmus Kristján Rask 200 ára – Íslensk málvernd



Hinn 10. júní kom út 20,00 kr. frímerki í minningu þess, að á þessu ári voru liðin 200 ár frá fæðingu danska málfræðingsins Rasmusar Kristjáns Rasks (1787-1832). Um hann segir m. a. svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Hann er tímamótamaður í málvísindum og einn fremsti tungumálagarður sem sögur fara af. En Íslendingar minnst hans sérstaklega sem eins af mestu velgerðarmönnum sínum og nefna hann í sömu andráníni og bestu syni Íslands. Rask tók sérstöku ástfóstri við íslenska tungu, mat hana mest allra þeirra fjölmörgu tungumála sem hann lærði og hvatti Íslendinga með ráðum og dáð til að hreinsa hana af erlendum ambögum og rétta við bókmenntir þjóðarinnar. Í því skyni beitti hann sér fyrir stofnun Hins íslenska bókmenntafélags 1816 og var fyrstur kjörinn forseti þess.“

Frægasta rit Rasmusar Rasks er um uppruna hins norræna máls, Undersøgelse om det gamle Nordiske eller Islandske Sprogs Oprindelse, en það kom út í Kaupmannahöfn 1818. Í þessu riti er að finna meginrætti að flokkun tungumála eftir skyldleika og vísi að indóevrópskri samanburðarmálfræði. Þá samdi Rask fyrstu íslensku málfræðina, sem verulegt gagn er að, Vejledning til det Islandske eller gamle Nordiske Sprog, sem út kom í Kaupmannahöfn 1811.

„Þegar Rask hóf háskólanám í Kaupmannahöfn 1807, komst hann fljótlega í kynni við íslenska námsmenn og eignaðist þar góða vini. Af þeim lærði hann að tala íslensku. Rask var fenginn til að búa til prentunar íslensk-latneska orðabók, sem séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal (1724-1794) lét eftir sig, og jók við hana dönskum þýðingum. Nokkrir Íslendingar voru honum til aðstoðar. Orðabókin, Lexicon Islandico-Danicum, kom út í tveimur bindum í Kaupmannahöfn 1814.

Rasmus Rask dvaldist á Íslandi 1813-1815. Þá voru Íslendingar enn beygðir eftir þung áföll af völdum náttúruhamfara og drepsóttá á 18. öld. Rask óttaðist að íslenskan dæi út ef ekkert yrði að gert. Hann tók þá að undirbúa stofnun Bókmenntafélagsins, ferðaðist um allt land og aflaði því fylgis.“

Loks segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Þú komst þegar Fróni reið allra mest á,“ kvað íslenskt skáld um Rask í frægu kvæði fyrir 100 árum. Víðs vegar um heim er hans minnst sem brautryðjanda í málvísindum. Á Íslandi er minning hans auk þess í hávegum höfð fyrir ást hans á íslenski tungu og allt sem hann vann henni til eflingar og álitsauka og menningu Íslands til viðreisnar. Póst og símamálastofnuninni þótti því verðugt tilefni að minnast þessa víðfræga málfræðings en útgáfa frímerkisins er helguð íslenski tungu og málvernd.“

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkið. Czeslaw Slania sá um myndgröft þess í stálstungu. Prentun merkisins í stáldjúpprykki fór fram hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Fuglafrímerki



Hinn 16. september komu út fjögur fuglafrímerki í flokki þeirra fuglafrímerkja, sem hóf göngu sína árið áður. Hönnuður merkjanna var sem fyrr Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Á 13,00 kr. frímerkinu er mynd af branduglu (*Asio flammeus*). Um hana segir m. a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Brandugla hóf ekki að verpa hér á landi fyrr en á 20. öld, enda þótt hún hafi verið kunn sem flækingsfugl frá því löngu áður. Hún er ein tveggja ugla sem sjást reglulega á Íslandi. Lítið er vitað um lifnaðarhætti branduglu hérlendis. Hún er ennþá afar strjáll varpfugl, einna algengust á norðaustanverðu landinu. Stofninn getur ekki verið nema nokkur hundruð fuglar. Þessi tegund verpir aðallega í gróskumiklu mýr- og mólendi, s. s. þar sem mikið er af hrísi. Fæðan er smáfuglar og mýs.“

Branduglur dveljast í landinu yfir vetrarmánuðina, en einnig er talið að hluti stofnsins fari erlendis.“


Á 40,00 kr. frímerkinu er mynd af skógarþresti (*Turdus iliacus*). Um hann segir m. a. þetta: „Skógarþröstur er spörfuglaættar, einn kunnasti og ástsælasti fugl landsins. Á veturna er fuglalíf mjög fátæklegt á Íslandi burtu frá sjó og fersku vatni, þá koma skógarþrestir gjarnan í mat sem hent er út fyrir fugla. Veturseta þratarins hér á landi er nýlegt fyrirbæri. Fyrir 1930 var hending að sjá skógarþröst að vetrarlagi. Með merkingum hefur verið sýnt, að þeir fara suður um Bretland, til Niðurlanda, Frakklands, Spánar og Portúgals á veturna. Skógarþrestir byrja mjög snemma varp á vorin, upp úr miðjum apríl. Byggja þeir velmótaða hreiðurkörfu og verpa 5-6 grænlelitum eggjum. Ungarnir klekjast á 12 dögum en yfirgefa hreiðrið eftir 10 daga.“

Á 70,00 kr. frímerkinu er mynd af tjaldi (*Haematopus ostralegus*). „Tjaldur er einn stærsti vaðfugl landsins, áberandi að lit, svartur og hvítur með skínandi rautt nef. Hann er algengur varpfugl um land allt, einnig upp til sveita, þótt hann sé fyrst og fremst fjöruflugl. Ólíkt öðrum vaðfluglum, sem vanalega verpa 4 eggjum, þá verpa tjaldar venjulega 3 eggjum. Mikill misskilningur er ríkjandi á því, að flestir álíta tjaldinn vera farflugl. Hann er það vissulega, en einnig staðfugl; tjaldar eru algengir vetrarfuglar frá Breiðafirði suður um og til Suðausturlands. Annars staðar á landinu er hann farflugl. Íslenskir tjaldar halda til á Bretlandseyjum á veturna, en einnig hafa merktir íslenskir fuglar fundist í Frakklandi.“

Á 90,00 kr. frímerkinu er mynd af stökkönd (*Anas platyrhynchos*). „Stökköndina þekkir hvert mannsbarn á Íslandi. Hún er t. d. ein af fyrstu fuglategundunum sem reykvísk börn læra að þekkja á ferðum niður að Tjörn til að gefa öndunum brauð. Þetta er algengur fugl á láglendi um land allt og dvelur hér allt árið. Þó er vitað um fugla sem hafa verið merktir á Íslandi og náðst í Færeyjum og Skotlandi. Einnig hefur fundist hérlendis ein stökkönd sem var merkt í Bandaríkjunum. Eins og aðrar endur verpir stökköndin mörgum eggjum, 8-12, er klekjast á fjórum vikum.“

Karlfuglinn er oft nefndur grænhöfði, og höfðar það til grænnar sliktu á höfði hans. Kollan er aftur brúnrákótt. Mörg önnur nöfn og sum staðbundin eru á stökköndinni.

Dagur frímerkisins - Djúpivogur



Hinn 9. október, á Degi frímerkisins, kom í annað sinn út smáörk með myndefni eftir franska málarann Auguste Mayer úr ferðabók franska náttúruvísindamannsins Paul Gaimard sem ferðaðist um Ísland árið 1836. Að þessu sinni er það verslunarstaðurinn á Djúpavogi árið 1836. Nokkur seglskip og bátar eru úti fyrir.

Söluverð smáarkarinnar var 45,00 kr., en verðgildi frímerkisins 30,00 kr. Mismunurinn, 15,00 kr., rann „í Frímerkja- og póstsögusjóð, sem er í vörslu stofnunarinnar, en tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu, og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnun, svo sem bóka- og blaðaútgáfu, sýningar og minjasöfn,“ eins og segir í tilkynningu póstsins.

Þröstur Magnússon hannaði smáörkina sem hina fyrri, en pólski myndgrafarinn, Czeslaw Slania í Svíþjóð, gróf hana í stálstungu. Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi prentaði smáörkina í stáldjúpprykki.

Tannverndarfrímerki



Hinn 9. október kom út 12,00 kr. frímerki til þess að minna á, hvers virði tannvernd er hverjum manni.

Um hana segir svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess að hjá okkur Íslendingum skemmist fleiri tennur en hjá flestum öðrum þjóðum, þótt tannskemmdum virðist hafa fækkað lítillega á s. l. þremur árum. Við erum þó 5. best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda íbúa á hvern tannlækni, en neysla sykurs, sælgætis og sætra drykkja er aftur á móti mjög mikil hérlendis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tannverndarráð hafa undanfarið í samvinnu við marga aðila, beitt sér fyrir fræðslu um tannvernd. Hefur aðal áherslan verið lögð á rétt fæðuval, réttar matarvenjur og tannhirðu, auk þess sem hvatt hefur verið til aukinnar notkunar flúors. Myndin á frímerkinu er ætlað að minna á, að mest er undir einstaklingunum sjálfum komið, hvort tekst að koma í veg fyrir tannskemmdir.“

Frímerki þetta teiknaði Ingibjörg Birna Steingrímisdóttir. Frímerkið var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landvættafrímerki



Hinn 9. október gaf Póst- og símamálastofnunin út fjögur frímerki þar sem myndefnið eru landvættirnar fjórar í skjaldarmerki Íslands: dreki, gammur, griðungur og bergrisi. Frímerkjin komu út í hefti með samtals tólf frímerkjum. Söluverð heftisins var 156 krónur og verðgildi hvers frímerkis 13,00 kr.

Um þessa útgáfu segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Í Heimskringlu segir frá því, að Haraldur Gormsson Danakonungur ætlaði að sigla liði til Íslands og hefna níðs er ort hafði verið um hann þar. Konungur bauð þá manni nokkrum fjölkunnugum að fara til Íslands í könnunarskyni. Tók sá hamförum og fór í hvalslíki. Hann sá, að fjöll öll og hólar voru fullir af landvættum, smáum og stórum. Hann fór fyrst inn á Vopnafjörð. Kom þá dreki einn mikill æðandi og fylgdu honum eiturspúandi nöðrur og eðlur. Lagði hann á braut vestur fyrir land og hélt inn Eyjafjörð. Þar fór á móti honum fugl svo mikill, að vænghafið náði fjalla í milli beggja vegna fjarðarins. Sneri hann þá frá og kom næst inn á Breiðafjörð. Þar fór móti honum griðungur mikill og óð á sæinn út með ógurlegum hljóðum. Loks hélt maðurinn suður um Reykjanes og hugðist ganga á land á Suðurlandi. Þar kom móti honum bergrisi og hafði járnstaf í hendi og bar höfuðið hærra en fjöllin. Eftir þetta fór maðurinn austur með landinu í hvalslíkinu og sneri síðan utan til konungs og bar landinu ekki vel söguna.“

Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki og hefti, en um myndgröft frímerkjanna í stálstungu sá Norðmaðurinn, Martin Mörck. Frímerkjin voru prentuð í stáldjúpprykki hjá Frímerkjaprentsmiðju sænsku póststjórnarinnar, (Svenska postverkets frimärkstryckeri), í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Jólafrímerki



Hinn 21. október voru gefin út tvö jólafrímerki, 13,00 kr. og 17,00 kr. Myndefni þeirra eru „Jólhelgin – grenigrein, sem tákna lífið, er vaknar með hækkandi sól, og Jólaljosið – kertalog, sem tákn um jólhelgina og hátíð ljóssins,“ svo sem segir í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar.

Frímerkin eru teiknuð af Þórði Hall myndlistarmanni, en um hann segir m. a. þetta: „Þórður Hall fæddist í Reykjavík 1949. Hann stundaði myndlistanáám við Myndlistaskólann í Reykjavík og Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk þaðan teiknikennaraprófi 1971. Hann stundaði síðan framhaldsnám við Konunglega listaháskólann í Stokkhólmi. Þórður hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og Helsingfors í Finnlandi og tekið þátt í fjölda samsýninga víðsvegar innanlands og erlendis, auk þess hefur hann myndskreytt bækur og bókakápur. Hann hefur notið starfslauna og listamannalauna íslenska ríkisins.“ Loks segir frá því, að verk Þórðar séu í eigu margra listasafna hér á landi og eins erlendis.

Frímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1988

Merkir Íslendingar




Hinn 25. febrúar komu út tvö frímerki í flokki Merkra Íslendinga.

Á 16,00 kr. frímerkinu er mynd af Steini Steinari (Aðalsteini Kristmundssyni) skáldi. Um hann segir m.a. svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: Hann „fæddist 13. október 1908 að Laugalandi í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu en ólst upp í Saurbæ í Döllum. Hann var við nám einn vetur í Núpsskóla. Til Reykjavíkur fluttist hann um tvítugt og bjó þar til dauðadags, 25. maí 1958. Steinn er kunnastur fyrir ljóðagerð sína og gaf sína fyrstu ljóðabók út 1934. Vakti hún mikla athygli og var þegar sýnt, að Steinn yrði brautryðjandi nýrrar ljóðagerðar. Hann hafði mikil áhrif á skáldskap yngri kynslóðarinnar. Steinn Steinarr var ádeiluskáld en jafnframt heimspekilegur í ljóðagerð og honum lá mikið á hjarta. Steinn lét sér fátt um þau veraldargæði finnast, sem venjulegt fólk telur eftirsóknarverð.“

Á 21,00 kr. frímerkinu er mynd af Davíð Stefánssyni skáldi frá Fagraskógi. Um hann segir m.a. svo: „Hann fæddist 21. janúar 1895. Hann átti til eyfirskra ætta að telja og kenndi sig jafnan við fæðingarstað sinn. Hann varð stúdent 1919 og sama ár kom út fyrsta ljóðabók hans, Svartar fjaðrir, sem vakti mikla athygli og var henni frábærlega vel tekið. Davíð Stefánsson var afkastamikill rithöfundur. Eftir hann liggja margar ljóðabækur, hann skrifaði leikrit, þar á meðal Gullna hliðið, sem víðfrægt er orðið, samdi fjölmargar ritgerðir og skáldsöguna Sólon Islandus. Hann hlaut 1. verðlaun fyrir alþingishátíðarljóðin, Að Þingvöllum 930-1930 og Háskóla ljóð 1961. Hann var bókavörður við Amtsbókasafnið á Akureyri 1925-1951 og heiðursborgari Akureyrar. Hann lést 1. mars 1964.“

Frímerkin hannaði Trygvi Tómas Tryggvason. Þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Flutninga- og samskiptatækni



Hinn 2. maí komu að venju út Evrópufrímerki (CEPT) í tveimur verðgildum, 16,00 kr. og 21,00 kr. Að þessu sinni var sameiginlegt myndefni eða þema þeirra nútíma flutninga- og samskiptatækni.

16,00 kr. frímerkið sýnir flutning boða um gagnaflutningskerfi, en 21,00 kr. frímerkið sendingu bréfa með myndsenditækni.

Tryggvi T. Tryggvason teiknaði frímerkin, en þau voru voru prentuð í rastadjúpbrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landvættafrímerki



Hinn 2. maí var í annað sinn gefið út hefti með 12 frímerkjum, þar sem myndefni þeirra voru hin sömu og áður, landvættirnar fjórar í skjaldarmerki Íslands: dreki, gammur, griðungur og bergrisi. Söluverð heftisins var 192 krónur eða verðgildi hvers frímerkis 16,00 kr.

1988

Um landvættasöguna í Heimskringlu vísast til umsagnar um fyrsta heftið frá 1987. Þröstur Magnússon teiknaði þessi frímerki, en um myndgröft þeirra sá Martin Mörck. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá Frímerkjaprentsmiðju sænsku póststjórnarinnar, í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Ólympíufrímerki



Hinn 9. júní kom út 18,00 kr. frímerki í tilefni Sumar-Ólympíuleikanna, sem haldnir voru í Seoul í Suður-Kóreu dagana 17. september til 2. október 1988. Var þetta í þriðja skiptið, sem íslenska póststjórnin minntist Ólympíuleikanna með útgáfu frímerkis. Áður hafði það verið gert 1964 og 1980.

Myndefni frímerkisins er úr handknattleikskeppni.

Í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar segir svo, en það á að sjálf-sögðu einnig við um fyrri útgáfurnar: „Ólympíuleikar eru haldnir á 4 ára fresti og hefur Alþjóða Ólympíunefndin alla yfirstjórn með höndum. Sérstök framkvæmdanefnd frá því landi, þar sem leikarnir eru haldnir, sér um allan undirbúning leikanna. Ólympíunefnd Íslands annast allan undirbúning að þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum og starfar hún í umboði Alþjóða Ólympíunefndarinnar. Hlutverk hennar er að útbreiða ólympíuhugsjónina, efla og vernda ólympíuhreyfinguna og að auka skilning og vináttu meðal æsku allra landa. Fyrsti Íslendingurinn tók þátt í Ólympíuleikunum í London 1908 og síðan hafa Íslendingar tekið þátt í flestum Ólympíuleikum.“

Ólafur Pétursson teiknaði frímerkið, en það var prentað í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Blómafrímerki



Hinn 9. júní komu út tvö ný blómafrímerki.

Á 10,00 kr. frímerkinu er mynd af umfeðmingi (*Vicia cracca*). Honum er svo lýst í tilkynningu póststjórnarinnar. Umfeðmingur telst til ertublómaættar (*Fabaceae*) og vex villtur um mestalla Evrópu. Á Íslandi vex hann um allt land, nema á miðhálandinu. Hann vex einkum í sendnum jarðvegi, en einnig á vallendisbörðum og innan um lyng og kjarr. Helstu einkenni plöntunnar eru grannur klifrandi stöngull, stakfjöðruð blöð með miðstreng sem endar í klifurþráðum, fjólubláleit blóm, í meðallagi stór og mörg (allt að 20) saman í klasa. Blómgast í júlí.

Á 50,00 kr. frímerkinu er mynd af blóðbergi (*Thymus praecox*). Um það segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar. „Blóðberg telst til varablómaættar (*Lamiaceae*). Það vex villt um vestanverða Evrópu og á Íslandi um allt land. Það vex einkum í þurru mólendi, á melum og í hlíðum. Helstu einkenni blóðbergs eru grannur trékenndur stöngull, jarðlægur og marggreindur, og smá sígræn öfugeggлага og gagnstæð blöð. Blómin eru rósráud og smá, nokkur saman í þéttum kollum á greinaendum. Blóðberg blómgast í júní - júlí og er gömul lækninga- og teplanta.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1988

Fuglafrímerki



Hinn 21. september komu út tvö fuglafrímerki í flokki þeirra fuglafrímerkja, sem hóf göngu sína árið 1986.

Á 5,00 kr. frímerkinu er mynd af jaðrakani (*Limosa limosa*). Þessi fugl heitir undarlegu nafni, og eru níu mismunandi myndir orðsins í einni orðabók. Hafa verið færð sterk rök fyrir því, að það sé komið úr gelísku. Fram undir miðja þessa öld var fuglinn einungis þekktur í Árnes- og Rangárvallasýslu. Um þennan fugl segir m. a. svo í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Jaðrakani er af vaðfuglakyni og dæmigerður mýrafugl. Saga hans hér á landi er allmerkileg. Í byrjun þessarar aldar voru varpstöðvar hans aðeins á Suðurlandsundirlendi. Upp úr 1920 fór að verða vart við verpandi jaðrakana á Vesturlandi, um 1940 á Norðurlandi og um 1970 fyrir austan.“ Nærtækasta skýring á þessari útbreiðslu fuglsins virðist vera sú, að hin mikla framræsla mýra á Suðurlandi hafi neytt marga varpfugla til að leita smám saman annarra varpstöðva. „Jaðrakani er annars alger farfugl hér á landi, sem flýgur til Evrópu og NV-Afríku á veturna. Að vori fara fyrstu jaðrakaniarnir að sjást hér upp úr miðjum apríl, en í september eru þeir flestir farnir suður á bóginn á ný.“

Á 30,00 kr. frímerkinu er mynd af hávellu (*Clangula hyemalis*). Um hana segir m.a. svo í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Hávella er andaættar og hefur norðlægari útbreiðslu í heiminum en flestar aðrar endur sem verpa hér á landi. Upp úr 1920 fór loftslag ört hlýnandi hér á landi og lengi fram eftir öldinni. Þær hitabreytingar hafa líklega stuðlað að því, að hávellu fækkaði stöðugt hér sem varpfugli frá fyrstu áratugum aldarinnar fram á 8. áratuginn. Hávella er þó enn algengur varpfugl, þótt hennar verði mest vart á sjó á veturna, en vafalítið er stór hluti þessara fugla frá norðlægari slóðum. Rödd hávellunnar er mjög sérstök. Á kyrrum kvöldum heyrir kvak hennar oft langar leiðir utan af sjó. Hönnuður merkjanna var Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð í rastadjúp-þrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Dagur frímerkisins – Núpsstaður



Hinn 9. október, á Degi frímerkisins, kom í þriðja skipti út smáörk með myndefni Auguste Mayer úr ferðabók Paul Gaimards. Að þessu sinni er það bærinn Núpsstaður í Fljótshverfi 1836 með hinum hrikalegu klettum fyrir ofan.

Söluverð smáarkarinnar var 60,00 kr., en verðgildi frímerkisins 40,00 kr. Mismunurinn, 20,00 kr., rann í Frímerkja- og póstsögusjóð, en frá honum segir nánar við útgáfuna, Dag frímerkisins, árið 1987.

Litla húsið til hægri á myndinni á að vera bænhusið, sem að stofni til mun vera frá miðri 17. öld og stendur enn, en var lagfært á vegum Þjóðminjasafnsins á árunum 1958-62. Þetta er minnsta guðshús á Íslandi, aðeins 5,2 metrar á lengd og 2,2-2,5 metrar á breidd að innanmáli.

Þröstur Magnússon hannaði þessa smáörk sem hinar fyrri, en pólski myndgrafarinn, Czeslaw Slania í Svíþjóð, gróf hana í stálstungu. Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi prentaði smáörkina í stáldjúpprykki.

1988

Heilbrigði allra árið 2000



Hinn 3. nóvember kom út 19,00 kr. frímerki til að minnst þess, að 40 ár voru liðin frá stofnun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Um þetta tilefni segir svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Með stofnun hennar var ýtt úr vör alheimsátaki og samstarfi til að vernda og efla heilbrigði manna. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, World Health Organization (WHO), er heilbrigði það að vera laus við sjúkdóma og heilsubrest. Líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan allra er markmið hennar.

Aðildarríki Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, 166 að tölu, styðja, heils hugar markmið hennar um HEILBRIGÐI ALLRA ÁRIÐ 2000. Heilbrigði er öllum til góðs og nauðsynlegt mannlegum framförum. Í heilbrigði felst bæði efnahagslegt gildi og félagslegt réttlæti. Heilbrigði er að sönnu ekki nóg eitt sér, en án heilbrigðis er fátt mögulegt.

Aðildarríkin 166 vilja að þessara tímamóta sé minnst með samhentum átaki stjórnvalda, stofnana, áhugamannafélaga og einstaklinga til að örva framfarir í heilbrigðismálum. Árið 1988 hefur verið helgað fræðslu- og kynningarstarfsemi um heilbrigði, heilbrigðar lífsvenjur og forvarnarstarf undir kjörorðinu: HEILBRIGÐI ALLRA – ALLT FYRIR HEILBRIGÐI.

Frímerkið hannaði Tryggvi T. Tryggvason. Það var prentað í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Jólafrímerki



Hinn 3. nóvember komu að venju út tvö jólafrímerki, 19,00 kr. og 24,00 kr.

Um þau segir svo í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar: „Að þessu sinni sýna jólafrímerkin fiskimenn að störfum á höfum úti. Lærisveinar Krists voru fiskimenn og íslenskir sjómenn hafa um mörg jól þurft að vera við störf á hafi úti, fjarri ástvinum sínum.“

Kjartan Guðjónsson, málari og grafíker, teiknaði jólafrímerkin. Hann er fæddur 21. apríl 1921 og stundaði nám við Art Institute of Chicago. Við Myndlista- og handíðaskóla Íslands kenndi hann í 25 ár. Hann hefur haldið margar einkasýningar á Íslandi og eina í Helsinki í Finnlandi. Þá hefur hann tekið þátt í samsýningum Norræna listbandalagsins í öllum höfuðborgum á Norðurlöndum. Einnig hefur hann tekið þátt í graffíksýningum á Norðurlöndum, í New York og Los Angeles með íslenskum listamönnum. Margar bækur hefur hann myndskreytt.

Þessi frímerki voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1989

Fuglafrímerki



Hinn 2. febrúar komu út tvö ný fuglafrímerki. Á 19,00 kr. frímerkinu er mynd af óðinshana (*Phalaropus lobatus*). Um hann segir m.a. svo í tilkynningu pósthjónarinnar: „Óðinshani er einn af vinsælustu íslensku fuglunum. Hann er vaðfuglaættar, þótt hann sé einnig sundfugl. Í stað eiginlegra fitja er hann með sérstakar sundblöðkur á tánum. Þykir mörgum gaman að horfa á hann hring-snúast á vatninu við fæðuleit sína. Óðinshani er hér alger farfugl og kemur næstseinastur allra íslenskra varpfugla á vorin, eða ekki fyrr en upp úr 15. maí. Að hætti flestra annarra vaðfugla verpir hann 4 eggjum. Strax í júnílok fara óðinshana að hópa sig, leita þá til sjávar og byrja að skipta um fjaðrabúning. Í ágústlok eru óðinshana að mestu horfnir frá landinu. Vetrarstöðvar íslenskra óðinshana eru óþekktar, en þótt þetta séu litlir fuglar, halda þeir sig úti á reginhafi. Talið er, að íslenskir óðinshana hafi vetrarsetu við sunnanverðan Arabíuskaga, ólíkt öllum öðrum íslenskum fuglum.“

Á 100,00 kr. frímerkinu er mynd af sólskríkju/snjótittlingi (*Plectrophenax nivalis*) bæði í sumar- og vetrarbúningi. Um þennan fugl segir m.a. svo í tilkynningu pósthjónarinnar: Sólskríkja/snjótittlingur er mjög útbreiddur varpfugl um land allt. Er hann oft nefndur sólskríkja á sumrin. Á veturna fljúga snjótittlingar um í hópum, og er þetta langalgengasta tegund spörfugla, sem hefur vetrarsetu hér á landi. Í jarðbönum leita þeir sér ætis þúsundum saman í kringum byggð ból. Þótt snjótittlingar séu hér vel þekktir sem staðfuglar, gefa nýjustu rannsóknir til kynna, að sumir íslenskir snjótittlingar fari til Evrópu á veturna. Varp hefst í maí, og eru 4-6 egg í hreiðri, sem vanalega er falið inn á milli steina. Þéttast varp hefur mælst í Flatey á Breiðafirði, þar sem rannsóknir á varpháttum snjótittlinga hafa verið stundaðar um árabil.“

Hönnuður frímerkjanna, sem og fyrri merkja í sömu útgáfuröð, var Þröstur Magnússon. Þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Norðurlandafrímerki – Þjóðbúningar



Hinn 20. apríl komu út tvö frímerki í flokki Norðurlandafrímerkja. Var það í áttunda skiptið og myndefnið var að þessu sinni þjóðbúningar.

Í tilkynningu póststjórnarinnar segir svo: „Þjóðbúningar íslenskra kvenna nú á dögum eru einkum með fernu móti: upphlutur, peysuföt, skautbúningur og kyrtil.“ Sýna íslensku frímerkin tvær fyrstu gerðirnar.

Á 21,00 kr. frímerkinu sjást peysuföt. „Peysuföt draga nafn af svartri nærskorinni langerma klæðispeysunni, stakpeysunni. Búningnum fylgir sítt svart klæðispils, hvítt peysubrjóst, silkisilfsi og silki- eða dúksvunta; enn fremur svört skotthúfa, þrjónuð úr ullarbandi eða saumuð úr flaeli, með löngum silkiskúf. Skartgripir, úr hvítu eða gylltu silfri eða úr gulli, eru skúfhólkur, slifsisnæla, svuntuhnappur eða svuntutpör, og húfuprjónar.“

Á 26,00 kr. frímerkinu sést upphlutur. „Upphlutur hefur hlotið heiti eftir samnefndum svörtum ermalausum klæðisbol með skrautborðum að framan. Undir bolnum er skyrtta, oftast hvítleit, en eins og peysufötunum, fylgja búningnum klæðispils, svunta og skotthúfa. Kvensilfrið, hvítt eða gyllt, er belti með pörum og doppum, eða stokkabelti, millur með reim og nál, brjóstnál, ermahnappar, skúfhólkur og húfuprjónar. Með búningunum eru svartir skór og sokkar.“

Frímerki þessi hannaði Tryggvi T. Tryggvason. Þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1989

Evrópufrímerki – Barnaleikir



Hinn 30. maí komu út tvö frímerki í þessum flokki. Flest aðildarlönd innan Evrópuráðs pósts og síma (CEPT) gáfu út frímerki af þessu tilefni. Sameiginlegt myndefni eða þema var leikir barna.

Á 21,00 kr. frímerkinu sjást börn að leik við sjávarsíðuna.

Á 26,00 kr. frímerkinu er telpa að skoppa gjörð og drengur á hlaupum.

Í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar segir svo um tilefni útgáfunnar: „Leikir barna eru oft svipaðir störfum fullorðinna í daglega lífinu. Sumir leikir þeirra eru dæmigerðir innanhússleikir svo sem brúðuleikir, ýmislegt föndur, búðarleikir og jafnvel ímyndaðar leiksýningar. Utanhússleikir eru hins vegar meira tengdir umhverfinu, náttúru landsins og árstíðum. Þá nota börn þau leikföng sem best nýtast, ýmist að vetri til eða um sumartímann. Leikföng eru því af margvíslegum toga spunnin og tengjast oftast því umhverfi, sem barnið elst upp í. Þar má nefna heimagerðar brúður, bíla, báta, hlaupahjól o.fl. Við sjávarsíðuna og við læki hafa börn skeljar, kuðunga og leikföng sem fljóta eða tengjast þessum staðháttum og ýmsir leggir og önnur bein úr húsdýrum eru ætíð vinsæl í leikjum barna.“

Frímerki þessi teiknaði Friðrika Geirsdóttir, en þau voru svo prentuð í rasta-djúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landvættafrímerki



Hinn 27. júní kom út 500,00 kr. frímerki með myndefni úr landvættaflokki þeim, sem hóf göngu sína árið 1987. Myndefni þessa frímerkis er dreki sá, sem kom æðandi á móti sendimanni Haralds Gormssonar Danakonungs, þegar hann fór fyrst inn á Vopnafjörð. Fylgdu drekanum eiturspúandi nöðrur og eðlur. Sjá annars nánar frásögn Heimskringlu af landvættasögunni við útgáfuna 1987.

Hönnuður var hinn sami og áður, Þröstur Magnússon, og um myndgröft sá Martin Mörck. Prentunaraðferð og prentsmiðja var einnig hin sama, Frímerkja-prentsmiðja sænsku pósthjónarinnar, (Svenska postverkets frimärkstryckeri) í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Landslagsfrímerki



Hinn 20. september hóf göngu sína nýr flokkur frímerkja með fallegum landslagsmyndum víðs vegar að af landinu.

Á 35,00 kr. frímerkinu er mynd af fjallinu Skeggja við Arnarfjörð. Þetta er snarbratt klettafjall, 520 metra yfir sjávarmáli, yst á svonefndu Veturlandafjalli milli Stapadals og Lokinhamradals á Arnarfjarðarströnd. Einkum er tilkomumikil sjón að horfa til Skeggja frá Lokinhömrum og Hrafnabjörgum, þar sem hann gnæfir yfir hinni afskekktu mannabyggð.

Á 45,00 kr. frímerkinu er mynd af Hverarönd við Mývatn. Er það heiti á einu mesta hverasvæði landsins, sem er í þröngu skarði milli Námafjalls og Dalfjalls nokkru fyrir austan Reykjahlíð. Liggur þjóðvegurinn milli Norðurlands og Austurlands um þetta skarð. Þar er aragrúi leirhvera í ótrúlegustu litum. Er allt svæðið ummyndað af jarðhita og bergið ljóst að lit vegna útfellinga af brennisteini og gipsi. Er umferð um svæðið varasöm.

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Bændaskólinn á Hvanneyri 100 ára



Hinn 20. september kom út 50,00 kr. frímerki til að minnast þess, að Bændaskólinn á Hvanneyri varð hundrað ára á þessu ári. Myndefnið er málverk eftir Pétur Friðrik Sigurðsson (1928-2002).

Bændaskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1889. Suðuramtíð keypti jörðina Hvanneyri, og hófst skólarekstur þar um krossmessu þá um vorið. Hét hann þá Búnaðarskóli fyrir Suðuramtíð. Var einn nemandi skráður í skólann fyrsta veturinn. Fyrsti bóndinn á Hvanneyri var Grímur hinn háleyski frá Noregi, en Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson gaf honum land „fyrir sunnan fjörð (Borgarfjörð) á milli Andakílsár og Grímsár“ að sögn Landnámu. Grímur hefur sennilega valið Hvanneyri til búsetu vegna hinna góðu flæðingja þar. Það eru sömu kostir og urðu til þess, að bændaskóli var stofnaður þar þúsund árum síðar.


Árið 1907 urðu miklar breytingar á starfi skólans. Nafni hans var þá breytt og hann nefndur Bændaskólinn á Hvanneyri. Fyrstu 18 ár skólans tók námið að jafnaði tvö ár, og þá var meirihluti námstímans notaður í verklega kennslu. En eftir 1907 varð námið fjölþættara og bóknám aukið. Nemendur, sem útskrifast úr bændadeild skólans, fá titilinn búfræðingur. Í tilkynningu póststjórnarinnar segir svo m.a.: „Árið 1947 var hafin háskólakennsla í búfræði á Hvanneyri, deild sem nú nefnist Búvísindadeild. Fljótlega eftir að skólinn var stofnaður fóru kennarar að stunda rannsóknir. Eftir að Búvísindadeildin var stofnuð jókst þessi þáttur.“

„Þau hundrað ár sem skólinn hefur starfað hafa útskrifast 2472 búfræðingar, en allmiklu fleiri hafa stundað nám við skólann í lengri eða skemmri tíma. Meirihluti búfræðinga hefur starfað við landbúnað einhvern tíma á ævinni.“

Frímerkið var offsetprentað hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg í Austurríki.

1989

Dagur frímerkisins – Frímerkjasýningin NORDIA 91



Hinn 9. október var gefin út smáörk með þremur frímerkjum á Degi frímerkisins. Verðgildi hvers frímerkis er 30,00 kr., en söluverð smáarkarinnar 130,00 kr. Yfirverðið rann að þessu sinni til frímerkjasýningarinnar NORDIA 91, sem skyldi haldin árið 1991. Í tilkynningu pósthjónarinnar var boðuð önnur örök að ári og síðan sérstök sýningarörök við opnun sýningarinnar í júní 1991.

Myndefni smáarkarinnar er hluti af landabréfi af Norðurlöndum eftir sænskan kirkjuhöfðingja, Olaus Magnus (1490-1557). Var það gefið út í Feneyjum árið 1539 með löngum latneskum titli; Carta marina et descriptio septentrionalium terrarum ac mirabilium rerum in eis contentarum diligentissime elaborata „Sjókort og lýsing Norðurvega og þeirra undra, sem þar finnast, gert af ýtrustu kostgæfni.“ Olaus var maður sannkaþólskur og mikill baráttumaður trúar sinnar. „Hann fór landflótta og dvaldist nærri hálfra ævi sína erlendis, einkum í Þýskalandi og á Ítalíu.“

„Þó að höfundurinn nefni kort sitt sjókort og sýni nokkra tilburði í þá átt, er kortið þó fyrst og fremst landakort. Það spannar svæðið frá Bretlandseyjum og suðurströnd Eystrasalts norður að heimskauti og frá Grænlandi í vestri austur á sléttur Rússlands. Kortið er skreytt fjölda prýðilegra mynda. Hafið er krökkt af hvölum og ófreskjum, sem oft runnu í eitt í augum þátímamanna. Skip ösluðu um hafið með varning sinn og eigast við í illu eins og stundum vildi brenna við. Í landi eru myndir úr þjóðlífi, atvinnuvegum og náttúru.“

Þá segir í tilkynningunni frá mikilli og margfrægri bók eftir Olaus, sem út kom 1555. Um hana verður fjallað við útgáfu smáarkarinnar 1990.

Þröstur Magnússon hannaði smáörkina en myndgrafarinn Czeslaw Slania gróf hana í stálstungu. Örkin var prentuð í stáldjúpprykki og offseti hjá Joh. Enschedé en Zonen, í Haarlem, Hollandi.

Hið íslenska náttúrufræðifélag 100 ára



Hinn 9. nóvember komu út tvö frímerki til að minnast aldarafmælis Hins íslenska náttúrufræðifélags, sem stofnað var 16. júlí 1889. Félagið er elsta og stærsta félag áhugamanna um íslenska náttúru, og voru félagsmenn um tvö þúsund á aldarafmæli þess.

Í tilkynningu póststjórnarinnar er greint frá upphafi félagsins og sögu, og eru hér rakin nokkur atriði þess, sem þar segir.

„Á þeim árum sem félagið var stofnað, virðist hafa verið töluverður áhugi fyrir náttúrufræði og hafði t.d. verið stofnað íslenskt náttúrufræðifélag í Kaupmannahöfn tveimur árum áður. Þó er áreiðanlega á engan hallað með því að segja að aðaldrifjöðrin að stofnun félagsins hafi verið Stefán Stefánsson grasafraeðingur og síðan skólameistari. Aðaltilgangurinn með stofnun félagsins var að koma upp náttúrugripasafni. Hófust félagar strax handa og þegar á fyrstu árunum varð til sæmilegt safn. Árið 1947 var safnið svo gefið ríkinu með því skilyrði að byggt yrði yfir það. Er með ólíkindum að svo litlu og fátæku félagi skyldi takast að reka safnið með slíkum myndarskap og sóma í næstum hálfa öld. Það ber fyrst og fremst að þakka einum manni, Bjarna Sæmundssyni, en hann sá um safnið,

að miklu leyti án þóknunar, í 39 ár og var vakinn og sofinn yfir því að bæta það og afla nýrra gripa. Bjarni var auk þess formaður félagsins í 35 ár. Félagið gefur út tímaritið Náttúrufræðinginn, sem hefur komið út frá árinu 1931. Þá hefur félagið gefið út veggspjöld með myndum af íslenskum plöntum og fuglum.“

Á 21,00 kr. frímerkinu er mynd af Stefáni Stefánssyni skólameistara. Hann var fæddur 1863 og lést 1921. Hann varð stúdent frá Reykjavíkurskóla 1884 og nam um hríð náttúrufræði (grasafræði) við Hafnarháskóla. Gerðist kennari við Möðruvallaskóla 1887 og varð skólastjóri Gagnfræðaskólans á Akureyri 1908 og til dauðadags. Mikið orð fór af kennarahæfileikum hans. Kunnustu bækur hans eru Flóra Íslands og Plönturnar, sem er kennslubók í grasafræði. Stefán var heiðursfélagi Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Á 26,00 kr. frímerkinu er mynd af Bjarna Sæmundssyni yfirkennara. Hann var fæddur 1867 og lést 1940. Hann varð stúdent frá Reykjavíkurskóla 1889 og síðan cand. mag. í náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn 1894. Gerðist svo kennari við Reykjavíkurskóla 1894 og gegndi því embætti til ársins 1923, er hann gerðist fiskveiðaráðunautur. Bjarni varð heiðursdoktor við háskólann í Kaupmannahöfn 1929 fyrir vísindastörf sín í þágu fiskirannsókna við Ísland. Eftir Bjarna liggur fjöldi ritverka, og þar ber hæst ritverk hans Íslensk dýr I-III.

Frímerki þessi hannaði Tryggvi T. Tryggvason. Þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Jólafrímerki



Hinn 9. nóvember komu út tvö síðustu frímerki ársins, jólafrímerkin 1989, 21,00 kr. og 26,00 kr. Um þau segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „jólstemning er myndefnið á frímerkjunum tveimur eins og vera ber; annars vegar María með Jesúbarnið og hins vegar vitringarnir þrír frá Austurlöndum.“

„Höfundurinn, Jóhannes Jóhannesson, er fæddur í Reykjavík 27. maí 1921. Hann stundaði nám í gull- og silfursmíði 1939-1945, dvaldist síðan við nám í myndlist í Barnes Foundation í Lower Merion, Pennsylvaníu í Bandaríkjunum 1945-47 og í Accademia di Belle Arti í Flórens 1949. Hann hefur haldið fjölmargar málverkasýningar á Íslandi og erlendis og á verk í söfnum í mörgum Evrópulöndum og Ameríku.“ Jóhannes lést árið 1998.

Jólafrímerkin voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1990

Fuglafrímerki



Hinn 15. febrúar voru gefin út tvö frímerki í þessari útgáfuröð fuglafrímerkja. Á 21,00 kr. frímerkinu er mynd af rauðhöfðaönd (*Anas penelope*). Hún er dæmigerður vatnafugl. Hún er miðlungs önd að stærð, með hátt hnöttótt höfuð og fremur stutt nef. Bringan er fölrauð og kvíður ljósgrár. Yfir- og undirgumpur er svartur. Stélið er fleinmyndað af brúnum fjöðrum. Bak og vængir eru silfurgrá, sett fíngerðum, svörtum fleinum. Miðhluti spegils á báðum kynjum er grænn en hann er að öðru leyti svartur. Röddin er blístrandi hljóð. Fuglinn verpir 6-10 eggjum í hreiður, sem hann felur milli þúfna, í lyngi og runnum við eða í votlendi. Hún heldur sig við tjarnir og í mýrum á sumrum en á vogum og grunnsævi á vetrum. Rauðhöfðaöndin er farfugl, sem hefur vetrardvöl í Vestur-Evrópu og Afríku og eins á Indlandi, á Borneó og í Kína. Hún kemur til Norðurlanda úr vetrardvölinni í apríl eða fyrri hluta maí og um svipað leyti hingað til lands. Í lífsháttum líkist þessi önd í mörgu tilliti stökköndinni og er oft innan um hana og urtöndina.

Á 80,00 kr. frímerkinu er mynd af heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*). Hún nefnist einnig grágæs. Hún er farfugl af andaætt og er öræfafugl. Heiðagæsin er hánorrænn fugl og alíslenskur ríkisborgari, en varplönd hennar í norðvestanverðu Ódáðahrauni fundust fyrst um 1930. Talið er að hún hafi átt hér heima frá ómunatíð. Heiðagæsin verpir víðast hvar um miðhálandi landsins og öllu meira norðan jökla en sunnan. Fuglinn verpir í hálendismýrum en einnig á klettasyllum í árgljúfrum og giljum ofan 300 metra, og er önnur tegund gæsa, sem verpir hér á landi. Á haustin kemur hún niður í lágsveitirnar og fylgir þá aðallega stóránnum, þar sem þær falla til strandar. Mest af gæsunum fer þegar til Suðurlands síðari hluta septembermánaðar. Vetrarheimkynni heiðagæsarinnar eru að öllum líkindum Bretlandseyjar en á langflugi fylkja þær sér í oddaflug til að rjúfa loftmótstöðu og skiptast þá á um forystu.

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki, en þau voru prentuð í rastadjúp-brykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Landvættafrímerki



Hinn 15. febrúar kom út enn nýtt hefti með landvættafrímerkjum. Var það í þriðja skiptið sem slík hefti komu út. Að þessu sinni voru frímerkin 16 í heftinu. Myndefni þeirra voru hin sömu og áður, landvættirnar fjórar í skjaldarmerki Íslands: dreki, gammur, griðungur og berggrisi. Söluverð heftisins var 208 kr. eða annars vegar átta 5,00 kr. frímerki og hins vegar átta 21,00 kr. frímerki.

Um landvættasöguna í Heimskringlu vísast til umsagnar um fyrsta heftið frá 1987.

Þröstur Magnússon teiknaði frímerkin sem hin fyrri, og myndgrafarinn var hinn sami og áður, Martin Mörck. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá Frímerkjaprentsmiðju sænsku póststjórnarinnar (Svenska postverkets frimärkstryckeri) í Stokkhólmi, Svíþjóð.

1990

Merkir Íslendingar



Hinn 22. mars komu út tvö ný frímerki í flokknum Merkir Íslendingar. Verðgildi þeirra beggja var 21.00 kr. Var að þessu sinni minnst tveggja kvenna, sem settu mjög svipmót á samtíð sína.

Á öðru þeirra er mynd af Guðrúnu Lárusdóttur eftir málverki Halldórs Péturssonar listmálara. Guðrún var fædd 8. janúar 1880 á Valþjófsstað í Fljótsdal. Foreldrar hennar voru sr. Lárus Halldórsson, síðar fríkirkjuprestur, og kona hans, Kirstín Katrín Pétursdóttir Guðjohnsen. „Hún naut heimafræðslu hjá föður sínum og byrjaði ung að rita sögur og frásagnir,“ segir í tilkynningu pósthjónarinnar. „Fyrstu skáldverk hennar komu út á prenti 1903. Guðrún var landskjörin alþingismaður 1930-38 og var önnur kona hér á landi sem átti sæti á Alþingi.“ Hún var bæjarfulltrúi í Reykjavík í nokkur ár og gegndi ýmsum störfum fyrir borgina allt til dauðadags. Hún drukknaði í Tungufljóti í Biskupstungum 20. ágúst 1938 ásamt tveimur dætrum sínum.

Á hinu frímerkinu er mynd af Ragnhildi Pétursdóttur eftir málverki Ásgríms Jónssonar listmálara. Um Ragnhildi segir m. a. svo í tilkynningu pósthjónarinnar: „Hún var fædd í Engey við Reykjavík 10. febrúar 1880. Foreldrar hennar voru Pétur Kristinsson útvegsbóndi þar og kona hans Ragnhildur Ólafsdóttir. Hún stundaði nám í hússtjórnarskóla og hússtjórnarkennaraskóla í Noregi í tvö ár. Hún varð forstöðukona hússtjórnardeildar Kvinnaskólans í Reykjavík. Hún var í undirbúningsnefnd sem skipuð var á Búnaðarþingi um að koma húsmæðrafræðslunni í betra horf. Hún var einnig einn af forvígismönnum um stofnun Húsmæðraskóla Reykjavíkur og sat í skólanefnd H. R. í áratugi. Ragnhildur hafði allt sitt líf brennandi áhuga fyrir menntunarmálum kvenna og notaði hvert tækifæri til að koma góðu til leiðar. Hún lést í Reykjavík 9. janúar 1961.“

Frímerkin voru offsetprentuð hjá Harrison & Sons Ltd., High Wycombe, Englandi. Var það í fyrsta skipti, sem sú prentsmiðja tók að sér prentun íslenskra frímerkja.

Evrópufrímerki – Pósthús



Hinn 7. maí komu út tvö Evrópufrímerki (CEPT). Sameiginlegt myndefni eða þema Evrópufrímerkjanna var að þessu sinni gamlar og nýjar pósthúsa-byggingar.

Á 21,00 kr. frímerkinu er elsta pósthúsaþbygging á Íslandi, sem stendur á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis í Reykjavík. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt gerði teikninguna. Hófst bygging hússins árið 1914 og var það tekið í notkun árið 1915. Á frímerkinu má einnig sjá eldri gerð bréfavogar.

Á 40,00 kr. frímerkinu má sjá hluta af nýju pósthúsi í Breiðholti að Þönglabakka 4 í Reykjavík. Hér er mynd af nýrri gerð bréfavogar, sem þar er í notkun Póst- og símamálastofnunin stóð að þessari byggingu með Reykjavíkurborg. Húsið var hannað af Arkitektastofu Finns Björgvinssonar og Hilmars Þórs Björnssonar.

Frímerki þessi voru hönnuð af Tryggva T. Tryggvasyni og Guðjóni Davíð Jónssyni. Þau voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1990

Íþróttافرímerki



Hinn 28. júní komu út tvö 21,00 kr. íþróttافرímerki í nýrri útgáfuröð. Um það segir m.a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Með þessari útgáfu hefst kynning á 10 íþróttagreinum, þar sem myndefni frímerkjanna eru keppnisíþróttir og munu tvö frímerki koma út árlega næstu fimm ár.“

Myndefni þeirra tveggja frímerkja, sem út komu þennan dag, eru bogfimi og knattspyrna. Um þessar íþróttir segir þetta m.a.: „Bogfimi er ævagömul. Fundist hafa örvaroddar sem eru um það bil 15000 ára gamlir. Upphaflega var boginn veiði- og stríðsvopn en þegar ný og fullkomnari vopn komu til sögunnar breyttist hlutverk bogans í íþróttatæki. Elstu heimildir um bogfimi sem íþróttagrein má rekja allt aftur til 13. aldar. Hér á landi er greinin mjög ung og nánast eingöngu stunduð innan aðildarfélaga Íþróttasambands fatlaðra.“

Knattspyrnan er sú íþróttagrein, sem einna flestir stunda og jafnframt ein sú útbreiddasta en vagga hennar er talin í Englandi, þar hafi hún þróast hvað mest og fyrstu reglur verið settar. Hingað til lands barst knattspyrnan um 1895. Fyrsta knattspyrnufélagið, Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) var stofnað 16. febrúar 1899. Árið 1908 var Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) stofnað og seinna sama ár knattspyrnufélögin Fram og Víkingur. Knattspyrnufélagið Valur var svo stofnað 1911. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) var svo stofnað 26. mars 1947. Landsleikir Íslands eru orðnir fjölmargir og fyrsti landsleikurinn var við Dani árið 1946.

Ástþór Jóhannsson og Finnur Malmquist hönnuðu þessi frímerki. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Ferðamálaár Evrópu



Hinn 6. september kom út 30,00 kr. frímerki, „sem sýnir merki Ferðamálaárs Evrópu 1990 og hluta af Evrópulandakorti,“ eins og segir í tilkynningu póststjórnarinnar. Þar segir enn fremur: „Eins og kunnugt er gerðist Ísland aðili að Ferðamálaári Evrópu 1990 og eru aðildarríkin 18 talsins. Hér er um að ræða gagnmerkt framtak til landkynningar og eflingar skilnings þjóða í milli með auknum ferðalögum, en það er samstarfsverkefni Evrópusambandsins og EFTA-landanna. Opnun Ferðamálaárs (European Year of Tourism) fór fram í Strasbourg þann 11. desember 1989 og hélt samgönguráðherra Íslands opnunarræðu fyrir hönd EFTA-landanna.“

Finnur Malmquist hannaði þetta frímerki, en það var offsetprentað hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi. Var það í fyrsta skipti, sem þessi prentsmiðja prentaði íslenskt frímerki.

1990

Landslagsfrímerki



Hinn 6. september komu einnig út tvö ný frímerki í þessum flokki landslagsfrímerkja, sem hóf göngu sína árið áður.

Á 25,00 kr. frímerkinu er mynd af Hvítserk í Vestur-Húnavatnssýslu. Þetta er klettadrangur eða klettahella, 15 metra yfir sjávarmáli, sem rís í flæðarmáli skammt innan við bæinn Súluvelli við vestanverðan botn Húnaafjarðar. Brimið hefur sorfið þrjú göt í helluna og lagað hana svo, að hún líkist þrífættri ófreskju, sem styður trýninu niður. Fugl, aðallega skarfur, hefur aðsetur á Hvítserk, og ber hann þess menjar í lit af fugladriti.

Á 200,00 kr. frímerkinu er mynd af Lómagnúpi í Vestur-Skaftafellssýslu. Hann er rismikill fjallsnúpur, 688 metrar á hæð yfir sjávarmál, vestanvert við Skeiðarársand, og í röð hæstu standbjarga á Íslandi. Talið er, að Lómagnúpur hafi áður náð í sjó fram. Fræg er frásögn Njáls sögu af draumi Flosa í Svínafelli, er hann sá jötuninn ganga út úr núpnunum.

Hönnuður frímerkjanna var Þröstur Magnússon og voru þau prentuð í rasta-djúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Dagur frímerkisins – Frímerkjasýningin NORDIA 91



Hinn 9. október, á Degi frímerkisins, var gefin út smáörk með þremur frímerkjum. Verðgildi hvers frímerkis er 40,00 kr., en söluverð smáarkarinnar 170 krónur. Yfirverðið rann eins og af smáörkinni 1989 til frímerkjasýningarinnar NORDIA 91. Myndefni arkarinnar var hluti af landabréfi af Norðurlöndum (Carta marina) eftir Olaus Magnus. Sjá nánar um hann og kortið við útgáfu arkarinnar 1989. Í tilkynningu póststjórnarinnar með útgáfunni segir m.a.: „Síðar (1555) birti Olaus mikla og margfræga bók um Norðurlönd og undur þau sem þar gerast, og er hún með hundruðum mynda úr náttúru, sögu, þjóðlífi og hjátrú Norðurlandabúa, einkum Svía. Þegar til Íslands kemur, hefur Olaus helst frá því að segja, að þar séu eldfjöll og jöklar, þeirra á meðal Hekla. Fjöllin eru hulin eilífum snæ, en við rætur þeirra brennur eldurinn sífellt. Fjórar merkilegar uppsprettur er þar að finna: ein brennandi heit, önnur ísköld, í þeirri þriðju er öl, en hin fjórða ban-eitruð. Hús sín og kirkjur byggja Íslendingar úr hvalbeinum og grafa í jörð niður til þess að verjast kuldanum. Beitilönd eru þar svo kjarngóð, að reka verður búsmala úr haga svo að hann kafni ekki úr fitu. Þá er fiskisæld mikil og aflanum hlaðið í háa hlaða uns hann er seldur útlendingum. Hafs liggur við landið í átta mánuði og þar er heimkynni ísbjarna. Þar eru hvítir fálkar, hrafnar og refir.“

Þröstur Magnússon hannaði þessa örk, og Czeslaw Slania gróf hana í stálstungu. Hún var prentuð í stáldjúpþrykki og offseti hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

1990

Jólafrímerki



Hinn 8. nóvember voru gefin út síðustu frímerki ársins, jólafrímerki, í tveimur verðgildum sem fyrr, 25,00 kr. og 30,00 kr. Þau voru teiknuð af Brian Pilkington teiknara. Myndefni frímerkjanna eru börn, tónlist, snjór og jólaljós.

Um höfundinn segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Brian Pilkington fæddist í Liverpool í Englandi 1950. Hann stundaði í 5 ár nám við myndskreytingar og síðan framhaldsnám til B.A.-prófs í myndlist. Hann kom til Íslands 1978. Hann hefur myndskreytt 8 barnabækur og þar af eru 3 síðustu bækurnar skrifaðar af honum sjálfum. Brian Pilkington hefur haldið 7 sýningar á myndverkum sínum hérlandis.“

Jólafrímerki þessi voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

1991

Fuglafrímerki



Hinn 7. febrúar komu út tvö fuglafrímerki. Á 25,00 kr. frímerkinu er mynd af flógoða (*Podiceps auritus*), eins og hann er nefndur í tilkynningu Póst- og símamálastofnunarinnar. Hins vegar nefnist fuglinn sefönd í ýmsum fugla-bókum. Ýmis önnur heiti hefur hann í íslensku, svo sem flóðseti, flóðskítur og flóaskítur. Hann er „andaættar og heldur sig við tjarnir og síki“, eins og segir í tilkynningunni. Hann er algengur farfugl um land allt og kemur venjulegast í byrjun apríl. Leitar hann þá uppi gamla og nýja varpstaði og heldur sig þar, sem er mikill sefgróður, einkum við bakkana. Af því er sefandarnafnið dregið. Flógoðinn verpir ekki að jafnaði fyrr en í júníbyrjun. Verpir hann þremur til sex eggjum í flothreiður við sefgrónar grynningar. Héðan fer flógoðinn eða seföndin í september eða byrjun október. Austanhafs fer hann suður að Miðjarðarhafi, en vestanhafs fer hann suður að Mexíkóflóa.

Á 100,00 kr. frímerkinu er mynd af súlu (*Sula bassana*). Hún telst til sjófugla og aftar fæðu sinnar að öllu leyti úr sjó. Súlan sýnir mikla flugfimi, þegar hún er í leit að æti og steypir sér þá lóðrétt á kaf eftir fiskum, stundum úr 30 metra hæð eða meira. Varpstöðvar hennar eru við sjó, utan í klettum og þar fer fram mikil barátta fyrir rými. Fullorðin súla er hvítur, stór fugl. Hér á landi eru varpstaðir fáir og aðallega Eldey við Reykjanes og Vestmannaeyjar. Súlan flakkar að vetrinum víða um höfin, en þrátt fyrir það er hún talin staðfugl hér.

Hönnuður frímerkjanna var Þröstur Magnússon, en þau voru prentuð með rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1991

Landslagsfrímerki



Hinn 7. mars komu út tvö ný frímerki í flokki landslagsfrímerkja, sem hóf göngu sína árið 1989.

Á 10,00 kr. frímerkinu er mynd af Vestrahorni í Austur-Skaftafellssýslu. Áður fyrr hét það Eystrahorn, en það nafn fluttist svo yfir á Hvalneshorn, sem er austan við Lónssveit. Vestrahorn er 454 metra hátt fjall yst á nesinu milli Skarðsfjarðar og Papafjarðar. Það er hömrum girt og svipmikið. Er það eitt af fáum fjöllum á Íslandi, sem eru nær eingöngu úr gabbrói; einnig er nokkuð um granófýr í því. Austan við aðalfallið er lítill upptypingur, næsta formfagur þó, og heitir sá Brunnhorn.

Á 300,00 kr. frímerkinu er mynd frá Kverkfjöllum, en það er fjallabálgur í norðurjaðri Vatnajökuls. Kverkfjöll eru klofin í tvennt af þröngu skarði, sem mjó og brött skriðjökulsbunga fellur fram úr. Jarðylur er þar upp á efsta tind, en aðalhverasvæðið er í þröngum dal, Hveradal. Þar er einn mesti gufuhver landsins, Glámur. Litaskraut er þar með fádæmum.

Hönnuður var sem áður Þröstur Magnússon og prentun fór fram í rastadjúpþrykki hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

Evrópufrímerki – Evrópa í geimnum



Hinn 29. apríl voru gefin út tvö Evrópufrímerki (CEPT), 26,00 kr. og 47,00 kr. að verðgildi. Að þessu sinni var þema útgáfunnar Evrópa í geimnum.

Þjóðir Vestur-Evrópu hafa um langt skeið haft samstarf um starfsemi úti í geimnum, bæði á sviði rannsókna og fjarskipta. Geimferðastofnun Evrópu eða ESA (European Space Agency) er geimferðastofnun sem stofnuð var árið 1975. Markmið stofnunarinnar er að rannsaka geiminn, smíði gervitungla fyrir vísindalega starfsemi og fjarskipti, og koma þeim á braut um jörðu. Aðildarlönd ESA eru tuttugu og tvö, en að vísu ekki Ísland.

Önnur samtök, Evrópsku gervitunglasamtökin eða EUTELSAT (European Telecommunications Satellite Organization), sem Ísland er aðili að, annast rekstur fjarskiptatungla, sem miðla bæði símaumferð og sjónvarpsefni. Þessi samtök voru stofnuð árið 1977.

Hönnuðir þessara frímerkja eru Tryggvi T. Tryggvason og Jón Ágúst Pálmason. Hafa þeir við gerð frímerkjanna haft hliðsjón af því, sem að ofan segir um sameiginlegt þema frímerkjanna. Frímerkin voru offsetprentuð hjá The House of Questa Ltd., í London, Englandi. Var það í fyrsta skipti, sem sú prentsmiðja prentaði íslenskt frímerki.

1991

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 91



Hinn 23. maí var gefin út smáörk með þremur frímerkjum, hvert að verðgildi 50,00 kr. Tilefnið var samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 91. Þessi smáörk var til sölu til 30. júní 1991 eða til loka sýningarinnar, sem hófst 27. júní. Söluverðið var 215 krónur.

Fyrsta smáörkin, sem gefin var út í tilefni NORDIA 91, kom út í október 1989 og hin næsta af sama tilefni í október 1990., báðar á Degi frímerkisins. Um myndefni allra þessara smáarka vísast til þess, sem segir við útgáfu fyrstu arkarinnar.

Í tilkynningu póststjórnarinnar er þess getið sérstaklega, að Frímerkja- og póstsögusjóður styrki sýninguna. Þá er þess getið, að sjóðurinn hafi verið stofnaður 1986 og aðaltekjustofn hans sé andvirði yfirverðs frímerkja, sem gefin hafi verið út síðan hann var stofnaður. Um þetta vísast til þess, sem áður er sagt um sjóðinn við árin 1986 og 1987.

Í tilkynningunni segir enn fremur: „Í ávarpi í fyrsta kynningarriti NORDIU 91 var minnst á það, að þátttaka í frímerkjasýningum gæfi frímerkjasöfnun eða frímerkjafræðinni aukið gildi. Frímerki væru að vísu ekki notuð nú á dögum í sama mæli og áður, þau hefðu að nokkru leyti verið leyst af hólmi af frímerkingarvélum og áprentunum um greitt burðargjald. Enginn léti sér þó í alvöru detta í hug að frímerkið liði undir lok, þó ekki væri nema vegna hlutverks þess sem nafnspjald þjóðanna.

Póststjórnir kosta æ meira kapps um að vanda frímerki sín sem mest, bæði að hönnun og prentun og velja myndefni hverju sinni, sem endurspeglar menningu, sögu, náttúru og atvinnuhætti. Frímerkin verða þannig augnayndi og fróðleiksuppspretta fyrir frímerkjasafnara og ekki síður fyrir hinn mikla fjölda almennra viðskiptavina póstsins.“

Þröstur Magnússon hannaði einnig þessa örsk, og Czeslaw Slania gróf hana í stálstungu. Prentunaraðferðin var svo hin sama hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi, stáldjúpprykk og offsetprentun.

Norðurlandafrímerki – Ferðaþjónusta



Hinn 23. maí voru gefin út tvö frímerki í þessum flokki. Að þessu sinni urðu póststjórnirnar átta, sem fylgdust að við útgáfuna. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland bættust í hópinn. Fyrirhugað er, að þessar sameiginlegu útgáfur verði framvegis annað hvert ár. Sameiginlegt þema Norðurlandafrímerkjana var ferðaþjónusta eða nánar tiltekið áfangastaðir ferðamanna.

Á 26,00 kr. frímerkinu er mynd frá Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi sunnan Vatnajökuls. Er þetta stórt stöðuvatn milli Breiðamerkurjökuls og jökulöldu og hefur að mestu myndast eftir 1950. Er það hyldjúpt eða sem næst 100 m. Er vatnsbotninn langt fyrir neðan yfirborð sjávar, og um flóð fellur sjór upp í það. Stórir ísjakar, sem brotnað hafa úr jöklinum, fljóta um lónið.

Á 31,00 kr. frímerkinu sést hverinn Strokkur. Er hann mesti goshver á Geysis-svæðinu í Haukadal að Geysi sjálfum undanskildum.

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki. Þau voru offsetprentuð hjá Harrison & Sons Ltd., High Wycombe, Englandi.

1991

Íþróttافرimerki



Hinn 14. ágúst komu út tvö 26,00 kr. frímerki í þessum flokki íþróttافرimerkja, sem hóf göngu sína árið áður. Hönnuðir voru hinir sömu, Ástþór Jóhannsson og Finnur Malmquist. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Á öðru frímerkinu er golfíþróttarinnar minnst. Um hana segir m.a. í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Golfsamband Íslands var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1942. Stofnendur voru: Golfklúbbur Íslands, stofnaður 1934, sem síðar breytti um nafn og heitir nú Golfklúbbur Reykjavíkur, Golfklúbbur Akureyrar, stofnaður 1935 og Golfklúbbur Vestmannaeyja, stofnaður 1938. Árið 1946 var farin fyrsta keppnisferð erlendis og var leikið á ýmsum stöðum í Danmörku og Svíþjóð. Fyrsta keppnisferð íslenska landsliðsins í golfi var farin 1958. Strax eftir stofnun Golfsambandsins 1942 fór fram fyrsta Íslandsmeistaramótið og hefur það farið fram á hverju ári síðan víðs vegar um landið. Á Íslandi eru nú starfandi 35 golfklúbbar með 5000 meðlimi og fer þeim ört fjölgandi.“

Á hinu frímerkinu er íslensku þjóðaríþróttarinnar, glímunnar, minnst. Um hana segir m.a. svo: „GLÍMA hefur verið stunduð á Íslandi allt frá því land byggðist á 9. öld. Íþróttin er upprunnin úr norrænum og keltneskum fangbrögðum er landnámsmenn fluttu með sér og hefur síðan þróast í sérstaka íþrótt, alíslenska og þá einu af því tagi. Nafnið - GLÍMA - kemur fyrst fram á 12. öld og merkir gleðileikur. Helstu sérkenni glímunnar eru glímustígangin og hin upprétta staða sem greina hana frá öllum öðrum fangbrögðum veraldar. Mikil áhersla er lögð á drengskap í keppni. Glíman þykir jafnan glæst sýningaríþrótt þar sem snerpa, mýkt og fimi ráða. 1906 er fyrst háð Íslandsglíma um hið fræga Grettisbelti. Glímusamband Íslands var stofnað 11. apríl 1965. Konur hófu keppni í glímu árið 1990 að frumkvæði Glímusambandsins. Á íþróttapingi 1988 var formlega staðfest af forystumönnum íþróttamála á Íslandi að glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga.“

Merkir Íslendingar



Hinn 14. ágúst komu út tvö ný frímerki í flokknum Merkir Íslendingar. Var að þessu sinni minnst tveggja manna, sem settu mjög svipmót á menningar- og tónlistarlíf Íslendinga á 20. öld.

Á 60,00 kr. frímerkinu er mynd af Ragnari Jónssyni (Ragnari í Smára) eftir málverki Jóhannesar S. Kjarvals listmálara.

Um hann segir m.a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Ragnar Jónsson hét fullu nafni Einar Ragnar Jónsson og fæddist í Mundakoti á Eyrarbakka 7. febrúar 1904. Foreldrar hans voru Jón Einarsson, hreppstjóri og útvegsbóndi og kona hans Guðrún Jóhannsdóttir. Ragnar stundaði nám í Verslunarskólanum og útskrifaðist þaðan 1922. Hann rak um árabil Smjörflíkisgerðina Smára sem hann var síðar kenndur við. Hann stofnaði bókaútgáfuna Helgafell árið 1942. Ragnar, ásamt ellefu listunnendum sem oftast voru nefndir „postularnir“ var aðalhvatamaður að stofnun Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1930 og Tónlistarfélagsins skömmu síðar. Var hann formaður þess félags um hálfra aldar skeið. Hann átti einnig verulegan þátt í stofnun Hljómsveitar Reykjavíkur sem síðar varð Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á sviði myndlistar lét Ragnar mjög til sín taka. Hann var brautryðjandi í útgáfu vandaðra listaverkabóka og eftirprentana af myndum íslenskra málara, auk þess sem hann festi stöðugt kaup á verkum ungra myndlistarmanna þeim til styrktar. Varð þetta safn með tímanum mikið að vöxtum og árið 1961 gaf hann Alþýðusambandi Íslands safnið í minningu Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi. Varð safnið kveikjan að Listasafni ASÍ. Ragnar lét einnig til sín taka í þjóðmálum, gaf út ýmis tímarit, m.a. Helgafell, tímarit um bókmenntir og listir og ritaði sjálfur fjölda greina.“ Ragnar Jónsson lést 11. júlí, 1984.

Á 70,00 kr. frímerkinu er mynd af Páli Ísólfsyni, tónskáldi og organista, eftir málverki Hans Alexanders Müller.

Um Pál segir m.a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Páll Ísólfsson fæddist á Stokkseyri 12. október 1893. Foreldrar hans voru Ísólfur Pálsson, tónskáld, og kona hans, Þuríður Bjarnadóttir. Árið 1913 fór hann til Þýskalands til náms í organleik hjá próf. Karl Straube við Tómasarkirkjuna í Leipzig. Varð hann síðar aðstoðarorganisti þar í tvö ár. Hélt hann organtónleika víða erlendis eftir fyrri heimsstyrjöldina, einkum í Þýskalandi og Danmörku. Til Íslands fluttist hann á ný árið 1921. Páll Ísólfsson var einn af brautryðjendum íslenskra tónlistarmála. Árið 1926 var hann ráðinn organleikari við Fríkirkjuna í Reykjavík og 1939 varð Páll dómkirkjuorganisti. Árið 1930 var Tónlistarskólinn í Reykjavík stofnaður og var hann ráðinn skólastjóri hans. Þegar Ríkisútvarpið hóf starfsemi sína sama ár varð Páll tónlistarstjóri þess. Að auki hélt Páll árlega tónleika í Reykjavík. Kom hann þá ýmist fram sem einleikari, söngstjóri eða hljóm-sveitarstjóri. Skiptu tónleikar hans hundruðum áður en yfir lauk. Þá fór hann margar tónleikaferðir til annarra landa. Þegar Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína 1950 varð Páll tónlistarráðunautur þess. Sama ár var Sinfóníuhljómsveit Íslands stofnuð að tilstuðlan hans og samstarfsmanna hans. Páll Ísólfsson var afkastamikið tónskáld. Hann samdi orgeltónverk og sálmasöngslög, enn fremur einsöngslög, kórverk og leikhústónlist. Meðal þekktustu tónsmíða hans eru Alþingishátíðarkantatan 1930, Skálholtskantatan 1956 og tónlistin við Gullna hliðið 1944. Mörg laga hans eru því á hvers manns vörum. Páll hlaut margs konar heiður og viðurkenningar héraðs og erlendis.“ Páll Ísólfsson lést 24. nóvember, 1974.

Frímerki þessi voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík 100 ára



Hinn 9. október kom út 50,00 kr. frímerki til að minnast þess, að öld væri liðin frá því er Sjómannaskólinn hóf göngu sína. Var skólinn settur í fyrsta sinni 1. október 1891. Myndefni frímerkisins er núverandi hús Sjómannaskólans á Rauðarárholti.

Í tilkynningu póststjórnarinnar er eftirfarandi m.a. tekið fram: „Árið 1842 mun í fyrsta sinn á prenti minnst á stýrimannaskóla á Íslandi. Þjóðfrelsihetjan Jón Sigurðsson forseti ritaði það ár um nauðsyn skóla í ritgerð sinni „Um skóla á Íslandi“, sem birtist í Nýjum félagsritum. Fyrsta skólaárið, 1891-92 voru 14 nemendur í byrjun skólaárs. Námsgreinar voru í fyrstu stýrimannafræði, sjóréttur og fleiri greinar. 1898 flutti skólinn í veglegt skólahús á þeirra tíma mælikvarða. Efst á stigahúsi skólahússins var pallur með járnhandriði umhverfis. Þar æfðu nemendur hornamælingar með sextanti, sem sýndur er á frímerkinu.“

Hönnuðir frímerkisins voru Tryggvi T. Tryggvason og Guðjón Davíð Jónsson. Offsetprentun fór fram hjá The House of Questa Ltd., London, Englandi.

Póstflutningar með skipum



Hinn 9. október eða á Degi frímerkisins var gefin út lítil örsk með myndefni sem sýnir fjögur skip, hvert frímerki með verðgildinu 30,00 kr. Hér var sú nýjung tekin upp við útgáfu frímerkja, að þau voru prentuð samhangandi í átta eintaka örsk.

Um þessa útgáfu segir m.a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: Með tveimur frímerkjanna er minnst póstskipanna, sem sigldu til Íslands á 19. öld, en hin tvö eru af þekktustu farþega- og flutningaskipum Íslendinga 20. öld og eiga sér mjög merkan feril í siglingasögu Íslendinga. Þau skip sem hér hafa orðið fyrir valinu: Sölöven, Arcturus, Gullfoss I. og Esja II. eiga það sameiginlegt að hafa öll komið við sögu í póst-, farþega- og vöruflutningum milli Íslands og annarra landa um lengri eða skemmri tíma frá 1852-1969.

Sölöven var seglskip, tvímöstruð skonnorta, smíðuð úr eik 1840-1841 um 108 brt. að stærð. Það var síðasta póstseglskipið í Íslands-siglingum og sigldi frá 1852 þar til það fórst í aftaka suðvestan veðri hinn 27. nóvember 1857 með allri áhöfn og farþegum undir Svörtuloftum við Snæfellsnes.

Arcturus var gufuskip með seglbúnaði og var í Íslandssiglingum 1858 til 1868 og aftur 1876 til 1882. Arcturus hafði nokkurt farþegarými en sökk eftir árekstur við enskt skip skammt frá Falsterbo árið 1887. Mannbjörg varð.

Gullfoss (I) hafði 1200 ha. gufuvél og var fyrsta skip Eimskipafélags Íslands. Hann kom nýbyggður til landsins 16. apríl 1915. Gullfoss var smíðaður í Kaupmannahöfn og það var fyrsta íslenska skipið með frystirými. Skipið hafði rúm fyrir 74 farþega á tveimur farrýmum. Gullfoss var flaggskip íslenska kaupskipaflotans í aldarfjórðung og er koma hans einn merkasti atburður í íslenskrum samgöngusögu á þessari öld. Eimskipafélagið seldi skipið 1947.

Esja (II) var knúin tveim 1250 ha. diesel-vélum. Hún var smíðuð í Álaborg í Danmörku 1939 til strandferða fyrir Skipaútgærð ríkisins. Farþegarými skipsins var fyrir 148 manns á tveim farrýmum. Esja var seld til Bahamaeyja og urðu afdrif þess, að skipið sökk út af Monróvíu í Vestur-Afríku 1979.“

Í tilkynningu pósthjónnarinnar segir enn fremur þetta: „Siglingar pósthjónna: Árið 1776, hinn 13. maí var gefin út konungleg tilskipun um pósthjónna á Íslandi af Kristjáni VII. Danakonungi. Reglubundnar pósthjónna um Ísland og svo áfram til Danmerkur munu fyrst og fremst hafa verið hugsaðar til þess að greiða fyrir samskiptum dönsku stjónnarinnar í Kaupmannahöfn við embættismenn sína hér á landi. Talið er að reglulegar hjónna milli Íslands og Danmerkur hafi byrjað tveim árum síðar eða 1778. Var farin ein hjónna á ári að vorlagi, en aðrar pósthjónna urðu með skipum kaupmanna svo sem áður hafði verið.“

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printings Ltd., í Dublin á Írlandi.

Jólafrímerki



Hinn 7. nóvember komu út tvö jólafrímerki, 30,00 kr. og 35,00 kr. Um þau segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Jólafrímerkin 1991 sýna að þessu sinni jólaljósíð og ljós stjarnanna í íslensku skammdegi. Er það í tíunda skiptið, sem sérstök jólafrímerki eru gefin út hér á landi.

Eiríkur Smith (1925-2016) listmálari er hönnuður þeirra. Hann er fæddur 1925 og ólst upp í Hafnarfirði. Haustið 1946 hóf hann nám í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík og lagði stund á myndlist og teikningu. Síðan fór hann til Kaupmannahafnar og Parísar til frekara náms. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann 1948 í Hafnarfirði og fjórum árum síðar í Listamannaskálanum í Reykjavík. Erlendis hélt hann fyrstu einkasýningu sína 1967 í Alwin Gallery í London. Mörg söfn og opinberir aðilar eiga verk eftir Eirík Smith.

Frímerkin voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printings Ltd., í Dublin á Írlandi.

1992

Íþróttافرimerki



Hinn 20. febrúar komu út tvö 30,00 kr. frímerki í þessum flokki, sem hóf göngu sína 1990.

Á öðru 30,00 kr. frímerkinnu er minnst blaksins. Um það segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Heimildir eru til um að frumbyggjar Ameríku hafi leikið boltaleik sem líktist blaki og þar mótaðist blakíþróttin seint á 19. öld eins og hún er iðkuð enn í dag. Fyrstu heimsmeistaramótin voru haldin um miðbik þessarar aldar og fyrst var keppt í blaki á Ólympíuleikum árið 1964 í Tókýó. Blak er vinsæl íþrótt í skólum hér á landi, en 6 leikmenn eru í hverju liði. Fyrsta Íslandsmót í blaki var haldið 1970. Blaksamband Íslands var stofnað 11. nóvember 1972.“

Á hinu 30,00 kr. frímerkinnu er minnst skíðaiðkunar. Þar segir m. a. svo frá í tilkynningunni: „Mikill fjöldi Íslendinga bregður sér á skíði á ári hverju. Skíðaiðkun er fjölskylduþrótt, þar sem allir meðlimir fjölskyldunnar geta verið virkir þátttakendur og þessi íþrótt er ævagömul. Elsta skíðið, sem fundist hefur er talið um 4500 ára gamalt og fannst í Norður-Svíþjóð 1921. Skíðasamband Íslands var stofnað 23. júní 1946. Fyrst var haldið skíðamót árið 1905 í Fljótum í Skagafirði. Skíðamót Íslands var hins vegar fyrst haldið árið 1937 í Hveradölum við Reykjavík. Á Vetrar-Ólympíuleikunum 1948, sem haldnir voru í St. Moritz í Sviss, mættu Íslendingar í fyrsta skipti til keppni.“

Hönnuðir frímerkjanna voru Ástþór Jóhannsson og Finnur Malmquist. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Evrópufrímerki – Fundur Ameríku



Hinn 6. apríl komu út tvö Evrópufrímerki (CEPT), bæði 55,00 kr. að verðgildi. Voru þetta jafnframt síðustu Evrópufrímerkin sem gefin voru út í umsjá Evrópuráðs pósts og síma, „European Conference of Postal and Telecommunications Administrations“ (CEPT) en frá og með útgáfunni 1993 voru Evrópufrímerkin í umsjá PostEurop, Sambands opinberra póstrekennda í Evrópu, með aðsetur í Brussel, sjá nánar umfjöllun við fyrstu Evrópufrímerkin árið 1960.

Fimm aldir voru á þessu ári liðnar frá því, er Kristófer Kólumbus sté á land í Vesturheimi. Evrópufrímerkin voru þess vegna helguð þeim atburði. Íslensku frímerkin voru bæði gefin út stök í örkum og svo saman í smáörk, þar sem annars vegar kemur skýrt fram leið Leifs heppna til Vínlands árið 1000 og svo hins vegar leið Kólumbusar árið 1492. Þá gerðist það í fyrsta skipti, að póststjórnir Íslands og Færeyja sameinuðust um sama myndefni frímerkjanna og arkarinnar.

Í tilkynningu íslensku póststjórnarinnar er greint mjög nákvæmlega frá þessum heimssögulegu atburðum. Verður að vísa að miklu leyti til þess, sem þar segir. Hér á eftir koma einungis fram nokkur helstu atriði þessarar frásagnar.

Á öðru frímerkinu sést skip Kólumbusar á siglingu undir fullum seglum. Um það myndefni segir svo: „Kristófer Kólumbus fæddist árið 1451 í Genúa á Ítalíu. Hann fluttist til Lissabon í Portúgal. Hugur hans stóð til landkönnunar, en til þess fékk hann engan stuðning í Portúgal. Hann fór því til Spánar og fékk áheyrn hjá konungi, sem ákvað að styrkja ferð hans í vesturveg til þess að finna

sjóleiðina til Indlands. Samkvæmt heimildum um Kristófer Kólumbus mun hann hafa komið til Íslands 15 árum áður en hann sté á land í Vesturheimi. Sagnir eru um, að Kólumbus hafi haft vetursetu á Íslandi á þeim stað, þar sem í góðu skyggni má sjá fjallstinda á Grænlandi. Sögur af fundi Grænlands og Vínlands fimm öldum áður lifðu einnig með almenningi á Íslandi þá eins og bæði fyrr og síðar. Landafundir Kólumbusar mörkuðu þáttaskil í mannkynssögunni og skópu nýja heimsmynd. Með landnámi sínu í Ameríku opnaðist Evrópumönnum nýr heimur í bókstaflegum skilningi.“

Á hinu frímerkinu sést skip Leifs Eiríkssonar hins heppna undir fullum seglum á leið til Vínlands. Um Vínlandsferðir segir m. a. þetta: „Grænland byggðist af Íslandi seint á 10. öld. Eiríkur hinn rauði fann landið og hóf þar byggð 985 eða 986.

Á næstu árum fluttust þangað margir Íslendingar og stofnuðu blómlegt ríki syðst á vesturströndinni með sérstöku þingi og síðar biskupsstól. Frá Grænlandi var skammt til annarra eyja í vestri og síðan til meginlands Norður-Ameríku, enda fundust brátt fleiri lönd. Bjarni Herjólfsson og Leifur heppni, sonur Eiríks rauða, eru hvor um sig sagðir hafa fundið þrjú lönd sem nefnd voru Vínland, Markland og Helluland. Lönd þessi hafa líklega verið Labradorskaginn og Baffinsland. Minjar eftir byggð norrænna manna hafa fundist á norðurodda Nýfundnalands þar sem heitir L’Anse aux Meadows, og hyggja sumir að þar hafi Vínland verið. Á Nýfundnalandi hefur þá verið viðkomustaður Grænlandinga á ferðum þeirra til Vínlands. Samkvæmt Grænlandinga sögu fann Bjarni Herjólfsson hin nýju lönd er hann villtist af leið til Grænlands, en síðan tók Leifur heppni við og kannaði löndin og gaf þeim nöfn. En í Eiríks sögu segir að Leifur hafi fundið Vínland fyrstur manna þegar hann var á leið til Grænlands frá Noregi sem kristniboði Ólafs Tryggvasonar árið 1000.“

Þröstur Magnússon hannaði þessi frímerki og smáörkuna. Þau voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen, Haarlem, Hollandi.

Atvinnulífsfrímerki - Útflutningsverslun



Hinn 16. júní voru gefin út tvö frímerki, 30,00 kr. og 35,00 kr. Um tilefni þessarar útgáfu segir m.a. í tilkynningu póststjórnarinnar. Þessi frímerki „sýna nokkur tákn þeirra atvinnugreina er vinna að útflutningi afurða frá Íslandi. Íslendingar eru mjög háðir utanríkisverslun. Lega Íslands og náttúruleg skilyrði gera það að verkum að við verðum að eiga mikil viðskipti við önnur lönd. Öflug útflutningsstarfsemi er undirstaða þess að hér geti þrífist velferðarþjóðfélag á vestræna vísu. Það verður varla um það deilt að verðmæti útflutnings er undirstaða þess að á Íslandi eru lífskjör með því besta sem gerist í heiminum.

Verslunarráð Íslands var stofnað árið 1917. Útflutningsráð Íslands var stofnað árið 1986 til þess að styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum í erlendri markaðssókn. Merki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (SH) er á 35,00 kr. frímerkinu og er það í tilefni hálfrar aldar starfsemi hennar. Stofnfundur Sölumiðstöðvarinnar var haldinn 25. febrúar 1942. Tilgangurinn með stofnun hennar var að selja sjávarafurðir á erlendum markaði, annast innkaup á rekstrarvörum, leita eftir nýjum mörkuðum og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluáferðir. Sölumiðstöðin hefur verið allan sinn starfsferil í fararbroddi íslenskra útflutningsfyrirtækja. Vörumerkið ICELANDIC varð til í Bandaríkjunum, en það hefur orðið ímynd gæðavöru í huga fiskkaupenda um allan heim. Á bak við þetta vörumerki er löng saga uppbyggingar á hörðum markaði, þar sem sýna verður stöðuga árvekni í gæða- og sölumálum.“

Ólöf Baldursdóttir hannaði frímerkin sem Joh. Enschedé en Zonen, Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Brúarmannvirki



Hinn 9. október hófst ný útgáfuröð frímerkja með myndum af gömlum brúm á Íslandi. Voru gefin út tvö frímerki, sem Helgi Hafliðason hannaði, en þau voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen, Haarlem, Hollandi.

Á 5,00 kr. frímerkjinu er mynd af brúnni yfir Fnijská frá 1908. Brúin yfir Fnijská hjá Skógum í Suður-Þingeyjarsýslu var byggð 1908. Var hún mikil samgöngubót á fjölförnum þjóðvegi austur frá Akureyri en áður var áin farin á ferju neðan við bæinn Skóga eða riðin þar á fremur slæmu vaði, sem kallað var Skógarbreiða. Jón Þorláksson landsverkfræðingur teiknaði brúna, sem var fyrsta steinbogabru á Íslandi og þá ein lengsta af þeirri gerð, er smíðuð hafði verið í Evrópu. Fylgdist hann einnig með smíði hennar. Þótti hún og er enn hið fegursta mannvirki. Umsjón með brúarsmíðinni hafði danskur verkfræðingur. Með honum voru sjö eða átta Danir, trésmiðir og múrarar en verkamenn voru íslenskir.

Á 250,00 kr. frímerkjinu er mynd af brúnni yfir Ölfusá frá 1891. Eldri brúin yfir Ölfusá hjá Selfossi var byggð á árunum 1890 til 1891. Áður hafði áin verið farin á ferjum í Laugardælum og á Kotferju. Ferja var einnig á Óseyrarnesi og var hún áfram í notkun fram til um 1930. Tryggvi Gunnarsson alþingismaður var frumkvöðull að brúarsmíðinni og umsjónarmaður með henni en brúin var teiknuð af breska verktakafyrirtækinu Vaughan & Dymond. Sigurður Sveinsson steinmiður sá um hleðslu brúarstólpa sumarið 1890 og í ágúst það ár kom brúarefnið til landsins með gufuskipi. Vaughan verkfræðingur kom svo til landsins í júní 1891 og hafði með sér sex enska verkamenn til að setja brúna saman. Brúarhafið var 75 metrar á lengd og landbrúin 37,5 metrar. Brúin átti að geta borið járnbrautarlest eða 1000 meðalmenn í einu. Brúin var vígð 8. september árið 1891. Hundrað árum síðar í september 1991 héldu Selfyssingar vikulanga hátíð til að minnast brúarbyggingarinnar.

Póstflutningar með bifreiðum



Hinn 9. október, á Degi frímerkisins, voru gefin út fjögur frímerki sem sýna fjórar gerðir bifreiða sem notaðar voru við póstflutninga snemma 20. öld. Hvert frímerki var með verðgildinu 30,00 kr. og form útgáfunnar var örskammt með átta samhangandi frímerkjum.

Um póstflutninga almennt segir ítarlega í tilkynningu póststjórnarinnar, og verða hér fáein atriði rakin úr þeirri sögu. „Í þúsund ár bjó íslenska þjóðin við sömu samgöngutækni á landi sem hinir fyrstu landnámsmenn. Við ferðir og flutninga var hesturinn eina hjálp forfeðra okkar og um rúmt aldarskeið var nær allur landpóstur fluttur á hestum. Vart er hægt að segja að farartæki á hjólum hafi þekkt hér á landi fyrr en undir lok 19. aldar. Tími hestvagna til póstflutninga rann upp með 20. öldinni og hálfum öðrum áratug síðar er póstur talinn fluttur með bifreiðum að einhverju leyti og hélst sá þáttur til ársins 1920 að bifreið er sérstaklega keypt í þessu skyni. Einn kunnastur manna á þessu sviði var Hans póstur Hannesson (1867-1928). Fram til ársins 1928 var þó lítið um fastar áætluð ferðir, nema frá Reykjavík austur í sveitir Árnes- og Rangárvallasýslna. Frá 1928-1934 batnaði vegakerfi landsins nokkuð og opnuðust nýjar leiðir fyrir bifreiðar. Jafnframt voru snjóþjálur teknir í notkun til þess að greiða fyrir ferðum að vetrarlagi á fjölförnum leiðunum. Til þess að koma betra skipulagi á þessa flutninga keypti póststjórnin bifreið árið 1933 og gerði út um skeið. Jafnframt var samið við mjólkurbú landsins um póstdreifingu með bifreiðum þeirra. Bifreiðarnar á þessum frímerkjum eiga að kynna þróun póst- og farþegaflutninga hér á landi frá 1920 fram yfir miðja öldina, þegar nýi tíminn með bílaöld gekk hér í garð og Ísland nútímans verður að raunveruleika.“

Póstflutningabílararnir á frímerkjunum eru af eftirfarandi gerðum:

- A. „Gamli Ford“, Ford TT. Eigandi Hans póstur Hannesson. Notaður til póstflutninga árin 1920-1926.
- B. Citroen snjóbíll, 1929. Snjóbílar sem þessi voru m.a. notaðir á Hellisheiði, Holtavörðuheiði, Fjarðarheiði og stórbættu samgöngur yfir vetrartímann.
- C. Póstbíll RE 231, af gerðinni Ford 1931 AA. Bíllinn var tekinn í notkun árið 1933 einkum til póst- og farþegaflutninga milli Reykjavíkur og Akureyrar.
- D. Ford rúta frá árinu 1946. Þessi gerð kemur fram laust eftir 1940 og var ein algengasta sérleyfisbifreið hér á landi í áraraðir.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

1992

Jólafrímerki



Hinn 9. nóvember komu út tvö jólafrímerki, 30,00 kr. og 35,00 kr. Um þau segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: þau „eru hönnuð með hliðsjón af vetrar-sólvörfum eins og listamaðurinn upplifði þau út um vinnustofuglugga sinn í háhýsi í Reykjavík.“

Um höfund frímerkjanna segir þetta: „Bragi Ásgeirsson listmálari, grafíklistamaður, kennari, greinahöfundur og listrýnir til margra ára, er fæddur í Reykjavík árið 1931. Hann hóf listnám í Handíða- og myndlistaskólanum haustið 1947 og nam þar í tvö og hálf ár. Þar næst nam hann við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1950-52, Listaháskólann í Osló 1952-53. Námsdöl í Róm og Flórens 1953-54 og síðan nám í grafík við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1955-56. Bragi hélt sína fyrstu einkasýningu í Listamannaskálanum í Reykjavík í apríl 1955 og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga á Íslandi og eina í Kaupmannahöfn 1956. Hann hefur auk þess tekið þátt í fjölmörgum sam-sýningum heima og erlendis. Mörg söfn og opinberir aðilar eiga verk eftir Braga Ásgeirsson.“ Bragi lést árið 2016.

Frímerkin voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi. Lægra verðgildið, 30 kr. kom einnig út í frímerkjahefti með 10 frímerkjum og var það í fyrsta sinni sem jólafrímerkin voru gefin út í sérstöku hefti.

Fuglafrímerki



Hinn 3. desember voru gefin út fjögur frímerki „með myndum af íslenska fálkanum við ýmsar aðstæður í sínu náttúrulega umhverfi“, eins það er orðað í tilkynningu póststjórnarinnar. Íslenski fálkinn eða valurinn er af tegundinni *Falco rusticolus* en af deilitegundinni *islandicus*. Tegundaheiti íslandsfálkans er því *Falco rusticolus islandicus*. Jafnframt er eftirfarandi tekið fram af hálfu póststjórnarinnar: „Útgáfa þessi er liður í samstarfi við Alþjóðanáttúruverndarsjóðinn eða The World Wide Fund for Nature (WWF) um verndun villtra dýra, sem eru í útrýmingarhættu.“ Verðgildi frímerkjanna er 5,00 kr., 10,00 kr., 20,00 kr. og 35,00 kr.

Árið 1960 kom út 25 kr. frímerki með mynd af íslenska fálkanum. Vísast meðal annars til þess, sem þar segir um fálkann. Hér á eftir fylgir ýmislegt til viðbótar því úr þessari tilkynningu póststjórnarinnar. „Fálki er útbreiddur um allt land. Talið er að meðalstærð stofnsins sé um 200 varppör. Íslenski fálkinn er að mestu staðfugl og heldur sig í fjalllendi með bröttum hlíðum, í gljúfrum og við sæbrattar sjávarstrendur. Karlfuglinn býr við ofríki kvenfálkans sem er miklu stærri og kröftugri. Veðiflugið er einkar hratt og þróttmikið og hann flýgur aðra fugla auðveldlega uppi. Á veiðum beitir fálkinn fótum með beittum klóm og slær með þeim bráð sína á flugi. Kjörfæða fálkans er rjúpan, einnig endur og sjófuglar. Hann verpir 3-5 eggjum í klettum, oft í gömul hrafnshreiður í kletta-skútum og á grasi grónar syllur. Flugfimi hans og þróttur er mikill. Hann er mjög eftirsóttur til tamningar og veiða.“

Ljósmyndirnar á frímerkjunum tóku Hjálmar R. Bárðarson og Grétar Eiríksson. Hönnun frímerkjanna, og prentun í rastadjúpprykki fór fram hjá Hélio Courvoisier S.A., La Chaux-de-Fonds, Sviss.

1993

Íþróttافرimerki



Hinn 10. mars komu út tvö 30,00 kr. frímerki í þessum flokki íþróttافرimerkja.

Á öðru 30,00 kr. frímerkinu er minnst handknattleiks. Um hann segir svo í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Handknattleikur hefur um langt árabil verið ein vinsælasta íþróttagrein, sem stunduð er á Íslandi. Um þessar mundir eru liðin sjötíu ár frá því handknattleikur barst hingað til lands frá Danmörku. Íslenskir handknattleiksmenn hafa átt aðild að Alþjóðahandknattleikssambandinu allt frá árinu 1948 en Handknattleikssamband Íslands var stofnað árið 1957. Íslenska karlalandsliðið hefur náð árangri á heimsælikvarða og er því í fremstu röð landsliða í heiminum.“

Á hinu 30,00 kr. frímerkinu er minnst hlaupa. Um þau segir svo: „Þróun keppnishlaupa seinni tíma hefur verið sú að almennt er talað um þrjár skilgreindar tegundir hlaupa, spretthlaup, millilengdahlaup og langhlaup. Sérhæfðu hlaupin eru grindahlaup, hindrunarhlaup og boðhlaup, auk þess eru hlaup utan leikvangs svo sem götuhlaup og víðavangshlaup. Maraþonhlaup á rætur að rekja til sögulegs atburðar í Grikklandi hinu forna. Árið 490 f. Kr. háðu Aþenubúar örlogaríka orrustu við Persa á Maraþonvöllum. Þegar Aþenubúar höfðu sigrað, hljóp sendiboði í einum spretti (u.þ.b. 42 km) til að færa fréttina til Aþenu. Hlaupin eru í mörgum tilfellum liður í síaukinni þátttöku almennings í hlaupaíþróttum sem almennri líkamsrækt.“

Hönnuðir frímerkjanna voru Ástþór Jóhannsson og Finnur Malmquist. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Brúarmannvirki



Hinn 10. mars komu einnig út tvö frímerki í flokknum um gamlar brýr á Íslandi. Helgi Hafliðason hannaði þau sem hin fyrri frá árinu áður.

Á 90,00 kr. frímerkinu er mynd af brúnni á Hvítá hjá Ferjukoti 1928. Um hana segir m. a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Brúin á Hvítá hjá Ferjukoti í Borgarfirði var byggð árið 1928. Á þessum stað hafði verið lögferja frá 1866 og var hún ein af fjölförnustu ferjum landsins. Oft var þó miklum erfiðleikum bundið að ferja á þessum stað, ýmist vegna straumþunga eða ísruðninga. Það var því mikil þörf á að brúa ána og árið 1910 voru gerðar fyrstu mælingar á brúarstæði. Gerð var kostnaðaráætlun fyrir hengibrú, stálgrindabré og steinsteypa bogabré í tveimur höfum. Reyndist sú síðast nefnda hagkvæmust og var ákveðið að byggja slíka brú. Hvor bogi er 51 metri að lengd en í heild er brúin 118 m. Breidd boga er 3 m. Í apríl 1928 hófst brúargerðin og var allri steypuvinnu lokið 18. október. Mest unnu 40 manns við brúna. Hönnuður var Árni Pálsson verkfræðingur en brúarsmiður Sigurður Björnsson. Brúin var tekin í notkun með vígsluathöfn 1. nóvember.“

Á 150,00 kr. frímerkinu er mynd af brúnni á Jökulsá á Fjöllum 1947. Um hana segir þetta: „Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum ofan við Grímsstaði var byggð árin 1946-47. Áður lá leiðin á milli Norður- og Austurlands um Húsavík, Reykjaheiði og Kelduhverfi. Hin nýja leið stytta því veginn um nær 70 km. Brúin er hengibrú með steiptum turnum, stálstrengjum og stálbitum. Hafið er 104 metrar á milli turna sem eru 15,5 metrar á hæð. Breidd brúar er 4,2 metrar á milli handriða. Vinna hófst um miðjan júnímánuð 1946 og var allri steypuvinnu, þ. e. landstöplum, turnum og akkerum, lokið þann 19. september. Það sumar unnu 65 menn við brúna þegar mest var. Um miðjan júní 1947 var hafist handa við að koma brúnni á og gekk það greiðlega. Við það unnu 30 manns. Gólf brúarinnar var steipt þann 12. ágúst og var hún tekin í notkun þann 26. ágúst. Hönnuður brúar var Árni Pálsson verkfræðingur, brúarsmiður var Sigurður Björnsson en verkstjóri við stálvinnu var Mr. Sullivan.“

Frímerkin voru offsetprentuð hjá Walsall Security Printers, Walsall, Englandi. Var það jafnframt í fyrsta skipti sem sú prentsmiðja prentaði íslenskt frímerki.

Norðurlandafrímerki – Ferðaþjónusta



Hinn 26. apríl voru gefin út tvö Norðurlandafrímerki en þema þeirra var ferðaþjónusta eða nánar tiltekið ferðir um Norðurlönd. Myndefni íslensku frímerkjanna eru Bláa lónið og Perlan.

Á 30,00 kr. frímerkinu er mynd frá Bláa lóninu eftir ljósmynd Guðmundar Ingólfssonar. Á Reykjanesskaga eru mikil jarðhitasvæði. Orkustofnun gerði frumáætlun um hitaveitu frá Svartsengi með dreifikerfi til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Boranir í Svartsengi gáfu til kynna að þar væri meiri orka en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona. Vegna hitastigsins og seltu vatnsins sem kemur upp úr borholunum þurfti að hanna hitaskiptaaðferð sem gerði kleift að nýta hitaorkuna. Fersku köldu vatni er dælt inn í orkuverið og hitað þar upp, en síðan er því dælt til byggðanna, þar sem það er notað til upphitunar eða neyslu. Salta vatnið rennur síðan frá orkuverinu og myndar þar fagurblátt lón. Bláa lónið er orðið þekkt fyrir lækningamátt jarðsjávar, því brennisteinsríkt vatnið hentar vel til lækninga á psoriasis, gigt, ischias, exem o.fl.

Á 35,00 kr. frímerkinu er mynd af Perlunni á Öskjuhlíð eftir ljósmynd Snorra Snorrasonar. Þegar Hitaveita Reykjavíkur, sem er eigandi Perlunnar á Öskjuhlíð, hóf starf sitt fyrir nær hálfri öld, var ákveðið að byggja þar stóra geyma fyrir heita vatnið til að jafna álagið. Þaðan er stórfenglegt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess. Perlan er áningarstaður í víðáttumiklu útivistarsvæði. Á jarðhæð hennar er stór veitingasalur, umluktur hitaveitugeymum og ofan á hitaveitugeymunum er útsýnispallur sem nær allan hringinn. Á fimmtu hæð er veitingasalur fyrir 180 til 340 manns en borð gestanna eru á palli sem snýst einn hring á klukkustund. Arkitekt Perlunnar er Ingimundur Sveinsson.

Frímerkin voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Evrópufrímerki – Samtímalist



Hinn 26. apríl komu út tvö Evrópufrímerki. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekennda í Evrópu, var hið sameiginlega þema útgáfunnar samtímalist. Verðgildi frímerkjanna var 35,00 kr. og 55,00 kr.

Á 35,00 kr. frímerkinu er mynd af útilistaverki eftir Jón Gunnar Árnason. Verkið nefnist Sigling og var unnið fyrir Akureyrarbæ á árunum 1986-87. Í tilkynningu póststjórnarinnar segir enn fremur þetta: „Á 9. áratugnum sótti Jón Gunnar yrkisefni sitt í samevrópska goðafræði sem tengist táknfræði sólarinnar. Hvort sem um er að ræða sólvagn, sólauga, fugl eða skip, þá eru þessi verk líkt og óður til sólarinnar – orku lífsins. Verkið er í eigu Akureyrarbæjar og var smíðað þar og afhjúpað í ágúst 1990.“

Á 55,00 kr. frímerkinu er mynd af útilistaverki eftir Magnús Tómasson. Verkið nefnist Þotuhreiðrið og stendur við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Höggmyndin er annað tveggja listaverka, sem hlutu fyrstu verðlaun í samkeppni um listaverk við flugstöðina og var sett þar upp í desember 1990.

Þotuhreiðrið er risastórt egg úr ryðfrúu stáli sem vængur þotu er að brjótast út úr, eins og ungi sem er að brjótast út úr egg. Verkið er sérlega táknrænt þar sem það stendur á íslensku grjóti sem rís upp úr upplýstri tjörn norðan megin á lóð flugstöðvarinnar. Eggð er um 5,6 metrar að hæð og 4,2 metrar á breidd og vegur á sjötta tonn.

Frímerkin voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Dagur frímerkisins – Hópflug Ítala 60 ára



Hinn 9. október eða á Degi frímerkisins var gefin út smáörk með þremur frímerkjum af því tilefni, að á þessu ári voru liðin 60 ár frá Hópflugi Ítala, en það var heimsviðburður á sínum tíma. Myndefni frímerkjanna eru þau þrjú frímerki, 1 króna, 5 kr. og 10 kr., með mynd Kristjáns konungs X., sem voru yfirprentuð með orðunum „Hópflug Ítala 1933“ og einvörðungu notuð til burðargjalds undir þann póst, sem fór héðan með ítalska flugflotanum til Bandaríkjanna og einnig áfram til meginlands Evrópu.

Verðgildi frímerkjanna er 10,00 kr., 50,00 kr. og 100,00 kr. til burðargjalds, en söluverð arkarinnar 200 krónur. Mismunurinn, 40 krónur, rennur í Frímerkja- og póstsögusjóð, sem er í vörslu Póst- og símamálastofnunarinnar, en um tilgang sjóðsins má lesa við útgáfu Dags frímerkisins 1987.

Um Hópflug Ítala segir m.a. eftirfarandi í tilkynningu póststjórnarinnar: „Liðin eru 60 ár síðan ítalskur flugleiðangur, sem í voru 24 flugvélar, lagði af stað frá Róm til Bandaríkjanna með viðkomu í Reykjavík. Leiðangursstjóri var Balbo hershöfðingi, flugmálaráðherra Ítala. För þessi var vel undirbúin og vakti heimsathygli. Allur útbúnaður var hinn besti enda höfðu þeir öðlast dýrmæta reynslu í flugferð til Suður-Ameríku tveimur árum áður. Tilgangur ferðanna var að sýna styrk og samhug ítölsku þjóðarinnar, því Ítalía var orðið stórveldi og endurminningin um fornaldarfrægð hafði vaknað að nýju meðal Ítala.

Flugleiðangarnir áttu að sýna tákn skipulagsins og bera friðarorð milli þjóða.

Þann 5. júlí 1933 kom ítalski leiðangurinn til Reykjavíkur eftir sex stunda flug frá Londonderry og lentu flugvélarnar í Vatnagörðum. Fjöldi fólks hópaðist þangað til að fagna leiðangursmönnum, en forsætisráðherrann, Ásgeir Ásgeirsson og borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Þorláksson, buðu Ítalanna velkomna.“ Héðan héldu leiðangursmenn áfram 12. júlí 1933 til Cartwright á Labrador í Kanada. Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina sem var offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Póstflutningar með flugvélum



Þann 9. október komu einnig út fjögur frímerki hvert með 30,00 kr. verðgildi, sem sýna fjórar gerðir flugvéla, sem notaðar voru við pósthutninga snemma á 20. öld. Form útgáfunnar var sem fyrr örð með átta samhangandi frímerkjum.

Póststjórinn hafði áður minnst flugs á Íslandi 1959, er 30 ár voru liðin frá því að flugvél hóf sig á loft hér á landi. Svo aftur 1978 þegar 50 ár voru liðin frá því er áætlunarfluggerðir með pósth hófust. Vísast til þess, sem þar segir um þá atburði.

Í tilkynningu pósthjórinnar að þessu sinni er stiklað á helstu atriðum úr flugsögunni. „Það voru framsýnir menn, sem létu sér til hugar koma að lokinni fyrri heimsstyrjöld, að flugvélin ætti eftir að verða eitt helsta samgöngutæki Íslendinga á þessari öld. Tvær tilraunir höfðu verið gerðar til farþegaflugs hér á landi áður en samfellt atvinnuflug hófst með stofnun Flugfélags Akureyrar árið 1937. Fyrri tilraunin var gerð árið 1919, en þá var Flugfélag Íslands, hið fyrsta

með því nafni, stofnað. Önnur tilraun til stofnunar flugfélags hér var gerð 1928 með stofnun Flugfélags Íslands nr. 2. Það hélt uppi áætlunarflugi með Junkers sjóflugvélum til allmargra staða innanlands næstu fjögur árin. Árin 1928-1931 er talið að flugvélar félagsins hafi flogið allt að 180 þús. km vegalengd og flutt um 2600 farþega auk pósts og annars farangurs. Árið 1937 var stofnað þriðja flugfélagið hér á landi, Flugfélag Akureyrar. Festi félagið fljótlega kaup á fjögurra sæta sjóflugvél af Waco-gerð er hlaut einkennisstafina TF-ÖRN, og var henni flogið fyrsta áætlunarflugið: Akureyri – Reykjavík – Akureyri, 4. maí og þá er samfleytt atvinnuflug talið hefjast á Íslandi. Árið 1940 var nafni félagsins breytt í Flugfélag Íslands, hið þriðja með því nafni og heimili þess og varnarþing flutt til Reykjavíkur. Ungir menn héldu utan til flugnáms og í framhaldi af því var flugfélagið Loftleiðir hf. stofnað í Reykjavík 1944. Í upphafi miðuðust flugvéla kaup beggja félaganna við innanlandsflug, ýmist með sjóeða landflugvélum. Þann 11. júní 1945 fór Catalína-flugbáturinn TF-ISP frá Flugfélagi Íslands í fyrsta millilandaflugið með póst og farþega milli Reykjavíkur og Skotlands. Loftleiðavélin Hekla TF-RVH, sem kom til landsins 1947, var hins vegar fyrsta stóra millilandaflugvél Íslendinga, þangað til Gullfaxi TF-ISE og Geysir TF-RVC bættust í flugflotann nokkru síðar. Var þetta gjörbylting í póstflutningum milli Íslands og annarra landa. Árið 1973 gengu bæði flugfélögin, Loftleiðir og Flugfélag Íslands, til samstarfs með stofnun Flugleiða hf. Flugsamgöngur Íslendinga á þessari öld, tækni þeirra og hraði hafa fært „Einbúann í Atlantshafinu“ heim í hlað umheimsins á nokkrum áratugum.“

Póstflugvélar á frímerkjunum eru af eftirfarandi gerðum:

- A. D-463 Junkers F-13 SÚLAN. Fyrsta flugvélin sem notuð var hérlendis til póst- og farþegaflugs árið 1928. Flugfélag Íslands nr. 2.
- B. TF-ÖRN Waco YKS-7. Fyrsta flugvél Flugfélags Akureyrar, síðar Flugfélags Íslands nr. 3. Kom til landsins árið 1938. Upphaf samfellds póst- og farþegaflugs.
- C. TF-RVK GRUMMAN G-21A/JRF-5 GOOSE. Fyrsti af fimm Grumman flugbátum Loftleiða. Keyptur árið 1944. Grumman vélar voru burðarásinn í innanlandsflugi Loftleiða 1944-1952.
- D. TF-ISP CONSOLIDATED PBY-5 CATALIA SÆFAXI (Gamli Pétur). Keypt árið 1944 af Flugfélagi Íslands. Þessi flugbátur fór 1945 fyrsta millilandaflug íslenskrar flugvélar með farþega og póst.“

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Jólafrímerki



Hinn 8. nóvember komu út tvö jólafrímerki, 30,00 kr. og 35,00 kr. Um þau og höfund þeirra segir svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Hönnuður jólafrímerkjanna 1993, Halldór Ásgrímur Elvarsson, er fæddur 1968. Halldór tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1988. Haustið 1989 hóf hann nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan úr grafískri hönnun.

Myndefni frímerkjanna eru vel þekkt en það eru annars vegar María mey og Jesúbarnið og hins vegar vitringarnir þrír með Jesúbarnið. Frímerkin minna á þær trúarlegu myndir sem voru gerðar hér á landi á miðöldum og eru helst varðveittar í útsaumi og myndvefnaði. Í þessum myndum ræður einfaldleikinn ferðum en myndirnar eru þrátt fyrir það einstaklega lifandi vegna þeirrar trúarlegu einlægni sem skín frá þeim. Þessi einfaldleiki og einlægni hreif Halldór og vann hann sínar myndir undir áhrifum þessara mynda.“

Jólafrímerkin voru offsetprentuð hjá Sedlaprentsmiðju Noregsbanka, (Norges Banks Seddeltrykkeri), í Osló. Voru það jafnframt fyrstu frímerkin sem sú prentsmiðja prentaði fyrir íslensku póststjórnina.

1994

Alþjóðlegt ár fjölskyldunnar



Hinn 25. febrúar gaf Póst- og símamálastofnunin út 40,00 kr. frímerki í tilefni Árs fjölskyldunnar (International Year of the Family). Um það segir m. a. svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 1989 var samþykkt að árið 1994 skyldi vera Ár fjölskyldunnar með einkunnarorðunum: „Fjölskyldan: Úrræði og skyldur í breytilegum heimi.“ Um leið og Allsherjarþingið helgaði árið fjölskyldunni ákvað það að þess skyldi einkum minnst í hverju landi og hverju byggðarlagi. Félagsmálaráðherra skipaði, síðla árs 1991, landsnefnd til að vinna að undirbúningi að Ári fjölskyldunnar hér á landi. Sameinuðu þjóðirnar bentu á nokkur atriði sem þjóðir heims gætu hugað sérstaklega að á Ári fjölskyldunnar 1994 og voru eftirfarandi viðfangsefni meðal annars nefnd:

- styrking fjölskyldunnar til að mæta eigin þörfum,
- jafnvægi milli þarfa fjölskyldunnar sem sinnt er innan heimilis og þess sem þjóðfélagið kemur til móts við,
- áhrif þjóðfélagsmeina á fjölskyldusambönd og viðurkenning á því að íhlutun stjórnvalda kann að vera nauðsynleg til að sporna við þáttum sem ógna fjölskyldulífi.

Áhersla er lögð á víðfeðma merkingu hugtaksins fjölskylda og er mikilvægt að allar gerðir fjölskyldna komi til umfjöllunar á Ári fjölskyldunnar. „Íslenska landsnefndin hefur komið sér saman um að hafa eftirfarandi skilgreiningu á fjölskyldunni til hliðsjónar við störf sín: Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tólmstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingar, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvort öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“

Myndefnið er mjög sérstætt, en hugmyndin mun vera sótt í gamalt danskt kvæði eða gamla þulu um fjölskylduna, sem líkt er við fingur á hendi, þ.e. móður og föður, stóra bróður og stóru systur og síðast litla barnið, sem er litli fingur. Steingrímur Arason kennari mun hafa þýtt þessa þulu á íslensku. Er hún prentuð í Lesbók fyrir byrjendur: Ungi litli. Framhald af Gulu hænunni, sem Steingrímur gaf út árið 1931. Niðurlag þulunnar er á frímerkinu, en ekki hefur þess verið gætt að fylgja frumtextanum til hlítar. Hann hljóðar svo á frímerkinu, en frávikin eru sett hér innan sviga: „Hér er (nú) allt fólkið svo fallett og nett. / Fimm eru á bænum, ef talið er rétt. / Ósköp væri gaman í þessum heim, / ef öllum kæmi saman eins (jafn) vel og þeim.“

Tryggvi Tómas Tryggvason og Anna Þóra Árnadóttir hönnuðu frímerkið sem var offsetprentað hjá Seðlaprentsmiðju Noregsbanka (Norges Banks Seddeltrykkeri) í Osló.

Íþróttافرimerki




Hinn 25. febrúar komu enn fremur út tvö 30,00 kr. frímerki í flokki íþróttافرimerkja. Voru þetta tvö síðustu frímerkin í floknum, en þau urðu alls tíu að tölu.

Á öðru 30 kr. frímerkinu er minnst lyftinga. Um þær segir svo í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Lyftingar eru tiltölulega ung keppnisíþrótt, sem eiga rætur að rekja til margvíslegra aflrauna, sem tíðkast hafa með flestum þjóðum. Má í því sambandi minna á Íslendinga hina fornu. Aflraunir voru á stefnuskrá ÍSí frá upphafi, en iðkun þeirra sem keppnisíþróttar hófst ekki að ráði fyrr en 1961. Fyrsta Íslandsmótið var háð 1971 og Lyftingasamband Íslands var stofnað 27. janúar 1973 að tilstuðlan ÍSí. Íslendingar tóku fyrst þátt í móti erlendis 1967 en það var Norðurlandameistaramót og svo árið eftir var tekið þátt í Ólympíuleikunum í Mexikó.“

Á hinu 30 króna frímerkinu er verið að minnast sundsins. Um það segir svo í tilkynningu pósthjónnarinnar: „Mikilvægi almennrar sundkunnáttu er þjóð sæfara ljós og hefur sund því um árabíl verið skyldukennsla við íslenska skóla. Lengur er þó saga sundsins tengd við leiki og keppni, ímynd knáleika til forna og íþrótt kennd við kapp. Sundíþróttin sem nútíma keppnisíþrótt fer að ryðja sér til rúms hér á landi fljótlega á fyrri hluta þessarar aldar. Sundsamband Íslands (SSÍ) var stofnað 25. febrúar 1951. Eitt af fyrstu verkefnum SSÍ var að taka við skipulagningu fyrstu Samnorrænu sundkeppninnar á Íslandi. Úrslit keppninnar urðu mikill sigur fyrir Íslendinga. SSÍ hefur síðan séð um skipulag þessarar keppni hér á landi þegar hún hefur verið haldin. Árangur íslenskra sundmanna á innlendum sem erlendum mótum hefur farið vaxandi og fjöldi sundmanna mikill sem iðkar þessa grein annað hvort sem keppnisíþrótt eða sér til heilsubótar.“

Hönnuðir voru Ástþór Jóhannsson og Finnur Malmquist. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Evrópufrímerki – Landafundir



Hinn 18. apríl voru gefin út tvö Evrópufrímerki. Árið 1992 gaf íslenska póststjórnin út Evrópufrímerki í samvinnu við Færeyinga til þess að minnast Leifs heppna og fundar Vínlands. Að þessu sinni hefur Írland bæst í hópinn enda þema frímerkjanna landafundir, nánar tiltekið ferðir heilags Brendans.

Í tilkynningu með útgáfunni segir m.a.: „Strax á þjóðflutningatímum tengjast eyþjóðirnar þrjár, Ísland, Írland og Færeyjar sögulegum böndum. Þá hefjast könnunarferðir heilags Brendans (484-577 e. Kr.), sem nú eru myndefni á sameiginlegum Evrópufrímerkjum þessara þjóða. Eftir hrun Rómaríkis voru írsku klaustrin ekki aðeins trúar- og menningarmiðstöðvar, þau urðu mestu lærdómssetur álfunnar. Fundur Færeyja og landnám írskra munkna þar er talinn fyrsti markverði landafundur miðalda. Um 795 voru munkarnir komnir til Íslands.“

Myndefnið er allnýstárlegt, en við athugun skýrir það sig alveg sjálft. Heilagur Brendan og írskir munkar eru í könnunarleiðangri. Á 35,00 króna frímerkinu koma þeir að eldfjallaeyju og er þá átt við Ísland. Á 55,00 króna frímerkinu sjást þeir leggja að eyju þar sem munkur er umkringdur sauðfé. Það táknar Færeyjar, en nafnið mun upphaflega kennt við fé.

Frímerki þessi teiknaði Írinn, Colin Harrison en BDT International í Dublin á Írlandi offsetprentaði. Frímerkin voru bæði gefin út í örk með 50 merkjum og í smáörk með sitthvoru merkinu. Enn fremur komu bæði frímerkin út í hefti með 10 frímerkjum.

1994

Lýðveldið Ísland 50 ára - Lýðveldisárin í listum



Á þessu ári, hinn 17. júní, voru liðin 50 ár frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Póst- og símamálastofnunin minntist þessara merku tímamóta með nokkrum frímerkjaútgáfum.

Hinn 25. maí komu út fimm frímerki og hvert þeirra 30,00 kr. að verðgildi. Voru þau, eins og það er orðað í tilkynningu póststjórnarinnar, helguð „listum og menningu hér á landi í fimmtíu ár. Þær listgreinar sem frímerkin sýna eru tónlist, listiðn, kvikmyndalist, listdans og leiklist.“

Í tilkynningu póststjórnarinnar er gerð nokkru nánari grein fyrir þeim listgreinum, sem frímerkin túlka. „Með vígslu Þjóðleikhússins og stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950 var stigið stórt skref til framdráttar listum og menningu þjóðarinnar. Allar götur síðan hefur Þjóðleikhúsið verið vettvangur helstu leiklistarafreka Íslendinga, en starfar nú í örvandi listrænni samkeppni við Borgarleikhúsið. Auk þess hefur Þjóðleikhúsið veitt brautargengi öðrum listgreinum, til að mynda listdansinum. Íslenski dansflokkurinn var stofnaður innan vébanda Þjóðleikhússins árið 1973. Dansflokkurinn hefur flutt mörg þekktustu dansverk sögunnar og frumflutt verk nokkurra íslenskra danshöfunda.“ Enn fremur segir svo: „Óperuflutningur var frá byrjun á stefnuskrá Þjóðleikhússins. Helstu óperur tónlistarsögunnar voru fluttar þar allt þar til Íslenska Óperan tók til starfa árið 1980, en auk þess sömdu íslensk tónskáld fyrstu óperur sínar fyrir Þjóðleikhúsið. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur markað djúp spor í íslenskt tónlistarlíf með reglulegum tónleikum um land allt.“

Auk þess hefur hljómsveitin haldið tónleika erlendis og getið sér gott orð fyrir upptökur á íslenskri og erlendri tónlist.“

Um listið segir þetta m.a.: „Fram undir síðari heimsstyrjöld var íslensk listið mjög í skugga gróskumikillar myndlistar í landinu. En með stofnun Handíða- og myndlistaskóla Íslands árið 1939 breyttust viðhorf landsmanna til listiðnar smám saman, ekki síst með uppgangi og alþjóðlegri velgengni listiðnar á hinum Norðurlöndunum. Nú eiga Íslendingar marga afreksmenn í vefjalist, gullsmíði, leirlist, steindu gleri og glerlist, sem bæði hafa þroskað sjónvitund og smekk landsmanna og skapað arðbærar útflutningsvörur.“

Um kvikmyndalistina segir svo m.a.: Kvikmyndalistin er án efa yngsta listgreinin á landinu. Lengi vel gerðu Íslendingar heimildamyndir og aðstoðuðu útlendinga við kvikmyndun á Íslandi, en af ýmsum ástæðum tókst þeim ekki að gera leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd fyrr en með tilkomu Kvikmynda-sjóðs árið 1978. Þá hafði íslenskt sjónvarp verið við lýði í tólf ár og undirbúið jarðveginn. Íslenska kvikmyndasumarið, sem svo hefur verið nefnt, hófst árið 1980, með frumsýningu á kvikmyndinni Land og synir. Allar götur síðan hafa tvær til þrjár íslenskar kvikmyndir í fullri lengd verið frumsýndar á Íslandi. Verk nokkurra íslenskra kvikmyndagerðarmanna hafa fengið góðar viðtökur á erlendum vettvangi.“

Steingrímur Sigurðsson listmálari hannaði frímerkin. Þau voru offsetprentuð hjá Cartor S.A., í L'Aigle, Frakklandi og var það í fyrsta skipti sem sú prentsmiðja prentaði frímerki fyrir íslensku póststjórnina.

1994

Lýðveldið Ísland 50 ára – Stjórnarskrá Íslands 50 ára



Hinn 14. júní var gefið út 30,00 kr. frímerki til að minnast þess að 50 ár voru liðin frá því að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands tók gildi 17. júní 1944 á hinum fornhelga stað, Lögbergi á Þingvöllum. Forseti sameinaðs Alþingis var þá Gísli Sveinsson, sýslumaður og alþingismaður. Lýsti hann yfir stofnun lýðveldis á Íslandi.

Komst Gísli þá m.a. svo að orði: „Hinú langþráða marki í baráttu þessarar þjóðar fyrir stjórnmalafrelsi er náð. Þjóðin er loks komin heim með allt sitt, fullvalda og óháð. Stjórnmalaskilnaður við erlent ríki er fullkomnaður. Íslenskt lýðveldi er sett á stofn. Endurheimt hið forna frelsi.“ Síðan endaði hann ræðu sína á þessum orðum: „Í dag heitstrengir hin íslenska þjóð að varðveita frelsi og heiður ættjarðarinnar með árvekni og dyggð, og á þessum stað votta fulltrúar hennar hinu unga lýðveldi fullkomna hollustu. Til þess hjálpi oss Guð Drottinn.“

Gísli Sveinsson fæddist 7. desember 1880 á Sandfelli í Öræfum. Hann lauk stúdentsprófi 1903 og lögfræðiprófi í Kaupmannahöfn 1910. Hann var yfir-dómslögmaður í Reykjavík 1910-1918. Gísli var þingmaður Vestur-Skaftfellinga 1916-1947 og sýslumaður Skaftfellinga 1918-1947 með aðsetri í Vík í Mýrdal. Gísli var forseti sameinaðs Alþingis á tveimur þingum 1942 og svo á þingunum 1943 og 1944-1945. Hann var sendiherra í Noregi 1947-1951 og bauð sig fram við kjör forseta Íslands árið 1952.

Á Hafnarárum hans bar mjög á honum í frelsisbaráttu Íslendinga, enda var hann alla tíð eindreginn og harðvítugur skilnaðarsinni. Eiginkona Gísla Sveinssonar var Guðrún Einarsdóttir. Hann andaðist 30. nóvember 1959, tæplega áttræður að aldri.

Þróstur Magnússon hannaði frímerkið en það sýnir auk myndar af Gísla Sveinssyni, Lýðveldishátíðarmerkið, sem Stefán Jónsson teiknaði við stofnun lýðveldisins. Frímerkið var offsetprentað hjá The House of Questa Ltd., í Englandi.

Lýðveldið Ísland 50 ára - Forsetar Íslands



Hinn 17. júní gaf Póst- og símamálastofnunin út fjögur 50 kr. frímerki í sérstakri smáörk með myndum af þeim fjórum forsetum, sem setið hafa á forsetastóli fyrstu fimmtíu ár Lýðveldisins. Nefnist útgáfan „Forsetar Íslands - Íslenska lýðveldið 50 ára.“ Í tilkynningu póststjórnarinnar er síðan rakinn æviferill forsetanna.

Sveinn Björnsson 1944-1952

„Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Lýðveldisins, var einn þeirra brautryðjenda sem gerðu Íslendingum kleift að taka stjórn mikilvægra málaflokka í eigin hendur á fyrri hluta aldarinnar. Hann var frumkvöðull á sviði viðskipta af ýmsu tagi og helsti samningamaður Íslendinga á sviði utanríkisverslunar. Sveinn fæddist 27. febrúar 1881 í Kaupmannahöfn. Foreldrar hans voru Björn Jónsson, síðar ráðherra, og Elísabet Sveinsdóttir. Hann nam lögfræði í Kaupmannahöfn og starfaði síðar sem málaflutningsmaður í Reykjavík. Hann varð þingmaður Reykvíkinga árið 1914. Er hann tók við embætti forseta Íslands átti hann að baki glæstan feril og hafði m. a. orðið fyrsti sendiherra Íslands og starfað sem slíkur nær óslitið í tvo áratugi. Hann gegndi embætti ríkisstjóra frá 1941-1944. Í ríkisstjóratíð Sveins voru Bessastaðir gerðir að þjóðhöfðingjasetri. Þegar stjórnarskrá Lýðveldisins gekk í gildi 17. júní 1944 kusu alþingismenn hann forseta Lýðveldisins til eins árs. Hann var einn í kjöri næsta ár, varð því sjálfkjörinn og gegndi embættinu til dauðadags, 25. janúar 1952. Sem fyrsti innlendi þjóðhöfðingi Íslands mótaði Sveinn Björnsson starfshætti embættisins.“

Ásgeir Ásgeirsson 1952-1968

„Ásgeir Ásgeirsson átti að baki 30 ára viðburðaríkan feril í stjórnámálum, þegar hann varð fyrsti þjóðkjörni forseti lýðveldisins árið 1952. Ásgeir fæddist í Kóranesi á Mýrum 13. maí 1894. Hann lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands aðeins 21 árs gamall og stundaði síðan framhaldsnám í guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og Uppsölum 1916-17. Ásgeir var kennari við Kennaraskólann 1918-26, en tók síðan við embætti fræðslumálastjóra 1926 og gegndi því til 1938 að undanteknum árunum þegar hann var fjármálaráðherra 1931-32 og forsætis- og fjármálaráðherra 1932-34. Ásgeir var bankastjóri Útvegsbanka Íslands 1938-52 og átti sæti í mörgum opinberum nefndum. Hann var þingmaður Vestur-Ísafjarðarsýslu 1923-52 og forseti sameinaðs þings á Alþingishátíðinni 1930. Hann gegndi embætti forseta Íslands í fjögur kjörtímabil og lét af embætti árið 1968 eftir ötult og farsælt starf í þágu lands og þjóðar. Ásgeir lést 15. september 1972.“

Kristján Eldjárn 1968-1980

„Dr. Kristján Eldjárn var einn af helstu fræðimönnum Íslendinga þegar hann var kjörinn forseti Íslands árið 1968. Hann hafði þá sem fornleifafræðingur og þjóðminjavörður í rúma tvo áratugi unnið að fornleifarannsóknum og minjavörslu. Jafnframt var hann afkastamikill rithöfundur og eftir hann liggja merk fræðirit og mikill fjöldi ritgerða sem snerta nær öll svið íslenskrar menningarsögu. Kristján fæddist 6. desember 1916 að Tjörn í Svarfaðardal, sonur Þórarins Kr. Eldjárns, bónda og kennara þar og Sigrúnar Sigurhjartardóttur. Að loknu fyrrihlutaprófi í fornleifafræði frá Kaupmannahafnarháskóla gerðist hann stundakennari við Menntaskólann á Akureyri í stríðsbyrjun, en lagði síðan stund á íslensk fræði við Háskóla Íslands. Hann lauk mag. art. prófi þaðan 1944 og hlaut loks doktorsnafnbót 1957 fyrir rit sitt *Kuml* og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, sem er grundvallarrit um íslenska fornleifafræði. Kristján Eldjárn varð tvívegis sjálfkjörinn, árin 1972 og 1976, en ákvað að láta af embætti árið 1980 til að geta helgað sig fræðimennsku og ritstörfum. Hann var skipaður prófessor við Háskóla Íslands 1981. Kristján lést 14. september 1982.“

Vigdís Finnbogadóttir 1980

„Vigdís Finnbogadóttir var kjörin fjórði forseti lýðveldisins árið 1980, fyrsta konan, sem kosin var þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum. Vigdís fæddist í Reykjavík 15. apríl 1930, dóttir hjónanna Finnboga Rúts Þorvaldssonar, verkfræðiprófessors og Sigríðar Eiríksdóttur, hjúkrunarkonu. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík lagði Vigdís stund á frönsku, franskar bókmenntir og leiklistarsögu í Frakklandi og víðar.

Hún var leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1972-1980, jafnframt því að kenna franskar leikbókmenntir við Háskóla Íslands. Meðal þeirra mála sem Vigdís hefur lagt sérstaka rækt við frá því að hún tók við embætti forseta eru uppeldismál, skógrækt og gróðurverndarmál og hefur hún unnið mikilvægt starf á þeim vettvangi. Vigdís hefur borið hróður Íslands víða um heim og fátt hefur vakið jafnmikla umfjöllun um Ísland erlendis og kjör hennar til forseta.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin og smáörkina sem voru prentuð í rastadjúpprykki hjá Hélio Courvoisier S.A., í La Chauxde-Fonds, Sviss.

Í sambandi við útgáfu forsetafrímerkjanna lét Póst- og símamálastofnunin útbúa sérstakan minjagrip, Forsetamöppu í tilefni 50 ára afmælis Lýðveldisins. Þar í eru tvær smáarkir með forsetafrímerkjunum og þau einnig stök. Er önnur örkin stimpluð með útgáfudagsstimpli á Þingvöllum 17. júní 1994, en hin er óstimpluð. Jafnframt eru upplýsingar um stofnun Lýðveldisins og eins æviágrip forsetanna. Nokkrir fremstu ljósmyndarar þjóðarinnar eiga gullfallegar myndir í möppunni, en Þröstur Magnússon hannaði hana eins og frímerkin.

1994

Dagur frímerkisins – Frímerkjasöfnun



Hinn 7. október kom úr smáörk í tilefni af Degi frímerkisins og var hún helguð frímerkjasöfnun. Í smáörkinni eru þrjú frímerki að verðgildi 30,00 kr., 35,00 kr. og 100,00 kr. Söluverðið var 200,00 krónur en yfirverðið, 35,00 krónur, rann í Frímerkja- og póstsögusjóð.

Í tilkynningu póststjórnarinnar segir, að það sé löngu ljóst, að til þess að tryggja tómstundastarfið sem nefnist frímerkjasöfnun þurfi að kenna það æskunni, sem er framtíð hvers lands. Einmitt frímerkjasöfnunin hefur fengið heiti eins og „Konungur tómstundastarfanna“, en einnig „Tómstundastarf konunga“ og hvort tveggja með réttu. Blokkin sem gefin er út af þessu tilefni í ár er þannig fyllt með myndefni, sem snertir frímerkjasöfnun ungs fólks. Á fyrsta frímerki blokkarinnar er mynd tveggja unglinga sem eru að skoða saman frímerkjasafn. Á næsta frímerkinu er svo farið dýpra í athugun frímerkjanna. Þar sjást nokkur íslensk frímerki. Teikning og myndefni þeirra er þarna skoðað með stækkunargleri. Síðasta frímerki arkarinnar sýnir svo stúlku og eldri mann draga lærdóm af þessu öllu saman með því að leita uppi löndin sem frímerkin eru frá á hnattlíkani. Einmitt í september var haldin hér norræn unglingasýning, „NORDJUNEX 94“.

Fyrsti „Dagur frímerkisins“ var haldinn á vegum frímerkjaklúbba Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Félags ungra frímerkjasafnara og frímerkjaklúbbs Æskunnar árið 1960. Félag ungra frímerkjasafnara var elst, stofnað 1954. Þá var einnig haldin lítil frímerkjasýning með sama nafni.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina og var hún offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Alþjóðaflugmálastofnunin 50 ára



Árið 1994 voru 50 ár liðin frá því að grundvöllur var lagður að Alþjóðaflugmálastofnuninni ICAO (International Civil Aviation Organization). Þann 9. nóvember gaf pósthjóninn út 100,00 kr. frímerki sem tileinkað var þessum tímamótum.

Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, er formlega ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Í tilkynningu pósthjónarinnar er aðdragandinn að stofnun ICAO reifaður nánar. Þar segir, að fulltrúar á ráðstefnu 52ja ríkja hafi undirritað 7. desember 1944 í Chicago ítarlegan sáttmála um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation). Stofnríkin voru nánast öll andstæðingar möndulveldanna, sum þeirra jafnvel enn hernumín, fáein hlutlaus en heimstýrjöld geisaði eins og kunnugt er. Hið unga lýðveldi Ísland átti þarna sendisveit sem vann að gerð sáttmálans. Mun Alþjóðaflugsáttmálinn vera fyrsta alþjóðlega plagg sinnar tegundar sem lýðveldið Ísland átti þátt í að móta.

Aðildarríkin voru á miðju ári 1994 orðin 183 og hafði þeim fjölgað nokkuð ört undanfarnin misseri með stofnun nýrra ríkja á áhrifasvæði Sovétríkjanna fyrrverandi. Aðalstöðvar ICAO eru í Montreal í Kanada en svæðaskrifstofur eru í öllum heimshlutum. Forseti fastaráðs (Council) ICAO var á þeim tíma dr. Assad Kotaite, ættaður frá Líbanon og aðalframkvæmdastjóri var Svisslendingurinn dr. Philippe Rochat. Ísland átti um þessar mundir (1992-1995) sæti í 33ja manna fastaráði ICAO og fór þar með umboð allra Norðurlanda.

Á þessum tíma hafði ICAO í hálfu öld haft umsjón með tæknilegri samræmingu allra þátta flugmála hvarvetna á grundvelli Alþjóðaflugsáttmálans. Stofnunin hafði unnið það afrek að tryggja alþjóðlegar flugsamgöngur um allan heim þennan tíma þrátt fyrir ýmiss konar ósamkomulag og átök á alþjóðavettvangi.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem var offsetprentað hjá Joh. Enschedé en Zonen í Hollandi.

1994

Jólafrímerki



Hinn 9. nóvember komu einnig út tvö jólafrímerki sem Magnús Kjartansson listmálari og graffiklistamaður, hannaði. Myndefnin sem Magnús kaus frímerkjunum voru hin svífandi kærleiksbylgja jólahátíðarinnar er umfaðmar menn og skepnur kl. 6 á íslensku aðfangadagskvöldi. Verðgildi frímerkjanna voru 30,00 kr. og 35,00 kr.

Um listamanninn segir meðal annars svo í tilkynningu póststjórnarinnar: „Magnús Ólafur Kjartansson fæddist í Reykjavík árið 1949. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969 hóf Magnús nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lagði stund á graffík sem sérgrein. Að þriggja ára námi loknu nam hann málalartist hjá hinum fræga danska málara Richard Mortensen í Kaupmannahöfn 1972-1975. Fyrstu einkasýningu sína hélt Magnús á Kjarvalsstöðum 1976 og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga bæði á Íslandi og erlendis. Magnús hefur einnig verið þátttakandi í ótal samsýningum og verið fulltrúi Íslands á samsýningum erlendis, meðal annarra á Sao Paulo tvíæringnum (Biennialnum) og á Ljubliana tvíæringnum. Mörg söfn og opinberir aðilar eiga verk eftir Magnús Kjartansson, þar á meðal Listasafn Íslands, og listasöfn Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Háskóla Íslands, auk listasafna og einkaaðila víða um heim.“ Magnús lést 2006.

Frímerkin voru offsetprentuð hjá The House of Questa Ltd., í London, Englandi.

1995

Hjálpræðisherinn á Íslandi 100 ára



Hinn 14. mars kom út 35,00 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að Hjálpræðisherinn á Íslandi hóf starfsemi sína. Íslandsdeild Hjálpræðishersins var stofnsett 12. maí 1895. Árið 1896 var hafin starfsemi á Ísafirði og á Akureyri 1904. Einnig hefur hann starfað víðar á Íslandi.

Hjálpræðisherinn (The Salvation Army) er alþjóðleg evangelísk hreyfing, hluti af hinn almennu kirkju. Boðskapurinn grundvallast á Biblíunni og þjónustan er knúin af kristilegum kærleika. Verkefnið er að boða fagnaðarerindið um Jesúm Krist og í nafni hans að mæta mannlegri neyð án þess að mismuna fólki. Hjálpræðisherinn hóf starfsemi sína í Lundúnaborg árið 1865 til bjargar aumustum allra þar í borg að frumkvæði þeirra ágætishjóna Catherine og Williams Booths. Á fáum árum breiddist hann út um allan heim og starfar nú í hundrað löndum. Frumherjarnir á Íslandi voru adjutant Ericson og kapteinn Þ. Davíðsson.

Markmið starfseminnar hefur verið að boða fagnaðarerindið í orði og verki. Því hefur trúboðs- og hjálparstarf gengið hönd í hönd.

Flokkar (söfnuðir) Hjálpræðishersins eru með fjölbreytt starf, bæði samkomur og fundi fyrir börn jafnt sem fullorðna, auk þess sem þeir sinna líknarmálum. Margir hafa í gegnum árin m.a. notið góðs af jólamatnum í Herkastalanum á aðfangadagskvöld.

Hjálpræðisherinn rekur gistihús í Reykjavík og vistheimili á Seltjarnarnesi í samvinnu við Ríkisspítalana. Málagn Hjálpræðishersins, Herópið, hefur komið út síðan 1895.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en Joh. Enschedé en Zonen í Hollandi offsetprentaði.

1995

Seyðisfjarðarkaupstaður 100 ára



Hinn 14. mars gaf póststjórnin einnig út 90,00 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að Seyðisfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Seyðisfjörður er umlukinn bröttum fjöllum á báðar hendur og aðýpi er mikið í firðinum. Eftir miðja 19. öld hófu Norðmenn síldveiðar fyrir Austurlandi og höfðu mikil umsvif á Seyðisfirði. Arfur frá þeim tímum er sterkt einkenni norskrar húsagerðarlistar í bænum. Í kjölfar þessa fjölgaði íbúum staðarins mikið. Með lögum frá 8. maí 1894 fékk bærinn kaupstaðarréttindi 1. jan. 1895.

Skólahald hófst á staðnum árið 1881. Árið 1907 var reist nýtt skólahús. Sjúkrahús var reist árið 1898 og hófst starfsemi þess 1. jan. 1901. Bæjarvatnsveita var lögð árið 1903. Hinn 25. ágúst 1906 var sæsíminn tekinn á landi á Seyðisfirði. Rafstöð var byggð í Fjarðarseli 1913. Akfær vegur var lagður yfir Fjarðarheiði til Héraðs árið 1934. Fyrsta Síldarverksmiðjan á Seyðisfirði var reist 1936. Frá fyrstu tíð hefur afkoma íbúa staðarins byggst á fiskveiðum og fjölbreyttum iðnaði. Seyðisfjarðarkirkja var reist 1922.

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar kom Seyðisfjörður mikið við sögu. Þar var ein helsta viðkomuhöfn flota bandamanna sem sigldu frá Bandaríkjunum til Múrmansk. Þar var fjölmennt herlið Breta og Bandaríkjamanna. Varð staðurinn því oft skotmark þýskra árásarvéla sem í loftárás 10. febrúar 1944 sökkту 11 þús. lesta olíuflutningaskipi, El Grillo. Flak þess liggur enn á botni fjarðarins.

Sundlaug var reist á Seyðisfirði 1948 en tónlistarskóli hefur verið starfræktur þar frá 1967. Færeyingar hafa í samvinnu við heimamenn stundað áætlunarferðir á sumrin með bíla- og farþegaferju milli Seyðisfjarðar og Norðurlanda allt frá árinu 1975. Ferðamannaþjónusta hefur því verið snar þáttur í bæjarlífinu. Vísir að byggðasafni er til húsa í gamla símstöðvarhúsinu, sem með sæsímastrengnum á sínum tíma tengdi Íslendinga við umheiminn og framtíðina.

Kristján Guðmundsson hannaði frímerkið en BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

Heimsmeistarakeppni í handbolta á Íslandi



Hinn 14. mars komu einnig út fjögur frímerki með afar fjölbreyttu myndefni í tilefni þess að ákveðið var að halda fjórtánda heimsmeistarakeppnina í handknattleik (HM) karla á Íslandi dagana 7.-21. maí 1995.

Í tilkynningu póststjórnarinnar með þessari útgáfu segir m.a.: „Samþykkt var á þingi Alþjóða handknattleikssambandsins (IHF) í Seoul 1988 að úthluta Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ) framkvæmdina að keppni karla í handknattleik árið 1995. Þar með lauk margra ára baráttu HSÍ fyrir að fá þessa keppni hingað til lands, en hún var langstærsti íþróttaviðburðurinn sem til þess tíma hafði farið fram á Íslandi.

Þátttökupjóðir voru 24 talsins og leikið var á 4 stöðum – Reykjavík, Akureyri, Hafnarfirði og í Kópavogi. Þáverandi heimsmeistarar voru Rússland en á síðasta HM sem haldið var í Svíþjóð endaði Ísland í 7. sæti.

Handknattleikur hefur verið stundaður á Íslandi síðan í lok seinni heimsstyrjaldarinnar en hingað kemur hann frá Danmörku. Handknattleikssamband Íslands var stofnað 11. júní 1957 en árið 1948 hafði Handknattleiksráð Reykjavíkur fengið aðild að IHF sem gekk þá yfir til HSÍ. Árið 1994 voru aðildarþjóðir IHF (International Handball Federation) orðnar 134 talsins og íþróttin er í mikilli sókn í heiminum. Handknattleikur hefur verið Ólympíuþrótt síðan 1972 og Íslendingar höfðu oft náð góðum árangri á þeim vettvangi, síðast í 4. sæti á leikunum í Barcelona.“

Verðgildi hvers frímerkis í örkinni var 35,00 kr. og verð arkarinnar var 280 kr. Frímerkin voru einnig gefin út í sérstakri gjafamöppu.

Hallgrímur Ingólfsson hannaði frímerkin sem komu út í átta frímerkja ör. Örkin er prýdd fánum allra þjóðanna sem þátt tóku í leikunum. Frímerkin voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Norðurlandafrímerki – Ferðapjónusta



Hinn 5. maí voru gefin út tvö Norðurlandafrímerki. Þema þeirra að þessu sinni var það sama og árin 1983, 1991 og 1993 eða ferðapjónusta. Nánar tiltekið ferðir um Norðurlönd. Myndefni íslensku frímerkjanna voru Laufás í Suður-Þingeyjarsýslu á 30,00 kr. frímerki og Fjallsjökull í Örfæfajökli, á 35,00 kr. frímerki.

Laufás er kirkjustaður og prestssetur við austanverðan Eyjafjörð. Þar er torfbær, byggður á síðustu öld og þykir mjög stílhreinn burstabær. Hann er friðlýstur og er í umsjá þjóðminjavarðar.

Laufás kemur við sögu skömmu eftir að Ísland byggðist og þar hefur verið kirkja og prestssetur frá upphafi fyrstu kristni í landinu og er enn. Í kaþólskum sið var kirkjan helguð Péttri postula. Sú kirkja sem nú stendur í Laufási var byggð 1865. Meðal merkra gripa í eigu kirkjunnar er predikunarstóll sem ber ártalið 1698. Við austurgafli kirkjunnar stendur eitt elsta reynitré landsins frá 1855.

Örfæfajökull er eitt stærsta eldfjall heims. Eldkeila þessi hefur gosið tvisvar á sögulegum tíma: 1362 og 1727. Á fjallinu eru margir tindar og níu brattir skriðjöklar falla fram af brúnum þess. Í austri eru tveir miklir skriðjöklar, Hrutárjökull og Fjallsjökull. Örfæfajökull ber ekki aðeins hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk 2110 metrar yfir sjávarmáli, heldur er hann einnig stærsta eldfjall þess. Jökullinn hét áður Knappafellsjökull eftir tindum tveim sem í honum eru og heita Hnappar. Hann er í flokki svokallaðra eldkeila og á nokkur systkin hérlandis eins og bræður sína, Snæfellsjökul og Eyjafjallajökul.

Ljósmyndirnar á frímerkjunum tók Rafn Hafnfjörð en Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Friður og frelsi



Hinn 5. maí voru einnig gefin út tvö Evrópufrímerki. Sameiginlegt þema þeirra á þessu ári var „Friður og frelsi“ í tilefni þess að þá var liðin hálf öld frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari. Höggmyndin Úr álögum eftir Einar Jónsson myndhöggvara (1874-1954) varð fyrir valinu sem myndefni frímerkjanna.

Einar fór að vinna að verki sínu Úr álögum árið 1916, en stækkaði það síðar og fullvann árið 1927. Fyrir miðju verksins stendur riddari og heldur um skaft sverðs síns sem hann hefur rekið niður í haus mikils dreka sem liggur undir fótum hans. Á öðrum handlegg heldur riddarinn á ungrri nakinni stúlku sem réttir út handlegginn og varpar af sér ham gamallar konu, en í hinni hendinni heldur riddarinn skildi hátt á lofti. Þeim að baki hnígur stór skrokkur drekans niður og vængir hans dragast saman.

Myndefnið sem Einar hefur unnið út frá er vel þekkt í list miðalda og má rekja það til sagna í frumkristni um heilagan Georg.

Frímerkin voru gefin út í tveimur litaafbrigðum, bláu og brúnu, með verðgildunum 35,00 og 55,00 kr. Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi offsetprentaði merkin.

Póstflutningar með skipum



Hinn 20. júní voru gefin út fjögur frímerki, hvert að verðgildi 30,00 kr., tileinkuð póstskipum á Íslandi. Alls voru 8 frímerki í örkinni sem kostaði 240 kr.

Í tilkynningu póststjórnarinnar segir, að fram að stofnun Eimskipafélags Íslands 1914 hafi póstsamgöngur milli Íslands og umheimsins að mestu verið í höndum útlendinga. Sameinaða gufuskipafélagið annaðist áætlanarsiglingar milli landanna í nær heila öld og lét þrívægis sérsníða vönduð Íslandsför: S.s Lauru (1.049 brt) 1882, s.s. Ísland 1914 og m.s. Dronning Alexandrine (1.870 brt) 1927.

Í stríðslok var ráðist í endurnýjun íslenska kaupskipaflotans. Eimskipafélagið samdi um sníði nýrra skipa í Danmörku og kom m.s. Goðafoss III. (2.905 brt) til landsins árið 1948. Siglingar flóabáta á sérleiðum við Ísland hófust árið 1890. Fyrsta dílskipið var sníðað til þessa verkefnis árið 1933. Það var m.s. Laxfoss (280/312 brt). eign H.f. Skallagríms í Borgarnesi. Skipið var lengst af í ferðum til Akraness og Borgarness. Það var einnig mikilvægur hlekkur í samgöngum milli Reykjavíkur, Vestur- og Norðurlands í hálfan annan áratug.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin og voru þau offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Póststjórnin gaf einnig út gjafamöppu með þessari frímerkjaörk og kostaði hún 400 kr.

Flugsamgöngur Ísland – Lúxemborg 40 ára



Hinn 18. september var gefið út 35,00 kr. frímerki til að minnast þess að 40 ár voru liðin frá því að flugsamgöngur hófust milli Íslands og Lúxemborgar, en íslensk Loftleiðaflugvél lenti í fyrsta sinn á Findel flugvelli í Lúxemborg 22. maí 1955.

Í útgáfutilkynningu póststjórnarinnar segir að ákvörðun um flug milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi hafi sennilega verið afdrifarkari en flestar aðrar í íslenski flugsögu. Norður-Atlantshafsflug Loftleiða gerði íslenskan flugrekstur að sjálfstæðri atvinnugrein á alþjóðamarkaði. Loftleiðir unnu brautryðjendastarf í alþjóðaflugi með lágum fargjöldum á flugi milli Evrópu og Bandaríkjanna. Það starf var grundvallað á loftferðasamningum Íslands við Lúxemborg og Bandaríkin sem settu engar skorður við lágum fargjöldum. Fargjaldastefna Loftleiða í Norður-Atlantshafsflugi átti stóran þátt í að innleiða meiri samkeppni á flugleiðum milli Evrópu og Bandaríkjanna. Lúxemborgarflugið hafði mikil áhrif á þróun alþjóðaflugreksturs á Íslandi. Það var meginstoð Norður-Atlantshafsflugs Loftleiða og síðar Flugleiða eftir sameiningu íslensku flugfélaganna.

Frímerkið var hannað hjá hönnunardeild Póst- og símamálastjórnar Lúxemborgar (P&T) og offsetprentað hjá prentsmiðju svissnesku póststjórnarinnar (Imprimerie des PTT Suisse) í Berne.

Gjafamappa var gefin út af þessu tilefni með stimpluðum og óstimpluðum fjórblokkum frá báðum löndum.

Náttúruverndarár Evrópu



Hinn 18. september voru einnig gefin út tvö frímerki í tilefni af Náttúruverndarári Evrópu (European Nature Conservation Year) 1995. Tvö frímerki voru einnig gefin út af póststjórninni af sama tilefni 25. ágúst 1970. Myndefni frímerkjanna eru íslenskir fuglar. Á 25,00 kr. frímerki er auðnutittlingur og á 250,00 kr. frímerki er hrossagaukur.

Í tilkynningu póststjórnarinnar segir m.a., að auðnutittlingur (*Acanthis flammea*) sé lítill grár spörfugl. Rauður kollur greinir þá frá öðrum fuglum sem hér eru. Þeir eru algengir í birkiskógum og víðikjarri en í seinni tíð einnig í görðum og trjálundum. Stofninn er svona 10-30 þúsund varppör, en hjá fáum fuglategundum íslenskum eru jafnmiklar breytingar á stofnstærð milli ára. Auðnutittlingar eru algengir staðfuglar sem flakka um landið. Þeir gefa frá sér sérkennilega langdregin hljóð. Varpið hefst í seinni hluta apríl og verpa þéttbýlisfuglar jafnan fyrr en þeir sem eru til sveita. Auðnutittlingur er eina íslenska fuglategundin sem hreiðrar sig undantekningarlaust í tré, einkum birki eða greni. Hreiðrið er fallega ofin karfa úr grófum efnum en fínlega fóðruð, aðallega með fjöðrum. Eggjafjöld er 5 til 6. Auðnutittlingar lifa einkum á birkifræjum.

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) er brúnn, óvenju neflangur vaðfugl. Flestir þeirra eru farfuglar sem sjást fyrst um miðjan apríl en hverfa flestir brott í september þótt einstaka fugl þrauki hér veturinn. Þeir verpa mest í mó- eða mýrlendi, oftast 4 eggjum. Varpið fer aðallega fram frá seinni hluta maí til fyrri hluta júní. Á sumrin steypa hrossagaukar sér úr lofti og mynda sérkennileg hljóð, „hnegg“, með stélfjöðrunum. Stofninn er stór, á að giska 300 þúsund varppör. Fæðan er smádyr, s.s. ánamaðkar og bjöllur.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin, sem voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

Dagur frímerkisins – Frímerkjasýningin NORDIA 96



Á Degi frímerkisins, hinn 9. október, var gefin út smáörk í tilefni norrænu frímerkjasýningarinnar NORDIA '96 sem halda átti í Reykjavík dagana 25.-27. október 1996. Tvö frímerki voru í örkinni, 10,00 kr. og 150,00 kr. Örkin kostaði 200 kr. og rann yfirverðið í Frímerkja- og póstsögusjóð. Myndefni arkarinnar er Hraunfossar í Hvítá.

Hraunfossar eru fagurt og sérkennilegt náttúrufrýrbrigði í Hvítá skammt fyrir neðan Barnafossa. Hvítá skilur á milli Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. Hraunfossar hafa myndast þar sem áin streymir við jaðar Hallmundarhrauns, sem rann frá Langjökli endur fyrir löngu. Annað nafn á þessu svæði er Girðingar. Grunnvatn rennur undir hraunlögum á um eins km löngu bili. Það steypist síðan fram undan hrauninu eins og ótal bunur eða smáfossar milli kletta og skógarteiga niður í Hvítá. Skógarkjarr, hvönn og fjölbreytt blómskrúð gefa fossunum afar fagra og sérstæða umgjörð. Í heild hefur allt svæðið hlýlegt yfirbragð og er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna.

Skyggna-Myndverk hannaði smáörkina. Ljósmyndina tók Haukur Snorrason. Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Holland offsetprentaði.

1995

Sameinuðu þjóðirnar 50 ára



Hinn 8. nóvember var þess minnst með útgáfu 100,00 kr. frímerkis að hálf öld var liðin frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, en stofnfundurinn var haldinn 25. apríl 1945.

Samkvæmt útgáfutilkynningu póststjórnarinnar náðist samkomulag milli Bretlands, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á Yalta-ráðstefnunni í febrúar 1945 um að boða til alþjóðaráðstefnu í San Francisco til að setja á fót „alþjóðastofnun til varðveislu friðar og öryggis“. Franklin D. Roosevelt þáverandi Bandaríkjaforseti átti hugmyndina að nafni samtakanna og drjúgan þátt í mótun þeirra. Hann lést tveimur vikum fyrir stofnfundinn. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í San Francisco af fulltrúum 50 þjóða 26. júní 1945 og gekk í gildi 24. október sama ár eftir að öll aðildarríki Öryggisráðsins höfðu undirritað hann. Meirihluti annarra aðildarríkja hafði þá einnig fullgilt sáttmálann. Þessi dagur er talinn raunverulegur stofndagur samtakanna og er hans minnst árlega um allan heim sem Dags Sameinuðu þjóðanna. Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum 19. nóvember 1946 og var 53. ríkið sem fékk aðild að samtökunum.

Sigríður Bragadóttir hannaði frímerkið en það var offsetprentað hjá Cartor Security Printing S.A., L'Aigle í Frakklandi.

Jólafrímerki



Hinn 8. nóvember gaf póststjórnin út tvö jólafrímerki og voru þau hönnuð af Sigríði Bragadóttur. Myndefnið á 30,00 kr. frímerkinu er snjókarl og kerling, en myndefni 35,00 kr. frímerkisins er þrjú jólatré, sem eiga að tákna vitringana þrjá frá Austurlöndum.

Sigríður Bragadóttir fæddist á Siglufirði 3. mars 1943. Í frímerkjatilkynningu póstsins segir að hún hafi, að loknu námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1972-76, hafið nám í grafískri hönnun í Amsterdam. Hún hafi einnig sótt starfskynningar til New York, Kaupmannahafnar og Lundúna. Sigríður hefur starfað sjálfstætt að hönnun bóka og myndskreytingum ýmis konar. Myndefnið sem hún kaus frímerkjunum var jólahátíðin, jafnan kölluð hátíð barnanna, ævintýraheimur með útileikjum, snjó og ferskum vetrarblæ.

BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi offsetprentaði frímerkin.

1996

Fuglafrímerki



Hinn 7. febrúar komu út tvö frímerki, 20,00 kr. og 40,00 kr., í flokki þeirra fuglafrímerkja sem hófu göngu sína 1986.

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*) sem er myndefni 20 kr. frímerkisins er sjó-fugl og með stærstu fuglum landsins, dökkur að lit með bláleitri slikju. Nafnið draga dílaskarfar af hvítum lærblettum. Þeir eru allgengir og urpu fyrrum umhverfis allt land. Vörpin eru nú bundin við Breiðafjörð og Faxaflóa en fuglarnir verpa á afskekktum útskerjum. Stofninn er áætlaður um 2200 varppör og hefur dregist saman síðustu áratugi. Varp hefst í apríl, jafnvel í marslok í góðum vorum. Hreiðrin eru þanghraukar, fóðraðir með sinu en eggin eru oftast 4-6. Dílaskarfar eru grunnsævisfuglar sem lifa mest á botnfiskum. Merkingar sýna að þeir halda hér til allt árið, en ungarnir dreifast kringum landið, stundum upp í ár og vötn. Skarfar hafa verið nýttir til matar frá ómunatíð.

Húsönd (*Bucephala islandica*) er myndefni 40 kr. frímerkisins en húsandahjón eru ólík að lit, eins og vani er meðal anda. Blikinn er svartur og hvítur með hvítan, hálfmánalaga blett við nefrót en kollan gráleit með kaffibrúnan haus og hvítan hálshring. Húsendur eru háðar bitmýi sem fæðu og verpa aðeins í Þingeyjarsýslum, einkum við Mývatn og Laxá. Stofninn er lítill, 1700-1800 fuglar, og halda flestir til á sama svæði allt árið en fáeinir eru á Suðurlandi á veturna, mest á Soginu. Hreiðrið er í skoru eða holu, einnig ósjaldan í útihúsi eða hreiðurkassa. Húsendur verpa 6-10 eggjum en oft verpa fleiri fuglar í sama hreiður. Varpið hefst í seinni hluta máí. Skiptir sköpum fyrir stofninn, að fuglarnir eigi áfram griðland á Mývatni og Laxá. Húsendur eru friðaðar. Landeigendur mega þó tína egg en verða að skilja eftir minnst 4 egg í hreiðri.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Hollandi. Frímerkin komu einnig út í gjafamöppu með fuglafrímerkjunum sem gefin voru út 18. september 1995.

Málaralist – Sjómenn á báti/Við þvottalaugarnar



Hinn 7. febrúar komu einnig út tvö frímerki, þar sem myndefnin eru málverk eftir tvo þjóðkunnna íslenska listamenn. Málverkin eru Sjómenn á báti eftir Gunnlaug Scheving og Við þvottalaugarnar eftir Kristínu Jónsdóttur. Verðgildi frímerkjanna eru 100,00 kr. og 200,00 kr.

Í útgáfutilkynningu eru rakin æviatriði beggja þessara listamanna. Þar segir, að Gunnlaugur Scheving hafi fæðst í Reykjavík árið 1904. Hann ólst upp á Austurlandi og bjó þar fram til ársins 1921 er hann hélt til Reykjavíkur þar sem hann fékk tilsögn í teikningu hjá Guðmundi Thorsteinssyni listmálara og Einari Jónssyni myndhöggvara. Árið 1923 hélt Gunnlaugur til Danmerkur og stundaði þar nám við teikniskóla Viggo Brandts í einn vetur en síðan við Konunglegu listaakademíuna 1924-1929. Gunnlaugur tók þátt í fjölda samsýninga og hélt fjölmargar sérsýningar. Gunnlaugur vann ætíð í fígúratívum stíl og var maðurinn við vinnu sína honum hugleikið efni; bóndinn með hjú sín og fjölskyldu, járnsmiðurinn við aflinn og síðast en ekki síst sjómennirnir sem voru myndefni sem heillaði hann sérstaklega. Strax á námsárum sínum hóf Scheving að mála myndir úr lífi sjómanna.

Málverkið Sjómenn á báti (olía, 145 x 175 cm) frá árinu 1947 er ein af fjölmörgum myndum þess efnis. Listasafn Íslands varðveitir málverkið. Gunnlaugur lést árið 1972.

Kristín Jónsdóttir fæddist árið 1888 á Arnarnesi við Eyjafjörð. Hún stundaði nám við Tegneskolen for Kvinder í Kaupmannahöfn 1909-11 en hóf síðan nám árið 1911 við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn. Þaðan lauk hún prófi árið 1916. Kristín Jónsdóttir var merkilegur frumkvöðull. Hún var fyrsta íslenska konan sem lauk prófi frá Listaakademíunni og varð fyrst íslenskra kvenna ásamt Júlíönu Sveinsdóttur til að gera myndlist að ævistarfi. Kristín málaði jöfnum höndum myndir af íslensku landslagi, kyrralífsmyndir, verk er sýndu manninn og umhverfi hans, en þó einkum myndir sem tengdust störfum kvenna.

Málverk Kristínar Við þvottalaugarnar (olía, 100 x 123 cm) er varðveitt í Listasafni Íslands. Það er frá árinu 1931 og sýnir konur að störfum við gömlu þvottalaugarnar í Laugardal. Með mjúkum línum, þéttum pensildráttum og ljósum litum skapar Kristín hlýju og hreyfingu og við skynjum ylinn sem lagt hefur frá þessum stað. Kristín lést árið 1959.

Sigríður Bragadóttir færði málverkin í frímerkjabúning og voru þau offset-prentuð hjá BDT International Security Printing Ltd. á Írlandi.

Evrópufrímerki – Merkar konur



Hinn 18. apríl voru gefin út tvö Evrópufrímerki, 35,00 kr. og 55,00 kr. Myndefni Evrópufrímerkjanna var að þessu sinni merkar konur. Af hálfu Íslands voru valdar konur sem voru brautryðjendur í íslensku þjóðlífi, Halldóra Bjarnadóttir og Ólafía Jóhannsdóttir.

Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981), sem er myndefni 35,00 kr. frímerkisins, var brautryðjandi í kvennafræðslu á Íslandi. Hún tók kennarapróf í Noregi, kenndi þar í nokkur ár en varð síðan skólastjóri við barnaskólann á Akureyri 1908-1918. Árið 1914 stofnaði hún Samband norðlenskra kvenna og var formaður þess í 10 ár. Enn fremur stofnaði hún fjölda af kvenfélögum víðs vegar um land. Hún var leiðbeinandi í heimilisiðnaði og stóð fyrir sýningum á honum hérlandis og erlendis. Hún stofnaði tímaritið Hlín 1917, var eigandi þess og ábyrgðarmaður og ritstýrði því til 1961. Hún stofnaði og rak tóvinnuskólann á Svalbarði í Suður Þingeyjarsýslu frá 1946 og til ársins 1955 og vann stöðugt að

félagsmálum kvenna alla starfsævi sína. Halldóra fæddist 14. október 1873 í Ási í Vatnsdal og andaðist á Héraðshælinu á Blönduósi 27. nóvember 1981 og varð því 108 ára gömul.

Ólafía Jóhannsdóttir (1863-1924), sem er myndefni 55,00 kr. frímerkisins, var helsti leiðtogi og hugmyndafræðingur Hvítabandsins á Íslandi en Hvítabandið er mannúðarsamtök kristinna bindindiskvenna. Hvítabandið var fyrsta kvenfélag á Íslandi sem gerðist aðili að alþjóðlegum samtökum. Ólafía var dóttir hjónanna Ragnheiðar Sveinsdóttur og eiginmanns hennar, séra Jóhanns K. Benediktssonar. Æskuheimili hennar var miðstöð róttækra þjóðfrelsmanna í Reykjavík. Hún tók sjálf þátt í þjóðfrelsisbaráttunni bæði í ræðu og riti. Í lok síðustu aldar var hún einn öflugasti málsvari kvenfrelsis á Íslandi og hélt tæpitungulaust fram pólitískum réttindum kvenna. Hún ferðaðist víða um heim sem erindreki og hélt fyrirlestra um bindindis- og kvenfrelismál. Árið 1903 flutti hún til Noregs, bjó þar í 17 ár og veitti m.a. forstöðu heimili, sem Hvítabandið rak í Osló fyrir sárasóttarsjúklinga, vændiskonur og drykkjukonur.

Tryggvi T. Tryggvason og Anna Þóra Árnadóttir hönnuðu frímerkin og voru þau offsetprentuð hjá The House of Questa Ltd. í London Englandi.

Póstflutningar með bílum



Hinn 13. maí voru gefin út fjögur frímerki, hvert að verðgildi 35,00 kr., tileinkuð póstbílum á Íslandi og var form útgáfunnar sem fyrr, örð með átta samhangandi frímerkjum.

Fjórar bifreiðar eru sýndar á frímerkjunum og tengjast þær allar póstsögu Íslendinga frá 1930 og fram yfir miðja öldina. Í tilkynningu póststjórnarinnar með þessari útgáfu kemur fram, að póstflutningar með bifreiðum hér á landi hófust á öðrum áratug 20. aldar. Fram til 1928 var lítið um fastar áætlunarferðir en frá 1928-34 tengdist vegakerfið og nýjar leiðir opnuðust, m.a. frá Reykjavík austur að Kirkjubæjarklaustri, til Vesturlands og norður til Akureyrar en einnig Austurlandsleiðin frá Akureyri. Til þess að koma skipulagi á þessar ferðir var árið 1935 sett löggjöf um farþega- og póstflutninga með bifreiðum og fastar áætlunarferðir bundnar sérleyfum. Árið 1935 voru sérleyfishafar 28 talsins en höfðu rúmlega fjórfaldast í 115 árið 1950.

Bifreiðarnar á frímerkjunum eru af þessum gerðum:

- A. Buick 1931: Fyrirrennarar stærri langferðabíla. Bifreiðastöð Steindórs
- B. Studebaker 1934: Póstflutningar milli bréfhirðinga og pósthúsa í Reykjavík. Strætisvagnar Reykjavíkur.
- C. Ford 1937: Bifreiðastöð Íslands o.fl.
- D. Reo 1946: Farþega- og póstflutningar. Póst- og símamálastofnunin.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin en BDT International Security Printing Ltd. á Írlandi offsetprentaði. Frímerkjaörkin var einnig gefin út í gjafamöppu með sama sniði og póstskipaörkin og kostaði mappan 420 kr.

Ólympíufrímerki



Hinn 25. júní voru gefin út fjögur frímerki í tilefni Ólympíuleikanna í Atlanta þetta ár. Verðgildi frímerkjanna var 5,00 kr., 25,00 kr., 45,00 kr. og 65,00 kr.

Ólympíuleikarnir til forna, sem kenndir eru við borgina Ólympíu í Grikklandi, lögðust af árið 393 eftir Krists burð. Þeir höfðu þá verið haldnir með reglulegu millibili frá því 776 f. Kr. Fyrstu nútímaleikarnir voru haldnir í Aþenu árið 1896.


Íslendingar tóku fyrst þátt í Ólympíuleikunum í London árið 1908. Sjö manna hópur sýndi íslenska glímu og Jóhannes Jósefsson, Jóhannes á Borg, varð fyrsti íslenski keppandinn, en hann náði undraverðum árangri í grísk-rómverskri glímu, varð fjórði. Á næstu leikum, í Stokkhólmi árið 1912, sýndu Íslendingar glímu öðru sinni og tveir Íslendingar voru á meðal keppenda á leikunum. Eftir það varð hlé á þátttöku Íslendinga. Hópur 15 manna var sendur á Ólympíuleikana í Berlín 1936. Þá tóku Íslendingar fyrsta sinni þátt í Vetrarólympíuleikunum 1948, þegar leikarnir voru haldnir í St. Moritz í Sviss. Síðan hafa íslenskir keppendur verið á öllum Ólympíuleikum. Árangur þeirra hefur oft verið glæsilegur en upp úr standa þeir tveir sem á verðlaunapall hafa komist. Í Melbourne árið 1956 vann Vilhjálmur Einarsson til silfurverðlauna í þrístökki og Bjarni Friðriksson hlaut bronsverðlaun í júdó í Los Angeles árið 1980. Á leikunum í Seoul 1992 lék íslenska landsliðið í handknattleik um bronsverðlaunin en endaði í fjórða sæti. Á Ólympíuleikunum í Atlanta sumarið 1996 kepptu Íslendingar í fimm greinum: frjálsum íþróttum, júdó, fimleikum, badminton og sundi.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og voru þau offsetprentuð hjá Seðlaprentsmiðju Noregsbanka, (Norges Banks Seddeltrykkeri), í Osló.

Í tilefni Ólympíuleikanna var einnig gefin út sérstök gjafamappa með þessum fjórum frímerkjum. Verð hennar var 200 kr.

1996

Regla St. Jósefssystra á Íslandi 100 ára



Hinn 17. september var gefið út 65,00 kr. minningarfrímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að St. Jósefssystur komu til Íslands.

Regla St. Jósefssystra er upprunnin í Frakklandi og hlaut staðfestingu páfa árið 1651, að því er segir í tilkynningu póststjórnarinnar með þessari útgáfu. Undir lok 20. aldar hafði hún þróast í 47 sjálfstæðar greinar, sem störfuðu víða um lönd. Fjórar St. Jósefssystur komu til hjálparstarfa á Íslandi í júlí 1896 og gerðust frumkvöðlar í heilsugæslu og skólastarfi hérlendis. St. Jósefssystur hafa einnig verið öflugur bakhjarl rómversk-kaþólsku kirkjunnar hérlendis.

Jesúítapresturinn og rithöfundurinn sr. Jón Sveinsson, (Nonni), átti hlut að því að St. Jósefssystur komu til Íslands. Hann gekkst fyrir fjársöfnun erlendis, upphaflega vegna byggingar holdsveikraspítala, en féð var síðan notað sem hluti af stofnkostnaði St. Jósefsspítalans í Reykjavík, sem var vígður árið 1902. Þessi spítali, einnig nefndur Landakotsspítali, var fyrsta sjúkrahúsið með nútímasniði hérlendis og raunverulegur landspítali og bæjarsjúkrahús til 1930, þegar Landspítalinn var tekinn í notkun. Ríkið keypti Landakot árið 1976. St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði var vígður 1926. Strax eftir komuna til Íslands hófu systurnar barnakennslu í Reykjavík og Hafnarfirði og stofnuðu m.a. Landakots-skóla.

Frá og með sjöunda áratugnum hefur St. Jósefssystrareglan breytt starfsháttum sínum, en hlutverk hennar er enn sem áður að koma fátæku og þurfandi fólki til hjálpar.

Sigríður Bragadóttir hannaði frímerkið en Joh. Enschedé en Zonen í Hollandi offsetprentaði.

Menntaskólinn í Reykjavík 150 ára



Hinn 17. september var einnig gefið út 150,00 kr. frímerki í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá því að Lærði skólinn í Reykjavík, síðar Menntaskólinn í Reykjavík, var vígður og skólahlald hófst þar.

Með úrskurði Kristjáns VIII. Danakonungs árið 1841 var ákveðið að latínu-skólinn flyttist frá Bessastöðum til Reykjavíkur og byrjað var á smíði nýja skólahússins árið 1844. Hinn 1. október 1846 hófst skólahlald með vígslu Lærða skólans eins og hann nefndist fram yfir aldamót. Byggingin var hin stærsta á Íslandi fram að lokum 19. aldar og fyrstu árin hýsti hún einnig Prestaskólann. Við endurreisn Alþingis Íslendinga árið 1845 kom þingið saman til fyrsta fundar á hátíðarsal skólans í hálfkaraðri byggingunni, en salurinn var síðan samkomustaður þingsins til ársins 1879, þegar afráðið var að reisa sérstakt Alþingishús. Sótti Jón Sigurðsson alla sína Alþingisfundi á sal Menntaskólans. Skólahúsið var einnig vettvangur Þjóðfundarins 1851 og fleiri merkisviðburða Íslandssögunnar.

Í fyrstu fólst kennsla í Lærða skólanum einkum í undirbúningi fyrir prests- eða háskólanám, en á síðari hluta 19. aldar miðaði hún í síauknum mæli við almenna menntun. Með breyttri skólalöggjöf 1904 fékk skólinn nafnið Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík og var þaðan í frá starfrækt gagnfræðadeild við skólann allt til ársins 1949, auk eldri lærdómsdeilda sem brautskráðu stúdenta. Núverandi nafn sitt, Menntaskólinn í Reykjavík, fékk skólinn árið 1937. Allt fram til ársins 1928 var MR eina stofnunin af sínum toga á landinu og hafa margir framámenn samfélagsins sótt þar menntun, m.a. tveir Nóbelsverðlaunahafar, þeir Níels R. Finsen og Halldór Kiljan Laxness.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sen var offsetprentað hjá Seðlaprentsmiðju Noregsbanka, (Norges Banks Seddeltrykkeri), í Osló.

1996

Dagur frímerkisins – Frímerkjasýningin NORDIA 96



Á Degi frímerkisins, hinn 9. október, var gefin út smáörk þar sem myndefnið var Goðafoss. Þetta var í annað sinn á tveimur árum sem smáörk var gefin út á Degi frímerkisins í tilefni norrænu frímerkjasýningarinnar NORDIA'96 sem var haldin í 25.-27. október 1996. Þrjú frímerki voru í örkinni, 90,00 kr., 45,00 kr. og 65,00 kr. Örkin kostaði 300 kr. og rann yfirverðið að vanda í Frímerkja- og póstsögusjóð.

Goðafoss í Skjálfandafljóti hefur löngum verið talinn með fegurstu fossum á Íslandi og er hann næst Dettifossi kunnastur fossa á Norðurlandi. Goðafoss er örskammt frá Þjóðveginum og liggur vegur að honum frá brúnni á Skjálfandafljóti, sem fellur fyrir neðan fossinn í gljúfrum og þrengslum á alllöngum kafla. Fljótið hefur grafið næstum þriggja kílómetra langt gljúfur inn í hraunið við Goðafoss og hefur hann því færst upp eftir fljótinu um 27 cm á ári að meðaltali. Klettur á fossbrúninni greina Goðafoss í tvo meginfossa og nokkra smærri eftir vatnsmagni fossins. Í Kristnisögu segir frá því að við kristnitökuna hafi Þorgeir Ljósvetningagoði steipt goðalíkneskjum sínum í fossinn og hlaut hann nafn af því.

Skyggna-Myndverk hannaði smáörkina en Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Dómkirkjan í Reykjavík 200 ára vígsluafmæli



Hinn 5. nóvember gaf póststjórnin út 45,00 kr. frímerki í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá vígslu dómkirkjunnar í Reykjavík.

Fyrsti landnámsmaður Íslands byggði bæ sinn í Reykjavík 874. Þar mun hafa risið kirkja fljótlega eftir kristnitökuna árið 1000. Um miðja 18. öld varð til í Reykjavík fyrsta þorpið á Íslandi. Ákveðið var að flytja biskupsstólinn í Skálholti til Reykjavíkur 1785. Jafnframt var farið að hugsa fyrir nýrri dómkirkju þar. Hún var byggð úr steini, ein hæð með risi og turni, vígð 30. október 1796. Arkitekt var Daninn A. Kirkerup. Hún varð dómkirkja alls landsins 1801 og varð brátt of lítil fyrir vaxandi höfuðstað. Því var annar danskur arkitekt, L.A. Winstrup, fenginn til að teikna stækkun hennar. Var kirkjan þá hækkuð, kórstúka byggð við austurgafn, forkirkja að vestan og nýr turn. Þannig var kirkjan vígð í núverandi mynd 28. október 1848 en er þó að stofni til 200 ára gamalt hús.

Dómkirkjan í Reykjavík hefur gegnt miklu hlutverki í þjóðlífi Íslendinga. Hún er kirkja þjóðhöfðingjans og Alþingis. Flestra merkisatburða í lífi lands og þjóðar hefur verið minnst þar.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem var offsetprentað hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

1996

Jólafrímerki



Á tveimur jólafrímerkjum sem einnig voru gefin út 5. nóvember eru tvær myndir af Maríu Guðsmóður, gerðar eftir paxspjaldi og líkneski sem Þjóðminjasafn Íslands varðveitir.

Á 35,00 kr. frímerkinu er miðaldalíkneski af Maríu Guðsmóður skorið í rostungstönn. Líkneskið fannst í kirkjugarðinum að Presthólum í Norður-Þingeyjarsýslu. María mey situr með Jesúbarnið í kjöltu sér og undir er áletrun með nafni Maríu.

Myndefnið á 45,00 kr. frímerkinu er paxspjald úr kirkjunni á Breiðabólstað í Rangárvallasýslu. Það er talið vera frá lokum fjórtánda aldar eða byrjun þeirrar fimmtánda. Handverkið er íslenskt. Nafnið er dregið af því að við kaþólska messu gekk spjaldið milli fólks. Kirkjugestir kysstu spjaldið meðan prestur fór með Pax tecum (Friður sé með þér).

Jólafrímerkin hannaði Sigríður Bragadóttir en BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi, offsetprentaði.

1997

Í byrjun árs 1997 tók til starfa nýtt hlutafélag, Póstur og sími hf. sem tók yfir rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fuglafrímerki



Hinn 4. febrúar gaf Póstur og sími hf. út tvö frímerki, 10,00 og 500,00 kr., þar sem myndefnið er íslenskir fuglar.

Á 10 kr. frímerkinu er myndefnið toppönd (*Mergus serrator*). Toppöndin er kafönd og tilheyrir þeim hópi kafanda sem kallast fiskiendur. Toppandarsteggurinn er skrautlegur, með gráar síður, rauðbrúna bringu, grænsvart höfuð og topp á hnacka. Kollan er með brúgráan búk, rauðbrúnt höfuð og hnackatopp. Toppönd er útbreiddur varpflugl við tjarnir og vötn á láglandi um land allt. Aðalfæða toppandarinnar á sumrin eru hornsíli. Varptími toppandar er í júní. Hreiður sitt felur hún í þéttum gróðri eða jarðholu, eggin eru oftast 8 til 10. Íslenskar toppendur eru að mestu staðfuglar en halda sig á sjó á veturna. Einhver hluti stofnsins yfirgefur þó landið á haustin og hefur vetursetur í Vestur-Evrópu.

Myndefni 500 kr. frímerkisins er urtönd (*Anas crecca*). Hún er minnsta andategund á Íslandi og tilheyrir svokölluðum gráöndum en þær eru líka kallaðar buslendur eða grasendur. Gráendur kafa ekki eftir æti líkt og kafendur gera. Algengast er að sjá þær týna fæðuagnir í vatnsborði, í flæðarmáli eða á landi. Urtandarsteggurinn er gráleitur á búkinn og með rauðbrúnt höfuð og grænan vangablett. Kollan er brún. Nokkur hundruð urtendur hafa vetursetu á Suðvestur- og Suðurlandi, en flestar fara af landi brott á haustin og dvelja í Vestur-Evrópu á veturna. Urtöndin kemur aftur á varpstöðvarnar í apríl og fyrri hluta maí. Hún er útbreiddur varpflugl á láglandi um land allt. Varpsvæði hennar eru gróðursælar tjarnir, fen og foræði. Varptíminn er síðari hluti maí og fyrri hluti júní. Hreiðrið er falið í gróðri og eggin eru oftast 8 til 11.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin en Joh. Enschedé en Zonen í Hollandi offsetprentaði þau.

1997

Málaralist – Íslandslag/Höfnin



Hinn 6. mars voru gefin út tvö frímerki með myndum af þekktum íslenskum olíumálverkum.

Myndefni 150,00 kr. frímerkisins er málverkið Íslandslag eftir Svavar Guðnason (1909-1988). Svavar málaði þessa mynd í Kaupmannahöfn árið 1944. Í útgáfutilkynningu póstsins segir orðrétt: „Þar rís eins konar vængjuð samhverfa, allt í senn fiskur, eldtungur og finngálkn, upp af hvítglóandi afli eins og fagnaðaróp Íslendinga í hernumdu landi við tíðindum af sjálfstæði fósturjarðarinnar“. Þar segir einnig að með ástríðufullum og táknsæknum myndum sínum í óhlutlægum stíl hafi Svavar Guðnason opnað nútímalistinni leið inn í íslenskan veruleika og orðið um leið fyrsti Íslendingurinn til að taka virkan þátt í alþjóðlegri listhreyfingu.

Myndefni 200,00 kr. frímerkisins er málverk Þorvalds Skúlasonar (1906-1984), Komposition (Höfnin). Verkið var málað 1938 og er skilgetið afkvæmi 4. áratugarins á Íslandi þegar megináherslur í þjóð- og atvinnulífi færðust úr sveitum til sjávarþorpanna og höfnin varð lífæð landsmanna. Höfnin og lífsbarátta íslensks verkafólks urðu þá helstu viðfangsefni nýrrar kynslóðar myndlistarmanna, sem Þorvaldur var fulltrúi fyrir. Í þessari mynd er markmið Þorvalds ekki að endursegja það sem hann sér við hafnarbakkann eins og tíðkaðist meðal eldri listamanna heldur að draga hið séða saman í sterka listræna heild, þar sem form, litir og inntak kallast á og mynda áhrifaríkan viðauka við veruleikann.

Frímerkin hannaði Sigríður Bragadóttir en The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

Póstflutningar með flugvélum



Hinn 15. apríl voru gefin út fjögur frímerki, hvert að verðgildi 35,00 kr., tileinkuð póstflugi á Íslandi og var form útgáfunnar sem fyrr, örkt með átta samhangandi frímerkjum.

Fjórar flugvélar eru á þessum frímerkjum og tengjast þær allar póstsögu Íslendinga frá 1945 og næstu áratuginu. Póstflutningar með flugvélum hér á landi hófust hið fyrra sinni 1928 og stóðu yfir að sumarlagi til haustsins 1931. Notaðar voru sjóflugvélar af þýskri gerð til þessa verkefnis. Aftur hófst póstflug hér innanlands með sjóflugvél sumarið 1938 og hefur haldist samfelt síðan. Fyrsta póst- og farþegaflug til útlanda með íslenski flugvél var farið 1945.

Eftir því sem flugvöllum fjölgaði hér á landi leystu landflugvélar sjóflugið af hólmi uns það aflagðist með öllu laust eftir 1960.

Póstflugvélararnar á frímerkjunum eru af eftirfarandi gerðum:

- A. Stinson S.R. 8B Reliant. TF-BZX og síðar TF-RVB. Loftleiðir h/f hófu starfsemi sína með þessari flugvélategund 1944.
- B. De Havilland DH-89A Dragon Rapide. TF-ISM, Sviffaxi. Flugfélag Íslands notaði þessa flugvélategund í innanlandsflugi hér um fimm ára skeið.
- C. Douglas DC-3 Dakota (C 47). TF-ISH, Gljáfaxi. Flugfélag Íslands eignaðist fyrstu flugvélina af þessari gerð 1946. Þær voru helsti burðarásinn í innanlandsfluginu hátt á þriðja áratug.
- D. De Havilland DHC-6 Twin Otter. TF-REG. Vængir h/f tóku þessa flugvélategund í notkun 1973. Hún er mjög hentug fyrir stutta, ófullkomna flugvelli.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

1997

Íþróttافرimerki – Smáþjóðaleikar Evrópu



Hinn 13. maí voru gefin út tvö frímerki, 35,00 og 45,00 kr., í tilefni Smáþjóðaleika Evrópu sem haldnir voru á Íslandi 3.-7. júní 1997. Þetta voru jafnframt 7. Smáþjóðaleikarnir en þeir fóru síðast fram í Lúxemborg 1995.

Til Smáþjóðaleika Evrópu var stofnað að frumkvæði forseta Alþjóðaólympíunefndarinnar, J. A. Samaranch og voru fyrstu leikarnir haldnir í San Marínó 1985. Hugmynd hafði komið fram um að efna til íþróttaleika meðal smáþjóða sem gætu orðið til þess að efla anda Ólympíuleikanna og hugsjón þeirra og treysta jafnframt vináttubönd þjóðanna.

Þrátt fyrir að ekki væri gert ráð fyrir að leikarnir yrðu mjög umfangsmiklir hefur raunin orðið önnur og hefur þátttakendum farið stöðugt fjölgandi. Er nú svo komið að þátttakendum með fylgdarliði eru um 1000 manns. Íslenskum þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt. Á leikunum í Lúxemborg árið 1995 voru þeir 180, en á fyrstu leikunum voru þeir aðeins 25 alls.

Þátttökurétt eiga þjóðir með íbúatölu undir einni milljón. Þessar þjóðir voru árið 1997: Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó og San Marínó.

Dagur Hilmarsson hannaði frímerkin. The House of Questa Ltd., London, Englandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Þjóðsögur og ævintýri



Sama dag, 13. maí komu einnig út Evrópufrímerki. Samkvæmt ákvörðun Post-Europ, voru þjóðsögur og ævintýri sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna. Myndefni 45,00 kr. frímerkisins er þjóðsagan um djárnann á Myrká og myndefni 65,00 kr. frímerkisins er ævintýrið um Surtlu í Blálandseyjum.

Myndefnin eru tvö listaverk eftir Ásgrím Jónsson, bæði unnin í túsík-blek, sem Sigríður Bragadóttir færði í frímerkjabúning. BDT International Security Printing Ltd. á Írlandi offsetprentaði.

Djárninn á Myrká (29,5x42 cm, Listasafn Íslands/Safn Ásgríms Jónssonar) er frá árinu 1952. Ásgrímur Jónsson, (1876-1958), er einn helsti brautryðjandi nútímalistar á Íslandi. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri voru eitt helsta viðfangsefni hans. Sagan um djárnann á Myrká tilheyrir flokki þjóðsagna um ástir og hatur drauga. Þar segir frá djákna sem ætlar að bjóða unnustu sinni til jólagleði en drukknar á leið til hennar. Stuttu seinna birtist hann afturgenginn við bæ unnustunnar og flytur hana á brott á hesti sínum. Þau koma að opinni gröf í kirkjugarði og djárninn reynir að draga stúlkuna með sér ofan í gröfina. Henni tekst á síðasta andartaki að grípa í streng klukkunnar við sáluhliðið. Þegar djárninn heyrir klukknahljóðið steypist hann ofan í gröfina og moldin sópast yfir hann.

Listaverk Ásgríms, Surtla í Blálandseyjum (29x41,5 cm, Listasafn Íslands/Safn Ásgríms Jónssonar) er frá árunum 1957-58. Það byggir á íslensku ævintýri um ungt fólk af konungakyni, sem lendir hjá skessum og þursum. Ævintýri urðu Ásgrími uppspretta margra mynda er líða tók á ævina. Ævintýrið um Surtlu er í flokki stjúpúsagna. Þar segir frá trölskessu, sem bregður sér í líki fagurrar konu og fær konung til að kvænast sér. Þegar hann er fjarverandi sendir drottning börn hans tvö til systur sinnar, Surtlu í Blálandseyjum, og á hún að drepa þau. Skessan er blind og börnunum tekst að flýja úr helli hennar. Skessan eltir þau en þeim tekst að ráða henni bana með því að lokka hana fram af bjargbrún. Konungur finnur börn sín aftur og svikul drottning hans fær makleg málagjöld.

1997

Félag bókagerðarmanna 100 ára



Hinn 3. september kom út 90,00 kr. frímerki, tileinkað Félagi bókagerðarmanna. Í tilkynningu póstsins með þessari útgáfu segir orðrétt: „Þann 2. nóvember 1980 sameinuðust Hið íslenska prentarafélag, stofnað 1897, Bókbindarafélag Íslands, stofnað 1906, og Grafíska sveinafélagið, stofnað 1973, í eitt félag. Hið nýja félag nefnist Félag bókagerðarmanna (FBM). Saga þess er því stutt en rætur þess ná þó allt aftur til 1897. FBM hefur í dag um 1000 félagsmenn sem flestir starfa að prentun og bókagerð. Innan raða FBM eru bókbindarar, prentarar, prentsmiðir, nemar í þessum greinum og aðstoðarfólk í prentsmiðjum. Nokkrir grafískir teiknarar, útlitsteiknarar blaða og starfsfólk í skyldum greinum hafa einnig gengið í félagið. FBM veitir félagsmönnum sínum fræðslu, aðstoð og þjónustu á ýmsum sviðum og ásamt Samtökum iðnaðarins rekur félagið Prenttæknistofnun, sem er ein af öflugustu endurmenntunarstofnunum í íslenskum iðnaði í dag.“

Frímerkið er hannað af Jóni Ágústi Pálmasyni og Tryggva T. Tryggvasyni. Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Leikfélag Reykjavíkur 100 ára



Þennan sama dag, 3. september, var einnig gefið út 100,00 kr. frímerki í tilefni 100 ára afmælis Leikfélags Reykjavíkur (LR). Steinþór Sigurðsson hannaði frímerkið, sem sýnir Iðnó, heimkynni Leikfélags Reykjavíkur frá 1897-1989. Í forgrunni er Stefanía Guðmundsdóttir, leikkona og einn af stofnendum LR, í hlutverki álfkonunnar í hinu vinsæla leikriti Indriða Einarssonar, Nýársnóttinni.

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi. Það var stofnað 11. janúar 1897 þegar tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Í tilkynningu með útgáfunni segir, að þrátt fyrir virðingarverða viðleitni leiklistaráhugamanna á síðari hluta 19. aldar hafi mikill viðvaningsbragur verið á leik flestra og verkefnaval metnaðarlítið. Þetta breyttist til muna með tilkomu Leikfélagsins og á fáum árum þroskuðust helstu leikararnir svo, að þeir þóttu gera sumum erfiðustu verkum heimsbókmenntanna viðunandi skil. Eftir um 10 ára starf rann upp blómaskeið hjá félaginu, því þá komu fram fyrstu íslensku leikritin. Mörg þeirra voru frumflutt í Iðnó, sem var heimkynni félagsins þar til í maí 1989, en þá fluttist öll starfsemin í nýtt leikhús, Borgarleikhúsið, sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu og samráði við Leikfélag Reykjavíkur.

Frímerkið var offsetprentað í frímerkjaprentsmiðju Joh. Enschedé en Zonen Hollandi.

Dagur frímerkisins – Íslenskir árabátar



Á Degi frímerkisins, hinn 9. október, var að venju gefin út smáörk. Myndefnið var að þessu sinni tileinkað íslenskum árabátum. Þrjú frímerki voru í smáörkinni, 35,00 kr., 100,00 kr. og 65,00 kr. Verð hennar var 250 kr. og rann yfirverðið í Frímerkja- og póstsögusjóð.

Ítarlega umfjöllun er að finna um íslenska árabáta í umfjöllun póstsins sem fylgir þessari útgáfu. Segir þar m.a., að vetrarvertíðarskip Vestmanneyinga á seinustu öld hafi verið áttæringar. Gömlu Vestmannaeyjaskipin voru viðamikil og mjög þung í setningi. Þau þóttu stöðug, viðtakamikil og voru talin afburðagóð sjóskip. Öll vertíðarskip Eyjamanna frá árabátaöldinni eru fyrir löngu úr sögunni. Þekktast þeirra er Gideon, smíðaður 1836, en honum var haldið til fiskjar í 73 vertíðir. Áttæringurinn sem sýndur er á 35,00 kr. frímerkinu er með loggortusegl, en þau þekktust ekki héraendis fyrr en nokkru eftir miðja 19. öld og var fyrirmyndin sótt til frönsku fiskiskipanna sem voru hér við land.

Höfuðeinkenni skipa með breiðfirsku lagi voru bogin stefni með miklum undirlotum sem hentuðu vel við lendingar í misjöfnum fjörum. Þau voru létt og ávöl í öllum formum til að mæta kröppum sjó. Umfram allt einkennir mikill formstöðugleiki breiðfirska bátalagið. Skipin hafa mikið viðnám jafnt undir farmi sem seglum. Þetta var talið til höfuðkosta víkingaaldarskipa og skeyting kjalar og stefnis er með sama hætti og á víkingatímanum. 100,00 kr. frímerkið

sýnir flutningaskipið Egil, sem er gott dæmi um breiðfirskan teinæring.
Ólafur Bergsveinsson smíðaði Egil fyrir Hvallátrabúið 1904.

Sexæringurinn á 65,00 kr. frímerkinu var smíðaður í Engey árið 1912. Bátalag kennt við Engey var ráðandi við Faxaflóa á seinni helmingi 19. aldar. Talið er að Engeyingar hafi fyrst breytt bátalaginu 1863. Tveir ötulustu skipasmiðirnir voru feðgarnir Brynjólfur Bjarnason og Bjarni Brynjólfsson. Þeir smíðuðu um 380 báta. Í samanburði við breiðfirsku skipin var Engeyjarbáturinn viðtakalítill á skutina, ágjöffull, ekki burðarmikill og gjarn á að ganga í ölduna. Allir bátar með þessu lagi voru fremur stökkreistir en skábyrtir, höfðu góðan botn, stöðugir, léttir og liprir undir árum. Til þess að þessir kostir nýttust vel þurfti seglbúnaður að vera við hæfi.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en Bjarni Jónsson gerði bátateikningarnar.
BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

Landpóstar



Hinn 5. nóvember var gefið út 50,00 kr. frímerki til að minnst íslensku landpóstanna.

Í tilkynningu póstsins segir, að allt frá því að póstferðir hófust árið 1782 hafi póstar farið gangandi eða ríðandi um landið. Aðal leiðirnar voru fjórar:

- 1) Norðurlandspóstar fóru frá Bessastöðum/Reykjavík til Möðruvalla/Akureyrar.
- 2) Vesturlandspóstar fóru frá Bessastöðum/Reykjavík og oftast um Stykkishólm vestur að Ísafjarðardjúpi.
- 3) Suðurlandspóstar fóru frá Bessastöðum til Víkur/Djúpavogs.
- 4) Austurlandspóstar fóru frá Möðruvöllum/Akureyri til Eskifjarðar/Djúpavogs.

Á árunum 1782-1873 voru oftast farnar 3-4 ferðir á ári á þessum leiðum, stundum reyndar færri og síðast fleiri. Þær tengdust ferðum póstskeipsins sem kom frá Danmörku í október-nóvember og fór aftur utan í mars.

Eftir að nýja póstkerfið komst á 1873 gengu landpóstar eins og nú var farið að kalla þá, að mestu leyti sömu leiðir og áður. Nú var ferðatíðni samræmd um allt land og farnar 7-12 ferðir á ári frá 1873-91 en þá fjölgaði ferðunum. Aldamótaárið 1900 voru tíu aðalpóstleiðir í landinu og jafnmargir aðalpóstar. Árið 1931 var síðasta ár landpósta á þessum 10 aðalleiðum. Bílar og strandferðaskip komu í stað landpóstanna nema í Skaftafellssýslum. Auk aðalpóstanna var fjöldi aukapósta á ferðinni frá ýmsum póstafréiðslum frá byrjun nýja póstkerfisins 1873 og fram yfir síðari heimsstyrjöld.

Frímerkið hannaði Norðmaðurinn Martin Mörck, sem jafnframt sá um myndgröft þess. Frímerkið var prentað í offset og stáldjúpþrykki hjá Seðlaprentsmiðju Kanada (Canadian Bank Note Company Ltd.) í Ottawa, Kanada. Var þetta jafnframt fyrsta frímerkið sem sú prentsmiðja prentaði fyrir póstin.

Jólafrímerki



Hinn 5. nóvember voru einnig gefin út tvö jólafrímerki, 35,00 kr. og 45,00 kr., sem Friðrika Geirsdóttir hannaði. Myndefnin sem Friðrika kaus jólafrímerkjunum voru fjölskyldan helga, uppspretta friðar og einingar meðal manna og dýra, og vitringarnir sem færa barninu í jötunni gjafir sínar.

Friðrika Geirsdóttir fæddist í Reykjavík 18. júlí 1935. Hún lauk myndlistarnámi frá Danmarks Designskole (Kunsthåndværkerskolen) árið 1962. Hún hefur starfað sjálfstætt á Íslandi við hönnun og myndlist síðan 1963. Friðrika hefur jafnframt kennt grafíska hönnun við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi offsetprentaði jólafrímerkin.

1998

Í byrjun árs 1998 var hlutafélagið Póstur og sími hf. lagt niður og tvö ný hlutafélög hófu rekstur, Íslandspóstur hf. og Landsími Íslands hf. Íslandspóstur yfirtók póstpjónustuna samkvæmt gildandi lögum auk frímerkjaútgáfunnar.

Ólympíufrímerki



Í tilefni Vetrarólympíuleikanna í Naganó í Japan dagana 7.-22. febrúar gaf Íslandspóstur hf. út tvö frímerki, 35,00 kr. og 45,00 kr. Útgáfudagur var 22. janúar.

Átta íslenskir keppendur höfðu náð Ólympíulágmörkum fyrir leikana í Naganó. Keppt var í 15 greinum í Naganó en Íslendingar kepptu einungis í alpagreinum. Á vetrarólympíuleikunum í Lillehammer í Noregi 1994 kepptu Íslendingar bæði í göngu- og alpagreinum og náðist góður árangur í göngunni en frambærilegur í alpagreinum. Næstu Vetrarólympíuleika á að halda í Salt Lake City í Bandaríkjunum árið 2002. Síðustu íslensku Ólympíufrímerkin voru gefin út 25. júní 1996 í tilefni Ólympíuleikanna í Atlanta.

Frímerkin hannaði Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, en BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Siglingar



Hinn 5. mars gaf Íslandspóstur út tvö Norðurlandafrímerki, að verðgildi 35,00 kr. og 45,00 kr. Myndefni Norðurlandafrímerkjanna að þessu sinni var siglingar eða strandferðir.

Samstarf norrænna landa í póstmálum fer fram fyrir tilstilli Póstsambands Norðurlanda, sem var stofnað árið 1946. Aðild að þessum samtökum eiga Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland. Hugmyndin að sameiginlegri frímerkjaútgáfu Norðurlanda spratt af þessu samstarfi og fyrstu frímerkin komu út 1956. Myndefnið var þá fimm svanir á flugi – sígilt tákni norrænnar samvinnu, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hófu þátttöku í þessari sameiginlegu útgáfu árið 1991.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkin en Joh. Enschedé í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Alþjóðlegt ár hafsins - Íslenskir nytjafiskar



Hinn 16. apríl gaf Íslandspóstur út fjögur frímerki og smáörk, með sömu frímerkjum, í tilefni af Ári hafsins. Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 1994 var samþykkt að árið 1998 skyldi vera Alþjóðlegt ár hafsins (International Year of the Ocean). Myndefni frímerkjanna sem Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði er tileinkað nytjafiskum hér við land.

Myndefni 5,00 kr. frímerkisins er hrognkelsi (*Cyclopterus lumpus*). Hrognkelsi eru rauðmagi (hængur) og grásleppa (hrygna). Þetta eru farfiskar sem halda sig úti á reginhafi hluta árs en leita hinn hlutann inn að ströndinni og hrygna á grýttum þarabotni. Þau eru töluvert veidd, hrognin söltuð og lituð og sold sem kaviar.

Á 10,00 kr. frímerkinnu er þorskur (*Gadus morhua*), en hann hefur um langan aldur verið ein aðal undirstaða íslensks sjávarútvegs. Þorskurinn er botnfiskur og algengastur á 50-200 metra dýpi. Hér við land hrygnir hann seinni hluta vetrar. Vöxtur hans er mishraður kringum landið og veldur þar mestu hitastig sjávar.

Skata (*Raja batis*), myndefni 60,00 kr. frímerkisins, er einna stærst af skötu-tegundum í N-Atlantshafi. Hún getur orðið allt að 2,5 metrar á lengd. Skatan er botnfiskur sem heldur sig mest á leir- eða sandbotni. Hér við land hrygnir hún á vorin og tekur klakið 2-5 mánuði. Íslendingar hafa lengi veitt skötu, kasað, saltað og hert til innanlandsneyslu.

Steinbítur (*Anarhichas lupus*) er myndefni á 300,00 kr. frímerkinu. Hann verður kynþroska 6-7 ára gamall. Hann er botnfiskur og lifir á 20-200 metra dýpi. Hér við land hrygnir hann um hávetur. Hann lifir á ýmsum botndýrum, kröbbum, sniglum og skeldýrum. Hann hefur verið veiddur á línu og í botnvörpu allt í kringum Ísland, en þó langmest við Vestfirði.

BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi offsetprentaði frímerkin. Smáörkin var einnig gefin út í gjafamöppu.

Evrópufrímerki – Þjóðhátíðir



Hinn 12. maí gaf Íslandspóstur út Evrópufrímerki með 45,00 kr. og 65,00 kr. verðgildum. Sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár var þjóðhátíðir og myndefni íslensku frímerkjanna var því þjóðhátíð Íslendinga 17. júní.

Í tilkynningu Íslandspósts með útgáfunni segir, að lýðveldi á Íslandi hafi verið endurreist 17. júní 1944 og lýðveldisfáninn dreginn að hún á Þingvöllum. Þann dag voru rétt 133 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta, mesta baráttumanns fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. 17. júní hefur síðan verið þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þjóðhátíðarinnar er minnst með útihátíðum um land allt, fánaborgum, skrudgöngum og menningarviðburðum af ýmsu tagi. Mikil þátttaka er jafnan í hátíðahöldunum. Konur og börn í íslenska þjóðbúningnum setja svip sinn á daginn auk nýstúdenta, sem hefja hátíðadagskrána í Reykjavík með því að leggja blómsveig við minnisvarða Jóns Sigurðssonar á Austurvelli.

Frímerkin hannaði Hlynur Ólafsson sem einnig tók ljósmyndirnar en The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

1998

Hold sveikraspítalinn í Laugarnesi 100 ára



Hinn 3. september var þess minnst á frímerki að 100 ár eru síðan holdsveikraspítali var reistur í Reykjavík. Verðgildi frímerkisins var 70,00 kr. og myndefnið er holdsveikraspítalinn í Laugarnesi.

Á árunum 1894 kom danski læknirinn dr. Edvard Ehlers til Íslands á vegum dönsku landsstjórnarinnar til að rannsaka tíðni holdsveiki á landinu. Ferðir hans urðu til þess að danska Oddfellow-reglan ákvað að gefa Íslendingum holdsveikraspítala með öllum búnaði. Árið 1898 reistu þeir sjötíu sjúkrarúma holdsveikraspítala í Laugarnesi í Reykjavík.

Danska hjúkrunarkonan Christophine M. Jurgensen starfaði frá upphafi við Laugarnesspítalann og var hún fyrsta lærða hjúkrunarkonan á landinu. Spítalinn starfaði til 1940 en hann brann í eldsvoða 1943. Þá hafði Kópavogshæli tekið við rekstrinum og holdsveiki var að mestu leyti úr sögunni á Íslandi.

Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkið en The House of Questa Ltd. í London, Englandi offsetprentaði.

Jarðfræði - Steindir



Hinn 3. september kom einnig út tveggja frímerkja röð þar sem myndefnin voru fagrir kristallar, skólesít og stilbít sem fundist hafa á Íslandi.

Ísland hefur um aldir verið frægt fyrir fallega seólíta eða geislasteina. Þá er að finna í holum og sprungum í gömlum hraunlögum. Teigarhorn í Berufirði er þekktastur fundarstaðanna.

Stilbít, sem er myndefni 35,00 kr. frímerkisins, myndar flata, hvíta kristalla með skelplötugljáa á hliðum. Kristallarnir gildna gjarnan til endanna og mynda knippi. Þeir geta orðið 7 cm á lengd. Stilbít er algengastur íslenskra seólíta.

Skólesít, sem er myndefni 45,00 kr. frímerkisins, myndar ferstrenda, aflanga, glergljáandi kristalla, hvíta eða háflglæra. Kristallarnir vaxa margir saman og geisla út frá einum punkti. Þeir geta orðið 12 cm langir.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkin en Sigurður Stefán Jónsson tók ljósmyndirnar eftir eintökum í steinasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Prentsmiðjan Joh. Enschedé í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

1998

Íslensk frímerki 125 ára



Hinn 9. október var gefið út frímerki, að verðgildi 35 kr., til að minnast þess sögulega atburðar að 125 ár voru liðin frá útgáfu fyrsta frímerkisins á Íslandi 1873.

Eins og greint var frá í umfjöllun um fyrstu útgáfu þessa árs var Póstur og sími hf. lagður niður 1. janúar 1998 og tók Íslandspóstur hf. þá við rekstri allra póstmála. Um sama leyti voru rétt 125 ár liðin frá því, er 15 póstafréttir voru settar á fót um land allt utan Reykjavíkur með sérstökum póststimplum og jafnframt gefin út frímerki fyrir Ísland. Þar sem landið var þá hluti Danmerkur, heyrðu póstmálin undir dönsk yfirvöld.

Við gerð nýju frímerkjana var notuð tillaga að dönsku frímerki frá 1869 eftir Philip Batz, sem póststjórnin danska hafði ekki notað. Jafnframt skyldu íslensku frímerkjin höfð einlit, sennilega til aðgreiningar frá dönsku tvílitu frímerkjunum frá 1870. Verðgildi fyrstu frímerkjana voru í skildingum, en eftir myntbreytinguna 1875, í aurum frá 1. ágúst 1876. Þessi nýju íslensku frímerki þóttu stílhrein og voru notuð óslitið um 30 ár. Því þótti við hæfi að minnast þeirra nú þegar Íslandspóstur hf. hefur tekið að sér allan póstrekstur í landinu.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkið en BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Landbúnaðarverkfæri



Dags frímerkisins, 9. október, var minnst með útgáfu smáarkar með þremur frímerkjum, helguð landbúnaði, nánar tiltekið verkfærum og tækjum sem tíðkaðist að nota í íslenskum landbúnaði fyrr á tímum.

Myndefnið á 35,00 kr. frímerkinu er torfljár. Heyjatorf var rist með torfljáum og var þá torfan rist frá báðum hliðum. Fullgilt heytorf þótti ef það var tveggja feta breitt og nýu feta langt. Torfið var meðal annars notað í húspök á gömlu íslensku torfbæjunum. Bændur á mýrajörðum höfðu oft arðsama verslun með torfið.

Myndefnið á 65,00 kr. frímerkinu er sláttuvél. Sláttuvélar, sem dregnar voru af hestum, voru fyrst fluttar til Íslands í lok 19. aldar. Minnstu sláttuvélar gátu slegið á við 5-6 manns. Almennt var þó ekki farið að nota vélar á slátt fyrr en um 1930. Notkun þeirra tengist náið sögu túnræktar á Íslandi. Eitt fyrsta vorverkið til forna var túnvinnan. Hún byrjaði þegar frost var horfið úr mykjuhlössum. Mykjan var oftast mulin með klárum og henni síðan dreift á túnin sem áburði.

Myndefnið á 100,00 kr. frímerkinu er taðkvörn. Fyrsta taðkvörnin var smíðuð um 1800 á Norðurlandi. Henni var vel tekið af bændum og búaliði og gerði vinnuna mun léttari.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en Jóhann Jónsson gerði teikningarnar. BDT International Security Printing Ltd. í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 50 ára



Hinn 5. nóvember var gefið út 50,00 kr. frímerki í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá því að mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (SP) var samþykktur. Myndefninu á frímerkinu er ætlað að tákngera jafnréttisanda mannréttindafirlýsingarinnar og byggir á gömlum íslenskum málshætti „Allir fingur eru jafnlangir, þá þeir eru í lófann lagðir.“

Stofnsáttmáli SP var undirritaður í San Francisco af fulltrúum 52 þjóða 26. júní 1945 og gekk í gildi 26. október sama ár. Ísland gerðist aðili að SP í nóvember 1946.

Mannréttindafirlýsingin var samþykkt af Allsherjarþinginu tveimur árum síðar, 10. desember 1948. Meginákvæði hennar er frelsi og jafnrétti allra manna án tillits til kynferðis, litarháttar, þjóðerni, trúar- og stjórnmálaskoðana. Jafnframt er kveðið á um að sérhver einstaklingur skuli hafa rétt til að tjá skoðanir sínar og sannfæringu og honum beri jafnframt skylda til að viðurkenna sama rétt öðrum til handa. Eftir þessa sögulegu samþykkt hvatti allsherjarþingið aðildarlönd SP til að birta þegnum sínum yfirlýsinguna og kynna hana sérstaklega í skólum og menntastofnunum.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og Anna Þóra Árnadóttir hönnuðu frímerkið en The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

Jólafrímerki



Hinn 5. nóvember gaf Íslandspóstur að venju út tvö jólafrímerki 35,00 kr. og 45,00 kr. og voru þau bæði afrakstur af teiknisamkeppni íslenskra grunnskólánemenda víða um land, sem haldin var árið áður. Þetta var í fyrsta sinn í sögu frímerkjaútgáfu á Íslandi sem efnt var til samkeppni um myndir á jólafrímerki meðal skólabarna.

Íslandspóstur hf. efndi til samkeppninnar snemma árs 1997. Í samkeppninni tóku þátt rúmlega 70 nemendur frá 7 grunnskólum. Dómnefnd valdi þær tvær myndir sem gefnar voru út á frímerkjum. Höfundar þeirra voru Thelma Björk Ingólfssdóttir, 8 ára, úr Engjaskóla í Reykjavík og Telma Huld Þrastardóttir, 11 ára, úr Þinghólsskóla í Kópavogi.

Myndefnin sem þær nöfnur kusu frímerkjunum voru jólakötturinn, gamalkunnur þáttur í íslenskrri jólasagnahefð, sem var á teikningu Thelmu Bjarkar. En á teikningu Telmu Huldar voru tveir englar, tákn friðar og einingar á jólum.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá Joh. Enschedé en Zonen í Haarlem, Hollandi.

1999

Jón Leifs 100 ára



Hinn 22. janúar gaf Íslandspóstur út 35,00 kr. frímerki til að minnast þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins Jóns Leifs.

Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands, fjallaði um tónskáldið í tilkynningu Íslandspósts og segir þar m.a.: „Jóns Leifs er fremsta tónskáld Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar. Hann fæddist 1. maí 1899. Sautján ára gamall fór hann til náms við tónlistarháskólann í Leipzig. Að loknu námi haslaði hann sér völl sem hljómsveitarstjóri og tónskáld í Þýskalandi og skrifaði jafnframt fjölda greina og ritgerða um ýmiss konar tónlistarmálefni. Sumarið 1926 stjórnaði hann Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar í hljómleikaferð til Noregs, Færeyja og Íslands og var það í fyrsta sinni sem símfónísk tónlist heyrðist leikin hér á landi.

Jón ferðaðist um Ísland 1926 og 1928 í þeim tilgangi að safna þjóðlögum og hljóðritaði þá söng margra þekktustu raddmanna landsins. Hann trúði á endurnýjunarkraft íslensku þjóðlaganna og skapaði sér sjálfstæðan tónsmíðastíl sem á rætur í rímnalögunum og tvísöngnum. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar varð Jón innlyksa í Þýskalandi og samdi þá sum sín mikilfenglegustu verk. Árið 1945 settist hann að á Íslandi og helgaði sig baráttu listamanna fyrir réttindum sínum. Hann stofnaði Tónskáldafélag Íslands 1945, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, STEF, 1948, og var í forystu fyrir Bandalagi íslenskra listamanna um árabíl. Hann lést í Reykjavík 30. júní 1968.“

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkið en Snorri Snorrason tók eldgosamyndina í bakgrunni. Jón Leifs samdi m.a. tónverkið Hekla og þess vegna er vísun í eldgos á frímerkinu. Prentsmiðjan The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

Íslenskir nytjafiskar



Hinn 22. janúar komu einnig út tvö frímerki í floknum Íslenskir nytjafiskar. Fisktegundirnar sem sýndar voru á frímerkjum að þessu sinni voru skarkoli og síld.

Myndefnið á 35,00 kr. frímerkinu er skarkoli (*Pleuronectes platessa*). Hann er stærstur allra kolategunda hér við land og getur orðið allt að 80 cm langur en er oftast 30-50 cm. Hann er grunnsævisfiskur og heldur sig einkum á sandbotni, bæði skelja- og hraunsandi. Hér við land hrygnir skarkolinn í mars-apríl við Suðurland en ekki fyrr en í lok júní eða seinna við Norðurland. Fæða hans eru m.a. burstaormar, skeldýr, krabbadýr og jafnvel smáfiskur.

Myndefni 55,00 kr. frímerkisins er síld (*Clupea harengus*). Síldin er ein algengasta fisktegund í heimi. Hún ferðast oft í geysistörum torfum sem geta orðið mjög þúsund tonn. Síldin er miðsævisfiskur og er allt niður á 250 m dýpi og er algengust í Norður-Atlantshafi á mótum heitra og kaldra sjóheilda. Við Ísland hafa fundist þrír síldarstofnar og eru tveir þeirra íslenskrar ættar en sá þriðji er af norskum uppruna og hefur komið hingað í ætisleit. Aðalfæða síldarinnar eru ýmis smá krabbadýr. Þýðingarmest er rauðátan, en einnig étur síldin talsvert af ljósátu. Síldin getur orðið um 40 cm löng og 20-25 ára gömul.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkin og The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

Sjávarspendýr



Hinn 4. mars gaf Íslandspóstur út fjögur frímerki og smáörk tileinkuð sjávarspendýrum.

Myndefnið á 35,00 kr. frímerkinu er háhyrningur (*Orcinus orca*). Háhyrningur hefur alheimsútbreiðslu og hægt er að finna hann á nánast öllum hafsvæðum. Hann er þó í mestu magni á grunnsævi í kaldtempruðum og köldum (subpolar) sjó. Háhyrningar lifa í tiltölulega stöðugum fjölskyldueiningum (5-30 dýr) en stundum renna slíkar einingar tímabundið saman í stórar hjarðir, einkum í tengslum við fæðunám. Háhyrningar fæðast um 2,1 til 2,4 metra langir. Karldýrin geta náð allt að 9,5 metra lengd en kvendýrin verða sjaldan lengri en 7 metrar. Nafn sitt dregur háhyrningurinn af mjög stóru horni (bakugga) kynþroska karldýra. Kvendýrin verða kynþroska um 14 til 15 ára aldur og bera að jafnaði 4 til 6 kálfa á þeim u.þ.b. 25 árum sem þær eru æxlunarlega virkar.

Eftir það geta þær lifað í allt að 20 ár og meðalaldur þeirra er um 50 ár. Á árunum 1976-1988 voru fluttir út til sædýrasafna erlendis 48 lifandi háhyrningar sem veiddir voru hér við land. Af þeim er háhyrningurinn Keiko frægastur.

Á 45,00 kr. frímerkinu er myndefnið búrhvalur (*Physeter macrocephalus*). Hann er talinn útbreiddur um öll heimshöfin en hjarðir með einum eða fáum törfum, kvendýrum og ungdýrum, halda þó til í hlýrri sjó milli 40°N og 40°S breiddargráða. Hér við land finnast því eingöngu karldýr sem þá stundina eiga ekki samastað í æxlunarhjørðum suður í höfum. Hingað koma dýrin í fæðuleit og eru í mestu magni á sumrin þótt búrhvalir hafi einnig oft sést hér að vetri til. Búrhvalurinn er langstærstur tannhvalanna. Aðalfæða búrhvalsins eru ýmsar tegundir smokkfisks en einnig étur hann ýmis konar fiskmeti. Búrhvalurinn er, ásamt andarnefju, sú hvalategund sem dýpst kafar (yfir 2000 metra) og er lengst í kafi (á aðra klst.). Talsverðar nytjar voru af búrhval hér við land þangað til hann var friðaður árið 1982.

Steypireyður (*Balaenoptera musculus*) er myndefni 65,00 kr. frímerkisins. Hún finnst um öll heimshöf en stofnar eru víða mjög litlir. Steypireyðurin heldur sig að mestu í úthöfunum í hlýjum sjó á veturnum en leitar ætis í lífríkari og kaldari sjó yfir sumartímenn. Steypireyðurin kemur hingað í maí og dvelur hér við fæðunám fram á haust. Steypireyðurin er stærsta dýr sem uppi hefur verið á jörðinni. Hún nær mest rúmlega 30 metra lengd og getur vegið allt að 180 tonnum, sem er yfir 30-föld þyngd stærsta landdýrsins (fíls). Steypireyðurin lifir svo til eingöngu á sviflægum krabbadýrum hér við land einkum á ljósáttu. Steypireyður var veidd ótæpilega frá norskum landstöðvum á Íslandi um og eftir aldamótin 1900. Tegundin hefur verið alfriðuð hér við land frá og með árinu 1960 en hefur þó fjölgað um u.þ.b. 5% árlega á undanförunum áratugum.

Hnísur (*Phocoena phocoena*) prýða 85,00 kr. frímerkið. Þær lifa á grunnsævi í kaldtempruðum og köldum sjó á norðurhveli jarðar. Þær sækja upp á strand-svæði síðla vetrar en virðast færa sig á meira dýpi á haustin. Hnísur sjást oft stakar eða í litlum hópum sem telja 2-8 einstaklinga. Þær geta þó safnast saman í stærri hópa í tengslum við fæðunám eða far. Hnísan er minnsta hvalategundin við Ísland. Hnísur fæðast um 70-90 cm langar og verða yfirleitt ekki lengri en 180 cm fullvaxta. Hnísur geta náð yfir 20 ára aldri en fæstar verða þó meira en 10 ára gamlar. Fæða hnísunnar samanstendur aðallega af fiskum en hryggleysingjar finnast einnig í fæðunni. Seinni hluta vetrar er loðna meginuppistaða fæðunnar við Ísland. Á öðrum árstíma skipa sandslíi veigamestan sess í fæðunni.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin en The House of Questa Ltd. í London, Englandi offsetprentaði.

1999

Eimreiðin Minör og kúttur Sigurfari



Hinn 15. apríl gaf Íslandspóstur út fyrstu fjögurra frímerkja smáheftin sem síðan urðu fastur liður í frímerkjaútgáfunni. Myndefnin í þessum fyrstu heftum voru eimreiðin Minör, á 25,00 kr. og 50,00 kr. frímerkjum, og kúttur Sigurfari á 75,00 kr. frímerki.

Aðeins tvær eimreiðar, Minör og Pionér, hafa verið starfræktar á Íslandi, að því er fram kemur í frímerkjatilkynningu Íslandspósts. Þær voru fluttar til Íslands frá Danmörku árið 1913. Gerð Reykjavíkurbæjar hófst þetta ár og voru lestirnar notaðar til að flytja efni í hafnargerðina úr Skólavörðuholti og Öskjuhlíð. Eimreiðarnar voru smíðaðar hjá Arnold Jung í Þýskalandi 1892. Þær eru 4,9 metrar á lengd, 3 metrar á hæð og vega 13 tonn. Þær eru varðveittar á Árbæjar-safni en Minör er höfð til sýnis á Miðbakknum í Reykjavík yfir sumartímenn.

Kúttur Sigurfari (upprunalega Bacchante) var byggður í skipasmíðastöð John Wray & Sons á Englandi árið 1885. Skipið, sem er 85 tonn, var keypt til Íslands 12 árum síðar. Sigurfari var í mörg ár meðal aflahæstu þilskipa á Faxaflóasvæðinu. Árið 1919 var skipið selt til Færeyja þar sem það var gert út í hálföld. Kiwanisklúbburinn Þyrill á Akranesi keypti skipið 1974 og afhenti það byggðasafninu í Görðum á Akranesi til eignar.

Frímerkin og heftin hannaði Hlynur Ólafsson sem einnig tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópuráðið 50 ára



Hinn 15. apríl kom einnig út 35,00 kr. frímerki í tilefni hálftrar aldar afmælis Evrópuráðsins.

Evrópuráðið (The Council of Europe) var stofnað í London 5. maí 1949 og er elsta evrópska fjölþjóðastofnunin. Aðild er opin öllum Evrópuríkjum sem teljast réttarríki byggð á lögum og virða grundvallar mannréttindi og frelsi borgara sinna. Helstu stofnanir Evrópuráðsins er þing Evrópuráðsins og ráðherranefnd Evrópuráðsins.

Ísland gerðist aðili að ráðinu 7. mars 1950, en aðildarríkin voru 40 talsins árið 1999. Ísland gegndi formennsku í Evrópuráðinu á útgáfuári frímerkisins.

Í því pólitíska tómarúmi sem myndaðist eftir lok kalda stríðsins varð Evrópuráðið sú stofnun sem sameinaði Vestur- og Austur-Evrópu. Hlutverk ráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að félags- og efnahagslegum framförum í aðildarríkjunum. Evrópuráðið hefur höfuðstöðvar í Strassborg nálægt landamærum Frakklands og Þýskalands. Höfuðstöðvarnar eru í byggingu sem nefnist Evrópuhöllin. Evrópuráðið tengist ekki Evrópusambandinu (ESB). Öll aðildarríki ESB eru einnig í Evrópuráðinu en ekki eru öll aðildarríki ráðsins í Evrópusambandinu.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem var offsetprentað hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

Evrópufrímerki – Friðlýst svæði



Hinn 20. maí voru gefin út Evrópufrímerki, 50,00 kr. og 75,00 kr. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekennda í Evrópu, voru friðlýst svæði og þjóðgarðar sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár. Myndefni frímerkjanna voru náttúruvættin Skútustaðagígar og Arnarstapi.

Skútustaðagígar, myndefni 50,00 kr. frímerkisins, eru gervigígabyrping við Mývatn á Norðausturlandi. Gervigígum svipar til hóla í landslaginu en eru þó ekki eiginlegir goshólar. Þeir finnast hér og þar við hraun á Íslandi. Gervigígarnir við Mývatn mynduðust fyrir um 2100 árum þegar bráðið hraun rann yfir votlendi og reglulega lagaðir gjallgígar hlóðust upp í gufusprengingum. Þeir eru nokkuð algengir hér á landi en mjög sjaldgæfir utan Íslands. Þeir voru friðaðir sem náttúruvætti (friðlýst svæði) frá 1973.

Arnarstapi, myndefni 75,00 kr. frímerkisins, nefnist hraunnes á Snæfellsnesi og er þekkt sakir mikillar náttúrufegurðar. Þar er sjávarpláss og fyrrum verslunarstaður. Ströndin umhverfis einkennist af sérkennilegum klettum og hellum, mótuðum af sjávarbrimi. Mikið fuglalíf er í kringum Arnarstapa. Stapafell gnæfir í norður frá Stapa en á bak við það er Snæfellsjökull. Arnarstapi er friðland frá 1979.

Hlynur Ólafsson hannaði Evrópufrímerkin og tók jafnframt ljósmyndina frá Arnarstapa. Pálmi Guðmundsson tók ljósmyndina af Skútustaðagígum. Frímerkin voru prentuð hjá BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi.

Vilttir ætisveppir



Hinn 20. maí gaf Íslandspóstur út fyrstu frímerkjaröðina í flokknum Vilttir íslenskir ætisveppir. Myndefnin eru lerkisveppur á 35,00 kr. frímerki og túnætisveppur á 75,00 kr. frímerki. Þetta var í fyrsta sinn sem sveppir prýddu íslensk frímerki.

Í tilkynningu Íslandspósts segir, að lerkisveppur (*Suillus grevillei*) sé einn af fimm tegundum súlusveppa, sem vaxa hérlendis. Hann fylgir lerki og er oft mikið af honum þar sem því hefur verið plantað. Hann er talinn mjög góður matsveppur. Hatturinn er 5-12 cm í þvermál, hvelfdur eða nærri flatur. Liturinn er rauðgulur eða gulbrúnn. Hérlendis byrjar hann að spretta um mitt sumar á undan flestum öðrum sveppategundum.

Túnætisveppur (*Agaricus campestris*) er smáfaxinn en hnellinn sveppur sem vex í graslendi, oft í gömlum túnnum og sjávarbökkum. Túnætisveppir vaxa oft margir saman. Hatturinn er 3-10 cm breiður, fyrst kúlulaga en síðan réttir hattbarðið sig upp. Hann lyktar vel og er talinn besta ætisveppategundin sem vex hér á landi.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin en The House of Questa Ltd., í London, Englandi offsetprentaði.

Jarðfræði - Steindir



Hinn 9. september komu út tvö frímerki í flokknum Steindir, og var þetta önnur frímerkjaröðin í þeim flokki. Myndirnar á frímerkjunum eru kalsít á 40,00 kr. frímerki og heulandi á 50,00 kr. frímerki. Þær eru gerðar eftir eintökum í steinasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í tilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir m.a.: Holufyllingar eru algengar í gömlum hraunlögum á Íslandi. Þeirra á meðal eru kalsít og ýmsar tegundir seólíta (geislasteina). Kalsít er meðal algengustu holufyllinga í bergi á Íslandi og kemur það fyrir í mörgum afbrigðum. Þegar kalsít myndar stóra gagnsæja kristalla kallast það silfurberg. Vegna sérstakra ljóseiginleika var það áður fyrr notað í ýmis ljóstæki, til dæmis smásjár, en nú eru notuð gerviefni. Kristallar geta orðið mjög stórir eða vel á annað hundrað kíló. Náman við Helgustaði í Reyðarfirði er þekktasti fundarstaður silfurbergs í heiminum.

Heulandi er meðal algengustu tegunda seólíta og myndar flata, tæra eða hvíta kristalla. Þeir klovna auðveldlega samsíða stærstu flötunum sem hafa sterkan skelplötugljáa. Kristallar geta orðið allt að 10 cm langir. Teigarhorn í Berufirði er þekktasti fundarstaður seólíta hér á landi.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkin en Sigurður Stefán Jónsson tók ljósmyndirnar, og The House of Questa Ltd. í London offsetprentaði.

Náttúruvernd



Hinn 9. september gaf Íslandspóstur einnig út fimm frímerki tileinkuð náttúruvernd. Frímerkin voru gefin út í 25 frímerkja örkum og var verðgildi hvers frímerkis 35,00 kr. Upplýsingar um myndefnið eru skráðar á hvert frímerki: „Hreint loft“, „Markviss landgræðsla“, „Hreinar strendur“, „Endurheimt votlendis“ og „Eflum skógrækt“.

Þema þessarar útgáfu er, samkvæmt upplýsingum í útgáfutilkynningu póstsins, náttúruvernd í anda sjálfbærrar þróunar, þ.e. verndun líffræðilegrar fjölbreytni og náttúrulegra vistkerfa, s.s. jarðvegsvernd, verndun náttúrulegra skóga og nýplöntun svo nokkuð sé nefnt.

Allt frá landnámi hafa mörg gróin svæði tapast vegna rofs og uppblásturs sem rekja má til samspils ýmissa þátta í umhverfinu, s.s. ofbeitar, sendins jarðvegs, veðurfars og eldvirkni. Framræsla votlendis jókst til muna, þegar landbúnaður tók að vaxa verulega rétt eftir miðja öldina. Þetta leiddi til þess að mörg votlendisbúsvæði plantna og dýra, sérstaklega fugla, voru eyðilögð.

Hreinar strendur eru mikilvægar fyrir eyþjóð eins og Íslendinga sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Náttúruvernd ríkisins er stofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið og fylgist með framkvæmd laga um náttúruvernd á Íslandi.

Frímerkin hannaði Kristín Þóra Guðbjartsdóttir en BDT International Security Printing Ltd., í Dublin á Írlandi offsetprentaði.

1999

Dagur frímerkisins - Hofsósskip



Hinn 7. október gaf Íslandspóstur úr smáörk í tilefni af Degi frímerkisins. Í smáörkinni er eitt frímerki og er verðgildi þess 200,00 kr. Söluverð smáarkarinnar var hins vegar 250,00 kr. og rann yfirverðið að venju til Frímerkja- og póstsögusjóðs sem styrkir rannsóknarstarf varðandi íslenska póst- og frímerkjasögu.

Myndefni smáarkarinnar er frá Skagafirði. Myndin er teiknuð af danska listmálaranum Carl Emil Baagøe (1829-1902). Baagøe ferðaðist til Íslands og teiknaði hann margar myndir hérlandis árin 1856-57. Myndin er af dönsku kaupmannaskipi í Skagafirði, svokölluðu Hofsósskipi, en raunverulegt nafn skipsins er ekki þekkt. Í baksýn sést Drangey ásamt Þórðarhöfða.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi, offsetprentaði.

Reykjavík, menningarborg Evrópu



Hinn 7. október gaf Íslandspóstur einnig út tvö frímerki í tilefni þess að Reykjavík hafði verið útnefnd sem ein af níu menningarborgum Evrópu árið 2000.

Myndefni 35,00 kr. frímerkisins er málverk listamannsins Erró (fæddur Guðmundur Guðmundsson í Ólafsvík 19. júlí 1932) sem ber nafnið „Facescape“ og er frá árinu 1992.

Á 50,00 kr. frímerkinu er brugðið upp stílfærðri mynd af þeim fjölda menningarviðburða sem áttu að tengjast Reykjavík af þessu tilefni.

Á dagskrá menningarborgarinnar voru um 200 viðburðir undir yfirskriftinni „Menning og náttúra“. Var þetta einn viðamesti menningarviðburður í sögu íslensku þjóðarinnar fram til þess tíma. Allar lista- og menningarstofnanir í borginni komu að dagskránni ásamt fjölmörgum einstaklingum, margvíslegum samtökum og hópum fólks af vel flestum sviðum íslensks samfélags. Saman vildu þau vinna að því að gera Reykjavík að betri og blómlegri borg. Menningarárið 2000 var einnig ætlað að teygja anga sína allt í kringum landið því fjölmörg sveitarfélög stóðu fyrir verkefnum í samstarfi við menningarborgina.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi, offsetprentaði.

1999

Framtíð á frímerki



Hinn 4. nóvember gaf Íslandspóstur út 35,00 kr. frímerki tileinkað framtíðarsýn barnsins á nýrri öld. Í samstarfi við bandarísku pósthjónnina stóðu Íslandspóstur og ýmsar pósthjónnir víða um heim fyrir samkeppni meðal 8-12 ára barna um hönnun á frímerki og bar keppnin nafnið „Framtíð á frímerki“.

Viðfangsefnið var eins og fyrr segir sýn barnsins á framtíðina þegar ný öld gengur í garð. Íslandspóstur bauð öllum 8-12 ára börnum á Íslandi þátttöku í verkefninu. Verðlaun fyrir bestu myndina í samkeppninni voru 50.000 krónur, ársmapa með íslenskum frímerkjum og ferð á Heimsþing barna árið 2000 í Anaheim í Kaliforníu.

Verðlaunin hlaut Jóna Gréta Guðmundsdóttir frá Höfðaskóla á Skagaströnd fyrir einfalda og skemmtilega teikningu sína af manni í stórhreingerningu á plánetunni Jörð.

Tryggvi Tryggvason hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi, offsetprentaði.

Jólafrímerki



Hinn 4. nóvember gaf Íslandspóstur út þrettán jólafrímerki með öllum íslensku jólasveinunum. Ákveðið var að gefa út öll 13 frímerkin í einu í stað þess að dreifa þeim á nokkur ár. Engin breyting var þó fyrirhuguð á útgáfustefnu Íslandspósts. Af þessu tilefni sendi Íslandspóstur öllum föstum viðskiptavinum að gjöf sérprentaða örk með myndum af jólasveinunum eins og þeir birtast á frímerkjunum.

Íslensku jólasveinanna er fyrst getið í rituðu máli á 17. öld. Þeir voru í fyrstu taldir hálfgerð tröll og forynjur, en viðhorf almennings til þeirra breyttist og þeir hafa smám saman breyst úr barnagrýlum í barnavini. Jólasveinarnir voru ýmist taldir vera 9 eða 13. Seinni talan kemur vel heim við fjölda jóladaganna. Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða 13 dögum fyrir jól og síðan einn á dag. Sá síðasti kemur á aðfangadag jóla.

Í alkunnu jólasveinakvæði skáldsins Jóhannesar úr Kötlum eru nöfn þeirra talin í samræmi við eðli þeirra og er þessi nöfn að finna á frímerkjunum í tilvitnunum í kvæði skáldsins: Stekkjarstaur (35,00 kr.), Giljagaur (35,00 kr.), Stúfur (35,00 kr.), Þvörusleikir (35,00 kr.), Pottaskefill (35,00 kr.), Askasleikir (35,00 kr.), Hurðaskellir (35,00 kr.), Skyrgámur (35,00 kr.), Bjúgnakrækir (35,00 kr.), Gluggagægir (35,00 kr.), Gáttapefur (50,00 kr.), Ketkrókur (50,00 kr.) og Kertasníkir (50,00 kr.)

Þess má geta að á útgáfuárinu voru 100 ár liðin frá fæðingu Jóhannesar úr Kötlum (Jóhannes Bjarni Jónasson), en hann fæddist 4. nóvember 1899 og lést 27. apríl 1972. Jóhannes úr Kötlum var rithöfundur og ljóðskáld, þýðandi, farkennari og alþingismaður. Jóhannes samdi hvor tveggja bundin ljóð og prósaljóð, sem og nokkrar skáldsögur.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Ólafur Pétursson gerði teikningarnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi, offsetprentaði þau.



PÓSTURINN